**SIGRÍÐUR GUNNARSDÓTTIR**

*Gefur út bókina Sælkeraferð um Frakkland*

Matur Tilboð

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**KÓPAVOGUR**

*Íþróttamannvirki við Vatnsenda*

Sérblað um Kópavog

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. maí 2007 — 120. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Erlendir listamenn umsvifamiklir



Vatnasafn Roni Horn í Stykkishólmi og landlist Andrews Rogers á Akureyri.

**MENNING 42 OG 44**

### Hefur séð Abbababb tólf sinnum



Heiða í Unun er einlægur aðdáandi söngleiksins.

**FÓLK 62**

### Hafnaði Fram



Ágúst Þór Jóhannsson verður ekki næsti þjálfari karlaliðs Fram en hann hafnaði samningstilboði félagsins í gær. Hann verður líklega áfram með kvennalið Vals.

**ÍÞRÓTTIR 54**

**sirkus**

Lucia hennar Jónínu borðar ýsu með bestu lyst.

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




## VEÐRIÐ Í DAG




**STÖKU ÉL NYRÐRA** - Í dag verður norðvestan 8-15 m/s norðaustast á landinu, annars mun hægari. Bjart veður suðaustan til og stöku él, nyrðra annars skýjað og þurrt. Rigning sunnan til í kvöld. Hiti 0-10 stig, mildast suðaustan til.

**VEÐUR 4**






**DÓMUR FALLINN** Gestur Jónsson (til vinstri) ræddi við umbjóðanda sinn, Jón Ásgeir Jóhannesson, í síma eftir að dómur féll í gær. Á meðan kynntu þau Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds Sullenberger, Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, og Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður sér niðurstöðu dómsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sakfellingu í Baugsmáli verður áfrýjað

**Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson voru dæmdir í skilorðsbundið fangelsi í héraðsdómi í gær. Þeir ætla báðir að áfrýja dómnum og segjast sannfærðir um sakleysi sitt. Ákæru gegn Jóni Gerald Sullenberger var vísað frá dómi.**

**BAUGSMÁL** Forstjóri og fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs voru í gær dæmdir í þriggja og níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir meiri háttar bókhaldsbrot í Baugsmálinu. Þeir lýstu því báðir yfir að dómnum yrði áfrýjað. Enginn hinna ákærðu kom í réttarsal.

BAUGSMÁLIÐ

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að færa rangan og tilhæfulausan kreditreikning frá Nordica, félagi Jóns Geralds Sullenberger, sem tekjur í bókhaldi Baugs. Hann var sýknaður af öðrum ákæruliðum.

Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, var dæmdur fyrir sömu sakir, en var að auki sakfelldur í þremur öðrum ákæruliðum.

Ákærum gegn Jóni Gerald Sullenberger var vísað frá dómi á þeirri forsendu að hann hefði stöðu vitnis en ekki sakbornings við rannsókn málsins, og því í andstöðu við stjórnarskrá að ákæra hann fyrir það sem hann sagði lögreglu sem vitni. Í dómnum segir að lögregla hefði átt að láta Jón Gerald hafa réttarstöðu sakbornings frá fyrstu yfirheyrslu.

„Þetta eru auðvitað viss vonbrigði,“ sagði Jón Ásgeir í samtali við Fréttablaðið eftir að dómur hafði fallið. Hann sagði að þegar væri kominn grundvöllur fyrir skaðabótamáli á hendur íslenska ríkinu.

„Ég átti alls ekki von á þessari niðurstöðu og mér finnst býsna hart stigið til jarðar. Ég hef alltaf haldið fram mínu sakleysi og geri það áfram og mun að sjálfsögðu fara með þetta á æðra dómstig,“ sagði Tryggvi í gær.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, sagði í gær að dómurinn hefði sakfellt Jón Ásgeir og Tryggva fyrir alvarleg brot. Þó hefði verið sýknað í alvarlegasta ákæruliðnum og tíu ákæruliðum vísað frá og því væri líklegt að ákæruvaldið vísaði málinu til Hæstaréttar.

- bj / sjá síðu 8

**FISKIDAGUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS**

**Sægreifanum laugardaginn 4. maí kl. 15.00**

**Frambjóðendurnir grilla og allir velkomnir.**

www.xf.is

Frjálslyndi flokkurinn

Lucia Celeste Molina Sierra:

## Ástin dró stúlkuna til landsins

**FÓLK** Hin 21 árs gamla Lucia Celeste Molina Sierra frá Gvatemala fékk íslenskan ríkisborgararétt á dögunum

Hún kynntist Birni Orra Péturssyni, syni Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra, í Gvatemala fyrir fjórum árum. Eftir tveggja ára fjarbúð hætti stúlkan háskólanámi og flutti hingað. Lucia talar góða íslensku og segist vera glöð og stolt yfir því að vera orðin Íslendingur.

- óhþ /sjá Sirkus

Rússar ósáttir við eldflaugar:

## Neita að standa við samninginn

**RÚSSLAND, AP Sergei Ivanov, aðstoðarforsætisráðherra Rússlands, segir Rússa ekki munu tilkynna um herflutninga sem kveðið er á um í afvopnunarsamningi stórveldanna. Í síðasta mánuði sagðist Pútín Rússlandsforseti ekki ætla að standa við samninginn, sem er frá árinu 1990.**

**Með þessu bregðast Rússar við ákvörðun Bandaríkjamanna um að koma fyrir eldflaugavarnarkerfi í Póllandi og Tékklandi. Rússar hafa haldið því fram að tilgangurinn sé að veikja stöðu landsins, en Bandaríkjamenn segjast vera að verjast hugsanlegri ógn frá Íran.**

- sþs

## SPURNING DAGSINS



*Árni, trúir þú á álfasögur?*

„Ég hef heimildir fyrir því að til eru stjórnarandstöðuálfar.“

Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefur flutt lögheimili sitt til Þykkvabæjar, sem samnefndar kartöfluflögur eru meðal annars kenndar við.

Lokasprettur kosningabaráttunnar í Frakklandi:

# Úrslitin ráðast á sunnudag

**FRAKKLAND, AP** Á sunnudaginn ræðst hvort sósíalistinn Segolene Royal eða hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy verður forseti Frakklands næstu árin. Kosningabaráttan náði hámarki í kappræðum á miðvikudaginn.

Bæði Royal og Sarkozy telja sig hafa haft yfirhöndina í kappræðunum þótt flestir fjölmiðlar í Frakklandi hafi metið það svo að jafntefli hafi orðið. Dagblaðið Le Figaro birti þó skoðanakönnun sem sýndi að 53 prósent kjósenda teldu Sarkozy hafa komið betur út, en 31 prósent töldu Royal hafa staðið sig betur.

Francois Bayrou, miðjumaðurinn sem varð undir í fyrri umferð forsetakosninganna, tók í gær af skarið að hálfu leyti og sagðist ekki ætla að kjósa Sarkozy.

Sarkozy hefur til þessa haft betur í könnunum og almennt var talið að kappræðurnar hafi verið síðasta tækifæri Royal til að vinna upp forskot Sarkozys.

Í kappræðunum gerði Sarkozy sér far um að halda ró sinni, en hann hefur til þessa þótt heldur árásargjarn. Á hinn bóginn kastaði Royal af sér hógværðinni og greip hvað eftir annað fram í fyrir honum. „Ég varð hálf undrandi stundum á því hve frú Royal var árásargjörn,“ sagði Sarkozy í gærmorgun. - gb



**HLIÐ VIÐ HLIÐ** Mjóu munar á fylgi þeirra Sarkozy og Royal, þótt Sarkozy hafi haft vinninginn í könnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ölvaður ferðamaður:

## Svamlaði í Tjörninni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu var kölluð út á miðvikudagskvöld vegna manns sem var að svamla í Reykjavíkurtjörn. Þegar lögregla kom á staðinn var maðurinn, sem er japanskur ferðamaður, kominn á þurrt og gat enga grein gert fyrir háttalagi sínu sökum ölvunar.

Ekki er ljóst hvort maðurinn datt í Tjörnina eða stakk sér til sunds.

Ferðamaðurinn var ekki sá eini sem lögreglan hafði afskipti af á miðvikudagskvöld. Tveir menn um fimmtugt fengu að sofa úr sér áfengisvímu á lögreglustöð en þeir höfðu drukkið heldur ótæpilega. - þo



**SITUR SEM FASTAST** Ehud Olmert situr á milli Tzipi Livni utanríkisráðherra og Shimon Perez varaforsætisráðherra á þingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn sótt að Olmert:

## Tugþúsundir á mótmælafundi

**ÍSRAEL, AP** Tugþúsundir Ísraela tóku í gær þátt í mótmælafundi í Jerúsalem, þar sem afsagnar Ehuds Olmerts forsætisráðherra var krafist. En Olmert, sem sætir harðri gagnrýni fyrir það hvernig hann hélt á málum í stríðinu við Hizbolla-skæruliða í Líbanon í fyrra, virðist hafa tekist að hrinda uppreisn gegn sér í eigin flokki.

Olmert hefur heitið því að fylgja „til síðasta smáatriðis“ ráðleggingum þeim sem beint er til stjórnvalda í niðurstöðum nýbirtrar skýrslu um öll þau mistök sem gerð voru í tengslum við stríðið í fyrrasumar. - aa

Guðjón Ólafur Jónsson:

## Málið fékk eðlilega afgreiðslu

**STJÓRNMÁL** Guðjón Ólafur Jónsson alþingismaður segist hvorki hafa beitt aðra nefndarmenn í allsherjarnefnd þrýstingi né verið sjálfur beittur þrýstingi við afgreiðslu málsins um ríkisborgararétt unnustu sonar Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gærkvöldi.

Í bréfinu ítrekar Guðjón það sem áður hefur verið haft eftir honum, Bjarna Benediktssyni og Guðrúnu Ögmundsdóttur að umrætt mál hafi fengið að öllu leyti eðlilega og sambærilega afgreiðslu í allsherjarnefnd eins og öll önnur mál. - sþs

# Með 270 milljóna króna skart frá Dorrit

**Garðar Thor Cortes bar skartgripi að verðmæti rúmlega 270 milljónir króna þegar hann mætti á Classical Brit Awards-hátíðina í Royal Albert Hall í gærkvöld. Skartgripina fékk hann að láni hjá forsetafrúnni Dorrit Moussaieff.**

**TÓNLIST** Óperusöngvarinn Garðar Thor Cortes stal heldur betur senunni þegar hann mætti á Classical Brit Awards í Royal Albert Hall í London í gærkvöld. Garðar gekk rauða dregilinn, eins og sá sem valdið hefur, skreyttur armbandsúri og rándýrum skartgrip sem forsetafrúin Dorrit Moussaieff lánaði honum sérstaklega fyrir athöfnina. Í fylgd með honum voru þrjár ljóshærðar yngismeyjar sem pössuðu upp á að ekkert kæmi fyrir dýrgripina sem kosta ekki undir 270 milljónum króna.

Einar Bárðarson, umboðsmaður Garðars Thors, sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld að Garðar Thor hefði vakið mikla athygli enda ekki á hverjum degi sem menn sjást á almannafæri með slíka dýrgripi sem skartgripir Dorritar eru. Einar sagðist þó ekki vita hvort Dorrit hefði smíðað gripina sjálf líkt og haldið var fram í breskum vefmiðlum í gærkvöld.

„Stjarnan, sem er verndargripur í eigu Dorritar, kostar nákvæmlega 266 milljónir miðað við gengið hjá Glitni þegar bankanum var lokað í dag,“ segir Einar og hlær. Hann bætir við að armbandsúrið hafi verið örlítið dýrara en þessi hefðbundnu Casio-úr. „Það kostaði 7,3 milljónir og er frá Moussaieff-fjölskyldunni.“

Um stúlkurnar þrjár sem fylgdu Garðari Thor hvert fótmál sagðist Einar lítið vita og þvertók fyrir að nærvera þeirra væri undan hans rifjum. „Ég held að þær hafi verið frá tryggingafélaginu sem tryggir skartið. Sem er kannski eins gott miðað við verðmætið,“ segir Einar.

Hann segir Dorrit hafa boðist til að lána Garðari skartgripi fyrir kvöldið eftir að þeir hittu hana á miðvikudaginn.

„Hún er öll að hressast,“ segir Einar um líðan forsetafrúarinnar sem lærbrotnaði á skíðum í Aspen í Bandaríkjunum ekki alls fyrir löngu. Einar og Garðar sendu Dorrit nýjan geisladisk Garðars Thors til létta lund forsetafrúarinnar í veikindunum og féll hann í góðan jarðveg að sögn Einars. „Hún var yfir sig hrifin af Garðari,“ sagði Einar áður en hann dreif sig inn í sal Royal Albert Hall til að heilsa upp á Paul McCartney sem sat að sögn umboðsmannsins á næsta borði við Íslendingana.

Örnólfur Thorsson forsetaritari sagðist ekkert vita um málið þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gærkvöld.

oskar@frettabladid.is






DORRIT MOUSSAIEFF



**CORTES, GARÐAR THOR CORTES** Það er óhætt að segja að látúnsbarkinn Garðar Thor Cortes hafi litið út eins og James Bond þegar hann mætti í Royal Albert Hall í gærkvöld með þrjár gullfallegar konur sér við hlið og skart að verðmæti 270 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES.



**TILDRÖG SLYSSINS Á HULDU** Upptökur úr öryggismyndavélum veita ekki upplýsingar um tildrög slyssins.

Slysið í Kópavogslaug:

## Drengnum enn haldið sofandi

**SLYS Pilturinn sem var nær drukknaður í sundlaug Kópavogs í síðustu viku liggur enn þungt haldinn á gjörgæslu. Ekkert liggur fyrir um tildrög slyssins.**

**„Við vinnum enn að rannsókn málsins og ætlum að upplýsa hvað þarna gerðist en að svo stöddu er ekkert komið í ljós,“ segir Sigurbjörn V. Eggertsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi öryggismyndavéla er á sundlaugarsvæðinu en Sigurbjörn segir að upptökur úr þeim hafi ekki nýst sem skyldi við rannsóknina því ekki hafi náðst myndir af slysinu.**

**Að sögn læknis á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi er piltinum enn haldið sofandi í öndunarvél. Pilturinn var í sundi ásamt skólafélögum sínum úr Snælandsskóla þegar atvikið átti sér stað.** - þo

AFGANISTAN

### Danskur hermaður deyr

Danskur hermaður, sem særðist í skotbardaga í Suður-Afganistan á sunnudag, dó af sárum sínum á miðvikudagskvöld. Þetta upplýsti talsmaður danska hersins í gær. Hermaðurinn, Steen Rønn Sørensen, var 24 ára. Hann er fjórði danski hermaðurinn sem fellur í Afganistan frá því danski herinn hóf þátttöku í NATO-herliðinu þar í mars 2002.


BÍLL DAGSINS

NISSAN X-TRAIL ELEGANCE

Nýskr. 02.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 11 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Enn beðið eftir niðurstöðum um tryggingabætur vegna brunans í miðbænum:

# Engin krafa um að stöðva niðurrif

**SKIPULAGSMÁL** Niðurrif hússins við Austurstræti 22, sem eyðilagðist í brunanum í apríl, var stöðvað í gærmorgun þar sem enn liggur ekki fyrir endanlegt mat á tjóninu frá tryggingafélagi. Rekstraraðilar í húsinu eru ósáttir með framgang mála og segja að ýmislegt heillegt hafi verið rifið.

„Í sjálfu sér fór enginn fram á að aðgerðir væru stöðvaðar enda hófst niðurrifið á laugardag með fullu samþykki allra aðila,“ segir Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri minjaverndar, sem er einn þeirra sem hafa umsjón með framkvæmdunum. Hann segir að menn hafi átt von á að niðurstöður um tryggingabætur lægju fyrir fyrr en þegar þær drógust á langinn hafi verið ákveðið að hinkra.

Ástráður Haraldsson, lögmaður eigenda hússins, segir að menn hafi viljað vera vissir um að húsið væri ónýtt áður en það væri rifið til grunna. „Í raun var niðurrif ekki hafið. Þessar framkvæmdir sem hófust á laugardag snerust um að tryggja að ekki yrði frekara tjón þarna og ekki stafaði hætta af rústunum,“ segir Ástráður og bætir því við að ákvörðun um að stöðva framkvæmdir hafi verið tekin í mesta bróðerni.

Geir Steinþórsson, sem rak skemmtistaðinn Pravda ásamt fleirum, er óánægður með niðurrifið og segir að heillegir hlutar hússins hafi verið rifnir. „Við erum mjög ósáttir við hvernig staðið er að málum því við vorum ekki einu sinni látnir vita þegar niðurrifið hófst. Reykjavíkurborg gengur fram með yfirgangi í þessu máli,“ segir Geir. - þo



**RÚSTIRNAR SKOÐAÐAR** Niðurrif Austurstrætis 22 var stöðvað í gær. Nú sinna fornleifafræðingar rannsóknum á elsta hlusta hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samfylkingin

# Kjósum kraftmeira og fjölbreyttara atvinnulíf

**Samfylkingin hefur skýra stefnu í málefnum atvinnulífsins, enda er það undirstaða traustrar velferðarþjónustu og batnandi lífskjara í landinu. Samfylkingin vill fjölbreytt og kraftmikið atvinnulíf og leggur m.a. til eftirtaldar aðgerðir.**

- **Hrinda í framkvæmd verðlaunatillögum Samfylkingarinnar um eflingu hátækni- og þekkingariðnaðarins.**
- **Bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja með því að endurheimta jafnvægi í efnahagsmálum og stöðugt gengi krónunnar.**
- **Lækka álögur á lítil og meðalstór fyrirtæki.**
- **Minnka skrifræði og einfalda eftirlit.**
- **Stuðla að lækkun vaxta og verðbólgu.**
- **Hefja stórátak í samgöngumálum til að jafna aðstöðu um land allt.**
- **Skilgreina 1.200 opinber störf óháð staðsetningu sem hægt er að vinna hvar sem er á landinu.**

**Kjósum Samfylkinguna**

xS



## GENGIÐ 03.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,49 | 63,79 |
| Sterlingspund | 126,49 | 127,11 |
| Evra | 86,36 | 86,84 |
| Dönsk króna | 11,588 | 11,656 |
| Norsk króna | 10,632 | 10,694 |
| Sænsk króna | 9,439 | 9,495 |
| Japanskt jen | 0,5285 | 0,5315 |
| SDR | 96,64 | 97,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,008

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fræðimannsíbúð Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn útlutað til sjö fræðimanna:

# Bauka-Jón og tölvuvæðing rannsökuð

**MENNING** Fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn, tengd nafni Jóns Sigurðssonar, hefur verið úthlutað frá september til ágústloka 2008.

Sjö fræðimenn fá afnot af henni, þau Anna Þ. Þorgrímsdóttir til rannsókna á íslenskum forngripum í Þjóðminjasafni Danmerkur. Ásmundur G. Vilhjálmsson til að vinna að riti um skattarétt. Björg Thorarensen til að vinna að rannsókn á mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Brynhildur Þórarinsdóttir til að vinna að athugun á notkun barnabóka í dönskum skólum. Jón Þ. Þór til að rannsaka og vinna rit um ævi Jóns Vigfússonar „Bauka-Jóns" Hólabiskups. Oddur Benediktsson til að rannsaka og vinna rit um sögu tölvuvæðingar á Íslandi og Soffía Auður Birgisdóttir til að vinna að rannsókn á ævi Guðrúnar Sveinbjarnardóttur.

Fjórtán sóttu um afnot af íbúðinni. Í úthlutunarnefnd sitja Jakob Yngvason prófessor, formaður, Anna Agnarsdóttir prófessor og Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur. - bþs


SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR


BRYNHILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR


ODDUR BENEDIKTSSON


JÓN Þ. ÞÓR

Fimmtugur maður ákærður:

# Mikið magn barnakláms

**DÓMSMÁL** Karlmaður um fimmtugt hefur verið ákærður fyrir að hafa haft í vörslu sinni mikið magn af barnaklámi.

Maðurinn var handtekinn í ágúst á síðasta ári. Lögreglan gerði upptæk hjá honum turntölvu, fartölvu og tölvutengd gögn. Í þeim fundust 6.548 ljósmyndir og 179 hreyfimyndir sem sýna börn á klámfenginn og kynferðislegan hátt.

Embætti ríkissaksóknara höfðar mál á hendur manninum fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Er þess krafist að hann verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku tölvubúnaðarins. - jss

Slökkvilið Akureyrar:

# Sex sjúkraflug á sólarhring

**SLYSFARIR** Slökkvilið Akureyrar hefur sinnt óvenju mörgum sjúkraflugum undanfarið. Til dæmis sinnti slökkviliðið sex sjúkraflugum á einum sólarhring 2. maí.

„Venjulega erum við með svona tvö sjúkraflug á dag. Það sem af er þessu ári höfum við sinnt 150 sjúkraflutningum en á sama tíma í fyrra voru þau 130," segir Jóhann Þór Jónsson varðstjóri hjá Slökkviliðinu. Ein sjúkraflugvél er staðsett á Akureyri og sinnir hún sjúkraflugi á öllu svæðinu frá Bíldudal í vestri til Hafnar í Hornafirði í austri. Jón segir að hingað til hafi náðst að sinna verkefnum með þessari einu vél en ekki megi mikið út af bera. - þo

## ÁRÉTTING

Vegna fréttar í Fréttablaðinu um atvik á menningarhátíð heyrnarlausra á Akureyri í sumar hafa foreldrar annarrar stúlkunnar, sem kom við sögu, óskað eftir að fram komi, að dóttir þeirra sótti ekki afmælisveislu heyrnarlauss manns nokkrum vikum síðar eins og sagt var í fréttinni. Að sögn foreldranna var hún í námi erlendis á þeim tíma. Þau segja að hún hafi verið á menningarhátíðinni á eigin vegum og ekki orðið fyrir neinni misnotkun. Enn fremur segja þau að dóttir þeirra hafi ekki verið greind þroskaheft, hún sé heyrnarlaus. Fréttablaðið biðst velvirðingar á því sem mishermt var í fréttinni.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt um styrk Landsbankans til Snorraverkefnis Þjóðræknifélags Íslands var mishermt að bankinn ætlaði að leggja verkefninu til sex milljónir króna á ári næstu fimm árin. Hið rétta er að bankinn leggur til sex milljónir króna á fimm árum.

Í blaðinu í gær var séra Jóna Hrönn Bolladóttir sögð vera miðborgarprestur. Hún gegnir því embætti ekki lengur heldur þjónar í Garðasókn.

# Síðasta tækifærið til að „sparka í Blair"

**Skotar og Walesbúar kusu sér nýtt þing og víða um Bretland var kosið í sveitarstjórnir. Verkamannaflokkur Blairs átti í vök að verjast. Í Skotlandi vonast aðskilnaðarsinnar til þess að boða kosningar árið 2010 um sjálfstæði.**

**BRETLAND, AP** Sveitarstjórnarkosningarnar í Bretlandi í gær voru að öllum líkindum síðasta tækifærið sem breskir kjósendur fá til að gefa Tony Blair forsætisráðherra gott spark í afturendann. Almennt er búist við að hann láti af embætti í lok næstu viku.

Meðal þeirra sem græða á andstöðunni við Blair og Verkamannaflokkinn eru þjóðernissinnar í Skotlandi. Þar hefur SNP, sem er Flokkur skoskra þjóðernissinna, barist fyrir sjálfstæði og hugsar sér nú gott til glóðarinnar. Leiðtogi SNP, Alex Salmond, leggur alla áherslu á að flokkurinn fái nægan styrk á þinginu til að geta sýnt það næsta kjörtímabilið að hann sé fær um að stjórna landinu.

„Þetta snýst um að sýna hvað við getum gert í stjórn," segir hann. „Þá getum við, árið 2010, beðið kjósendur í Skotlandi um umboð í þjóðaratkvæðagreiðslu til að taka frekari skref í átt að sjálfstæði."

Skoska dagblaðið The Scotsman birti á miðvikudag skoðanakönnun sem spáir SNP sigri, þótt heldur hafi fylgi hans minnkað síðan í síðustu könnun fyrir fimm vikum.

„Ég held samt ekki að fólki vilji aðskilnað frá Bretlandi," sagði Mary Smith, 75 ára kona sem alla ævi hefur stutt sjálfstæðissinna í Skotlandi. Hún segist halda að fólk noti þessar kosningar fyrst og fremst til þess að lýsa áliti sínu Tony Blair. „Fólk hefur orðið fyrir vonbrigðum og er búið að fá nóg af Tony Blair, sem er synd því það sem hann hefur afrekað, eins og til dæmis að koma á friði á Norður-Írlandi og koma á lágmarkslaunum, hefur horfið í skuggann af Írakksstríðinu."

Sjálfur hafði Blair hvatt kjósendur í Skotlandi til þess að greiða ekki þjóðernissinnum atkvæði bara til þess að gefa honum „eitt spark enn á meðan ég er á leiðinni út um dyrnar."

Fyrir Verkamannaflokkinn yrðu það töluverð tíðindi að annar stjórnmálaflokkur fengi fleiri atkvæði í Skotlandi, því þar hefur flokkurinn fengið flest atkvæði flokka í öllum kosningum sem haldnar hafa verið í meira en hálfa öld.

Það voru þó ekki aðeins félagar í Verkamannaflokknum sem biðu spenntir eftir úrslitum kosninganna í gær, því kjósendur gafst um leið í fyrsta sinn tækifæri til að segja álit sitt á hinni nýju stefnu Íhaldsflokksins undir forystu Davids Camerons, sem hefur markvisst unnið að því að gefa flokknum mýkri ásýnd. - gb


**TONY BLAIR** Lætur að öllum líkindum af embætti í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**REYKINGAR** Brátt liðin tíð.

Veitinga- og skemmtistaðir:

# Fjórar vikur í reykingabannið

**LÝÐHEILSA** **Fjórar vikur eru þar til ný lög um reyklausa veitingastaði og skemmtistaði ganga í gildi. Á þetta er bent í nýjasta fréttabréfi Samtaka ferðaþjónustunnar. Reyklausu tímarnir ganga í garð 1. júní.**

**„Sumir veitingastaðir eru nú þegar reyklausir, aðrir með reyklausa matsali en víða verður um mikla breytingu að ræða, sérstaklega á börum og skemmtistöðum. Almennt hefur verið mjög jákvæð afstaða veitingastaða til þessara breytinga," segir í fréttabréfinu þar sem veitingamönnum er bent á að halda stöðugt að gestum sínum upplýsingum um að þessi breyting sé í vændum.** - gar

## DÓMSMÁL

### Sekt fyrir fíkniefni

Maður hefur verið dæmdur til að greiða 34 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs en sæta ella fangelsi í fjóra daga vegna vörslu fíkniefna. Lögreglan fann tæp 2,50 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni í skyrtuvasa hans.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sígaretta veldur slysi

Aðfaranótt fimmtudags sannaðist að hættulegt er að reykja undir stýri. Ungur ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Reykjanesbraut í Kópavogi þegar hann missti sígarettu. Bíllinn hafnaði á girðingu og voru ökumaður og farþegi flutt ir á slysadeild lítið slasaðir.

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

KRAFTMIKIÐ SAMFÉLAG FYRIR ALLA

kynntu þér málið á www.vg.is

## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENN AF VEÐURMETUM**
Það liggur nærri að alls séu opinberir hitamælar hér á landi 233 talsins og í liðnum aprílmánuði féllu met á 155 þeirra. Þetta jafngildir því að aprílhitamet hafi verið sett á 67% veðurathugunarstöðva. Mjög merkilegt það. Hæst er hlutfallið á hitamælum Vegagerðarinnar eða 74%.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hægviðri í fyrstu en heldur vaxandi austanátt síðdegis. Bjartviðri nú í morgunsárið en þykknar svo smám sman upp með vætu í kvöld. Hiti 3-6 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C heiðskírt | London | 19°C hálfskýjað | Alicante | 23°C heiðskírt |
| Billund | 19°C heiðskírt | París | 22°C hálfskýjað | Mallorca | 24°C skúrir |
| Osló | 23°C léttskýjað | Frankfurt | 17°C hálskýjað | Eindhoven | 22°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 17°C hálfskýjað | Basel | 19°C skúrir |
| Gautaborg | 16°C hálfskýjað | Berlín | 21°C heiðskírt | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# LAMBALÆRI MEÐ DÖÐLUM OG SHIITAKE SVEPPUM

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 stk. lambalæri
10 stk. döðlur
1 búnt rósmarín
2 box shiitake sveppir

2 stk. hvítlauksgeirar
1 dl ólífuolía
salt og svartur pipar
steikarpoki

Snyrtið lambalærið. Afhýðið hvítlauk og maukið í morteli ásamt rósmaríni. Nuddið blöndunni vel á lambalærið og kryddið með salti og pipar. Skerið shiitake sveppi í sneiðar og raðið á lærið. Fletjið döðlurnar út og raðið á lærið. Setjið lambalærið í steikarpoka og lokið fyrir. Eldið í 1 1/2 klst. við 160°C. Uppskriftin miðast við sex manns.

Kjöt & fisktorgið



**Lambalæri**
ferskt úr kjötborði

**TILBOÐ 998 kr/kg**
Verð áður 1.394,-

Kjöt & fisktorgið



Osta- og gráfíkjufylltar **svínalundir**

**TILBOÐ 1.998 kr/kg**
Verð áður 2.486,-



**35% afsláttur við kassa**

Ferskar **kjúklingabringur**

**TILBOÐ 1.632 kr/kg**
Merkt verð 2.511,-

## BERJADAGAR

*Ferskt með flugi!*



Rifsber | Hindber | Villt jarðaber | Jarðaber | Gæsaber | Blæjuber | Brómber | Bláber



**10% afsláttur við kassa**

**Móðir náttúra**
- buff, pottréttir, tortillur og sósur



**20% afsláttur við kassa**

**Mjúkís ársins 2007**
- þennar verður þú að prófa!

MYLLAN ALLTAF NÝ BAKAÐ



**Tómat- og salsagrillbrauð**
- brauð til að setja á grillið

Gildir til 6. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Treystir þú einkafyrirtæki til að sinna vopnaleit og öryggiseftirliti á flugvöllum?*

| | |
|---|---|
| Já | 47% |
| Nei | 53% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Áttirðu von á þessari niðurstöðu í Baugsmálinu?*

Exista skilaði meiri hagnaði en allir bankarnir á fyrsta ársfjórðungi:

# Högnuðust yfir 47 milljarða

**VIÐSKIPTI** Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, og Straums-Burðaráss fjárfestingabanka nam samanlagt 47,1 milljarði króna á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er nokkuð lægri heildartala en á sama ársfjórðungi í fyrra en þá var hagnaður bankanna fjögurra alls um 60,5 milljarðar króna.

Gengishagnaður var óvenjumikill á fyrsta fjórðungi 2006 sem skýrir að hluta til þessa afkomulækkun.

Afkoma Glitnis, Landsbankans og Straums-Burðaráss dróst saman en lítils háttar hagnaðaraukning varð hjá Kaupþingi sem hagnaðist mest, um 20,3 milljarða króna. Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var á breiðu bili, frá 4,6 prósentum til 45,2 prósenta.



**KAUPÞING** Eini bankinn sem jók hagnað á milli ára.

Heildareignir bankanna í lok mars voru komnar yfir 9.200 milljarða króna sem svara til áttfaldrar landsframleiðslu síðasta árs. Eigið fé bankanna stóð í 750 milljörðum króna.

Hvorki fjármálaþjónustufyrirtækið Exista, sem hagnaðist um 57,2 milljarða, né fjárfestingarfélagið FL Group, sem var með 15,1 milljarðs króna hagnað, eru tekin með í þessum tölum. Það vekur athygli að Exista hagnaðist meira en sem nemur heildarhagnaði bankanna fjögurra. **- eþa**

Barnaklám á íslenskum vef:

# Lögregla skoðar ógeðfellda síðu

**INTERNET Lögreglan rannsakar nú hvort eigandi heimasíðu sem hýst var á Íslandi hefur gerst sekur um dreifingu á barnaklámi og öðru klámefni. Síðunni var lokað stuttu eftir að fréttastofa Stöðvar 2 fór að grennslast fyrir um hana í gær.**

**Greint var frá því að á síðunni hafi verið aragrúi af ógeðfelldum myndum af látnu fólki, dýraklámi og barnaklámi. Netfyrirtækið Hive, sem hýsti síðuna, bað eigandann um að loka henni sem hann gerði.**

**Þar sem síðan var er nú textinn „Síðan er farin. Netlögreglan komst í hana. Kannski kemur hún aftur - hver veit.“ - sþs**

Samfylkingin
xS
Ókeypis skólabækur í framhaldsskólum
Góð hugmynd um betri framtíð

# Ráðherrann sakar Kastljós um lögbrot

**Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra segir Kastljós hafa brotið friðhelgi einkalífs á unnustu sonar hennar með birtingu gagna sem fengin hafi verið með ólögmætum hætti. Ritstjóri Kastljóss aftekur að þátturinn sé misnotaður.**

**STJÓRNSÝSLA** „Með því að birta upplýsingar sem Kastljós hefur fengið með ólögmætum hætti um umsókn stúlkunnar hefur verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar,“ segir Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra.

Jónína gerir umfjöllun Kastljóss ríkisútvarpsins um málefni unnustu sonar hennar að umfjöllunarefni í grein sem Morgunblaðið birti í gær. Þar spyr ráðherrann hvort Kastljósið sé að láta misnota sig til að koma höggi á hana og Framsóknarflokkinn í aðdraganda alþingiskosninganna. Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, neitaði þessari ásökun í yfirlýsingu. Sagði hann engan misnota þáttinn.

„Allir þeir sem heyrt hafa svör Bjarna Benediktssonar, Guðrúnar Ögmundsdóttur og Guðjóns Ólafs Jónssonar hljóta að spyrja sig þess hvað Kastljósinu gangi til með umfjöllun um veitingu ríkisborgararéttar til eins tiltekins umsækjanda, ungrar stúlku frá Mið-Ameríku, sem tengist mér,“ segir í bréfi Jónínu sem telur margt athugavert við umfjöllun Kastljóssins:

„Stórfrétt Kastljóssins í upphafi var að umræddur umsækjandi hefði einungis dvalist í fimmtán mánuði á Íslandi áður en Alþingi veitti réttinn og mátti skilja sem svo að væri nánast einsdæmi og hin mesta spilling. Staðreyndir málsins eru þær að á þessu kjörtímabili hafa 144 einstaklingar fengið ríkisborgararétt með lögum frá Alþingi. Þar af höfðu 30 einstaklingar dvalist hér eitt ár eða skemur,“ segir í bréfi ráðherrans.




**KASTLJÓS** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra ræddi við Helga Seljan fréttamann í Kastljósþætti föstudaginn 27. apríl. MYND/RUV

> „ Aldrei var sagt að Jónína hefði beitt sér í málinu heldur vakin athygli á óvenjulegri afgreiðslu málsins
>
> **ÞÓRHALLUR GUNNARSSON**
> RITSTJÓRI KASTLJÓSSINS Í YFIRLÝSINGU

Þórhallur segir í svari sínu að Jónína kjósi að horfa fram hjá því að alþingismennirnir Bjarni Benediktsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Guðjón Ólafur Jónsson væru þau sem afgreiddu hina umdeildu umsókn unnustu sonar hennar um ríkisborgararétt á Íslandi.

„Aldrei var sagt að Jónína hefði beitt sér í málinu heldur vakin athygli á óvenjulegri afgreiðslu málsins.

Þegar við bætist að stúlkan býr á heimili umhverfisráðherra er full ástæða fyrir fjölmiðla að spyrja spurninga,“ segir í yfirlýsingu ritstjóra Kastljóss.

Í samtali við Fréttablaðið segist Jónína Bjartmarz ekki vita hvort kæra verði lögð fram á ólöglegan hátt og brotið á friðhelgi einkalífs unnustu sonar hennar. Kastljósinu fyrir að hafa birt úr gögnum sem fengin væru á ólöglegan hátt og brotið á friðhelgi einkalífs unnustu sonar hennar. Stúlkan sjálf yrði að ákveða það.

**gar@frettabladid.is**

Knorr®
Vie




Knorr Vie
100% náttúrulegur ávaxta- og grænmetisdrykkur
- Enginn viðbættur sykur
- Engin viðbætt vítamín
- Engin rotvarnarefni
- Engin litarefni
- Engin bragðefni

Úr hverri flösku af Knorr Vie fást 200 g af því besta og hollasta úr ávöxtum og grænmeti

Safnaðu 10 Knorr strikamerkjum og veldu þér frábæra hluti í eldhúsið! Þrír heppnir safnarar fá 100.000 kr. vöruúttekt í Kringlunni, hvorki meira né minna!

Fiton/SÍA F1019897

Sigurjón Þórðarson alþingismaður skoðaði umsókn unnustu sonar ráðherra:

# Segir gögnin styðja mál sitt

**STJÓRNSÝSLA** „Allt í þessum gögnum leiðir líkur að því að ég hafi haft fyllilega rétt fyrir mér. Ég stend við allar mínar fyrri fullyrðingar,“ segir Sigurjón Þórðarson, alþingismaður Frjálslynda flokksins, sem í gær fékk að skoða umsókn unnustu sonar umhverfisráðherra um ríkisborgararétt.

Aðspurður hvort nafn Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra komi fyrir á umsókn tengdadóttur hennar segist Sigurjón bundinn trúnaði um innihald umsóknarinnar.

„Ferillinn í stjórnsýslunni er með ólíkindum. Umsóknin kemur sjötta mars í dómsmálaráðuneytið og daginn eftir er búið að óska eftir umsögnum Útlendingastofnunar og Lögreglunnar í Reykjavík og sömuleiðis er aflað gagna hjá sakaskrá. Öllum umsögnum er skilað innan sólarhrings og samdægurs sendir ráðuneytið allsherjarnefnd Alþingis gögnin,“ segir Sigurjón. „Þetta eru ekki vinnubrögð sem hafa tíðkast við að aðstoða útlendinga í gegn um þennan skóg. Ég fór í gegn um aðrar umsóknir og það er ekkert mál sem líkist þessu.“

Dómsmálaráðuneytið segir afgreiðslu ráðuneytisins á umsókn stúlkunnar hafa verið hefðbundna. „Fullyrðingar um það efni eru ekki réttar miðað við starfsvenjur ráðuneytisins, þegar umsókn er lögð fyrir Alþingi. Upplýsingar frá lögreglu og Útlendingastofnun eru þess eðlis, að almennt er unnt að veita þær samdægurs, ef svo ber undir,“ segir ráðuneytið. **- gar**



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON** „Þetta er sérmeðferð,“ segir alþingismaðurinn sem skoðaði trúnaðargögn allsherjarnefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


AF HVERJU
EKKI
FRAMBJÓÐANDI MEÐ
ZERO
KJAFTÆÐI?
Coca-Cola
zero
EKTA BRAGÐ
Og ENGINN SYKUR
'Coca-Cola zero', 'Coke zero', the dynamic ribbon device and the 'Coca-Cola' contour bottle are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.

# DÓMUR HÉRAÐSDÓMS Í BAUGSMÁLINU

Dómnum verður áfrýjað:

## Staðfesting hefði áhrif á störf

Staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms í Baugsmálinu mega sakborningar lögum samkvæmt ekki stýra fyrirtækjum né sitja í stjórn þeirra í þrjú ár eftir að dómur fellur. Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, segir að þetta lágaákvæði hafi upphaflega komist inn í hlutafélagalög til að koma í veg fyrir kennitöluflakk.

„Mér vitanlega hefur aldrei reynt á þetta ákvæði gagnvart mönnum eins og Tryggva Jónssyni eða Jóni Ásgeiri Jóhannessyni," segir Jakob.

Ljóst er að tveir ákærðu munu áfrýja dómnum til Hæstaréttar og ákæruvaldið segir allar líkur á að það verði gert. Það er þó ekki einfalt þar sem hluta ákærunnar var vísað frá héraðsdómi.

Ákæruvaldið getur kært til Hæstaréttar þá niðurstöðu héraðsdóms að vísa tíu ákæruliðum frá. Þá tekur dómurinn afstöðu til þess hvort frávísunin sé eðlileg, eða hvort dómurinn hefði átt að fjalla um ákæruliðina. Ef fjalla hefði átt um þá vísar Hæstiréttur þeim aftur í héraðsdóm, annars eru þeir úr sögunni.

Ákæruvaldið og ákærðu geta að auki áfrýjað þeim hluta málsins sem hlaut efnismeðferð, það er þeim ákæruliðum sem var sakfellt eða sýknað í. Þá þarf Hæstiréttur að taka afstöðu til þess hvort niðurstaða héraðsdóms sé rétt og staðfesta hana eða snúa henni.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sagði í gær að miðað við reynslu af fyrra Baugsmálinu megi leiða að því líkur að Hæstiréttur kveði upp dóm í kringum næstu áramót. - bj

## Sakfellt fyrir alvarleg brot

„Það var sakfellt fyrir fjóra ákæruliði, og það voru talsvert alvarleg brot að mati ákæruvaldsins," segir Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu um dóm héraðsdóms í málinu í gær.



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON

Hann segir að sýknað hafi verið í alvarlegasta ákæruliðnum, þar sem ákært var fyrir fjárdrátt vegna skemmtibátsins Thee Viking, og fjárdráttarákæru á hendur Tryggva Jónssyni að auki vísað frá.

Sigurður Tómas sagði í gær að ákæruvaldið hafi ekki tekið ákvörðun um það hvort málinu verði vísað til Hæstaréttar.

„Mér sýnist fljótt á litið að það sé margt sem þurfi að fá endanleg svör við," segir Sigurður, og vísaði þar bæði í þá liði sem héraðsdómur vísaði frá og þá liði sem ákærðu voru sýknaðir í. - bj

## Hissa á niðurstöðu dómsins

„Ég er undrandi á þessari niðurstöðu," segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, um þá niðurstöðu héraðsdóms að sakfella Jón Ásgeir í einum ákærulið. Hann segir að dómnum verði áfrýjað.



GESTUR JÓNSSON

Gestur segir að sakfellingin byggist á framburði Jóns Geralds Sullenberger og gögnum sem frá honum stafi. Það komi sér á óvart að dómurinn telji það nægilegan grundvöll fyrir sakfellingu.

„Sakarkostnaðurinn er mjög hár vegna þess hvernig þessi málatilbúnaður allur hefur verið. Ég efast um að það megi finna nokkra hliðstæðu fyrir því að ákæruvaldið sé látið bera 90 prósent sakakostnaðar þar sem komið hefur til sakfellingar. Það felast í því alveg skýr skilaboð dómendanna um að umfang þessa máls sé í engu samræmi við tilefnið," segir Gestur. - bj

## Telur sakfellinguna ranga

„Tryggvi telur þessa sakfellingu óþolandi fyrir sig," segir Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, um dóm héraðsdóms í Baugsmálinu. Spurður um refsinguna sem Tryggva er gerð segir Jakob: „Ég tel sakfellinguna ranga, en miðað við ákvæðin sem Tryggvi er talin hafa brotið gegn er refsingin í sjálfu sér ekki óeðlileg."



JAKOB R. MÖLLER

Jakob bendir á að Tryggvi hafi samtals verið ákærður í 36 liðum og nú sakfelldur í héraðsdómi fyrir fjóra. Tveir þeirra séu vegna tæknilegra brota.

Tryggvi sé ósammála því mati dómara að engin viðskipti hafi legið að baki kreditreikningi í þriðja tilvikinu, og í því fjórða hafi hann viðurkennt að sér hafi orðið á mistök sem hafi verið leiðrétt og hafi ekki haft áhrif á ársreikning. - bj

## Mjög ásættanleg niðurstaða

„Niðurstaðan er mjög ásættanleg," segir Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds Sullenbergers, en ákæru á hendur honum var vísað frá þar sem hann naut ekki réttinda sakaðs manns við rannsókn málsins.



BRYNJAR NÍELSSON

„Þetta er hluti af því sem ég hélt fram í málsvarnarræðu minni, að það hafi verið brotið gegn þessum ákvæðum við málsmeðferðina á honum [Jóni Gerald]. Þetta er fullkomlega eðlileg niðurstaða," segir Brynjar.

Brynjar bendir á að frá því fyrst var gefin út ákæra á hendur Jóni Gerald hafi hann haldið því fram að ótækt væri að gefa út slíka ákæru á hendur manni sem hafi gefið lögreglu upplýsingar með stöðu vitnis. Það hafi verið staðfest í dómnum að það hafi verið „hrein vitleysa" að gefa út ákæru á hendur Jóni Gerald. - bj

# Sakfellt í fjórum ákæruliðum

**Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson fengu skilorðsbundna fangelsisdóma í Baugsmálinu í gær. Þætti Jóns Geralds Sullenberger var vísað frá. Jón Ásgeir og Tryggvi hyggjast áfrýja dómnum til Hæstaréttar.**

**BAUGSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggva Jónsson í þriggja og níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir bókhaldsbrot í hinu svokallaða Baugsmáli. Ákæru á hendur Jóni Gerald Sullenberger var vísað frá. Bæði Jón Ásgeir og Tryggvi lýstu því yfir í gær að dómnum yrði áfrýjað.

Ákæran í þessum hluta Baugsmálsins var í 19 liðum, en fyrsta ákæruliðnum hafði áður verið vísað frá dómi. Í dómi héraðsdóms í gær var 10 ákæruliðum til viðbótar vísað frá dómi þar sem ýmist var ekki refsiheimild til staðar eða ákæruefni var ekki lýst nægilega vel. Jón Ásgeir, forstjóri Baugs Group, var ákærður í 17 ákæruliðum og var hann sakfelldur í einum þeirra. Tryggvi, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, var ákærður í 10 liðum og var sakfelldur í fjórum þeirra. Jón Gerald var ákærður í einum ákærulið og var ákæru á hendur honum vísað frá þar sem hann hafði stöðu vitnis en ekki sakbornings við rannsókn málsins.

Jón Ásgeir og Tryggvi voru báðir sakfelldir fyrir að nota tilhæfulausan 62 milljóna króna kreditreikning sem fyrirtæki Jóns Geralds Sullenbergers gaf út til þess að rangfæra bókhald Baugs. Niðurstaða dómsins var sú að sannað hafi verið, þrátt fyrir neitun ákærðu, að þeim hafi báðum verið ljóst að reikningurinn var tilhæfulaus. Brotið hafi haft áhrif á árshlutauppgjör Baugs og þar af leiðandi hafi tilkynning félagsins til verðbréfaþings verið röng.

Tryggvi var einn sakfelldur fyrir að færa kredityfirlýsingu frá færeysku verslunarkeðjunni SMS sem tekjur í bókhaldi Baugs. Jón Ásgeir var sýknaður af þeim ákærulið þar sem ósannað þótti að færslan hafi verið gerð með vitund og vilja hans.

Þá var Tryggvi sakfelldur í tveimur ákæruliðum sem tengjast vörslureikningi fyrir hlutabréf sem Baugur átti hjá Kaupþingi í Lúxemborg. Það er niðurstaða dómsins að fjórar færslur á reikningnum hafi verið rangar og Tryggva hafi verið það ljóst. Hins vegar sé ósannað að Jón Ásgeir hafi vitað af þeim.

Jón Ásgeir og Tryggvi voru sakaðir um fjárdrátt með því að draga fé úr Baugi til að fjármagna hlut Gaums í skemmtibátnum Thee Viking. Sýknað var í þeim ákærulið þar sem dómnum þótti ljóst að féð hafi ekki runnið til Gaums, heldur til Nordica, félags Jóns Geralds. Þar með áleit dómurinn þann ákærulið ekki standast nánari skoðun og fjallaði ekki sérstaklega um skýringar ákærðu.

Ákærulið þar sem Tryggvi var ákærður fyrir að draga sér fé með notkun á greiðslukorti var vísað frá þar sem ákæruvaldið sundurliðaði ekki kortareikninga Tryggva. brjann@frettabladid.is



**DÓMSUPPKVAÐNING** Arngrímur Ísberg héraðsdómari (fyrir miðju) kvað upp dóm héraðsdóms í gær ásamt Jóni Finnbjörnssyni héraðsdómara (til vinstri) og Garðari Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni og löggiltum endurskoðanda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BAUGS MÁLIÐ

## Hart stigið til jarðar í málinu

„Mín fyrstu viðbrögð eru vonbrigði, eða kannski öllu heldur undrun," segir Tryggvi Jónsson, sem var dæmdur í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi í héraðsdómi í gær.



TRYGGVI JÓNSSON

„Ég átti alls ekki von á þessari niðurstöðu, og finnst býsna hart stigið til jarðar. Ég hef alltaf haldið fram mínu sakleysi og geri það áfram, og mun að sjálfsögðu fara með þetta á æðra dómstig," segir Tryggvi.

Hann segir niðurstöðuna hafa áhrif á hann sjálfan, en ekki síður þá sem standi honum næst. „En ég leggst ekki í neitt volæði, heldur mun ég halda áfram að berjast fyrir mínum rétti." - bj

## Léttir en kemur ekki á óvart

„Það er að sjálfsögðu mikill léttir fyrir mig að málinu var vísað frá, en á sama tíma kom það ekki mikið á óvart," segir Jón Gerald Sullenberger, en þeim ákærulið þar sem hann kom við sögu var í gær vísað frá dómi í Baugsmálinu.



JÓN GERALD SULLENBERGER

Hann segir það sitt mat að Baugsmenn hafi sloppið mjög vel. Það komi sér mjög á óvart þeir hafi verið sýknaðir af ákæru um fjárdrátt vegna bátsins Thee Viking. „Þeir voru að misnota Baug, láta Baug borga fyrir sig, og ætluðust svo til þess að ég myndi afhenda eignarhaldið á bátnum í fyrirtækið Miramar á Bahamas-eyjum."

Jón Gerald segist vona að málinu sé lokið hvað sig varði, en segist ekki sjá eftir því að hafa komið málinu af stað með kæru til ríkislögreglustjóra. „Ég myndi gera þetta aftur ef ég þyrfti að gera það." - bj

## Trúir því að réttlætið sigri að lokum

„Þetta eru auðvitað viss vonbrigði, þetta er ekki alveg í lagi, að vera að dæma út af þessum kreditreikningi, það er þunnur botn í þeim dómi," segir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group. Hann var í héraðsdómi í gær dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Baugsmálinu.

Verjandi Jóns Ásgeirs benti á það í málflutningi sínum að verði Jón Ásgeir sakfelldur í endanlegum dómi geti hann, lögum samkvæmt, ekki stýrt íslensku fyrirtæki eða setið í stjórnum íslenskra fyrirtækja í þrjú ár. Spurður hvort til greina komi að flytja fyrirtækið úr landi fari svo að sú staða komi upp segir Jón Ásgeir: „Ég mun stýra Baugi áfram. Ég er með fullt umboð stjórnar og hluthafa til að gera það, og ég mun gera það áfram."



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Hann segist ekki hafa nokkra trú á því að hann verði dæmdur í Hæstarétti og segir algerlega ljóst að dómi héraðsdóms verði áfrýjað. „Ég er fullviss um að vinna sigur í Hæstarétti. [...] Ég trúi því að réttlætið sigri að lokum í þessu máli."

Spurður segir Jón Ásgeir að dómur héraðsdóms muni ekki hafa nein áhrif á Baug Group. Félagið hafi þegar staðið í þessum málarekstri í að verða fimm ár. Stanslaust hafi verið sagðar fréttir af ákærum um fjárdrátt og því gott að málið sé orðið skýrt. Auðvelt verði að skýra málefni eins kreditreiknings fyrir fjölmiðlum.

Níu ákæruliðum þar sem Jón Ásgeir var ákærður var vísað frá dómi og sýknað í sjö. Spurður hvort til greina komi að höfða skaðabótamál á hendur ríkinu segir Jón Ásgeir: „Auðvitað er kominn grundvöllur fyrir því að fara í mál strax. Það er búið að demba á mig 58 ákæruliðum í þessu máli og einn stendur eftir. Það er alveg ljóst að ákæruvaldið hefur algerlega tapað sínum málflutningi í þessu." - bj

Yfirlýsing frá Baugi Group:

## Sakfelling á veikum grunni

Sakfelling Jóns Ásgeirs Jóhannessonar virðist hvíla á afar veikum grundvelli og eru verulegar líkur taldar á sýknu í Hæstarétti, að því er fram kemur í yfirlýsingu sem Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs Group, sendi frá sér í kjölfar dóms héraðsdóms í Baugsmálinu í gær.

„Baugur Group hf. hefur frá upphafi málsins lýst yfir stuðningi við Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóra, í þessu máli. Lýsir stjórn félagsins áfram yfir eindregnum stuðningi við hann nú þegar þessi dómur liggur fyrir," segir í yfirlýsingunni.

Þar segir enn fremur að niðurstaða héraðsdóms feli í sér alvarlegan áfellisdóm yfir vinnubrögðum ákæruvalds og lögreglu í málinu. Sakfellt hafi verið í fjórum af þeim 59 ákæruliðum sem gefnir hafi verið út og málskostnaður að mestu felldur á ríkissjóð. - bj

## SAKBORNINGAR GREIÐA 11,5 MILLJÓNIR

Héraðsdómur Reykjavíkur ákvað að láta megnið af sakakostnaðinum falla á ríkissjóð þótt sakborningar beri hluta. Í dómnum segir að þar sem aðeins var sakfellt fyrir hluta ákæruefna, vegna þess tíma sem málsmeðferðin tók, og þess að lagt var í óþarfa kostnað verði ákærðu ekki gert að greiða allan málskostnað.

Jón Ásgeir þarf að greiða tíunda hluta af málsvarnarlaunum verjanda síns, helminginn af 5 milljóna króna málskostnaði á móti Tryggva Jónssyni, og tíunda hluta kostnaðar við aðstoðarmenn verjenda og skrifstofubúnað. Samtals ber honum því að greiða um 6,6 milljónir króna. Tryggva var gert að greiða fimmtung af málsvarnarlaunum verjanda og helming málskostnaðar, eða 4,9 milljónir króna.

Á ríkið fellur það sem eftir stendur, samtals 105,1 milljón króna. Inni í þeirri tölu er megnið af kostnaði saksóknara, sem var um 55,8 milljónir, og allur málsvarnarkostnaður Jóns Geralds Sullenbergers. - bj



Börn
Snyrtivörur
Dömur
LANCÔME
PARIS
HRÍFANDI VARIR
STÓRKOSTLEGUR GLJÁI
NÝTT COLOR FEVER GLOSS
HÁGLANSANDI VARAGLOSS
LANCÔME DAGAR 3. – 9. MAÍ
ALLIR SEM KOMA FÁ SÝNISHORN AF COLOR FEVER VARAGLOSSI, 4 LITI.*
GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR KEYPTAR ERU VÖRUR FRÁ LANCÔME FYRIR 5.500 KR. EÐA MEIRA.*
*á meðan birgðir endast.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!



**APINN OG STÚLKAN** Ung kínversk stúlka settist þarna á bekk hjá apa nokkrum í dýragarði í Sjanghæ nú í vikunni þegar Kínverjar héldu sína árlegu maíhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Spenna í Tyrklandi vegna deilu um forsetakjör og grundvallargildi lýðveldisins:

# Þingkosningar ákveðnar 22. júlí

**TYRKLAND, AP** Tyrkneska þingið samþykkti í gær að þingkosningar færu fram hinn 22. júlí næstkomandi. Ákveðið var að boða til þeirra nokkrum mánuðum fyrr en ella til að leysa stjórnarkreppu sem upp er komin í landinu vegna vaxandi spennu milli hersins, „varðhunds“ veraldlegra gilda í tyrkneskum stjórnmálum, og stjórnarflokksins sem á rætur að rekja til íslamistahreyfingar.

Svo fór að dagsetningin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, en áður höfðu talsmenn stjórnarandstöðunnar, hins veraldlega Lýðveldisflokks, lýst efasemdum um að heppilegt væri að halda kosningar þegar hálf þjóðin er í sumarleyfi og þar með ólíklegri en ella til að mæta á kjörstað. Upprunalega stóð til að kosið yrði í nóvember, þegar fimm ára kjörtímabili þingsins lýkur.

Stjórnarkreppan hófst í síðustu viku er Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra tilnefndi



**RECEP TAYYIP ERDOGAN** Gagnrýndur fyrir að tilnefna flokksbróður í forsetakjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Abdullah Gul utanríkisráðherra forsetaefni, en Gul er náinn bandamaður Erdogans úr hinum íslamsksinnaða Réttlætis- og þróunarflokki. Kjarni deilunnar snýst um ótta margra við að stjórnarflokkurinn kunni að misnota völd sín yfir bæði þinginu og forsetaembættinu til að grafa undan veraldlegum grundvelli lýðveldisins. - aa

100 þúsund króna árás:

# Dæmdur fyrir árás á konu

**DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur til að greiða 100 þúsund króna sekt til ríkissjóðs ella sæta fangelsi í átta daga vegna líkamsárásar á konu, sem leiddi meðal annars til þess að hún handleggsbrotnaði.**

**Atburðurinn átti sér stað í sumarbústað í Miðfellslandi við Þingvallavatn. Manninum var gert að greiða sakarkostnað, en bótakröfu konunnar var vísað frá dómi. Telur dómurinn sannað að hún hafi verið með ónot og ert ákærða áður en til átaka milli þeirra kom svo og að konan hafi veist að manninum að fyrra bragði.** - jss

Verðbólgan:

# Hefur lækkað í 5,3 prósent

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgan síðustu tólf mánuði hefur lækkað jafnt og þétt frá ársbyrjun, samkvæmt vef Hagstofunnar. Verðbólga mældist 6,9 prósent í janúar, 7,4 prósent í febrúar og 5,9 prósent í mars. Hún var 5,3 prósent í apríl.

Í tilkynningu kemur fram að dregið hafi úr verðbólgu síðustu tvo mánuði, aðallega vegna lækkunar virðisaukaskatts og afnáms vörugjalda þann 1. mars síðastliðinn. Á sama tíma hafi vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkað um 3,2 prósent. - ghs

**ÖLFUS**

## Neita að borga bókasafn

Bæjarstjórn Ölfuss hefur tilkynnt að sveitarfélagið hætti að greiða til bæjar- og héraðsbókasafns á Selfossi frá og með næstkomandi áramótum.

Vél eitt af sex í stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar snýst án vatns og leiðir rafmagn til álversins í Reyðarfirði:

# Rafmagn framleitt með rafmagni

**STÓRIÐJA** Álverið í Reyðarfirði er tekið til starfa og kemur rafmagnið úr Kárahnjúkavirkjun. Vatn knýr þó ekki vélina sem leiðir rafmagnið til Alcoa, eins og væri undir eðlilegum kringumstæðum, heldur er hún knúin áfram af rafmagni. Áformað er að framkvæmdum við virkjunina ljúki að mestu í lok ársins og framleiðslan verði þá komin á fullt.

„Við látum vél eitt snúast án vatns til þess að vera eins konar stuðpúði fyrir kerfið fyrir austan,“ segir Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar. „Það þýðir að við getum leitt um hundrað megavött af rafmagni til Alcoa, sem koma úr landsnetinu.“

Við fulla framleiðslu verða sex vélar í gangi í stöðvarhúsi virkjunarinnar, fimm í gangi að jafnaði og ein til vara. Samtals verður orkuframleiðsla vélanna fimm 575 megavött, en álverið á Reyðarfirði þarf ein 550 við full afköst.

Sigurður segir mestu vinnuna þessa dagana vera frágang neðanjarðar og í stöðvarhúsinu. „Þegar líður á sumarið mun sú staða koma upp að við bíðum eftir vatninu, en það liggur ekki nákvæmlega fyrir hvenær það kemur. Við ætlum okkur samt að komast í fullan rekstur í lok þessa árs.“

Auk vinnu í jarðgöngum og stöðvarhúsi er unnið við frágang á stóru stíflunni, og mun því ljúka um mitt sumar. Opnað verður fyrir umferð almennings um stífluna í seinasta lagi um verslunarmannahelgina, segir Sigurður.

„Þegar aðalframkvæmdunum lýkur er einn verkþáttur eftir, en það er að veita vatninu úr minni ánni, Jökulsá í Fljótsdal, og veitum þar fyrir austan. Við stefnum að því að ljúka þeim framkvæmdum haustið 2008.“ - sþs



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Álverið í Reyðarfirði fær nú hundrað megavött frá Kárahnjúkavirkjun en notar þau ekki öll, að sögn kynningarstjóra virkjunarinnar. Í sumar mun álverið þó þurfa að bíða eftir meira rafmagni, eða þangað til framleiðslan fer á fullt í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



120 1886 2006



# LANDSBANKAHLAUPIÐ



## Á MORGUN
### um allt land

Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans endurvekjum við Landsbankahlaupið fyrir alla hressa 10-13 ára krakka (fædda 1994, 1995, 1996, 1997).

## Sameiginlegt hlaup fyrir höfuðborgarsvæðið er á Laugardalsvellinum í Reykjavík.

- Felix Bergsson og Þóra Margrét Jónsdóttir stjórna upphitun
- Bjarni töframaður sér um jójó og hakkísakk leiki

Hlaupið verður við 21 útibú bankans um landið, sjá nánar á klassi.is
Fjölskylduhátíð um allt land að hlaupi loknu, veitingar og skemmtun fyrir alla

Skráningu á vefnum er lokið en hægt er að skrá sig á hlaupa-stöðunum á laugardaginn. Opnað er fyrir skráningu þar kl. 9.00. Fyrir skráða þátttakendur er mæting stundvíslega kl. 10.00.

**Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum aldurshópi drengja og stúlkna**

- Allir þátttakendur fá verðlaunapening
- Allir þátttakendur fá Klassa-vatnsbrúsa
- Allir þátttakendur fá Klassa-boli

## Taktu þátt!

**Allar nánari upplýsingar um hlaupið á Klassi.is**

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

Íslenska LBI 36862 04.2007 Myndskreytingar: Þórdís Claessen



**SYNT Í KÖLDUM SJÓ** Heimir Örn Sveinsson stakk sér til sunds í átta gráðu heitum sjó í Nauthólsvík í gær.

Tveir bílar skemmdust þegar viðmiðunarrá féll niður á Miklubrautina:

# Vissi ekki hvaðan þetta kom

**SLYS** Betur fór en á horfðist í gær þegar krani á vörubíl rakst upp í viðmiðunarrá sem liggur yfir Miklubraut með þeim afleiðingum að ráin féll til jarðar og hafnaði á tveimur bílum. Bílarnir skemmdust töluvert en enginn slasaðist.

„Ég var bara að keyra eftir Miklubrautinni þegar þetta ferlíki dettur niður á bílinn minn. Mér dauðbrá enda áttaði ég mig ekki á því hvað var að gerast eða hvaðan þetta kom,“ segir Þórunn Björg Sigurðardóttir ökumaður annars bílsins sem hafnaði undir ránni. Bíll Þórunnar skemmdist mikið við óhappið enda var höggið mikið. „Ráin lenti á framrúðunni minni og ég var bara heppin að hún fór ekki í gegnum rúðuna,“ segir Þórunn Björg.

Loka þurfti hluta Miklubrautarinnar um tíma í gær vegna óhappsins.

- þo



**ALLT STOPP** Hluta Miklubrautarinnar var lokað um tíma vegna óhappsins. Tveir bílar skemmdust en enginn slasaðist.

Sátt í dómsmáli:

## Damon Albarn bættur skaðinn

**DÓMSMÁL Sátt hefur náðst í máli breska tónlistarmannsins Damons Albarn gegn verkfræðistofunni VGK-Hönnun. Albarn fékk verkfræðistofuna til þess að gera kostnaðaráætlun og annast breytingar á einbýlishúsi sínu í Reykjavík. Kostnaður við breytingarnar fór langt fram úr áætlun og krafðist Albarn um 40 milljóna og fór með málið fyrir dóm.**

**Er málið var til meðferðar fyrir dómi lögðu forsvarsmenn verkfræðistofunnar fram tillögu sem Albarn og lögmaður hans, Heimir Örn Herbertsson, sættust á. Efni hennar er trúnaðarmál.**

- mh








**FRÁ FUNDI BORGARRÁÐS** Fjallað var um lóðamál á fundi borgarráðs í gær. Björn Ingi Hrafnsson stýrði fundi. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Fjallað um kostnaðinn eftir viku

**Fjallað verður um sundurliðaðan kostnað sem liggur að baki auglýstu kostnaðarverði á lóðum í nýjum hverfum í Reykjavík í næstu viku. Sundurliðunin fæst ekki uppgefin fyrr en að loknum fundi borgarráðs.**

**REYKJAVÍK** Lögð verða fram gögn um sundurliðaðan kostnað sem liggur að baki útreikningum á lóðaverði á fundi borgarráðs á fimmtudaginn í næstu viku. Þetta var ákveðið á fundi borgarráðs í gær en Vinstri græn óskuðu eftir því á fundi ráðsins í gær að fá, eftir einstaka liðum, uppgefinn kostnað sem liggur að baki ákvörðuðu verði sem á að vera kostnaðarverð.

Fréttablaðið óskaði einnig eftir sundurliðun á kostnaðinum en fékk þær upplýsingar frá Hrólfi Jónssyni, sviðsstjóra framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, að ekki væri mögulegt að fá sundurliðun uppgefna fyrr en búið væri að kynna hana fyrir fulltrúum í borgarráði.

Liðirnir sem kostnaðurinn skiptist í eru götur, holræsi, gönguleiðir, ræktun, opin svæði, leikskólar, grunnskóli, íþróttasvæði og menningarmiðstöðvar, kostnaður vegna landakaupa og fjármagnskostnaður á byggingartíma. Ekki fékkst uppgefið hvernig kostnaður skiptist niður á þessa liði en kostnaðurinn við íþróttasvæði og menningarmiðstöðvar deilist hlutfallslega niður á fleiri hverfi þar sem gert er ráð fyrir samnýtingu mannvirkja.

Eins og greint hefur verið frá ætlar meirihluti Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík að selja lóðir á föstu verði í nýjum hverfum. Fyrir einbýlishúsalóðir verða greiddar ellefu milljónir, fyrir par- og raðhúsalóðir 7,5 milljónir á íbúð og fjölbýlisíbúð 4,5 milljónir.

Á fundi borgarráðs í gær voru lagðar fram áætlanir um úthlutun lóða í Úlfarsárdal. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir því að úthlutað verði 73 einbýlishúsalóðum, 27 parhúsalóðum, ellefu raðhúslóðum fyrir samtals 45 íbúðir og fjórum fjölbýlishúsalóðum fyrir samtals 216 íbúðir.

Ofan á hverja einbýlishúsalóð leggst fimm milljóna króna viðbótargjald ef lóðin er seld innan sex ára frá úthlutun, samkvæmt almennum reglum um úthlutun lóða í Reykjavík. Fjögurra milljóna króna viðbótargjald fellur á parhúsíbúð af sömu sökum, einnig á raðhúsíbúð en tvær milljónir á íbúð í fjölbýli.

magnush@frettabladid.is

### LÓÐAÚTHLUTANIR

* Umsækjendur sem sýna fram á að þeir hafi fjárhagslega getu til að fá lóð og byggja á henni skulu miða við 40 milljónir á einbýlishúsalóð, 35 milljónir á parhús- og raðhúslóð og 20 milljónir á fjölbýlisíbúð.

* Borgarráð úthlutar byggingarrétti á lóðum fyrir íbúðarhús samkvæmt reglum sem fyrir liggja. Þær eru aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar.


LÆKNADEILD
LÆKNISFRÆÐI
SJÚKRAÞJÁLFUN



## INNTÖKUPRÓF Í LÆKNADEILD HÍ

### SJÚKRAÞJÁLFUNARSKOR OG LÆKNISFRÆÐISKOR

Inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið í Reykjavík miðvikudaginn 13. og fimmtudaginn 14. júní 2007. Nánari upplýsingar verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið.

Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega til inntökuprófsins fyrir 20. maí 2007. Sjá eyðublað á heimasíðu læknadeildar www.laeknadeild.hi.is Skráning getur farið fram enda þótt nemandi hafi þá ekki lokið stúdentsprófi, en þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar. Umsókn um skrásetningu ásamt staðfestu afriti af stúdentsprófsskírteini eða staðfestingu um að stúdentsprófi verði lokið, skal skilað eða senda í pósti til skrifstofu læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2007 fá 48 nemendur í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrá fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar má finna á heimasíðu læknadeildar Háskóla Íslands www.laeknadeild.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37336 05/07

# Veldu virkni

## – veldu LGG+

### Eiginleikar LGG+

- stuðlar að vellíðan
- fjölþætt varnarverkun
- bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana
- mikið mótstöðuafl







**Nýjung**

0,5%

**Fitusnauðasta jógúrtin á markaðnum!**



LGG+ JÓGÚRT

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Einiberjakryddaður lambahryggur
KJARNAFÆÐI
EKKERT BRUÐL
Þú þarft ekki að
Einiberja lambahryggur
kílóverð nú:
1398 KR.
Ferskt lambafille
EKKERT BRUÐL
Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.
Einiberjakryddað LUXUSLAMB
Bónusfeti og salatblandan
BÓNUS SALAT
BÓNUS Feti
BÓNUSFETI
159 KR.
250g
KF SALAT
98 KR.
350g
BÓNUSSALAT
198 KR.
200g
Kartöflu salat
Hrá salat
ERAN/Landlist
Ali grill svínakótelettur
og úrb. svínahnakkasneiðar
SVÍNAKJÖT
Svínakótelettur ALI grill
og úrbeinaðar hnakkasneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673KR.
Bónus býður betur!
Bónus ungnautahakk
kílóverð nú:
898 KR.
Merkt verð 1198KR.
AFSLÁTTUR 25% VIÐ KASSANN
BÓNUS
Ungnautahakk
30% afsláttur
við kassann
Úrvals innflutt og ferskt ungnautahakk
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS


leita lengra!
Sjáðu verðið!
EKKERT BRUÐL
Frosnar EUROSHOPPER kjúklingabringur
EUROSHOPPER kjúklingabringur
1298 KR. kílóverð
Ferskar lambakótelettur
LAMBA-KÓTELETTUR
Ferskar lambakótelettur kílóverð nú:
1398 KR.
KJARNAFÆÐI
Ferskar einfaldar lambakótelettur
Bökunarkartöflur
149 KR.
um 700g
GRILL KARTÖFLUR
Bökunarkartöflur
Frosinn KS lambabógur kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
...fyrir góðan dag!
PEPSI MAX
2 lítrar
89 KR.
Frosið KS lambalæri kílóverð nú:
879 KR.
Merkt verð 1098KR.
www.bonus.is
Frosið KS lambalæri og lambabógur
BÓNUS



**LEIKUR SÉR Í GOSBRUNNI** Það var töluvert heitt í borginni Meishan, suðvestantil í Kína, nú í vikunni. Þessi stúlka kældi sig aðeins niður með því að leika sér í gosbrunni í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Alþjóðleg ráðstefna í Egyptalandi um stuðning við uppbyggingu í Írak:

# Írakar óska skuldaeftirgjafar

**EGYPTALAND, AP** Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, hvatti ríkisstjórnir landa heims til að íhuga alvarlega að gefa Írak eftir erlendar skuldir þess. Hann sagði þetta í opnunarræðu sinni á tveggja daga alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin er í Egyptalandi. Ráðstefnunni er ætlað að safna hugmyndum, fé og öðrum stuðningi við stöðugleika og uppbyggingu í Írak. Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, átti viðræður við starfsbróður sinn frá Sýrlandi og var það fyrsti fundur háttsettra fulltrúa landanna tveggja um árabil.

Skuldir Íraks nema á að giska því sem svarar 3.200 milljörðum króna. Nú þegar hefur svonefndur Parísar-klúbbur lánardrottna gefið Írökum eftir skuldir að upphæð um 100 milljarða Bandaríkjadala, andvirði um 6.400 milljarða króna.

Eitt af markmiðum ráðstefnunnar er að koma á betri tengslum milli Íraksstjórnar, sem sjía-múslimar fara fyrir, og stjórnvalda í arabalöndunum, þar sem súnní-múslimar ráða öllu. Auk skuldaeftirgjafar vill Íraksstjórn að stjórnvöld í arabalöndunum beiti sér fyrir því að stemma stigu við straumi erlendra bardagamanna til Íraks, en þeir eru fjölmennir í hópi uppreisnarmanna þar. Um þetta síðasta atriði snerist fundur Rice með sýrlenska utanríkisráðherranum Walid al-Moallem. - aa



**RICE OG MALIKI** Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, ásamt túlki á fundi með Condoleezzu Rice á ráðstefnunni í Sharm-el-Sheik í Egyptalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alcoa og Fjarðabyggð:

## Reka saman slökkvilið

**AUSTURLAND** Fulltrúar Alcoa Fjarðaáls og Fjarðabyggðar staðfestu í gær samstarfssamning um rekstur slökkviliðs.

Slökkviliðið verður tólf manna atvinnulið á Reyðarfirði auk 45 manna í hlutastarfi í Neskaupstað. Þá verða fimmtíu starfsmenn Alcoa tiltækir sem varalið.

Þrír slökkviliðsmannanna fá laun greidd frá Alcoa og uppbygging öryggismiðstöðvar verður greidd með fjármunum sem annars hefðu farið í sambærileg verkefni innan fyrirtækisins. Miðstöðin verður steinsnar frá lóð Fjarðaáls.

Þetta er fyrsta atvinnuslökkvilið Austurlands. - kóþ

Borgarafundur í Bolungarvík:

## Áföll í atvinnumálum rædd

**FÓLK Bolvíkingar hafa skotið á neyðarfundi undir yfirskriftinni „Áföll í atvinnumálum“. Verður hann í ráðhúsi Bolungarvíkur á sunnudag og hefst klukkan 17.**



ANNA GUÐRÚN EDVARDSDÓTTIR

**Fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem bjóða fram til Alþingis í vor hefur verið boðið til fundarins en framsögu flytur Anna Guðrún Edvardsdóttir, forseti bæjarstjórnar.**

**Nýlega var 48 starfsmönnum útvegsfyrirtækisins Bakkavíkur sagt upp störfum og ekki er langt um liðið síðan sextán starfsmenn Ratsjárstofnunar í bænum misstu vinnuna.** - bþs

Fé til rannsókna verður tvöfaldað:

# Landspítalinn verði í hópi þeirra bestu

**HEILBRIGÐISMÁL** Markmiðið er að Landspítalinn verði meðal fimm bestu háskólasjúkrahúsa á Norðurlöndum árið 2012 þegar kemur að rannsóknarstörfum. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Læknablaðsins sem í þetta sinn er gefið út í samvinnu við vísindadaga Landspítalans.

Samkvæmt endurskoðaðri vísindastefnu spítalans er áætlað að verja skuli þremur prósentum af rekstrarútgjöldum í vísindarannsóknir. Helmingur þess fjár er ætlað að renni í Vísindasjóð spítalans, en það er um tvöföldun á opinberu framlagi til vísindastarfa. Þá er einnig miðað að því að vísindamennirnir afli samsvarandi upphæðar til vísindastarfa frá öðrum aðilum. - kdk



**LANDSPÍTALINN** Stefnt er á að koma Landspítalanum í hóp fimm bestu sjúkrahúsa Norðurlanda.



**LÍTIÐ MÁ ÚT AF BREGÐA** Henný Hinz verkefnisstjóri og hagfræðingarnir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Stefán Úlfarsson og Ólafur Darri Andrason skoða vorskýrslu ASÍ 2007. Í henni kemur fram að viðskiptahalli er í sögulegu hámarki og gengissveiflur miklar. Lítið megi út af bregða í efnahagsmálum þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ójafnvægi er fram undan

**Jafnvægi er ekki fyrirsjáanlegt í efnahagsmálum þjóðarinnar, að mati hagdeildar ASÍ. Vextir verða áfram háir, verðbólga mikil og krónan veikist.**

**EFNAHAGSMÁL** Hagdeild ASÍ spáir því að verðbólga náist niður í 4,6 prósent á þessu ári og verði komin niður í þrjú prósent á næsta ári. Stýrivextir lækki aðeins en haldist þó áfram háir og atvinnuleysi aukist. Þetta kemur fram í vorskýrslu ASÍ 2007, Aukin misskipting í góðæri.

Hagdeildin telur það áhyggjuefni að augljóst jafnvægi sé ekki í kortunum þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur í ár og á næsta ári en gerir þó ekki ráð fyrir harðri lendingu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Viðskiptahallinn verði ekki viðráðanlegur í náinni framtíð, vextir haldist háir og verðbólga mikil. Óvissan sé mikil. Lítið megi út af bera til að hagkerfi þróist til verri vegar og Seðlabankinn eigi erfiðara með að bregðast við vegna þess hve stýrivextir eru þegar háir.

Í vorskýrslunni kemur fram að ójafnvægi er mikið, viðskiptahalli í sögulegu hámarki og gengissveiflur miklar. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, segir að gert sé ráð fyrir því að hafist verði handa við byggingu álvers í Helguvík á síðari hluta þessa árs, vextir haldist háir út árið og fari ekki lækkandi fyrr en á næsta ári. Halli verði á ríkissjóði á næsta ári.

„Viðskiptahallinn er í sögulegu hámarki og hættulega mikill. Við höfum áhyggjur af því að það dregur ekki nægilega hratt úr honum,“ segir hann og bendir á að meðalheimili í landinu skuldi 240 prósent af ráðstöfunartekjum sínum. „Þetta hlutfall hefur farið hratt vaxandi.“

Ólafur Darri segir að ójöfnuður hafi farið vaxandi í þjóðfélaginu og það sé einkum vegna vaxandi fjármagnstekna og breytinga á skattkerfinu sem komi þeim tekjuhæstu best. Ójöfnuður ráðstöfunartekna vaxi meira en heildartekna og því dragi úr þeirri tekjujöfnun sem sé í skattkerfinu. „Við erum að ýta undir ójöfnuði með markvissum aðgerðum frekar en að draga úr ójöfnuði með markvissum aðgerðum.“

Hagdeildin spáir því að hagvöxtur haldist svipaður í ár og í fyrra og verg landsframleiðsla verði um 2,5 prósent á þessu ári. „Einkaneyslan hefur vaxið mjög mikið og við gerum ráð fyrir að hægi á vextinum,“ segir hann. Gert er ráð fyrir vaxandi kaupmætti milli ára en minni lántökum. Fjárfestingar hins opinbera fari vaxandi.

ghs@frettabladid.is

## SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

**Hlutfallsleg breyting**

| | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Hagvöxtur (verg landsframleiðsla) | 7,2 | 2,6 | 2,5 | 3,3 |
| Verðbólga | 4,0 | 6,8 | 4,6 | 3,0 |
| Atvinnuleysi | 2,1 | 1,3 | 1,5 | 2,0 |
| Stýrivextir | 9,6 | 12,4 | 13,6 | 11,7 |

Heimild: Vorskýrsla hagdeildar ASÍ 2007





Ný sýn í pólitík

sjö nýjar leiðir út úr úlfakreppu íslenskra stjórnmála

Ný sýn í pólitík eftir sjósundkappann og hugsjónamanninn Benedikt S. Lafleur boðar tímamót í íslenskum stjórnmálum!

2007 er ár samvinnu og hugsjóna. Í bók sinni bendir Benedikt á sjö nýjar leiðir til að styrkja og sameina íslenskt samfélag. Fjallað er m.a. um þýðingu náttúrunnar, helstu mein þjóðarinnar og hvernig megi lækna þau, hvernig hægt sé að draga úr spillingu í stjórnmálum og leyfa lýðræðinu að blómstra og hlutverk Íslands í heiminum. Hér er á ferðinni bók sem enginn meðvitaður Íslendingur ætti að láta framhjá sér fara! Sérstaklega ekki fyrir kosningar!

Bókin er á sérstöku tilboðsverði, á aðeins 1.990 kr. og fæst í öllum helstu bókaverslunum landsins, sem og í Listasetri Lafleur, Hólmaslóð 4, 101 Rvk. S: 659-3313, lafleur@simnet.is

Tryggingastofnun ríkisins:

## Ársyfirlit í stað greiðsluseðla

**FÉLAGSMÁL Tryggingastofnun ríkisins er hætt að senda mánaðarlega greiðsluseðla til lífeyrisþega. Þess í stað fá lífeyrisþegar svokallað grænt umslag sem inniheldur ársyfirlit yfir mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur á árinu. Þetta segir í fréttatilkynningu frá Tryggingastofnun.**

**Umslagið var sent tæplega fimmtíu þúsund lífeyrisþegum í lok síðasta mánaðar og með því vakin athygli á breyttu fyrirkomulagi. Greiðslur verða eftir sem áður lagðar inn á reikninga lífeyrisþega um hver mánaðamót, þótt ekki verði tilkynnt sérstaklega um hverja innborgun.** - sþs

Fyrsta skóflustungan tekin á félagssvæði Fimleikafélags Hafnarfjarðar:

# Ný félagsaðstaða og stúka í Kaplakrika

**HAFNARFJÖRÐUR** Fyrsta skóflustunga að nýrri félags- og skrifstofuaðstöðu, búningsherbergi, viðbótarstúku og skyggni yfir núverandi stúku á félagssvæði FH-inga í Kaplakrika var tekin á dögunum. Framkvæmdirnar eru að langmestu leyti á kostnað bæjarins og er gert ráð fyrir að þær kosti rúman milljarð króna. Þeim á að vera lokið 1. júní 2009.

Um er að ræða nýbyggingar upp á samtals sjö þúsund fermetra; félags- og skrifstofuaðstöðu á einni hæð, ný búningsherbergi, skyggni yfir núverandi stúku og viðbótarstúku til hliðar við hana eftir endilöngum vellinum, aðstöðu fyrir fréttamenn og keppnisstjórn, skylmingasal, endurgerð á eldra húsnæði, tækja- og lyftingasal, frjálsíþróttahús og tengibyggingu á milli allra húsanna. Lóðin verður endurgerð.

Núverandi stúka í Kaplakrika rúmar nær tvö þúsund manns í sæti. Fyrirhugað er að byggja yfir hana og byggja viðbótarstúku að þessu sinni. Í fjarlægri framtíð eru FH-ingar svo að láta sig dreyma um að byggja aðra stúku gegnt þessari eftir vellinum endilöngum en sú framkvæmd er aðeins draumur enn sem komið er.

„Það verður bara það sem við köllum félagslega einkaframkvæmd svipað og með Risann,“ segir Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH. „Við byggjum það bara sjálfir og leigjum svo út til að fá fyrir kostnaði.“ - ghs



**UPPBYGGING AÐ HEFJAST** Fyrsta skóflustungan var tekin að uppbyggingu á félagssvæði FH í gær. Framkvæmdum á að vera lokið sumarið 2009. Gert er ráð fyrir núverandi stúku og annarri til viðbótar undir bylgjunni. MYND/BATTERÍIÐ



**JEAN-MARIE LE PEN** Segist ætla að ná fram „hefndum“ í þingkosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jean-Marie le Pen:

## Hvetur Frakka til að kjósa ekki

**FRAKKLAND, AP** Jean-Marie le Pen, hinn aldni leiðtogi franskra þjóðernissinna, hvetur fólk til að sitja heima í seinni umferð forsetakosninganna um helgina. Hann tapaði í fyrri umferð kosninganna fyrir sósíalistanum Ségolène Royal og hægrimanninum Nicolas Sarkozy.

Í staðinn stefnir le Pen nú á framboð með flokki sínum til þingkosninganna í júní og segist ætla að ná þar fram „hefndum“. Að minnsta kosti fjögur þúsund manns sóttu 1.-maí-útifund hans í París á þriðjudaginn. - gb

Brot gegn valdstjórninni:

## Beit og barði lögreglumenn

**DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að ráðast á tvo lögreglumenn og slasa þá.**

**Atburðurinn átti sér stað í húsi á Selfossi. Maðurinn veittist að lögreglumönnunum þar sem þeir voru að skyldustörfum. Hann hrinti öðrum þeirra, lögreglukonu, þannig að hún skall í gólfið og hlaut mar og vöðvatognun. Þá sló maðurinn hinn lögreglumanninn hnefahögg í andlitið og beit hann í hægri hönd þannig að hann hlaut bitsár á fingrum. Maðurinn hrækti einnig í andlit lögreglukonunnar og reyndi ítrekað að skalla lögreglumanninn.** - jss

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Kviknaði í út frá eldavél**

Eldur kom upp á athafnasvæði Loftorku í Borgarnesi í gærmorgun. Eldurinn kviknaði út frá hellu á eldavél í vinnubúðum og tókst starfsmönnum þar að slökka hann áður en slökkviliðið kom á vettvang. Ekki urðu miklar skemmdir en slökkviliðið reykræsti.

**Bíll með fjórum fór út af**

Enginn slasaðist þegar bifreið með fjórum innanborð fór út af Helguvíkurvegi á Suðurnesjum aðfaranótt fimmtudags. Bíllinn var mjög illa farinn eftir óhappið og þurfti að flytja hann á bort með dráttarbíl.



## „ORÐRÉTT“

### Gömul sameining og ný

**„Þessi sameining dró dilk á eftir sér, svo að ekki sér enn fyrir endann á því ástandi, sem af henni leiddi.“**

ÞORVALDUR GYLFASON RIFJAR UPP „MISHEPPNAÐA SAMEININGU“ FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS OG ÍHALDSFLOKKSINS Í SJÁLFSTÆÐISFLOKKINN.

**Fréttablaðið 4. maí**

### Mömmujakki þá?

**„Þetta verður enginn pabbajakki og ég sauma þetta sjálfur.“**

GRÉTAR BALDURSSON LÝSIR LEÐURKLÆÐNAÐINUM SEM EIRÍKUR HAUKSSON MUN KLÆÐAST Í HELSINKI.

**Fréttablaðið 4. maí**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BJÖRGVIN ÞÓR VALDIMARSSON TÓNLISTARKENNARI

## *Kennir á hljóðfæri innan veggja skólans*

„Ég er nú bara að flytja búferlum,“ segir Björgvin Þór Valdimarsson tónlistarkennari spurður hvað af honum sé að frétta. „Ég hef verið með tónlistarskóla rétt hjá Hvassaleitisskóla en er nú að flytja mig yfir í Grafarvoginn. Þar mun ég setjast að í Hamrahverfinu og verð með tónlistarkennslu að miklu leyti inni í Hamraskóla.“

Hann segir slíkt fyrirkomulag algengt úti á landi en það hafi ekki náð fótfestu í Reykjavík. „Það er klárlega til hagsbóta fyrir nemendur, foreldra og samfélagið í heild að tónlistarkennslan fari fram innan veggja skólans en ekki úti í bæ. Foreldrar mega ekkert vera að því að skutla krökkum sínum út og suður í tónlistarnám.“ Hann segist helst munu kenna börnunum á píanó, blokkflautu og kannski einhver blásturshljóðfæri.

Björgvin er einnig stjórnandi Skagfirsku söngsveitarinnar í Reykjavík og segir hann nóg að gera hjá henni. „Við vorum nýlega með tvenna tónleika í Langholti og spiluðum fyrsta maí á Selfossi fyrir troðfullu húsi. Á döfinni er síðan utanlandsferð í júní til Bamberg í Þýskalandi þar sem tekur á móti okkur kór. Þaðan förum við til Tyrol í Austurríki og hittum karlakór sem er einmitt á leið til Íslands um næstu mánaðamót. Þetta er vikuferð, við verðum bæði að æfa og skemmta okkur.“



## BESSASTAÐIR:
### HVERS VEGNA BÝR FORSETINN ÞAR?

Saga Bessastaða nær langt aftur og á fyrri hluta þrettándu aldar átti Snorri Sturluson jörðina. Næstu aldir sátu æðstu menn þjóðarinnar á Bessastöðum en á nítjándu öld komst jörðin í eigu einstaklinga, til dæmis Gríms Thomsen skálds. Árið 1940 keypti Sigurður Jónasson, forstjóri Tóbaksverslunar ríkisins, Bessastaði og gaf þá íslenska ríkinu til búsetu fyrir þjóðhöfðingjann.



## SJÓNARHÓLL
SAMRÆMDU PRÓFIN Í TÍUNDA BEKK

### *Burt með þessi próf*



**MARSIBIL SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR**
Nemi

„Ég tel samræmdu prófin ekki vera af hinu góða og held að þau þjóni ekki tilgangi sínum núna þegar börn komast inn í menntaskóla hvort sem er. Ég treysti kennurum fullkomlega til að meta kunnáttu barna og held að það þurfi ekkert allsherjar prófakerfi til. Ég held að börn skili ekki sínu besta í samræmdum prófum. Það er svo mikið stress og taugatitringur í gangi og börnin eru hrædd við prófin. Þau ná því ekki þeim árangri sem þau gætu náð undir eðlilegum kringumstæðum. Mér finnst líka fráleitt að heyra það að skólar hringi í foreldra barna sem eru slök í námi til að biðja þá um að halda börnunum heima svo að skólarnir komi ekki verr út úr prófunum. Mat á skólum á ekki að fara þannig fram að nemendur sitji sveittir og skili einkunnum. Það er ekki rétt gagnvart börnunum. Burt með samræmdu prófin,“ segir Marsibil Sigríður Gísladóttir nemi.

# Töfrum líkust tækjaveröld

**Hundrað grunnskólanemar á aldrinum níu til fimmtán ára taka þátt í árlegri vinnustofu Hugmyndasmiðjunnar, sem haldin er í þriðja sinn í sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur.**

Það er næstum eins og að vera kominn í töfraveröld þegar gengið er inn í sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur. Allt úir og grúir af tækjum og tólum sem krakkarnir í Hugmyndasmiðjunni hafa tekið í sundur og raðað aftur saman eftir kúnstarinnar reglum. Þetta er í þriðja sinn sem árleg vinnustofa Hugmyndasmiðjunnar er haldin. Hundrað grunnskólanemar á aldrinum níu til fimmtán ára taka í sundur hversdagslega hluti á borð við ryksugur, leikföng, þvottavélar og hljómflutningstæki og búa til úr þeim nýja hluti. Krökkunum til halds og trausts eru tólf kennarar.

Lani Yamamoto hjá Hugmyndasmiðjunni stýrir vinnustofunni, ásamt þeim Kristen Murray frá Vísindasafni Minnesota og Michael Smith Welch frá Lifelong Kindergarten hjá MIT Media Lab.

„Hugmyndin byggist á rannsóknum sem sýna að fólk lærir meira ef það tekur beinan þátt í sköpunarferlinu,“ segir Lani. „Þannig fá krakkarnir innsýn í það hvernig hlutir eru búnir til, sem ýtir undir skapandi hugsun við lausn vandamála.“

Í vinnustofunni kynnast krakkarnir meðal annars grunnhugmyndum rafmagnsverkfræði, forritunar og eðlisfræði. Ekki varð betur séð en að þau nýttu sér þá þekkingu til hlítar, enda voru uppfinningar þeirra jafn ólíkar og þær voru margar; allt frá ofurhægindastólum til fljúgandi bangsa.

Krakkarnir sögðu flestir að þegar þeir tóku tækin í sundur hafi það komið þeim á óvart hversu einföld tækni lægi að baki þeim, sem hvetti þau til að prófa sig áfram.

Sunnudaginn 6. maí verður haldin sýning í vinnustofunni þar sem almenningi býðst að berja furðuverkin augum en stuttmyndir um tilurð hlutanna verða sýndar á meðan.

Sýningin stendur yfir frá 14 til 17 og er aðgangur ókeypis.

bergsteinn@frettabladid.is



**ANDREA OG NÍNA ÚR HÁTEIGSSKÓLA** Breyttu Tuma tígri í fimleikastúlku og Elmo-dúkku sem g



**BIRKIR, BÖRKUR OG KOLBEINN** Bjuggu til fljúgandi bangsa sem svífur um á snæri knúinn áfram af litlum viftum.



**UNNSTEINN FREYR, JÓN OG ÁGÚST ELÍ** Þessi brúðuhaus fékk nýjan og uggvænlegri svip eftir að félagarnir settu hann á búk af leikfangavélmenni.




## Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið

*Gallup maí 2006



**Í GAMLA HVERFINU** Leigubíll keyrir um gamla hverfi Havana á Kúbu, en ráðstefna gegn fríverslunarsamningum hófst í borginni í gær. MYND/AFP

Græna gönguljósa-konan hennar Bryndísar Ísfoldar komin á bol hjá Framsókn:

# Höfundarréttur gildir ekki í pólitík

„Ég bara spyr er enginn höfundarréttur í pólitík?“ skrifar Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík suður, á bloggsíðu sinni bryndisisfold.blog.is. Tilefnið er að framsóknarmenn hafa tekið upp hugmynd Bryndísar Ísfoldar sem hún varpaði fram í haust og snerist um að ekki yrðu einasta karlar á grænum gönguljósum Reykjavíkurborgar heldur líka konur. Græn gönguljósa-kona er nú komin á barmmerki og boli framsóknarmanna.

Fram kemur í skrifum Bryndísar að Marsibil Sæmundsdóttir framsóknarkona hafi gefið henni bol með grænu gönguljósa-konunni og segir Bryndís það hafa gengið ansi nærri kratahjarta sínu. Marsibil segir engu máli skipta hver eigi hugmyndina, Framsókn hafi teflt fram grænum karli til merkis um árangur áfram og einhverjum hafi fundist sniðugt að nota líka græna konu til að gæta kynjajafnvægis. Græna gönguljósa-konan sem Bryndís Ísfold tefldi fram í prófkjörsbaráttu Samfylkingarinnar í haust er því orðin eitt af táknum Framsóknarflokksins í kosningabaráttunni nú.

Af því má draga þá ályktun að höfundarréttur gildi ekki í pólitík.

- bþs



**GRÆNA GÖNGULJÓSA KONAN** er á bolum Framsóknarflokksins til merkis um árangur áfram.



gefur frá sér skrýtin hljóð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**STJÓRARNIR** Michael Smith Welch, Lani Yamamoto og Kristen Murray stýra vinnustofunni þar sem krakkarnir fá innsýn í hvernig hversdagslegir hlutir eru búnir til.




## Svona erum við

> Vöruskiptajöfnuður 2007 í milljónum króna




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** RÍKISBORGARARÉTTUR

# *Vel kynntur og starfhæfur*

Almennt skilyrði í lögum er að umsækjandi um ríkisborgararétt þurfi að hafa átt lögheimili á Íslandi í sjö ár áður en rétturinn er veittur. Frá þessu eru þó undantekningar.



**Hverjir fá undanþágur?**
Sá eða sú sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara þarf að hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár frá giftingu eða stofnun staðfestrar samvistar. Íslenski makinn þarf að hafa haft íslenskan ríkisborgararétt í minnst fimm ár áður.

Umsækjandi sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og hefur átt hér lögheimili í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar getur einnig fengið undanþágu frá sjö ára reglunni. Íslenski makinn þarf þá að hafa haft íslenskan ríkisborgararétt í fimm ár.

**Njóta einhverjir sérreglna?**
Já, umsækjandi með ríkisborgararétt í einhverju Norðurlandanna getur fengið ríkisborgararétt hafi hann átt lögheimili hér í fjögur ár.

Umsækjandi sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri þarf að hafa átt hér lögheimili í tvö ár hafi íslenska foreldrið haft ríkisborgararétt í fimm ár. Flóttamenn geta fengið ríkisborgararétt eftir að hafa átt hér lögheimili í fimm ár.

Þeir sem áður hafa verið íslenskir ríkisborgarar þurfa að hafa átt hér lögheimili í eitt ár áður en þeir fá réttinn að nýju.

**Þarf meðmæli?**
Já, umsækjandi þarf að framvísa áliti tveggja valinkunnra íslenskra ríkisborgara um að hann sé starfhæfur og vel kynntur. Viðkomandi þarf að geta framfleytt sér og má ekki hafa þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin tvö ár. Umsækjendur mega ekki hafa sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða eiga óloknu máli þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Þegar útlendingi er veittur íslenskur ríkisborgararéttur með lögum frá Alþingi er ekki gerð krafa til þess að hann afsali sér fyrri ríkisborgararétti sínum.

## SPURT & SVARAÐ
NÝJAR ÚTHLUTUNARREGLUR LÍN

### *Stór áfangi*



**GARÐAR STEFÁNSSON**
Fulltrúi Stúdentaráðs HÍ

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, LÍN, samþykkti á dögunum breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins. Garðar Stefánsson er fulltrúi stúdentaráðs Háskóla Íslands í stjórn Lánasjóðsins.

**Hverjar eru helstu breytingarnar?**
Grunnframfærslan hækkar núna um 4,9 prósent og fer upp í 94 þúsund krónur á mánuði og hefur ekki verið hækkuð svona mikið síðan 1992 og því er þetta mikill áfangasigur. Þá verður líka dregið úr tekjutengingu fimmta árið í röð. Helsta nýjungin í þessum breytingum er sú að nú verður í fyrsta sinn lánað fyrir skólagjöldum í grunnnámi erlendis.

**Hefur þetta mikla þýðingu fyrir námsmenn?**
Já, þetta breytir miklu. Kaupmáttur stúdenta eykst. Það að nú sé lánað fyrir skólagjöldum í grunnnámi erlendis veitir íslenskum háskólum aðhald og ég er viss um að fleiri íslenskir nemar fara utan í nám.

**Er hægt að gera betur?**
Lánasjóðurinn er alls ekki fullkominn. Þetta er viss áfangasigur núna en það þarf að gera betur og hækka grunnframfærsluna enn frekar.

# Verðmætasta vörumerki heims

**Netfyrirtækið Google velti Microsoft úr sessi á dögunum sem verðmætasta vörumerki í heimi. Fyrirtækið var stofnað af tveimur háskólanemum fyrir ellefu árum og er nú metið á rúma fjögur þúsund milljarða íslenskra króna.**




**SÍLIKONDALURINN** Höfuðstöðvar Google í Kaliforníu, sem ganga undir nafninu Googleplex, spanna nálægt fimmtíu þúsund fermetrum. Fyrirtækið er einnig með skrifstofur í um tuttugu löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Á hverjum degi nota tugir milljóna netnotenda leitarvél Google og flestir sem lesa þetta hafa „googlað“ á einhverjum tímapunkti. Fyrir tólf árum var hugmyndin aðeins til í heilabúum tveggja háskólanema. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið ævintýralegur á þeim stutta tíma sem það hefur verið til.

### Betri leitarniðurstöður

Google-ævintýrið hófst árið 1996 þegar tveir nemar um tvítugt við Stanford-háskólann í Bandaríkjunum, Larry Page og Sergey Brin, byrjuðu á rannsóknarverkefni sem snerist um að þróa leitarvél á vefnum.

Leitarvélar þess tíma röðuðu niðurstöðum sínum eftir því hversu oft leitarorðin komu fyrir á síðunni, en Page og Brin ákváðu að nota allt aðra aðferð í leitarvél sinni, sem hlaut nafnið Google. Í stað hefðbundnu aðferðarinnar röðuðu þeir niðurstöðum eftir vægi, þar sem mestu máli skiptir hversu margar síður hafa tengla í viðkomandi leitarniðurstöðu og hvaða vægi þær síður hafa.

Aðferðin, sem nefnist PageRank, virkaði afar vel og skilaði mun betri leitarniðurstöðum en aðrar leitarvélar. Árið 1998 var fyrirtækið Google Inc. formlega stofnað og boltinn tók að rúlla.

### Ris risans

Til að byrja með hafði Google höfuðstöðvar sínar í bílskúr vinar Page og Brin. Fljótlega flutti fyrirtækið í mun stærra húsnæði í Silíkondalnum í Kaliforníu þar sem það er enn í dag.

Leitarvélin jók vinsældir sínar og hagnaður fyrirtækisins jókst í takt við það. Google er nú langvinsælasta leitarvélin á vefnum með yfir fimmtíu prósenta markaðshlutdeild. Auk leitarvélarinnar býður Google upp á þjónustu á borð við tölvupóst, ljósmyndaforrit, fréttaþjónustu, spjallforrit og kortaleit.

Árið 2004 fór fram hlutafjárútboð í Google þar sem bréf voru seld fyrir tæpa tvo milljarða dollara. Síðan þá hefur leiðin legið upp á við og verð hlutabréfa nánast fimmfaldast. Hagnaður fyrirtækisins á síðasta ári var þrír milljarðar dollara, eða tvö hundruð milljarðar íslenskra króna.

Samkvæmt listanum yfir verðmætustu vörumerki heims, sem markaðsrannsóknafyrirtækið Millward Brown tók saman, er Google vörumerkið orðið 66 milljarða dollara virði, sem samsvarar rúmum fjögur þúsund milljörðum íslenskra króna.

Larry Page og Sergey Brin, nú 34 ára gamlir, eru meðal þrjátíu ríkustu manna heims. Skólaverkefni tveggja tölvunörda er orðið verðmætara en sem nemur fjórfaldri árlegri landsframleiðslu Íslands.

### Hvernig græða þeir pening?

Þar sem ókeypis er að nota leitarvél Google, sem og flesta aðra þjónustu sem fyrirtækið býður upp á, spyrja margir sig að því hvernig í ósköpunum fyrirtækið fer að því að græða pening. Svarið felst í að sá sem notar leitarvél Google er ekki viðskiptavinurinn heldur varan.

Þegar þú leitar með Google birtast litlar auglýsingar til hliðar við niðurstöðurnar, sem tengjast oftast því sem leitað var að. Vegna þess hve margir nota leitarvélina reglulega er afar eftirsóknarvert fyrir fyrirtæki að auglýsa vörur sínar í gegnum Google. Fyrirtækin sem auglýsa eru því viðskiptavinirnir, og notendurnir varan.

Þessi auglýsingaleið er aðaltekjulind Google og ein helsta ástæðan fyrir því að fyrirtækið varð ekki gjaldþrota ásamt öðrum netfyrirtækjum þegar netbólan sprakk í kringum aldamótin.

### Upplýsingasöfnun gagnrýnd

Eins og flest fyrirtæki sem gnæfa yfir önnur á sínum markaði hefur Google hlotið sinn skammt af gagnrýni. Kvartanir vegna upplýsingasöfnunar um leitarhegðun notenda ber þar hæst. Margir hafa lýst áhyggjum af því að fyrirtækið selji upplýsingarnar til annarra fyrirtækja eða neyðist til að láta þær af hendi sýnist stjórnvöldum í því landi þar sem fyrirtækið starfar svo.

Auglýsingakerfið í tölvupóstþjónustunni Gmail hefur einnig sætt töluverðri gagnrýni, en texti allra bréfa er skannaður og auglýsingar birtar eftir því hvaða orð koma oftast fyrir.

Talsmenn Google hafa þó ítrekað haldið fram að upplýsingarnar séu aðeins notaðar til þess að sníða auglýsingar sem best að hverjum notanda og að þær séu hvorki seldar né afhentar einum né neinum.

### Fyndni í fyrirrúmi

Húmor hefur einkennt Google allt frá stofnun. Í umsókn um hlutafjárútboð sagði að ætlunin væri að safna allt að 2.718.281.828 dollurum í hlutafjárútboðinu, sem er vísun í stærðfræðifastann e. Í útboðinu sjálfu keypti Google 14.142.135 bréf, sem er vísun í rótina af tveimur.

Brandararnir eru þó ekki allir misfyndnar stærðfræðilegar tilvísanir því Google er einnig þekkt fyrir mátulega kjánaleg aprílgöbb. Árið 2002 var sagt frá því að bréfdúfur væru leyndardómurinn á bak við leitaraðferðina PageRank, og fyrsta apríl 2004 var auglýst eftir fólki til starfa í nýrri rannsóknarstöð á tunglinu. Í ár snerist aðalgabbið um nýja netþjónustu fyrirtækisins sem notar klósettlagnir til að flytja gögn.

## FUNDAÐ Í STUTTBUXUM OG BOL

Ein af ástæðunum fyrir mikilli velgengni Google er án efa vinnuandinn í fyrirtækinu, en það hefur ár eftir ár verið valið meðal bestu fyrirtækja í Bandaríkjunum til að vinna hjá. Í höfuðstöðvunum í Silíkondalnum er aragrúi af mötuneytum, tölvuleikjaherbergi, líkamsræktarstöðvar og almenn afslöppunarherbergi, allt saman ókeypis fyrir starfsmenn.



**BÍLSKÚR** Hér var Google til húsa árið 1998, í bílskúr vinar stofnendanna Larry Page og Sergey Brin. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þess er ekki krafist að starfsmenn séu með skyrtu og bindi í vinnunni heldur eru þeir hvattir til að klæðast þægilegum fötum, hvort sem það eru stuttbuxur og bolur eða jakkaföt. Vinnutími er frjáls og frekar horft til vinnunnar sem viðkomandi skilar.

Auk þess er ákveðin „tuttugu prósenta“ regla í gildi innan Google, en þá eru starfsmenn hvattir til að eyða tuttugu prósentum af vinnutímanum, eða sem jafngildir einum degi í viku, í verkefni sem þeir hafa persónulegan áhuga á.



FRÉTTASKÝRING
**SALVAR ÞÓR SIGURÐSSON**
salvar@frettabladid.is


## Nýjung í ræstingum
– þú nærð hærra með UniFlex afþurrkunarsetti




UniFlex afþurrkunarsett og tvær aukamoppur.

Henrietta Holz Jensen
sölumaður í útibúi RV í Danmörku

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6233




# Garða-ráðgjöf

**Landslagsarkitekt veitir nú ráðgjöf í verslunum Húsasmiðjunnar.**

Hringdu í síma 525 3000 og bókaðu tíma sem hentar þér. Viðskiptavinir Húsasmiðjunnar greiða kr. 4.000 að 20 mínútna ráðgjöf lokinni en sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni.

Gott er að hafa meðferðis allar helstu upplýsingar um lóðina, afstöðumynd sem sýnir stöðu hússins á lóðinni og ljósmyndir, ásamt teikningum í hlutföllunum 1:100.

**Maí:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau | 5. | Súðarvogur | 10:00 - 15:00 |
| Lau | 12. | Súðarvogur | 10:00 - 15:00 |
| Fös | 18. | Dalvík | 10:00 - 13:00 |
| Fös | 18. | Húsavík | 15:00 - 18:00 |
| Lau | 19. | Akureyri | 10:00 - 15:00 |
| Lau | 26. | Selfoss | 10:00 - 15:00 |

**Júní:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau | 2. | Borgarnes | 10:00 - 15:00 |
| Lau | 9. | Súðarvogur | 10:00 - 15:00 |
| Lau | 16. | Súðarvogur | 10:00 - 15:00 |









HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál




**699** kr/kg. áður 1.021 kr/kg.
Goða blandað hakk - Prepack




**424** kr/kg. áður 605 kr/kg.
Holta kjúklingalæri með legg




**979** kr/kg. áður 1.399 kr/kg.
Holta blandaður grillbakki




**399** kr/kg. áður 499 kr/kg.
Goða súpukjöt blandað




**454** kr/kg. áður 699 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingur




**799** kr/kg. áður 1.238 kr/kg.
Borgarnes hangiframpartur - sagaður




**70** kr/stk. áður 140 kr/stk.
Náttúra jurtarjómi




O&S Gouda 17%

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 4. maí til 6. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

## 3 hjóla golfkerrur



Bag Boy

**9.990** kr/stk.
Golfkerrur



## Draumur allra stráka

**9.990** kr/stk.
BMX hjól

## Seldust upp í fyrra!



**19.990** kr/stk.
Freestyle hjól Mongoose



Verð frá **6.990** kr/stk.
Barnahjól 2-5 ára 12" stelpu og stráka



**9.990** kr/stk.
Barnahjól 4-8 ára 16" stelpu og stráka



**29.990** kr/stk.
Grill 3 brennara - ósamansett



**16.990** kr/stk.
Grill með gaskút - ósamansett



**4.990** kr/stk.
Körfuboltastandur fyrir börn

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

# SUÐVESTURKJÖRDÆMI

**FJÖLDI Á KJÖRSKRÁ:**
**Árið 2007** 54.584
**Árið 2003** 48.857

**FJÖLDI KJÓSENDA AÐ BAKI HVERJU ÞINGSÆTI**
**Árið 2007** 4.549
**Árið 2003** 4.442

**HLUTFALLSLEG FJÖLGUN ÍBÚA SÍÐASTLIÐIN ÁTTA ÁR**
**Í kjördæminu** 26,3%
**Á landsvísu** 9,9%

**KOSNINGAÞÁTTTAKA Í KJÖRDÆMINU ÁRIÐ 2003**
**Kosningaþátttaka karla** 87,8%
**Kosningaþátttaka kvenna** 89,2%



## SVEITARFÉLÖG

Kjördæmið nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Kópavogsbæ, Bessastaðahrepp, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

## BREYTINGAR FRÁ SÍÐUSTU KOSNINGUM

Frá kosningum 2003 hefur eitt kjördæmissæti flust frá Norðvesturkjördæmi.
Í kosningunum nú hefur Suðvesturkjördæmi því 12 þingsæti: 10 kjördæmasæti og 2 jöfnunarsæti.

## ÚRSLIT KOSNINGA 2003

11 þingsæti;
9 kjördæmissæti,
2 jöfnunarsæti




## KJÖRNIR ÞINGMENN 2003

Árni M. Mathiesen (D)
Guðmundur Árni Stefánsson (S) Hætti
Ásgeir Friðgeirsson (S) tók ekki sæti
Valdimar L. Friðriksson (S) (F)
Gunnar I. Birgisson (D) Hætti
Sigurrós Þorgrímsdóttir (D)
Rannveig Guðmundsdóttir (S)
Siv Friðleifsdóttir (B)
Sigríður A. Þórðardóttir (D)
Þórunn Sveinbjarnardóttir (S)
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (D)
Katrín Júlíusdóttir (S)
Gunnar Örn Örlygsson (F) (D)
Bjarni Benediktsson (D)

# Velferðarmál ofarlega á baugi

Frambjóðendur allra flokka í Suðvesturkjördæmi leggja mikla áherslu á velferðarmál. Efnahags- og atvinnumál eru þar nátengd. Áherslur draga dám af þörfum höfuðborgarsvæðisins í heild en síður eru nefnd sértæk verkefni eins og hjá frambjóðendum landsbyggðarkjördæma. *Svavar Hávarðsson* innti efstu menn flokkanna eftir áherslum þeirra fyrir alþingiskosningarnar 12. maí.

**KOSNINGAR 2007**

Suðvesturkjördæmi samanstendur af sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins utan Reykjavíkur sem áður voru hluti af Reykjaneskjördæmi. Kjördæmið er stundum kallað Kraginn vegna þess hvernig það umlykur Reykjavík.

Áherslur efstu manna á öllum listum sem bjóða fram í kjördæminu draga nokkurn dám af þeim áherslum sem eiga við á höfuðborgarsvæðinu í heild. Atvinnu-, samgöngu- og velferðarmál tengjast þannig náið aðstæðum í höfuðborginni. Margir sækja atvinnu sína á milli einstakra sveitarfélaga og samgöngubætur innan Reykjavíkur koma nágrannabyggðum vel. Stjórnmálaumræðan í Suðvesturkjördæmi litast því frekar af málefnaáherslum flokkanna á landsvísu, en í landsbyggðarkjördæmum eru einstakar framkvæmdir frekar settar á oddinn.

### Velferð ofarlega á baugi

Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, segist leggja jafna áherslu á nokkur mál. Hún vill tryggja stöðugleika og góða afkomu fólksins í landinu með því að halda sköttum lágum og segir öflugt atvinnulíf forsendu þess að unnt sé að halda áfram uppbyggingu í félags- og heilbrigðiskerfi og til að efla menntakerfið. „Við leggjum sérstaka áherslu á að standa við bakið á barnafjölskyldum og eldri borgurum. Ég minni á að við erum að fara að byggja fjölda hjúkrunarrýma í öllum sveitarfélögum kjördæmisins. Þetta er mikið hagsmunamál aldraðra og skiptir mig miklu máli að hlúa að öldruðum íbúum sem þurfa á slíku rými að halda, en ég legg jafnframt mikla áherslu á að auka heimaþjónustu,“ segir Siv.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, vill tryggja að uppbygging haldi áfram í efnahags- og atvinnulífi. Hún segir fjölbreytni í atvinnulífinu hafa aukist og grunnstoðirnar séu fleiri en áður var, til dæmis fjármálastarfsemi og þekkingariðnaður. „Það er ekki hægt að tala um velferð nema að verðmætasköpun sé samhliða,“ segir Þorgerður. „Innan kjördæmisins leggjum við sérstaka áherslu á málefni eldri borgara. Við þurfum að bjóða fjölbreytta þjónustu og hafa hana mun einstaklingsmiðaðri en verið hefur. Við verðum að hafa hugfast að þetta er ekki einsleitur hópur heldur einstaklingar með mjög mismunandi þarfir.“

Kolbrún Stefánsdóttir, Frjálslynda flokknum, segir aðal baráttumál sitt vera velferðarmálin. „Þó að úrlausnarefni þessa málaflokks séu á landsvísu þá er þetta brýnasta verkefnið á höfuðborgarsvæðinu því hér er flest fólkið. Það á ekki síst við um hjúkrunarrými. Við verðum að koma málum þannig fyrir að fólk geti verið nær sínum ástvinum.“

Jakob Frímann Magnússon, Íslandshreyfingunni, vill veita auknu fé til velferðarmála með hækkun skattleysismarka. „Það er samfélagi okkar til skammar að sú kynslóð er skóp forsendur þess samfélags sem við njótum í dag skuli vera afgangsstærð og ekki fá að njóta sem skyldi þeirrar gildu innistæðu sem hún hefur sannanlega aflað sér. Sama gildir um þá sem búa við skerta heilsu eða örorku og þurft hafa að sækja rétt sinn ítrekað til Hæstaréttar. Uppeldis- og umönnunarstéttirnar í landinu eru að okkar mati stórlega vanmetnar. Hér þarf gerbreytta forgangsröðun.“

Gunnar Svavarsson, Samfylkingu, segir nauðsynlegt að endurreisa velferðarkerfið; margt hafi orðið útundan og ójöfnuður aukist jafnt og þétt. „Við höfum líka verið að benda á biðlistana, það á jafnt við um sjúka, aldraða og börn. Til þessa verkefnis eru til nægir fjármunir. Við leggjum áherslu á fjölbreyttara atvinnulíf og áframhaldandi hagvöxt, sem mun skila okkur tekjum til að byggja upp sanngjarnara velferðarkerfi en við búum við í dag.“ Gunnar segir að tryggja þurfi stöðugleika og ná niður þenslunni. „Við verðum að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf til að auka velferð allra í samfélaginu.“

Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, leggur höfuðáherslu á jöfnuð og jafnvægi sem séu lykilatriði í pólitískum áherslum VG. Hann segir það endurspeglast í stefnu flokksins í atvinnumálum, umhverfismálum og velferðarmálum. „Í velferðarmálum höfum við sett fram markvissa áætlun um að bæta stöðu velferðarþjónustunnar með tilliti til þeirra sem njóta hennar, sem greiða fyrir hana og starfa við hana. Þannig verður að hugsa allar aðgerðir á sviði velferðarmála með það meginmarkmið í huga að bæta þjónustuna á hagkvæman hátt. Þá er einnig lykilatriði að huga að starfsfólkinu,“ segir Ögmundur sem leggur þunga áherslu á að staða öryrkja og tekjulítilla aldraðra verði bætt. „Nátengt velferðarmálunum eru jafnréttismál en deginum ljósara er að velferðarþjónustan er borin uppi af fjölmennum kvennastéttum á allt of lágum launum. Við leggjum einnig áherslu á kvenfrelsismál í víðasta skilningi. Mál númer eitt í kjördæminu er stórefling velferðarþjónustunnar og samgöngumál.“

### Fleiri verkefni

Þegar áherslur einstakra frambjóðenda eru skoðaðar ber margt á góma. Siv vill lengja fæðingarorlofið í tólf mánuði, afnema stimpilgjöld og hækka skattleysismörk. Þorgerður Katrín segir sjálfstæðismenn óhrædda við að leggja áherslu á efnahags- og atvinnumál en umhverfismál séu flokknum vissulega hugleikin. Menntamál skipti þó meginmáli þegar hlutirnir eru metnir heildstætt. Jakob Frímann Magnússon segir ljóst að „erlendir forsvarsmenn álrisans í Hafnarfirði munu einskis svífast þrátt fyrir niðurstöðu íbúakosningarinnar“ og að Íslandshreyfingin muni berjast af alefli gegn stóriðjufyrirætlunum á næsta kjörtímabili. Verkalýðsmál eru Kolbrúnu hugleikin. Hún segist hafa mikla samkennd með verkafólki í samkeppni við erlent verkafólk. Gunnar Svavarsson, Samfylkingu, nefnir að efla þurfi almenningssamgöngur ekki síður en endurskipulagningu á umferðarmannvirkjum. Það sé ekki síst mikilvægt til að tryggja umferðaröryggi. Ögmundur Jónasson segir umhverfismál forgangsmál í sínum huga. Þar sé horft til stórvirkjana og náttúruverndar í nærumhverfinu.

### Sértæk mál kjördæmisins

Þegar spurt er um einstakar framkvæmdir innan kjördæmisins eru allir frambjóðendur sammála um að átak þurfi til að bæta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Þar er Hafnarfjarðarvegurinn mönnum efst í huga og sú staðreynd að illa gengur að komast til og frá byggðakjörnum á álagstímum. Suðvesturkjördæmi er fjölmennast af kjördæmunum sex og fólksfjölgun stöðug. Því leggja frambjóðendurnir allir mikla áherslu á framtíðarlausnir í samgöngumálum.

Menntamál brenna einnig á öllum frambjóðendunum og vilja þeir uppbyggingu menntakerfisins; ekki síst með fjölgun framhaldsskólanna.

## HVERSU MIKILVÆGIR TELUR ÞÚ AÐ EFTIRFARANDI MÁLAFLOKKAR SÉU ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ HVERNIG ÞÚ MUNT GREIÐA ATKVÆÐI Í ÞINGKOSNINGUNUM Í MAÍ? 

**Á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.**




*Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 26. apríl 2007. Hringt var í 600 kjósendur kjördæmisins sem skiptust jafnt eftir kyni. 95,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.*

## HVER ERU HELSTU KOSNINGAMÁL SUÐVESTURKJÖRDÆMIS?



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR (B)**
Efnahags-, atvinnu-, fjölskyldu- og velferðarmál.



**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR (D)** Efnahagsmál, eldri borgarar, samgöngu- og menntamál.



**KOLBRÚN STEFÁNSDÓTTIR (F)**
Velferðar-, samgöngu-, mennta- og verkalýðsmál.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON (I)** Umhverfismál, velferðar-, samgöngu- og atvinnumál.



**GUNNAR SVAVARSSON (S)**
Velferðarmál, samgöngu-, efnahags- og menntamál.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON (V)**
Velferðar- og jafnréttismál, umhverfis- og samgöngumál.

# Parket og flísar á **enn betra** verði í Múrbúðinni

**NÝ SENDING**
**NÝJAR TEGUNDIR**
**MIKIÐ ÚRVAL**



*Corten Metal gólf- og veggflísar 30x60 cm*

Kr. **3.590,-** pr.m²



*TAU Valois gólfflísar 33 x 60 cm*

Kr. **3.590,-** pr.m²



*Steinskífa, náttúrusteinn 30x60*

Kr. **1.990,-** pr.m²

**Eik★★★★★** GÆÐAPARKET
2200x182x14mm 4mm



Kr. **2.230,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm



Kr. **795,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 20x25 cm



Kr. **995,-** pr.m²

Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm



Kr. **995,-** pr.m²




Kr. **2.190,-** pr.m²

Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm



Kr. **1.250,-** pr.m²

Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm



Kr. **1.195,-** pr.m²

Porcelain gólfflísar 33,3x33,3 cm



Kr. **1.250,-** pr.m²

***ALLT Á EINUM STAÐ***
- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

*Austurrískt gæðaparket*

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-17**

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.817 **+0,41%** **Fjöldi viðskipta:** 525 **Velta:** 8.380 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petrole.** | 4,03% | **Össur** | 2,11% |
| **Teymi** | 2,19% | **Mosaic** | 1,21% |
| **Landsbankinn** | 1,58% | **Flaga** | 0,44% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,45 +0,00% ... Actavis 79,30 +0,76% ... Alfesca 4,80 +0,00% ... Atlantic Petroleum 775,00 +4,03% ... Atorka 7,08 +1,14% ... Bakkavör 67,30 +0,00% ... Eimskipafélagið 34,30 +0,88% ... FL Group 29,20 +0,00% ... Glitnir 27,05 +0,19% ... Kaupþing 1.080 +0,00% ... Landsbankinn 35,30 +1,58% ... Marel 74,90 -0,27% ... Mosaic Fashions 16,30 -1,21% ... Straumur-Burðarás 20,50 +1,24% ... Össur 116,00 -2,11%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Raunveruleg stórðiðja

Fjárfestar tóku afkomutölum frá Landsbankanum fagnandi í gær og hækkuðu bréfin um 1,58 prósent. Hagnaður bankans fyrir skatta var um 15,5 milljarðar króna fyrir fyrsta ársfjórðung. Þegar þetta er sett í samhengi við aðrar stærðir má taka eftirfarandi dæmi: Hagnaður á þremur mánuðum var sambærilegur og heildarvelta Norðuráls og Ölgerðar Egils Skallagrímssonar allt árið 2006. Samkvæmt Frjálsri verslun velti Norðurál 8,7 milljörðum króna allt síðasta ár og Ölgerðin 6,6 milljörðum. Heildartekjur LÍ voru um 60 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi eða tæp fjórföld velta þessara stóru og þekktu fyrirtækja.



### Verðlaunasjóður Guðfinnu

Það er ekki á hverjum degi sem stofnaðir eru sjóðir í nafni fólks sem enn á heilmikið inni til að bæta við metorðasafn sitt. Einn slíkur var þó settur á stofn í gær. Er hann kenndur við Guðfinnu Bjarnadóttur, fyrrum rektor Háskólans í Reykjavík og mögulegs framtíðarráðherra, haldi Sjálfstæðisflokkurinn velli eftir komandi kosningar. Guðfinnu hlotnast þessi mikli heiður fyrir framlag sitt til frumkvöðlamenntunar innan HR. Að sjóðnum standa Bakkavör, Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaráð Íslands. Sjóðurinn verður notaður til að verðlauna nemendur sem leggja fram bestu viðskiptaáætlunina í verkefnum innan skólans.

## MARKAÐSPUNKTAR

Á fyrsta ársfjórðungi var halli á viðskiptum með vörur samtals um 9 milljarðar króna en var yfir 32 milljörðum á sama tíma í fyrra. Landsbankinn bendir á að með bráðabrigðatölum fyrir apríl sé halli fyrstu fjögurra mánaða í ár 20 milljarðar miðað við 43 milljarða í fyrra.

Nýskráningar bifreiða á fyrstu fjórum mánuðum ársins drógust saman um 35 prósent milli ára, voru 5.787, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Greiningardeild Kaupþings rekur samdráttinn til mettunaráhrifa.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrsta fjórðungi ársins námu 119 milljörðum króna, 20 prósentum meira en í fyrra. Þar af námu skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila rúmum 49 milljörðum króna, jukust um 22,3 prósent.



**LYKILSTJÓRNENDUR** Ómar Sigtryggsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, Geir Gíslason, framkvæmdastjóri útlánasviðs, Hersir Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri áhættustýringar, Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson forstjóri, Rúnar Friðriksson, framkvæmdastjóri eigin viðskipta, og Helga Hlín Hákonardóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Nýr banki hefur störf

Saga Capital Fjárfestingarbanki hefur í dag störf í kjölfar þess að bankinn fékk í liðinni viku fullt fjárfestingarbankaleyfi Fjármálaeftirlitsins.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, lofar gott samstarf við Fjármálaeftirlitið og segir kraftaverki líkast hversu hratt hafi gengið að ganga frá leyfinu. Í dag eru sléttir sjö mánuðir frá tilkynningu um stofnun bankans og um fimm mánuðir frá því lögð var inn umsókn um fjárfestingarbankaleyfi.

Bankinn kynnti starfsemi sína í höfuðstöðvum sínum á Akureyri í gær, en hann sérhæfir sig í fyrirtækjaráðgjöf, útlánum og verðbréfamiðlun. Þá segir Þorvaldur bankanum verða beitt í fjárfestingum með viðskiptavinum hans.

Auk höfuðstöðvanna er Saga Capital með skrifstofu í Reykjavík og hyggur á stofnun skrifstofu í Eystrasaltslöndunum í náinni framtíð. „Eystrasaltið er að mörgu leyti á sama stað og Ísland fyrir svona átta árum,“ segir Þorvaldur og telur að með réttum samstarfsaðila geti bankinn náð þar góðu forskoti. Þá óttast hann ekki samkeppni frá öðrum bönkum með tengsl við Ísland, líkt og Norvik Banka eða MP, sem þegar hafa haslað sér þar völl. „Þetta er eins og að moka skurð. Þeim mun fleiri hendur þeim mun betur gengur.“

Eigið fé Saga Capital er nú 10 milljarðar króna að loknu lokuðu hlutafjárútboði sem efnt var til í byrjun árs. Þorvaldur segir áhersluna á breiðan eigendahóp þar sem jafnræði ríkir. - óká

xelenta

Gjafavörur
Steinljós
Kristalljós
Marmarastyttur
Bronsstyttur
Tréstyttur

Skeifan 7 - Reykjavík
Sími: 553 2882

## Tap á rekstri Össurar

Össur skilaði 2,7 milljóna Bandaríkjadala tapi á fyrsta fjórðungi þessa árs. Það jafngildir um 184 milljónum króna. Afkoman var töluvert undir spám greiningardeilda bankanna sem gert höfðu ráð fyrir um 300 þúsund dala hagnaði. Á sama tímabili í fyrra nam hagnaðurinn 571 þúsund dala.

Sala fjórðungsins nam 80,4 milljónum dala, um 5,5 milljörðum íslenskra króna, og jókst um 34 prósent frá fyrsta fjórðungi ársins 2006. Tímabilið litast af mikilli endurskipulagningu á sölu- og dreifingarkerfi Össurar í Bandaríkjunum. Það, auk slakari sölu en búist var við, skýrir tapið að mestu.

Í kjölfarið á birtingu uppgjörsins tilkynnti Össur um breyttar spár fyrir árið í heild. Eftir sem áður er gert ráð fyrir 330 milljóna dala sölu. Hins vegar hefur spá um rekstrarhagnað félagsins fyrir afskriftir (EBITDA) verið lækkuð úr 63 milljónum dala í 53 til 56 milljónir dollara. - hhs

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



STILLUM HITANN HÓFLEGA

Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is

# Actavis kaupir ekki Merck

**Actavis hefur dregið sig út úr slagnum um samheitalyfjahluta lyfjafyrirtækisins Merck og verður því ekki í bráð þriðja stærsta fyrirtæki heims á sviði samheitalyfja. „Það var ekkert virði í þessu fyrir okkur lengur,“ segir forstjóri Actavis.**



**FORSTJÓRAR ACTAVIS** Róbert Wessman forstjóri og Sigurður Óli Ólason, aðstoðarforstjóri Actavis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Actavis kaupir ekki samheitalyfjahluta þýska lyfjafyrirtækisins Merck. Félagið sendi frá sér tilkynningu um að það hefði lokið viðræðum um hugsanleg kaup á félaginu. Róbert Wessman, forstjóri Actavis, segir þrátt fyrir það enga eftirsjá ríkja innan veggja Actavis. „Okkur þótti félagið orðið of dýrt og kusum að draga okkur út. Það var ekkert virði í þessu fyrir okkur lengur.“

Actavis var meðal fjögurra félaga sem lögðu inn bindandi tilboð í Merck síðastliðinn mánudag. Eftir að hafa tekið afstöðu til tilboðanna kannaði stjórn Merck hug félaganna að hækka tilboð sitt. Stjórnendur Actavis voru ekki tilbúnir til þess.

Róbert segir líklegt að tilboðið sem tekið verði hljóði upp á í kringum 4,6 milljarða evra. Það nemur um 400 milljörðum króna. Actavis hefði hins vegar ekki farið mikið hærra en 4,3 milljarða evra. Actavis hafði samt sem áður trygga fjármögnun til að hækka tilboðið. „Miðað við afkomu félagsins og það sem við töldum okkur geta náð út úr því að sameina félagið hefði ekki verið skynsamlegt að halda áfram. Við mátum fyrirfram hversu hátt við myndum fara og héldum okkur við það.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Actavis gengur burtu frá stórri yfirtöku. Í fyrra hætti félagið viðræðum við króatíska lyfjafyrirtækið Pliva, af sömu ástæðum. Róbert segir það ekki hafa verið mistök að taka þátt í slagnum um Merck. „Við höfum farið í áreiðanleikakannanir á um hundrað fyrirtækjum. Við skoðum flest félög sem eru í sölu. Við hefðum ekki viljað sleppa því að fara í gegnum þetta ferli. Ef félagið hefði farið á því verði sem við vildum sjá það hefði það verið mikill missir fyrir okkur.“

Að missa af Merck hægir á þeim framtíðaráætlunum Actavis að verða á meðal þriggja stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims. Það hefði náðst á einu bretti með yfirtökunni. Þá hefði yfirtakan styrkt Actavis á ýmsum af núverandi mörkuðum félagsins og mörgum nýjum. Áætluð velta sameinaðs félags hefði verið um 3,2 milljarðar evra og starfsmenn um sextán þúsund. „Nú þegar Merck er úti einbeitum við okkur að öðrum tækifærum. Við munum gera eins og við höfum gert síðustu árin að taka yfir smærri félög.“

Í kringum yfirtökuferlið á Merck hefur borist í tal að Actavis verði sjálft yfirtökuskotmark. Róbert segir Actavis passa ágætlega við mörg félög. Hins vegar sé engin yfirtaka í pípunum. „Það hefur enginn óskað eftir að kaupa meirihlutann í félaginu. En margir erlendir fagfjárfestar hafa verið að koma inn í félagið og sýna því áhuga. Ég á von á að það muni aukast.“

holmfridur@markadurinn.is

# Innlánsvöxtur gjörbyltir fjármögnun Landsbankans

**LÍ skilaði góðu uppgjöri í gær upp á 13,8 milljarða króna og nam arðsemi eigin fjár 45 prósentum. Grunntekjur vaxa hratt á milli ára en bankastjórinn bendir á að bankinn hafi tapað tveimur milljörðum á verðtryggingarjöfnuði sínum.**

Landsbankinn hagnaðist um 13.760 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi og dróst hagnaður bankans saman um fjögur prósent á milli ára. Samdráttur hagnaðar skýrist af lægri gengishagnaði. Arðsemi eigin fjár var 45,2 prósent á ársgrundvelli.

Uppgjörið var vel yfir meðaltalsspá bankanna sem hljóðaði upp á 11.215 milljónir króna. Landsbankinn hækkaði um 1,58 prósent í gær og stóð gengið í 35,3 krónum á hlut.

Bankastjórinn Sigurjón Þ. Árnason er ánægður með afkomuna og segir að vel gangi jafnt innan- sem utanlands. „En stærsta fréttin, fyrir utan hvað er góður hagnaður af rekstri bankans, er sú gjörbylting sem er búin að eiga sér stað á fjármögnun efnahagsreikningsins. Sjáðu að innlánin eru orðin meiri heldur en lántakan,“ bendir hann á. Innlán frá viðskiptavinum, sem koma að mestu leyti frá almenningi í Bretlandi, voru komin í 913 milljarða í lok mars á móti 904 milljörðum í lántöku. Nú eru innlán um 62 prósent af öllum útlánum og hafa vaxið um 230 milljarða á einu ári. Landsbankinn hefur ekki farið í eina einustu skuldabréfaútgáfu erlendis á árinu, enda ekki þurft þess að sögn Sigurjóns.

Hreinar rekstrartekjur bankans hækkuðu um níu prósent á milli ára, úr 26,9 milljörðum í 29,4 milljarða, og voru tekjur af erlendri starfsemi 42 prósent heildartekna. Töluverður vöxtur varð á grunntekjum bankans, vaxta- og þóknunartekjum, um 31 prósent á milli ára og um sautján prósent frá fjórða ársfjórðungi 2006. Hreinar vaxtatekjur voru um 10,9 milljarðar, en hreinar þóknunartekjur voru um 9,8 milljarðar og hækkuðu um 42 prósent.

Sigurjón bendir á að lág verðbólga hafi bitnað á grunnafkomunni þar sem bankinn eigi meiri verðtryggðar eignir en skuldir. Færir hann rök fyrir því að bankinn hafi tapað tveimur milljörðum króna á því að fjármagna mismuninn með óverðtryggðum vöxtum við núverandi vaxtastig.

**HAGNAÐUR LANDSBANKANS OG SPÁR Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI**

| | Upphæð í milljónum |
|---|---|
| **Hagnaður** | **13.760** |
| Spá Glitnis | 10.700 |
| Spá Kaupþings | 11.729 |
| Meðaltalsspá | 11.215 |

Gengishagnaður var 8,8 milljarðar og dróst saman um fimmtung á milli ára. Rekstrarkostnaður óx hratt hjá Landsbankanum, eins og hjá hinum viðskiptabönkunum. Hann var 12,4 milljarðar og jókst um 54 prósent á milli ára. Sigurjón segir að bankinn sé að vaxa og fjárfesta í nýju fólki sem auki hagnað til framtíðar. Þá aukist launagreiðslur með góðum árangri. Í lok mars voru heildareignir bankans komnar í 2.317 milljarða króna og höfðu vaxið um sjö prósent frá ársbyrjun. Eigið fé bankans var 150 milljarðar. Eiginfjárhlutfall (CAD) samstæðunnar var 13,4 prósent í lok mars.

eggert@frettabladid.is

KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR
MARGAR STÆRÐIR

# *Handklæða-ofnar*

*sumar* TILBOÐ!





| *Gerð* | *Stærð* | *Verð* |
|---|---|---|
| Króm boginn | 700x500x25 mm | **16,900** kr. stgr. |
| Hvítur boginn | 700x500x25 mm | **8,010** kr. stgr. |
| Króm boginn | 760x500x25 mm | **19,900** kr. stgr. |
| Hvítur boginn | 760x550x25 mm | **9,810** kr. stgr. |
| Króm boginn | 1120x550x25 mm | **26,901** kr. stgr. |
| Hvítur boginn | 1120x550x25 mm | **13,410** kr. stgr. |
| Króm boginn | 700x450x22 mm | **15,900** kr. stgr. |
| Hvítur boginn | 700x450x22 mm | **7,739** kr. stgr. |
| Króm boginn | 1200x550x22 mm | **28,900** kr. stgr. |
| Króm boginn | 1320x550x22 mm | **29,990** kr. stgr. |









INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - *fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Fást við mestu verðbólgu heims

Vísitala neysluverðs jókst um 500 prósent á milli mánaða í Afríkuríkinu Simbabve í mars og jafngildir það að verðbólga mælist 2.200 prósent. Þetta er sögulegt heimsmet enda hafa hvergi í veröldinni sést jafn háar verðbólgutölur.

Þetta er langtum meiri verðbólga en búist var við enda hafði verið gert ráð fyrir að hún myndi liggja nær 2.000 prósentunum. Þótti mönnum þó nóg um.

Sérfræðingar í efnahagsmálum segja að ástandið eigi eftir að hríðversna og geti menn átt von á að sjá allt að 5.000 prósenta verðbólgu fyrir árslok grípi stjórnvöld ekki í taumana.

Niðurstaðan þykir mikill skellur fyrir stjórnvöld í Simbabve, sem reyndu í lengstu lög að fresta birtingu þeirra á meðan haldið var upp á að 27 ár eru liðin síðan landið fékk sjálfstæði frá Bretum.

Efnahagur Afríkuríkisins hefur hríðversnað ár frá ári og þykir í molum. Mikill meirihluti landsmanna, sem eru 13 milljónir talsins, eða 80 prósent, er undir fátæktarmörkum og reyna þeir sem fá pening í hendur að eyða þeim eins fljótt og auðið er til að koma í veg fyrir að þeir brenni upp í verðbólgubáli. - jab



**ROBERT MUGABE** Forseti landsins fagnar 83 ára afmæli sínu og 27 ára sjálfstæði landsins fyrr á árinu. Mugabe er gagnrýndur fyrir arfaslaka efnahagsstjórn sem hafi skilað sér í heimsins mestu verðbólgu í Simbabve. Nordicphotos/AFP

# Bakkavör kaupir franskan salatframleiðanda

Bakkavör Group hefur keypt franska salatframleiðandann 4G sem sérhæfir sig í framleiðslu á ferskum, tilbúnum salötum fyrir franskan markað. Í fréttatilkynningu frá Bakkavör er haft eftir forstjóra félagsins, Ágústi Guðmundssyni, að félagið falli vel að fyrirtækjum sem fyrir eru í eigu samstæðunnar.



**SALAT** Bakkavör hefur keypt franska salatframleiðandann 4G.

Stefnt er að því að samþætta rekstur 4G rekstri salatframleiðandans Cinguieme Saison sem fyrir er í eigu Bakkavarar. 4G framleiðir að mestu undir vörumerkjum viðskiptavina sinna en hefur jafnframt náð góðum árangri í sölu á vörum undir eigin vörumerki, „Vert Desire“. Fyrirtækið skiptir við alla helstu stórmarkaði Frakklands. Velta þess er 2,3 milljarðar króna. Kaupin eru fjármögnuð úr sjóðum Bakkavarar Group og er kaupverð ekki gefið upp.

Fyrirtækið, sem var stofnað árið 2002, rekur eina verksmiðju í Macon í Frakklandi og hjá því starfa 165 starfsmenn. - hhs






**OMX Í KAUPMANNAHÖFN** 26. apríl var veltumesti dagurinn í sögu kauphalla OMX.

# Veltumet slegin hjá OMX

Nokkur veltumet voru slegin í OMX-kauphöllunum á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum í síðasta mánuði.

Veltumesti dagurinn í sögu kauphallanna var 26. apríl. Hlutabréfavelta þess dags nam 795,5 milljörðum íslenskra króna. Fyrra met var slegið 28. febrúar síðastliðinn og nam 758,6 milljörðum króna.

Mánuðurinn í heild sló líka met. Á degi hverjum nam veltan að meðaltali 507,1 milljarði króna. Fyrra met var frá febrúar 2006 þegar meðalveltan nam 505,3 milljörðum króna. Undanfarna tólf mánuði hefur meðalveltan verið um 467,5 milljarðar króna á dag.

Fjöldi viðskipta á degi hverjum jókst í takti við slegið met. Á meðaldegi í apríl fóru fram um 172 þúsund viðskipti miðað við 143 þúsund tólf mánuðina á undan. - hhs



**FORSTJÓRI VIÐ BÍLINN** Rick Wagoner, forstjóri General Motors, segir að góður gangur sé í rekstri fyrirtækisins þrátt fyrir samdrátt. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Gott hljóð í bílarisanum

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors, annar umsvifamesti bílaframleiðandi í heimi á eftir Toyota, skilaði hagnaði upp á 62 milljónir dala, tæpa fjóra milljarða íslenskra króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er samdráttur upp á 90 prósent samanborið við sama tíma í fyrra og talsvert undir væntingum greinenda á Wall Street.

Rick Wagoner, forstjóri bílarisans, sagði í viðtali á CNBC-sjónvarpsstöðinni í gærmorgun að góður gangur væri í rekstri fyrirtækisins eftir viðamikla hagræðingu síðastliðin tvö ár sem fól meðal annars í sér sölu á útlánaarmi félagsins, uppsögnum á tugþúsundum starfsmanna og lokun á verksmiðjum. - jab

# Ofhitnun í Indlandi

Indverska hagkerfið sýnir klassísk merki um ofhitnun í efnahagslífinu. Hagvöxtur hefur verið mikill og verðbólga aukist jafnt og þétt. Grípa þarf til aðgerða til að verðbólga fari ekki úr böndunum. Þetta segir í skýrslu alþjóðlega matsfyrirtækisins Moody's um indversk efnahagsmál sem kom út undir lok síðustu viku.



**ÚR INDVERSKU KAUPHÖLLINNI**

Hagvöxtur á Indlandi nemur tæpum níu prósentum á sama tíma og verðbólga stendur í rúmum sex prósentum. Þetta er meira en æskilegt er, að mati Moody's, sem telur horfur engu að síður stöðugar þrátt fyrir að eftirspurn á innanlandsmarkaði sé langt umfram framboð sem hafi skilað sér í auknum viðskiptahalla.

Þá hafa fjárfestingar erlendra aðila aukist svo mjög að erlendur gjaldeyrir indverskra fjármálastofnana er í sögulegum hæðum.

Í skýrslunni segir að indverska hagkerfið sé viðkvæmt af þessum sökum en matsfyrirtækið er hæfilega bjartsýnt á að indverska ríkisstjórnin standist álagið með einkavæðingu ríkisfyrirtækja á næstu árum. Því hafi hins vegar verið ítrekað slegið á frest síðastliðin þrjú ár vegna mótstöðu vinstriflokka á indverska þinginu. **- jab**

# Murdoch býður í Wall Street Journal

Ástralski fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch lagði á þriðjudag fram 5 milljarða dala óformlegt yfirtökutilboð í Dow Jones, útgáfufélag samnefndrar fréttaveitu og bandaríska viðskiptadagblaðsins Wall Street Journal. Tilboðið svarar til 320,7 milljarða íslenskra króna.

Tilboð Murdochs, sem hljóðar upp á 60 dali á hlut og tæpum fjórum dölum yfir lokagengi félagsins á þriðjudag, var gert hluthöfum bréfleiðis fyrir hálfum mánuði. Ekki var greint frá því opinberlega fyrr en á þriðjudag. Fréttirnar komu sem þruma úr heiðskíru lofti og keyrðu gengi bréfa í útgáfufélaginu upp um 55 prósent.

Fréttaveitan Bloomberg hefur eftir greinendum að Murdoch hafi með gjörningnum lagt línurnar fyrir yfirtökukapphlaup í útgáfufélagið. Geti svo farið að bandaríski raftækjaframleiðandinn General Electric, sem á bandarísku viðskiptasjónvarpsstöðina CNBC, og útgáfufélag bandaríska dagblaðsins Washington Post bætist hugsanlega í hópinn og bjóði á móti Murdoch.

Bancroft-fjölskyldan, sem á tæpan fjórðungshlut í Dow Jones og er stærsti hluthafi þess með 62 prósent atkvæðaréttar, hefur lýst yfir andstöðu sinni við tilboðið. Stjórn Dow Jones tók í sama streng á miðvikudag og lýsti því yfir að hún myndi ekki taka það til umfjöllunar. **- jab**



**RUPERT MURDOCH** Eigandi eins stærsta fjölmiðlaveldis í heimi hefur gert rúmlega 320 milljarða króna yfirtökutilboð í útgáfufélag Wall Street Journal.



**HUMMER FRÁ GENERAL MOTORS** Sala á bílum undir merkjum General Motors dróst saman um 12,9 prósent á milli ára í apríl. Bílasala í Bandaríkjunum hefur ekki verið minni í tæp tvö ár.

# Minni bílasala vestra

Sala á nýjum bílum dróst saman í Bandaríkjunum í síðasta mánuði en salan hefur ekki verið með minna móti í tæp tvö ár. Samdrátturinn var mestur hjá bandaríska bílaframleiðandanum Ford en sala dróst saman um 12,9 prósent á milli ára.

Hátt eldsneytisverð vestanhafs og verri skuldastaða Bandaríkjamanna er sögð helsta ástæðan fyrir samdrættinum.

Sala minnkaði hjá flestum bílaframleiðendum, jafnt þarlendum sem erlendum, en sala á nýjum bílum frá Toyota hefur ekki verið minni í tvö ár. Undantekning var hins vegar hjá DaimlerChrysler er sala á nýjum bílum hjá fyrirtækinu jókst um 1,2 prósent í mánuðinum. **- jab**



**SKARTGRIPUR** Gengi á platínumi hefur staðið í sögulegum hæðum á árinu og það hefur skilað sér í háu verði skartgripa.

# Platínumverð úr methæðum

Gengi á platínumi lækkaði í framvirkum samningum á mánudag eftir að heimild var gefin til aukins útflutnings á málminum í Rússlandi. Gengið hefur staðið í sögulegu hámarki vegna mikillar eftirspurnar á heimsvísu. Platínum er mikið notað í skartgripi og var óttast um tíma að það myndi skila sér í mikilli verðhækkun á skartgripum.

Rússar eru í öðru sæti yfir umfangsmestu platínumframleiðendur í heimi á eftir fyrirtækjum í Suður-Afríku. Heimildir fyrirtækjanna til útflutnings runnu út í byrjun árs og hefur það skilað sér í stöðugum verðhækkunum á málmum til skartgripagerðar og framleiðslu á útblástursstýringu fólksbíla.

Gengið hefur hækkað um 14 prósent það sem af er árs og og stóð lengi vel í námunda við 1.395 dali á únsu. Það lækkaði í kjölfar leyfisveitingarinnar á fjármálamarkaði í Bandaríkjunum og stendur nú í um 1.293 dölum á únsu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi verðlækkunum á næstu dögum. **- jab**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Unglingar hafa íhaldssamari hugmyndir um kynhlutverk nú en fyrir 15 árum.

## Húsverkin aftur í umræðuna

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Hugmyndir unglinga um kynhlutverk eru íhaldssamari nú en þær voru árið 1992. Þetta þýðir að unglingar í dag eru líklegri til að finnast sjálfsagt að konur sjái um heimilisverk eins og að þvo þvotta og þrífa híbýli en þeir voru fyrir hálfum öðrum áratug.

Þetta kom fram á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði sem haldin var við Háskólann á Akureyri um síðustu helgi.

Andrea Hjálmsdóttir varpaði á ráðstefnunni fram þeirri spurningu hvort íslenskir unglingar í 10. bekk árið 2006 hefðu jafnrétti í farteskinu en taldi sjálf augljóst að svo væri ekki.

Andrea benti einnig á að viðhorf unga fólksins til verkaskiptingar á heimilum undirstrikaði það sem ýmsar fræðikonur hafa haldið fram að heimilið sé hinn gleymdi vígvöllur kvennabaráttunnar.

*„Ýmsar fræðikonur hafa haldið fram að heimilið sé hinn gleymdi vígvöllur kvennabaráttunnar.“*

Það er alveg ljóst að jafnrétti milli kynja verður ekki til af sjálfu sér. Jafnrétti milli kynja næst eingöngu með þrotlausri vinnu. Þessi vinna þarf að fara fram alls staðar í samfélaginu.

Það bakslag sem átti sér stað með hlutfall kvenna í sveitarstjórnum eftir kosningarnar í fyrra er áhyggjuefni, sömuleiðis skipan efstu sæta á listum vegna þingkosninganna í næstu viku sem að líkindum mun skila sér í færri konum í þingsölum í haust en þar sátu nú í vor.

Talsverð umræða stendur þó um hlut kvenna í stjórnmálum, stjórnunarstöðum og fjölmiðlum, svo dæmi séu tekin. Kynbundinn launamunur er einnig svo mikið í umræðunni að flestir ættu að vera meðvitaðir um að hann er fyrir hendi.

Verkaskipting á heimilum var meðal helstu baráttumála kvennahreyfingarinnar á áttunda áratugnum og mikið til umræðu á þeim árum. Þarna virðast jafnréttissinnar hafa sofnað á verðinum og óhætt er að taka undir orð Andreu Hjálmsdóttur um að heimilið sé hinn gleymdi vígvöllur kvennabaráttunnar. Ekki er verið að halda fram að öll heimilisverk verði að vinnast í nákvæmlega jöfnu hlutfalli hjóna, hvort um sig getur að einhverju leyti átt sitt sérsvið. Hins vegar er ákaflega mikilvægt að börn alist upp við að báðir foreldrar sinni þessum störfum til jafns, ekki síst vegna þess að á mjög mörgum heimilum er vinnuframlag foreldranna utan heimilis mjög svipað. Þarna eru foreldrarnir sterkasta fyrirmynd barnanna.

Konur hafa sótt fram undanfarna áratugi. Þær eru menntaðri en áður og atvinnuþátttaka þeirra er mun meiri en fyrir örfáum áratugum. Þessi staðreynd verður að endurspeglast inni á heimilunum. Húsverkin verða að komast aftur í umræðuna.

Móðir sem sinnir heimilisstörfum svo til ein þrátt fyrir að vinna álíka langan vinnudag og faðirinn utan heimilis er börnum sínum fyrirmynd um að þessi háttur sé sjálfsagður og eðlilegur. Foreldrar verða að spyrja sig hvort þetta sé háttur sem þeir kjósa að börnin, og þá ekki síst dæturnar, taki upp þegar þau fullorðnast.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

OPIÐ HÚS HJÁ SVFR

Föstudaginn 4. maí

Dagskrá:

::: Hvernig verður laxveiðin í sumar?
– **Þórólfur Antonsson**, Veiðimálastofnun

::: Ný svæði á Veiðikortinu – **Ingimundur Bergsson**

::: Veiðistaðalýsing – **Litlá í Kelduhverfi**

::: Myndagetraunin stórskemmtilega

::: **Happahylurinn** – stútfullur af blönduðum vinningum

***Síðasta skemmtikvöld vetrarins – um að gera að mæta!***

ALLIR VELKOMNIR - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00

SVFR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Glitnir skelfir kennara

Símalínur voru rauðglóandi á fréttastofum landsins skömmu eftir að Lárus Welding talaði fyrst fyrir hönd Glitnis. Voru flestir þeirra sem hringdu inn sótillir íslenskukennarar sem ekki sætta sig við forstjóraskipti bankans. Ljóst er að söknuður er eftir hinum ljúfmannlega Skagamanni Bjarna Ármannssyni. Slök tök Lárusar á íslensku voru helsta kveikja símtalanna og töldu margir kennaranna að peningum hans væri vel varið í einkakennslu í íslensku. Ambögurnar hefðu verið úti um allt, eins og óhreinindi.



### Íslenskukunnátta til fyrirmyndar

Lucia Celeste Molina Sierra, tengdadóttir umhverfisráðherra, þykir hafa heillað þá sem sáu Ísland í dag í gærkvöldi. Stúlkan þykir ekki aðeins gullfalleg heldur þykir íslenskukunnátta hennar til mikillar fyrirmyndar þótt hún hafi aðeins verið búsett hér á landi í skamman tíma. Eða í fimmtán mánuði eins og frægt er orðið. Lucia sagðist alls ekki vita til þess að Jónína Bjartmarz hefði beitt sér sérstaklega fyrir því að hún fengi ríkisborgararétt en líklegt er að fáir lái Jónínu það ef rétt reynist. Hver myndi ekki vilja tengdadóttur eins og Luciu Bjartmarz, eins og gárungarnir kalla hana, sem allra allra fyrst.



### Úti að leika

„Þessar útivistarreglur eru frá þeim tíma sem skólarnir voru búnir í byrjun maí og börnin gátu leikið sér í rólegu og öruggu umhverfi fram eftir kvöldi.

Dóttir mín sem er 7 ára yrði ekki par hress í skólanum ef hún fengi að vera úti til kl. 22 á kvöldin, eigandi þá eftir að hátta og tannbursta, en það getur tekið 7 ára drjúgan tíma [...]

Er ekki kominn tími á að endurskoða þetta?“ segir Sóley Tómasdóttir, ritari Vinstri grænna, á heimasíðu sinni. Framsóknarmaðurinn Pétur Gunnarsson sýnir ummælum hennar áhuga og segir: „settu barninu bara þau mörk sem þú sjálf telur eðlileg og rétt – innan þess ramma. Það að það megi vera úti til 10 þýðir ekki að það þurfi að vera úti þangað til klukkan er 10.“ Skiptar skoðanir eru á gildi reglugerðabákna hjá framsóknarfólki og vinstri grænum. karen@frettabladid.is

## Tilgangurinn með þessu



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Lýðræði

Brasilíski rithöfundurinn Paulo Coelho segir snjalla sögu. Ferðalangur kemur til Dresden skömmu eftir seinni heimsstyrjöld og sér þrjá menn að vinnu í borgarrústunum. „Hvað eruð þið að fást við?“ spyr komumaður. „Ég er að flytja steina,“ svarar sá fyrsti. „Ég er að sjá fyrir mér og fjölskyldu minni,“ mælir annar. „Ég er ásamt öðrum að endurreisa dómkirkjuna,“ svarar þriðji maðurinn. Þetta verður Coelho tilefni til hugleiðinga um tilgang lífsins. Það er ekki fyrr en komumaður heyrir þriðja svarið, sem hann skilur, hvað mennirnir eru allir að gera. Iðja þeirra verður þá skyndilega þrungin merkingu. Það er enginn tilgangur í sjálfum sér að rogast með steina milli staða og því síður í að strita fyrir daglaunum. Í háskólanámi mínu í heimspeki heyrði ég oft svipaðar útleggingar á tilgangi lífsins og merkingu, þótt dæmin væru sjaldan jafnskýr.

Ég velti þessari sögu nýlega fyrir mér. Getur verið, að hún sé margræðari, hafi dýpri merkingu, en Coelho heldur? Fyrri mennirnir tveir segja ýmislegt merkilegt ekki síður en hinn þriðji. Fyrsti maðurinn segist vera að flytja steina. Það er eðli menningarinnar að sætta sig ekki við umhverfið, eins og það er, heldur bæta það. Við friðum ekki grjóthrúgur, heldur flytjum steina þaðan, sem þeir eiga ekki að vera, þangað sem þeir eiga að vera. Við röskum sífellt aðstæðum. Svo er tækninni fyrir að þakka, að sjaldnast þarf að rogast milli staða með steina í fangi, heldur má flytja þá til með stórvirkum vinnuvélum. Þetta eru framfarir. Menningin gerir náttúruna sér undirgefna, svo að menn geti betur fullnægt þörfum sínum.

Annar maðurinn segist vera að sjá fyrir sér og fjölskyldu sinni. Það þurfa allir að gera. En peningar vaxa ekki á trjám. Einhver greiddi fyrir endurreisn dómkirkjunnar í Dresden. Óhætt er að fullyrða, að kirkjan hefði seint risið, hefði þurft að treysta á sjálfboðaliða til verksins. (Saga Coelhos gerbreytir um merkingu, ef mennirnir þrír eru neyddir til starfa sinna.) Íslendingar búa við svo mikla velmegun um þessar mundir, að þeir hafa gleymt þessum frumsannindum. Á okkur dynja á hverju kvöldi sjónvarpsfréttir um óleyst verkefni, sem

*Dresden lá í rústum eftir seinni heimsstyrjöld, vegna þess að þýskir þjóðernisjafnaðarmenn höfnuðu vestrænni menningu, lýðræði og kapítalisma, umburðarlyndi og frelsi.*

krefjast aukinna fjárútláta úr opinberum sjóðum, ekki síst til ýmiss konar ógæfufólks. Jafnframt vilja umhverfisöfgamenn loka öllum álbræðslum, sem þeim þykir óprýði að. Þegar þeir halda erindi um hugðarefni sín, taka þeir upp fartölvur til að tengja við skjávarpa og sýna myndir. Auðvitað eru tölvurnar úr áli.

Tvö önnur umhugsunarefni leituðu á mig vegna dæmisögu Coelhos af endurreisn dómkirkjunnar í Dresden. Annað var, hversu miklum fjármunum var áður fyrr varið til að smíða veglegar kirkjur. Vissulega eru til andlegar þarfir. En menn vinna ekki síður Guði með því að bæta líf alþýðufólks, til dæmis með hlýrri húsum, vandaðri vatnsleiðslum, hitalögnum og skólpleiðslum, greiðfærari vegum, fullkomnari sjúkrahúsum.

Hvað olli því síðan, að dómkirkjan í Dresden var rjúkandi rúst árið 1945? Þótt hernaðarsérfræðinga greini á um, hversu nauðsynlegar loftárásir Bandamanna á Dresden voru, má rekja seinni heimsstyrjöld til sósíalismans, ofurtrúarinnar á ríkisvald. Sósíalismi síðustu aldar greindist sem kunnugt er í þrjár kvíslir, venjulega jafnaðarstefnu, sem studdist við lýðræði, kommúnisma, þar sem gert var ráð fyrir byltingu strax, og þjóðernisjafnaðarstefnu, en fylgismenn hennar skírskotuðu til þjóðar frekar en stéttar. Flokkur Adolfs Hitlers kallaði sig Þjóðernisjafnaðarflokk þýskra verkamanna (Nationalsozialistische Deutsche Arbeiterpartei) og barðist gegn Gyðingum, stórfyrirtækjum og vaxtaokri. Hann vildi hverfa aftur til náttúrunnar undir kjörorðinu „Blut und Boden“, ætt og mold. Dauft bergmál heyrist enn af þessu öllu.

Dresden lá í rústum eftir seinni heimsstyrjöld, vegna þess að þýskir þjóðernisjafnaðarmenn höfnuðu vestrænni menningu, lýðræði og kapítalisma, umburðarlyndi og frelsi, sem engilsaxnesku stórþjóðirnar hafa jafnan staðið dyggastan vörð um, en hefur einnig átt sér bólfestu í löndum litlu þjóðanna í norðri, Hollendinga og Norðurlandaþjóða. Hinn frjálsi markaður fer ekki í stríð, heldur fjölgar viðskiptatækifærum. Hann þarf hins vegar að geta varið sig, eins og sannaðist á tuttugustu öld. Best er að þurfa ekki að endurreisa neinar dómkirkjur.

## Árangur af íslenskri stefnufestu

**UMRÆÐAN**

Sjávarútvegsmál



EINAR K. GUÐFINNSSON

Sýnilegur árangur er nú að nást í baráttu okkar Íslendinga og annarra þjóða gegn ólöglegum sjóræningjaveiðum á Reykjaneshrygg. Þetta skiptir máli og er til marks um að þær margvíslegu og fjölþjóðlegu aðgerðir sem við Íslendingar höfum mjög knúið á um og tekið þátt í eru að bera árangur.

Sú staðreynd að sex þessara skipa eru á leið til niðurrifs sýnir að útgerð þeirra gengur ekki lengur upp. Eigendur skipanna hafa í raun séð sitt óvænna og treysta sér ekki lengur til þess að halda þeim til veiða. Það eru ánægjuleg tíðindi og hljóta að teljast áfangasigur.

Undanfarin ár höfum við haldið uppi eftirliti á Reykjaneshrygg. Í samvinnu við aðrar þjóðir Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) hefur mikið verið gert til þess að bægja ólöglegum skipum frá þessum veiðum. Sjóræningjastarfsemi þeirra skipa sem hafa stundað þarna ólöglegar veiðar hefur valdið okkur miklu tjóni. Það er alveg ljóst að karfastofnarnir þola ekki það veiðiálag sem hefur verið undanfarin ár, meðal annars vegna veiða skipa sem þarna hafa ekki heimildir til veiða. Þetta eru skip sem gerð eru út undir hentifánum og hlíta engum reglum.

Til viðbótar berst frá þeim afli inn á markaði, sem leiðir til undirboða og lækkar þar með tekjur íslenskra sjómanna og útgerða og þar með þjóðarbúsins í heild. Þetta er alvarlegt mál sem við höfum tekið föstum tökum.

Með markvissum aðgerðum hafa veiðar þessara skipa verið gerðar dýrar og óhagkvæmar. Við höfum reynt að koma í veg fyrir að þau fái olíu, veiðarfæri, vistir eða aðra nauðsynlega þjónustu. Skipin hafa verið sett á svarta lista og nú í vetur voru samþykkt ný lög sem gefa okkur frekari tækifæri til þess að herða enn baráttu okkar.

Þá hefur NEAFC sett nýjar reglur sem hafa nú gengið í gildi þar sem eftirlit í höfnum aðildarríkja Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar er aukið. Allt þetta er liður í baráttu okkar sem sjálfstæðrar þjóðar fyrir réttinum til auðlindanýtingar. Þeim rétti eigum við að fylgja fast eftir. Við sjáum af nýjum fréttum að slík barátta getur skilað árangri og því eigum við hvergi að hvika.

*Höfundur er sjávarútvegsráðherra.*

# Full búð af nýjum vörum



Það er aðeins eitt rúm sem fær stimpilinn það þægilegasta, engin þörf á að stæra sig af óendanlegri, ólýsanlegri og ótrúlegri upplifun. Við sýnum þér einfaldlega hver þægindin eru. Komdu og upplifðu Gravity Zero.

# Ný sending af teppasettum og sængurverum

## Síðasta sending seldist upp á örfáum dögum ! – Fyrstir koma fyrstir fá




Betra BAK

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**Akureyri**
**Tryggvabraut 24**
**Sími 462 1410**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

# Ellert skallar kirkjuna

**UMRÆÐAN**
Hjónavígslur samkynhneigðra


STEINUNN JÓHANNESDÓTTIR

Ekki veit ég hve oft Ellert B. Schram skallaði í mark á fótboltaferli sínum en löngunin til að skora hefur fylgt honum yfir á annan vettvang eins og vænta má um keppnismann. Hann hefur oft skrifað greinar sem hafa hitt í mark en pistill hans hér í blaðinu laugardaginn 28. apríl, Jafnir gagnvart Guði?, geigaði. Þar þrumar hann í íslensku þjóðkirkjuna, spyr hvort hún sé stödd á miðöldum, í heimi afturhalds, fordóma og fávísi og sakar hana um að útskúfa fólki og ganga erinda ranglætis og ójafnaðar.

Tilefni skotahrinunnar var niðurstaða prestastefnu á Húsavík sem studdi ályktun kenninganefndar um staðfesta samvist samkynhneigðra og opinbera blessun þeim til handa. Ný kirkjuleg athöfn, hliðstæð hjónavígslu en sniðin að þörfum samkynhneigðra, hefur verið viðhöfð til reynslu innan sænsku kirkjunnar um eins til tveggja ára skeið. Íslenskað form hennar var kynnt á Húsavík til frekari umræðu í sumar en verður lagt fyrir Kirkjuþing næsta haust til samþykktar. Sama form, þrír valmöguleikar, var kynnt á almennum fundi í Reykjavíkurprófastsdæmum seint í vetur við jákvæðar undirtektir. Þetta ferli mun allt vera samkvæmt vinnureglum þjóðkirkjunnar og er ætlað að stuðla að víðtækri lýðræðislegri umræðu meðal lærðra og leikra áður en komist er að niðurstöðu um þetta vandmeðfarna mál.

**Reyksprengja inn í samkunduna**

Nokkur hópur guðfræðinga sættir sig ekki við þetta lýðræðislega verklag og bar fram tillögu um að ríkisstjórnin yrði hvött til þess að taka fram fyrir hendurnar á biskupi og yfirstjórn kirkjunnar með setningu nýrra hjúskaparlaga. Þar með var friðurinn úti. Kirkjan hefur skipað sér í hóp trúfélaga í heiminum sem lengst hafa gengið til móts við kröfur samkynhneigðra, viðurkennt rétt þeirra til fjölskyldustofnunar og á ekki nema hálfs árs vinnu eftir til þess að geta boðið upp á opinberar blessunar- eða vígsluathafnir, var reyksprengju varpað inn í samkunduna. Almenningur sér ekki til að greina rétt frá röngu, fréttamenn bregðast upplýsingaskyldu sinni og uppgjafafótboltakappi dúndrar í kirkjuna.

**Hræsni vandlætarans**

Nú vill svo til að fram á haustið 2006 var Ellert B. Schram forseti Íþróttasambands Íslands og gegndi því embætti um 16 ára skeið. Ef hann hefði haft raunverulegan áhuga á því að bæta stöðu samkynhneigðra þá var honum í lófa lagið að gera það innan vébanda ÍSÍ. Sendimaður alþjóðlegra samtaka samkynhneigðra afreksmanna í íþróttum, Out Proud Olympians, hefur skýrt frá því í fjölmiðlum að í engum félagsskap sé hómófóbían á hærra stigi en innan íþróttahreyfingarinnar. Þar hefur fátt verið gert til þess að vinna gegn fordómum. Um misrétti sem konur í íþróttum búa við verður ekki rætt að sinni. Aðeins vakin athygli á hræsni vandlætarans. Skalli, skalla sjálfan þig.

**Allir jafnir fyrir guði**

Talsverður fjöldi samkynhneigðra er virkur innan kirkjunnar og tekur þátt í öllu hennar starfi og athöfnum, prestar, tónlistarfólk, sjálfboðaliðar og almennir kirkjugestir. Boðskapur Páls til safnaðarins er leiðarljósið: „Hér er enginn Gyðingur né grískur, þræll né frjáls maður, karl né kona.“ „Þér eruð allir Guðs börn.“ Það sem deilt er um er skilgreiningin á hjónabandinu, sem frá bernskuskeiði mannsins hefur verið sáttmáli karls og konu um gagnkvæma ábyrgð og viðhald eigin ættar og tegundarinnar. Sá skilningur er sameiginlegur helstu trúarbrögðum heims og veraldarvaldið hefur víðast verið sama sinnis. Það þarf enga kirkjuvígslu til að fullgilda hjónaband. Frá því fyrir ári eru þrjú form jafnréttthárrar sambúðar tryggð að íslenskum lögum hvort sem menn telja sig standa frammi fyrir guði eða mönnum: 1) Hjónaband karls og konu, stofnað í kirkju eða hjá sýslumanni. 2) Óvígð sambúð, skráð hjá hagstofunni. 3) Samvist samkynhneigðra para, staðfest af sýslumanni, blessuð af presti sé þess óskað. Frá og með næsta Kirkjuþingi getur þjóðkirkjan að líkindum boðið opinbera blessunarathöfn sem kann að þróast í löggjörning.

*Höfundur er rithöfundur.*

# Eru flokkarnir ósammála kjósendum?

**UMRÆÐAN**
Menntamál


DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR

Mánudaginn 30. apríl birti Fréttablaðið niðurstöður skoðanakönnunar þar sem fram kemur að kjósendur á Íslandi telja menntamál næstmikilvægasta málaflokkinn þegar kemur að því að ákveða hvaða flokkur hlýtur þeirra atkvæði 12. maí. Einungis velferðarmál þykja skipta meira máli, og eru menntamál t.a.m. ofar í röðinni en skattamál, efnahagsmál og umhverfismál.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur undanfarið staðið fyrir herferð sem miðar að því að gera menntamál að kosningamáli, nokkuð sem, miðað við vilja kjósenda, virðist vera afar brýnt. Það er því ljóst að Stúdentaráð er sammála þorra kjósenda – en eru frambjóðendur það? Eru menntamál orðin að kosningamáli? Vissulega hefur farið meira fyrir umræðu um menntamál þetta árið en oft áður, t.d. fyrir fjórum árum þegar nær öll umræða snerist um kvótakerfið. Samt sem áður hafa málaflokkar eins og efnahagsmál, samgöngumál og umhverfismál hlotið mun meiri athygli í pólitískri umræðu, þrátt fyrir að kjósendum þyki þau mál ekki eins mikilvæg og menntamálin.

Stjórnmálaflokkarnir sem bjóða fram eru flestir, ef ekki allir, með skýra stefnu í menntamálum og sú stefna er langt frá því að vera eins hjá þeim öllum. Ef stefna flokkanna í háskólamálum er skoðuð kemur í ljós að flokkarnir eru ósammála í veigamiklum málum. Skólagjöld eru eitt þeirra atriða sem flokkana greinir á um, en samt hefur lítið farið fyrir umræðum um hvort taka eigi upp skólagjöld við opinbera háskóla hérlendis nú í aðdraganda kosninga. Sú spurning er hápólitísk og varðar ekki bara stúdenta, heldur samfélagið allt. Skólagjöld við opinbera háskóla fela í sér að horfið yrði frá þeim grundvallaratriðum sem hafa einkennt íslenskt samfélag í fjölda ára, að allir séu jafnir og hafi jöfn tækifæri til að lifa sómasamlegu lífi, og í því felst meðal annars að hafa möguleika á að mennta sig. Það eru fleiri málefni sem flokkana greinir á um og má þar nefna lánasjóðsmálin, samkeppnisstöðu háskólanna hérlendis og fjármögnun háskólastigsins almennt. Skortur á umræðu um menntamál er því ekki kominn til vegna þess að flokkarnir hafa ekkert að tala um.

Stjórnmálaflokkarnir vita núna hversu mikilvæg menntamálin eru í augum kjósenda. Það gefst hins vegar því miður varla tími til þess að ræða menntamál af einhverri alvöru þessa rúmu viku sem eftir lifir kosningabaráttunnar. Það geta flokkarnir bætt upp fyrir með því að veita menntamálunum þá athygli sem þau eiga skilið á næsta kjörtímabili og efna þau loforð sem þeir hafa gefið. Stúdentaráð mun fylgjast vel með, enda eru loforð flokkanna í þessum málaflokki vandlega skráð á vefsíðunni loford.is, og því munu flokkarnir eiga erfitt með að svíkja kjósendur.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.*






**Íslandsmeistaramót barþjóna**
verður haldið á Nordica Hótel sunnudaginn 6. maí. Húsið verður opnað klukkan 20.00 en keppni hefst klukkutíma síðar. Gestur keppninnar er Danilo Oribe, tvöfaldur heimsmeistari í Flair-barmennsku.

**Ormsson býður sjónvörp**
á tilboði til að rýma fyrir nýrri sendingu. Sem dæmi má fá 32 tommu Samsung LCD-sjónvarp á 139.900 krónur.



**Útivistar-, sport- og skómarkaðurinn**
í Perlunni er hafinn. Sem dæmi má fá dömu- og herrapeysur frá 66° Norður á 2.500 krónur, barnaskó frá 1.000 krónum og Puma-íþróttagalla frá 3.990 krónur.

# allt




NÝJAR VÖRUR



Jakkar
Stuttkápur
Sumarúlpur

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




Vorið er mikill grænmetistími í Frakklandi og markaðir fyllast af girnilegu og freistandi grænmeti. Sigríður er hér með spergilbakstra en uppskriftina er að finna á síðu 2.

# Skilningarvitin mettuð

***Sigríður Gunnarsdóttir hefur búið í Frakklandi um árabil. Hún hefur nú gefið út bókina Sælkeraferð um Frakkland, þar sem farið er í matarhefðir hvers svæðis Frakklands fyrir sig.***

Þegar Sigríður kom fyrst til Frakklands, tvítug að aldri, varð hún strax hrifin af því hversu auðvelt var að finna sér sæti á veitingastað, fá góðan mat og njóta um leið fegurðar bæði mannlífsins og landsins. „Það er æðislegt að njóta fegurðar við matarborðið,“ segir Sigríður. „Það er náttúrlega hámark lífsgæðanna fyrir sælkerann. Öll skilningarvitin eru mettuð í einu.“

Sigríður er heimavinnandi húsmóðir og segist hún alltaf hafa haft mikinn tíma til að elda. „Mig langaði að vinna skemmtilegt verkefni heima, ég kann að elda og því fannst mér tilvalið að búa til matreiðslubók,“ segir Sigríður. „Svo er franskur matur svo góður. Áherslan er lögð á gott hráefni og sósur eru sjaldgæfar svo hann er ekki mjög fitandi.“

Sælkeraferð um Frakkland inniheldur 135 uppskriftir sem skipt er niður eftir uppruna sínum innan Frakklands. Vinnsla bókarinnar hófst síðasta sumar og var efni hennar tilbúið að mestu í janúarlok. „Við vorum ekki lengi en við elduðum rétti fyrir bókina hvern einasta dag, stundum marga á dag,“ segir Sigríður. „Dóttir mín var með mér en hún tók allar myndirnar í bókina. Reyndar vorum við stundum að flýta okkur svo mikið að sumir réttirnir hefðu alveg mátt vera aðeins lengur inni í ofninum,“ bætir hún við hlæjandi.

*tryggvi@frettabladid.is*




Tilvalið í bústaðinn
Traust og örugg húsgögn sem henta vel í hvaða bústað sem er



HÚSGAGNA HEIMILIÐ
Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti
Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík • Sími: 586 1000 - www.husgogn.is

**Matarsamfélag** á netinu getur komið sér vel þegar örvæntingin í eldhúsinu tekur völdin. Þar er hægt að skiptast á uppskriftum og fá ráðleggingar um hráefni og matvinnsluvélar svo eitthvað sé nefnt. www.matseld.is




## Sérfræðingar í saltfiski

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita



Piparsósa...
... þegar vindur hvín!




Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.

Bernaisesósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.

Grafika 03/07


## uppskrift Sigríðar



### Litlir spergilbakstrar

ÞESSA UPPSKRIFT ER AÐ FINNA Í BÓKINNI SÆLKERAFERÐ UM FRAKKLAND.

Undirbúningur 15 mín., bakstur 15 mín. Uppskriftin er fyrir 8.

**8 litlar eldfastar skálar**
**40 g hveiti**
**40 g smjör**
**¼ lítri mjólk**
**3 egg**
**250 g soðinn spergill í mauki**
**salt og pipar**

Hitið ofninn í 180°. Smyrjið skálarnar að innan með smjöri.
Bræðið smjörið í potti. Þegar það er vel bráðið bætið þið hveitinu út í. Látið blönduna freyða. Hellið þá kaldri mjólkinni út í, hrærið vel í, á meðan blandan þykknar. Látið sjóða augnablik. Takið pottinn af plötunni. Bætið eggjarauðunum út í.
Stífþeytið hvíturnar og blandið þeim varlega saman við með gaffli. Hellið í skálarnar. Bakið í korter. Passið að opna ekki ofninn á meðan, þá fellur baksturinn.
Berið strax fram því bakstur bíður ekki. Bon appétit!



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

### Vornúðlur

Jafnvel á vorin þegar trén taka að bruma og grösin að spretta, getur skipt sköpum fyrir viðkvæmar verur að njóta matar sem er seðjandi bæði fyrir sál og líkama. Þessi réttur er akkúrat þannig. Örfáir munnbitar og fuglasöngurinn ómar á ný. Ekki skiptir öllu máli hvaða fiskur eða grænmeti er notað, ef ferskri myntu og öðru kryddmeti er haldið til haga með núðlunum.

**250 g eggjanúðlur**
**300 g skötuselur**
**2 hvítlauksgeirar**
**1 rauður chili**
**1 tsk. sykur**
**safi af ½ súraldini eða sítrónu**
**2 cm biti af ferskum engifer**
**1 búnt vorlaukur**
**1 gulrót**
**½ rauð paprika**
**2 dl frosnar grænar baunir**
**hnefafylli af ferskri myntu**
**2-3 msk. ostrusósa**

1. Sjóðið eggjanúðlurnar eftir leiðbeiningum á pakka. Sigtið vatnið svo frá og skolið núðlurnar í köldu vatni.

2. Skerið fiskinn í þumlungsstóra bita. Saxið hvítlauk og chili fínt, setjið í litla



skál og hrærið sykri saman við. Hitið olíu á pönnu og steikið hvítlauksblönduna ásamt fiskbitunum í 2-3 mínútur. Takið af pönnunni, kreistið sítrónusafa yfir og setjið til hliðar.

3. Skerið grænmetið smátt og rífið engiferinn. Hitið olíu á pönnu og snöggsteikið grænmetið og engiferinn. Setjið því næst núðlurnar út á pönnuna ásamt baununum. Steikið áfram í 2-3 mínútur, setjið þá fiskinn og safann með honum út á ásamt ostrusósunni og saxaðri myntunni. Veltið öllu saman og steikið áfram í 2-3 mínútur. Setjið í skálar og njótið.


## Hrein lífræn jógúrt!




Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio•Bú

Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is






Kaffið frá Ricardo Rosales er aftur komið til okkar. Eins og í fyrra er þetta kaffi ljúft og hunangsmjúkt með ávæning af kakói og kryddi.

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum og á kaffihúsum Kaffitárs:

-Kringlunni
-Bankastræti
-Þjóðminjasafni
-Listasafni Íslands
-Reykjanesbæ
-Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Kaffitár
- leggur heiminn að vörum þér


## Guðdómlegt góðgæti

HÉR ER EINFÖLD OG FLJÓTLEG UPPSKRIFT AÐ SÚKKULAÐI SEM ER EKKI BARA GOTT HELDUR BEINLÍNIS HOLLT.

**Súkkulaði**
**1 bolli kaldpressuð kókosolía**
**½ bolli agave-síróp**
**1 bolli kakóduft (helst lífrænt)**

Látið heitt vatn renna á kókosolíukrukkuna í smástund, svo að olían verði fljótandi og hellið henni síðan í skál. Hellið agave-sírópinu út í og hrærið saman. Sigtið síðan kakóduftið út í og hrærið öllu saman.

Setjið hræruna í lítil klakabox eða önnur mót og stingið þeim inn í ísskáp. Einnig er hægt að búa til súkkulaðiegg með því að smyrja blöndunni inn í páskaeggjamót. Þunnt lag er þá sett í einu í formin og þeim stungið inn í ísskáp/frysti á milli til að láta súkkulaðið storkna.

Hægt er að setja út í blönduna vanillu, myntu, hnetur, rúsínur og hvað annað sem hugurinn girnist til að auka og bæta bragðið.

Kakóbaunirnar eru stundum kallaðar fæða guðanna því þær eru fullar af heilsusamlegum efnum.





Snyrtidagar standa yfir í Smáralind.
Ýmsar búðir bjóða upp á tilboð af því tilefni.



Hugi með bassann sem keyptur var fyrir fermingarpeningana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vel nýttir fermingarpeningar

***Hugi Jónsson óperusöngvari var stoppaður af lögreglunni fyrir að vera á of mikilli druslu.***

Hugi Jónsson þarf að fara allt aftur til þrettán ára aldursins til að rifja upp bestu kaup sín. Fyrir fermingapeningana keypti hann rafmagnsbassa. „Hann hefur fylgt mér síðan þá og verið mér góður og traustur vinur,“ segir Hugi. Bassinn kostaði 85 þúsund þannig að Hugi hefur fengið góða summu í fermingagjöf. „Þetta gekk ágætlega,“ bætir Hugi við og hlær.

Meðal þeirra minninga sem tengjast bassanum er þátttaka í Músíktilraunum með hljómsveitinni Cyclone. „Mig minnir að við höfum verið fimmtán ára á þessum tíma. Við vorum reyndar frekar barnalegir, enda kom í ljós að einhverjir héldu að gaurinn á bassanum, ég semsagt, væri ekki deginum eldri en átta ára,“ segir Hugi og skellir upp úr.

Tónlistaráhuginn hefur nokkuð breyst hjá Huga og nú er hann orðinn óperusöngvari. „Ég er alltaf eitthvað að syngja og var til dæmis með tónleika í Salnum í Kópavogi fyrir ekki svo löngu,“ segir Hugi. „Þeit heppnuðust mjög vel og ég er mjög sáttur.“

Verstu kaup Huga eru, eins og hjá svo mörgum, tengd bílum. „Þegar ég átti heima í Noregi gerði ég mér ferð til Óslóar til að kaupa glæsilegan Ford Taurus,“ segir Hugi. „Hann var þrílitur, ljósgrænn, með eitt dökkgrænt bretti, og annað brúnt. Bíllinn var 82 árgerð en það var síðasta árið sem bíllinn var framleiddur.“

Bíllinn kostaði um 130 þúsund krónur og dugði aðeins í nokkra mánuði. „Ég var stoppaður í reglubundinni skoðun af lögreglunni og þeir skipuðu mér að fara með bílinn í aukaskoðun, hann væri í allt of slæmu ástandi,“ segir Hugi. „Svo þegar ég kom með hann í skoðun var mér tjáð að þessi bíll færi aldrei aftur á götuna.“

*tryggvi@frettabladid.is*

Fallegar íslenskar peysur
Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is








Helluborð á hálfvirði
Við rýmum fyrir nýjum gerðum, og bjóðum því eldri gerðir helluborða og fleiri tækja á hálfvirði, meðan birgðir endast.
• 4ra hellu m/steyptum hellumkr. 10.500
• 2ja hellu keramikborð..........kr. 14.700
• 4ra hellu keramikborð..........kr. 19.700
• 2ja brennara gasborð...........kr. 8.100
• 4ra brennara gasborð.....frá kr. 14.100
• 1 raf + 3 gas .......................kr. 12.600
ELBA
• Fleiri gerðir helluborða á verði frá aðeins kr. 6.700
• Einnig grill, niðufelld í borð, á kr. 9.900 og kr.12.700
ELDAVÉLAR - OFNAR
HELLUBORÐ - VIFTUR
HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR
Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Tjáðu þig!
Stærsta bloggsamfélagið! Yfir 150.000 notendur!




Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



ANNA MARÍA DESIGN GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

Breiðan ehf
821-6292


Nissan Navarra SE árgerð 8/2005, diesel, sjálfskiptur, ekinn 30 þús.km., pallhús, dráttarkúla, klæðning í skúffu, 32" dekk, verð kr. 3.180.000,- 821-6292 / 893-6292


MMC Canter árgerð 2001, diesel, ekinn aðeins 45 þús.km., 6manna, stór pallur 2 x 4,5m, burðargeta 3 tonn, sk.'08, verð kr. 2.200.000,- + vsk., 567-0333 / 821-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

### Bílar til sölu


Wv Golf 06' fæst gegn 20.þ út og yfirtöku á láni. c.a 30.þ á mán. 1,8m uppl í sima 8685255


Nissan Navara árg 03Ek 83þ Sk 08 topplúga, aircon ofl Nissan Almera árg 97Ek 111þ Sk 08 flott eintak simi8489331


Nissan Almera, árg. 2000 ek 135 þ. Ný v+s.de. Kr. 580þ áhv. 350þ, grb. rúml. 10þ. Ný headp og startari, topp bíll. S. 698-1440.


VW Caddy, árg. '98, ek. 110þ. Nýlega sprautaður í toppstandi. Uppl. í s. 849 5948.


Nissan Almera '99, ek. 90 þús. Verð 399 þús. S. 616 2597.


Transporter T5 árg. 08/05. Ek. 31.000, Diesel 174 hö. ssk. 7 manna. Webasto m/fjarstýringu. DVD, bakkmyndavél, iPod, 220V úrtak, krókur. Ásett verð 3850 þús. Upplýsingar í síma 822 8808.


Mazda 3 '04, ek. 28 þús. Áhv. gott lán. Verð 1.630 þús. S. 899 4499.



Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Nissan Almera 1,8 Lux. Ssk. Ek. 45 þ. Árg. '03. Verð 1 milj. Skoða öll tilboð. S. 662 2001.

### 0-250 þús.

EK. AÐEINS 90þ! V. 250þ. Daewoo Nubira wagon, bsk, nýskr. 11.99. Sk. '08. Mikið nýtt og nýlegt í bílnum. Góður bíll! Heiðrún 8967776.

Til sölu Volvo 460. Árg '94. Ek. 170þ. Ssk. Þarfnast smá lagfæringar fyrir skoðun. Verð 70þ. Uppl. í s. 695 0381.

### 250-499 þús.


Nissan Micra GX'99 Vel með farin, hvítur,3ja dyra. Ekinn 95þús km Tlf 8621513

Toyota Corolla station VERÐ 430þ Ásett 590þ árg 98 ek 130þ 4x4 1800cc 6975363

Til sölu Subaru Impreza 2,0 L '98, 4x4, 5 gíra, 5 dyra. Vetrardekk á felgum. Verð 350 þús. Uppl. í s. 862 2213.

### 500-999 þús.


TOYOTA YARIS T-SPORT Árgerð 2001 Ekinn 95 þ.km Verð 680.000 stg simi8997569

### 2 milljónir +


**4.500.000 stgr.**
Til sölu er Bmw 745IA 06/2002. Ekinn 77 þús. 19" felgur, glerlúga o.fl. Listaverð 5.890.000 þús. Fæst á 4.500.000 stgr m engin skipti. Áhvílandi c.a 3.600.000. Uppl i s 848 0944


VW Passat árg. 2005, ek. 25 þús. 18" felgur. Möguleiki á 100% láni. S. 849 9605.


Torfærubíllinn Örninn er til sölu. Tilboð óskast í s. 698 5693, Gunnar.


**Tilboð Tilboð**
M.Benz E 270 CDI Elegance árg. 2003 ek. 128 þús. Sjálfskiptur, leður, álfelgur, navigation, rafm. í öllu, 7 diska cd spilari ofl. ofl. Virkilega góður bíll, ásett verð 4.490.000. Ath. tilboð staðgreitt 3.690.000. Uppl. í síma 660 1334, Anton.



Stórútsala á bílum: Nýr 2007 Dodge Caravan frá kr. 2.490þús! Rúmgóður 7 manna fjölskyldubíll. Fæst sem 4x4. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

### Jeppar


Hyundai Terracan 2005 3.0 Dísel beinskiptur ekinn 50.000 ásett verð 3.200 þús áhvílandi 2.500 þús. Tilboð 350.000 út og yfirtaka á láni. Hafðu samband í síma 856-6470


M. Benz ML 320, árg. 2000, ek. 170 þ. Glæsilegur bíll. Leðurinnr. Gott lán getur fylgt. V. 2.280 þ. Ath skipti. S. 864 8338.



Jeppaútsala: 2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

### Fornbílar


**Oldsmobil Ninety-Eight Regency Brougham**
Árg. '82, 5,7 disel. Einn af örfáum original bílum sem eftir eru. Í mjög góðu standi, lítur vel út fyrir utan nokkur smáatr. Nýir og notaðir varahl. fyrir ca. 6-700 þ. fylgja. Innfl. árið 2000 og hefur verið í geymslu síðan. Verð 1.500 þ. Ath. skipti á nýl. 9 manna diesel bíl. S. 899 8111.

### Pallbílar



Pallbílar Útsala: Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Einnig Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

### Hópferðabílar


Til sölu M.Benz Joncer 69 farþ 1638 ekinn 580þ, Öryggisbelti, DVD, Sjónvarp og fl. Vinna getur fylgt, uppl. www.allrahanda.is og í síma 660 1305-660 1303

### Vörubílar

**www.trukkur.is**
Sími 893 8327.

### Húsbílar


Húsbíll til sölu, Bens 309 árg. '84. Tilboð óskast. S. 895 3480.






Til sölu Húsbíll Ford Rimor, árg '05. Svefnaðstaða fyrir 6. Sólarsella, markisa, stórt geymslupláss. Uppl. í s. 894 3079.

### Mótorhjól


Kínversk hjól, bestu verðin. Ennþá meiri verðlækkun. Það litla 90cc aðeins 109.900,-. Vespur, svartar, bláar, silfurlitar eða rauðar á aðeins 165.900,-. 200cc hjólin, hægt að götuskrá, núna á aðeins 179.900,-. Uppl. í s. 895 7272.

### Reiðhjól

Icefox sport reiðhjól fyrir 7-9 ára til sölu. Selst á 5 þús. Uppl. í s. 698 3379 & 587 1267.

### Hjólhýsi








Til sölu Hjólhýsi Hobby prestige 560. Árg '03. Vel með farið, tilbúið í ferðalagið. Verð 1.600000þ. Uppl. í s. 562 8703 & 892 2262. E.kl 16.

### Fellihýsi




### Tjaldvagnar



# sirkus

4. maí 2007



## Glitnisforstjóri kaupir sögufrægt hús

Hinn þrítugi **Lárus Welding**, nýráðinn forstjóri Glitnis, hefur hreiðrað um sig í Hlíðunum ásamt fjölskyldu sinni. Lárus borgaði 120 milljónir fyrir hið sögufræga hús Árskóga í Blönduhlíð sem listamaðurinn 12. september teiknaði árið 1946. **BLS. 2**





## Lucia Celeste Molina Sierra er umdeildasti Íslendingurinn þessa stundina

# „GLÖÐ YFIR ÞVÍ AÐ VERA ÍSLENDINGUR“




Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími 568 1800

Sjónmælingar
linsumælingar

# fréttir

## Heyrst hefur



### Hætt við að selja í Eikarásnum

Líkt og Sirkus greindi frá á dögunum settu Habitat-hjónin **Ingibjörg Þorvaldsdóttir** og **Jón Arnar Guðbrandsson** glæsivillu sína í Eikarásnum í Garðabæ á sölu þar sem sá möguleiki var fyrir hendi að þau myndu flytjast til Danmerkur til að fylgja eftir rekstri þeirra tískuverslana sem þau reka þar undir merkjum Oasis. Nú hafa þau tekið húsið af sölu og ætla að búa áfram á Íslandi. Þau verða þó áfram með annan fótinn í Danmörku enda tímafrekt að fylgjast með fjórum verslunum Oasis sem þar eru starfræktar.



### 250 millur fyrir Kjarvalshús

Miklar vangaveltur er nú í gangi um það á hvaða verði **Kjarvalshúsið** við Sæbraut á Seltjarnarnesi muni seljast en það kom í sölu um síðustu helgi. Húsið er sérlega glæsilegt, um 440 fermetrar að stærð og með stórkostlegu sjávarútsýni. Ekki skemmir síðan sagan fyrir því húsið var upphaflega byggt fyrir Jóhannes Kjarval. Ekki er langt síðan að minna hús með lakara sjávarútsýni seldist á 165 milljónir í næsta nágrenni og leiða fasteignasalar líkur að því að Kjarvalshúsið geti jafnvel farið á 250 milljónir.

### Dýnamískur dúett á Króknum

Sæluvikunni í Skagafirði verður lokað með dægurlagahátíð í kvöld, föstudagskvöld. Góðir gestir munu stíga á stokk og má þar nefna **Aðalheiði Ólafsdóttur**, betur þekkta sem Heiðu í Idolinu, Regína Ósk og Friðrik Ómar að ógleymdum Björgvini Halldórssyni. Heyrst hefur að Heiða muni stíga á stokk og taka dúett með skagfirska sveiflukóngnum **Geirmundi Valtýssyni** og er beðið eftir því með óþreyju á Króknum.





### Bæjarstjóri fjarverandi á afmæli Gróttu

Íþróttafélagið Grótta á Seltjarnarnesi hélt upp á fjörutíu ára afmæli sitt með hófi á föstudaginn fyrir rúmri viku. Öllum helstu fyrirmönnum í bæjarfélaginu var boðið í veisluna en eftir því var tekið að eins þeirra var saknað sárlega. Það var **Jónmundur Guðmarsson** bæjarstjóri sem tilkynnti fjarvist af óviðráðanlegum orsökum eins og það var orðað. Jómundur notaði síðan tækifærið á fundi með félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum á Nesinu og útskýrði fjarveru sína. Útskýringin er trúnaðarmál.






**GLÆSILEGT HÚS** Blönduhlíð 8 er afar fallegt hús og eitt það reisulegasta í Reykjavík.

NÝI GLITNISFORSTJÓRINN LÁRUS WELDING SEST AÐ Í BLÖNDUHLÍÐINNI

# KEYPTI SÖGUFRÆGA GLÆSIVILLU Á 120 MILLJÓNIR

**Þrátt fyrir að Lárus Welding, hinn þrítugi nýskipaði forstjóri Glitnis, hafi starfað og búið í London undanfarin ár virðist hann hafa séð fyrir sér breytingar á sínum högum. Lárus gerði sér nefnilega lítið fyrir og keypti eitt sögufrægasta hús Hlíðahverfisins á 120 milljónir seint á síðasta ári. Húsið, sem stendur við Blönduhlíð, nefnist Árskógar og var teiknað og hannað af Freymóði Jóhannessyni, skáldi og listamanni, einatt nefndum 12. september, á því herrans ári 1946. Þegar húsið var auglýst fyrir rúmu ári var sagt í auglýsingunni að það byggi yfir ákveðinni reisn og tignarleika og hefði verið gert upp á stórglæsilegan hátt.**

**Lárus og fjölskylda hans keyptu húsið af athafnakonunni Írisi Björk Jónsdóttur, sem rekur meðal annars tískuvöruverslunina GK. Íris Björk gerði húsið upp af miklum myndugleik og var hvergi til sparað eins og sést á myndunum sem fylgja greininni. Árskógar er á þremur hæðum og samtals um 280 fermetrar auk 39 fermetra bílskúrs. Lárus og eiginkona hans, Ágústa Margrét Ólafsdóttir, eiga tvær dætur og ljóst að vel mun fara um bankastjórann, konu hans og börn í húsinu.**

**Þegar Sirkus ræddi við Ágústu Margréti vildi hún ekkert láta hafa eftir sér um ástæður þess að fjölskyldan hefði komið sér fyrir í Hlíðunum af öllum stöðum.**



**FALLEGT INNAN SEM UTAN** Eins og sjá má á þessum myndum var ekkert til sparað í endurbótum innanhúss í Blönduhlíð 8.



**FORSTJÓRINN Í HLÍÐUNUM** Lárus Welding, nýskipaður forstjóri Glitnis, keypti Árskóga fyrir 120 milljónir síðasta haust.

# Miklu flottari Tekinn á Stöð 2 næsta vetur

Sjónvarpsþátturinn Tekinn með Auðunni Blöndal, sem sló í gegn á sjónvarpsstöðinni Sirkus í vetur og náði meðal annars rétt rúmlega 17% áhorfi í könnun Capacent, verður aftur á dagskrá í haust. Áreiðanlegar heimildir Sirkus herma að þátturinn verði á Stöð 2 og mun meira verði lagt í hann nú heldur en í fyrra þegar þátturinn var gerður með lágmarkstilkostnaði.

Tekinn er í anda þáttarins Punk'd með Ashton Kutcher, þar sem frægt fólk verður fyrir barðinu á hrekkjum þáttastjórnandans, og herma heimildir Sirkus að samið hafi verið við MTV, framleiðslustöð Punk'd, og Kutcher sjálfan í Frakklandi í síðasta mánuði um afnot af umgjörð þáttarins. Áhorfendur mega eiga von á mun meira fjöri, sprengingum og látum, í nýju þáttaröðinni sem telur tólf þætti og hefur sýningar í haust.

Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2,vildi ekki tjá sig um nýja þáttinn þegar Sirkus ræddi við hann en ekki náðist í þáttastjórnandann Auðunn Blöndal áður en blaðið fór í prentun.



**EFTIRMINNILEGUR BUBBI** Auðunn Blöndal stríddi Bubba Morthens á eftirminnilegan hátt í einum þátta Tekinn síðasta vetur. Bubbi brást vel við og þakkaði fyrir sig með þéttu taki um háls Auðuns.



**HREKKJALÓMUR** Auðunn Blöndal mun halda uppteknum hætti og hrekkja fræga Íslendinga sjónvarpsáhorfendum til skemmtunar.

www.volkswagen.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9090




**Nú bjóðum við á frábæru verði takmarkað magn af Golf Trendline með sjálfskiptingu og ríkulegum sportpakka.**

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa.

**Sportpakki innifalinn í verði:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# fréttir

## Heyrst hefur



### Minnir á Tom Cruise

„Ég fæ oft að heyra að ég minni á Tom Cruise“ segir Danilo Oriba, tvöfaldur heimsmeistari í flair-barmennsku, sem staddur er hér á landi í tilefni af Íslandsmóti barþjóna sem fram fer á Hótel Nordica á sunnudaginn. Danilo er frá Úrúguvæ en býr í Las Vegas. Flair snýst um að kasta flöskum og glösum á loft um leið og blandaðir eru drykkir. Iðnin sló rækilega í gegn í kjölfar kvikmyndarinnar Coktail sem skartaði Hollywood-stjörnunni Tom Cruise. „Ég sá myndina á sínum tíma og fékk þennan áhuga í kjölfarið,“ segir Danilo brosandi og bætir aðspurður við að uppáhaldsdrykkurinn hans sé Grand Marnier og tónik. Þetta er í annað skiptið sem Danilo heimsækir Ísland en hann kom einnig á Íslandsmótið í fyrra. „Ég skemmti mér mjög vel og vona að ég hafi tíma til að kíkja á næturlífið,“ segir hann og bætir við að hann muni ekki eftir haugafullum Íslendingum á lífinu.



# HASSELHOFF ER FURÐUFUGL



OLSEN-SYSTUR Enginn mátti koma nálægt heimsfrægu tvíburasystrunum og Ósk segir starfsfólk þeirra mjög erfitt viðureignar.

Ég var mjög heppin að komast að í bransanum,“ segir Ósk Pétursdóttir, sem starfar við sjónvarpsþáttagerð í London. Ósk hefur búið mestalla ævi í Bretlandi en hún flutti til Íslands til að ganga í Menntaskólann á Akureyri. Eftir stúdentinn hélt hún út aftur og settist á skólabekk í fatahönnun. „Ég vissi ekkert hvað mig langaði að verða og prófaði fatahönnunina. Ég var hins vegar ekkert voðalega góð í því og ákvað að prófa eitthvað annað. Ég hélt mig við sama skólann og endaði í námi í sjónvarpsþáttagerð,“ segir Ósk en lokaverkefnið hennar var tíu mínutna heimildamynd um söngkonuna Þórunni Antoníu sem er vinkona hennar. „Ég var að vinna hjá frekar stóru fyrirtæki með skólanum og á sama tíma og ég útskrifaðist ráku þeir stelpu og buðu mér vinnuna og þar hef ég unnið við alls kyns verkefni,“ segir Ósk en hún hefur meðal annars séð um rannsóknarvinnu fyrir spjallþætti, tekið viðtöl, búið til spurningar og tekið á móti stjörnum. Á meðal stjarna sem hún hefur hitt eru David Hasselhoff, Adam Sandler og Mary Kate og Asley Olsen. Ósk kippir sig ekki lengur upp við að hitta heimsfrægar stjörnur en segir þær misskemmtilegar. „Adam Sandler var frábær en Olsen systurnar ekki. Við fengum ekki að koma nálægt þeim og fólkið í kringum þær var mjög erfitt. Hasselhoff er mjög sérvitur og um leið og hann kom til okkar byrjaði hann að syngja I'm singing in the rain, sem var mjög fyndið,“ segir hún og bætir við að hún hafi líka unnið við tónlistarþættina Popworld sem sýndir hafi verið á Popptíví um tíma og hafi því einnig hitt margar frægar hljómsveitir og tónlistarfólk.

Ósk ólst upp í Hull þar sem faðir hennar starfrækir sjávarútvegsfyrirtæki. Hann rak um tíma tískumerkið X18 og er mikill athafnamaður. Foreldrar hennar eru nú fluttir heim aftur til Íslands en Ósk býst ekki við að vera á leiðinni heim í bráð. „Ég bý með enskum kærasta mínum sem er líka í þessum bransa en hann er framleiðandi og leikstjóri. Ég er með heimþrá en hvar við endum kemur í ljós. Draumurinn er að framleiða mína eigin þætti og ég held að það sé ekkert langt í að sá draumur rætist en það kemur í ljós. Í þessum bransa er ekki alltaf næg vinna fyrir alla og því þarf maður stundum að taka að sér óspennandi verkefni. Ég vil komast í þá stöðu að geta valið mér það sem mér finnst áhugavert,“ segir hún og bætir við að það sé margt sem heilli. „Ég var 16 ára þegar ég ákvað að flytja ein til Íslands og mamma og pabbi hafa alltaf staðið með mér í öllu sem ég hef tekið mér fyrir hendur. Pabbi og mamma eru ótrúlegir dugnaðargarpar og ég horfi upp til þeirra. Það er sama hvað ég tek mér fyrir hendur, þau eru alltaf jákvæð,“ segir hún og bætir aðspurð við að hún hafi fundið ástríðu sína í sjónvarpinu. „Ég er mjög heppin, ég elska vinnuna mína og gæti ekki hugsað mér að vinna við eitthvað annað.“

*indiana@frettabladid.is*



ÓSK PÉTURSDÓTTIR „Ég er mjög heppin, ég elska vinnuna mína og gæti ekki hugsað mér að vinna við eitthvað annað.“



FURÐUFUGL Baywatch-stjarnan er afar sérvitur að sögn Óskar en Hasselhoff söng hástöfum þegar hún hitti hann.





engin útborgun

Kostar ekkert,
þannig séð

26.855 kr.* á mánuði:
Innifalið: Afborgun af láni - Tryggingar - Bifreiðagjald 1. tímabils - Engin útborgun.

Það hefur aldrei verið þægilegra að eignast Aygo. Núna þarftu ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að keyra bílinn – við sjáum um restina.

Aygo. Engar áhyggjur.
Ofkeyrðu þig.

www.aygo.is

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 4, Kópavogur, Sími: 570-5070
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.




FLOTTUR FLOTI Eins og sjá má þessari mynd þá er bílaflotinn fyrir utan heimili Hannesar ekkert slor.

# HANNES SMÁRASON MEÐ 1900 HESTÖFL Í INNKEYRSLUNNI

Athafnamaðurinn Hannes Smárason er fagurkeri og sést það hvar sem borið er niður. Hannesi, sem er forstjóri og stærsti hluthafi í FL Group, hefur gengið allt í haginn á undanförnum misserum og því getur hann látið eftir sér hluti sem flesta dreymir um en fæstir framkvæma. Hlutur hans í FL Group er metinn á rúma 45 milljarða. Hannes á til að mynda bæði Fjölnisveg 9 og 11 og skiptist á að búa í þessum reisulegum húsum, sem eru með fegurstu íbúðarhúsum borgarinnar. Hannes hefur líka dálæti á hraðskreiðum og fallegum bílum og sjást þess glögglega merki í innkeyrslunni heima hjá honum. Þar gefur að líta fjóra flotta bíla sem allir eiga það sameiginlegt að vera bæði dýrir og afar kraftmiklir.

Fyrst ber að nefna svartan Range Rover Supercharger sem kostar nýr um 15 milljónir. Hannes er einnig með Porsche Ceyenne Turbo jeppa sem er 520 hestöfl og Porsche 911 Turbo sportbíl. Sambýliskona Hannesar, Unnur Sigurðardóttir, er síðan með gráan BMW M6 til að bregða sér bæjarleið en slíkur bíll kostar nýr á bilinu 16 til 18 milljónir.

Þess fyrir utan á Hannes sjö ára gamlan Toyota Landcruiser 100 sem stóð fyrir utan Hótel Loftleiðir nú í vikunni og beið eftir því að eigandi sinn kæmi úr túr með Lárusi Welding, nýjum forstjóra Glitnis, og fleiri starfsmönnum bankans.



FAGURKERI Hannes Smárason er mikið fyrir fallega hluti og gildir þá einu hvort um er að ræða hús eða bíla.



Hannaðu þinn eigin sófa
Láttu drauminn rætast og hannaðu sófann sem þig hefur lengi dreymt um. Möguleikarnir eru nánast óendanlegir.
Þú velur form / stærð / áklæði / leður
1 sæti
2 sæti
2,5 sæti
3 sæti
Skemill
Horn 45°
Horn 90°
Horn maxi
Horn vinstra multi
Horn hægra multi
Tunga vinstri
Tunga hægri
Sæti vinstra
Sæti hægra
2 sæta horn
Þú velur arma
Brazil
Cajun
Jamaica
Kave
Kenya
Minas
Robusta
Þú velur auka púða
Þú velur fætur
Cylinder
Tapered mjó
Tapered breið
Bow
Málmur
Verðdæmi
2,5 sæti, 2 Cajun armar, 4 Tapered fætur frá kr. 81.620
Skemill, 4 Tapered fætur frá kr. 25.820
LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is



BENNI HINN „Ég keypti þessi ljósu jakkaföt í Herragarðinum og mætti einu sinni í þeim í útsendingu. Gaupi íþróttafréttamaður hefur ekki kallað mig annað en Benna Hinn síðan.“






ALÞJÓÐLEGT DRESS „Ég keypti jakkann og trefilinn í Kaupmannahöfn fyrir stuttu en þessar flíkur eru það nýjasta í fataskápnum. Gallabuxurnar keypti ég í Stokkhólmi svo þetta er alþjóðlegt dress.“

SÖLVI TRYGGVASON Í ÍSLANDI Í DAG ER ALLTAF FLOTTUR Í TAUINU ÞEGAR HANN BIRTIST Á SKJÁNUM. SIRKUS FÉKK AÐ SKOÐA UPPÁHALDSFÖTIN HANS SÖLVA.

# FÍLA MIG Í JAKKAFÖTUM



ELSTA FLÍKIN „Ég keypti þennan gráa jakkafatajakka á útimarkaði í París fyrir átta árum. Þetta er langelsta flíkin sem ég nota ennþá og var því peninganna virði. Ég held ég hafi borgað þúsund krónur fyrir jakkann.“

Ég hef gaman af fötum enda verð ég að hafa það í þessari vinnu,“ segir Sölvi Tryggvason, einn af stjórnendum Íslands í dag. Sölvi segir áhugann á tísku hafa vaknað á menntaskólaárunum. „Ég var enginn fatamaður lengi af en svo datt ég inn í vinahóp í menntaskólanum þar sem myndaðist sérstök stemming. Sérstaklega þegar við vorum að fara eitthvað að skemmta okkur. Þá vorum við jafnvel í útvíðum fötum og öðru sem ég myndi aldrei klæðast í dag,“ segir Sölvi brosandi og bætir við að hann sé ekki að elta tískustrauma í blindni. „Ég kaupi bara það sem mér finnst flott og fer mér vel, sama hvort það sé í tísku eða ekki.“ Sölvi kaupir aðallega föt fyrir vinnuna í útlöndum en hversdagsfötin hér heima. „Mér finnst skemmtilegra að versla í útlöndum og þá kaupi ég mikið í einu en svo kannski ekkert í marga mánuði á eftir. Skemmtilegast finnst mér að versla í New York og París og ég hef líka gaman af því að komast á útimarkaði.“ Vegna starfsins þarf Sölvi að klæðast jakkafötum, sem hann segir lítið mál. „Ég fíla mig í jakkafötum svo það þarf ekkert að troða mér í þau. Svo hef ég líka gaman af bindum, ólíkt öðrum í Íslandi í dag eða Kastljósi. Ég held ég sé eini maðurinn í þessum þáttum sem notar bindi,“ segir hann hlæjandi og bætir við að hann sé á leiðinni til New York í næsta mánuði. „Síðasta árið hef ég aðallega verið að kaupa mér jakkaföt og bleiserjakka en konan mín vill að ég verði töffaralegri í klæðnaði og hún er eini stílistinn sem ég hlusta á. Ég ætla því að kaupa mér fleiri hversdagsföt þegar við förum til New York.“

*indiana@frettabladid.is*



JAKKRÍSBINDI „Þessi jakkaföt nota ég bæði í útsendingu og þegar ég vil vera sæmilega fínn. Bindið er nýstárlegt, hálfgert jakkrísbindi. Ég keypti það í Kaupmannahöfn.“

# VIÐ EIGUM OKKUR DRAUM.

# DRAUM ÞAR SEM ALLIR BORÐA TÓPAS Í SÁTT OG SAMLYNDI ÓHÁÐ ÞVÍ HVORT TÓPASINN SÉ FJÓLUBLÁR EÐA GRÆNN!

TÓPAS TIL FÓLKSINS




Tópas FRELSISRÁÐIÐ

viðtal



GÁTU EKKI VERIÐ AÐSKILIN Lucia flutti frá Gvatemala til Íslands til að vera nær ástinni í lífi sínu. Hún kynntist Birni Orra í Gvatemala fyrir rúmum fjórum árum. SIRKUSMYND/VALLI



LUCIA UM JÓNÍNU BJARTMARZ

**„Hún er góð tengdamóðir. Hún er mjög upptekin kona en samt góð móðir. Hún hefur reynst mér frábærlega og sýnt mér mikinn stuðning. Hún hefur verið mér sem móðir og móðurímynd og ég hef algjörlega verið tekin inn í fjölskylduna,“ segir Lucia Celeste Molina Sierra um móður unnusta síns, Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra.**

LUCIA CELESTE MOLINA SIERRA ER UNNUSTA SONAR JÓNÍNU BJARTMARZ UMHVERFISRÁÐHERRA:

# HAMBORGARHRYGGUR OG BRÚNAÐAR KARTÖFLUR Í UPPÁHALDI

Þegar ég sótti um ríkisborgararéttinn gerði ég mér ekki miklar vonir en óskaði eftir því að Alþingi legði mat á aðstæður mínar. Ég var mjög heppin og ég veit að ég get orðið góður íslenskur ríkisborgari því ég er menntuð og dugleg. Ég er mjög glöð yfir því að hafa fengið ríkisborgararéttinn, glöð yfir því að vera orðin Íslendingur,“ segir Lucia Celeste Molina Sierra, unnusta sonar Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra sem fékk íslenskan ríkisborgararétt 16. mars síðastliðinn frá Allsherjarnefnd.

## Veit sannleikann

Mikið hefur verið rætt og ritað um þessa veitingu í fjölmiðlum og sýnist sitt hverjum. Því er haldið fram að Jónína hafi sjálf í krafti valds síns þrýst á að tengdadóttir hennar nyti sérstakra forréttinda en nefndarmenn hafa harðneitað því og það sama gerir Lucia.

„Það er ekki rétt og ég veit sannleikann. Ég hafði tækifæri til að sækja um ríkisborgararétt og gerði það. Ég fékk hann og er afskaplega glöð og þakklát því hann hjálpar mér mikið í framhaldinu,“ segir Lucia og þvertekur fyrir að það hafi hjálpað henni að vera unnusta sonar umhverfisráðherra. Jónína hafi þvert á móti gætt þess að engin merki um tengsl kæmu fram.

„Það var ekkert sem tengdi hana við málið. Bjartmarz-nafnið kom hvergi fyrir. Eina stofnunin sem vissi af tengslunum var Útlendingastofnun enda var hún umboðsmaður minn í samskiptum við þegar ég fékk atvinnuleyfi þegar ég kom hingað til Íslands fyrst.“

## Urðu bara ástfangin

Það er langur vegur frá Gvatemala til Reykjavíkur og því nærtækast að spyrja Luciu hvernig hún endaði hér?

„Ég kynntist Birni snemma árs 2003 þegar hann dvaldi sem skiptinemi hjá fjölskyldu vinkona minnar í Gvatemalaborg í eitt ár. Ég held að það hafi ekki verið ást við fyrstu sýn. Ég var hins vegar afar forvitin um allt sem varðaði Evrópu. Ég var fimmtán ár í frönskum einkaskóla og þótti merkilegt að hann væri frá Íslandi. Ég vildi vita allt um hann og landið hans og síðan urðum við bara ástfangin,“ segir Lucia og lygnir aftur augunum.

Þau héldu sambandinu eftir að Birnir fór heim til Íslands, bæði í gegn Skype-símakerfið á netinu sem Lucia segir hafi verið bjargvættur. „Við vorum líka dugleg að koma í heimsókn hvort til annars. Það er hins vegar afar langt ferðalag frá Gvatemala til Íslands og haustið 2005 hafði ég fengið nóg af tveggja daga ferðalögum. Ég ákvað því að flytja til Íslands og kom til landsins 27. október og fór beint í faðm Birnis,“ segir Lucia.



**Gvatemala**

**Staðsetning:** Í Mið-Ameríku með landamæri að Mexíkó, Hondúras, El Salvador og Belís.

**Höfuðborg:** Gvatemalaborg

**Íbúafjöldi:** 12,8 milljónir

**Tungumál:** Spænska

**Sjálfstæði:** 15. september 1821 frá Spáni

**Stærð:** 108 þúsund ferkílómetrar

## Erfið ákvörðun

Þegar Lucia yfirgaf Gvatemala í október 2005 og flutti til landsins varð hún að sleppa hendinni af þeim tveimur árum sem hún hafði lokið í lögfræði. Það er ekki margt líkt með Íslandi og Gvatemala og því liggur beinast við að spyrja hvort það hafi verið erfið ákvörðun að flytja til Íslands?

„Já, það var erfið ákvörðun. Ég vissi að ég myndi sakna fjölskyldunnar minnar mikið auk þess sem ég er elst þriggja systkina, á 18 ára systur og 15 ára bróður, og fann því til ábyrgðar gagnvart þeim. Ég var líka að læra lögfræði. Það var erfitt að hætta því námi eftir tvö ár.

Ég vildi hins vegar ekki vera langt frá Birni og mér leist vel á Ísland. Ég vissi að ég myndi geta átt betri framtíð hér,“ segir Lucia og bætir við að til að mynda sé allt annað viðhorf á Íslandi en í Gvatemala.

„Gvatemala er mjög stéttaskipt. Ég var svo heppin að ég bjó í einu af betri hverfum Gvatemalaborgar en það er hins vegar erfitt að vera kona í gamla landinu mínu. Það er mikil kynjamiskipting þar. Það er varla hægt að sjá fyrir sér bjarta framtíð þar. Hugsunarhátturinn er gamaldags, konurnar eiga að sjá um heimilið og karlmennirnir eiga að vinna. Það er mikið ofbeldi gagnvart konum. Það er kannski ekki samþykkt sem slíkt en það er sjaldan refsað fyrir það. Við höfum barist fyrir okkar réttindum en það eru enn takmarkarnir í menningunni sem við erum berjast við.“

## Þjónn og nemandi í íslensku

Lucia hefur lagt mikla áherslu að læra íslenskuna hratt og vel og í viðtalinu svarar hún alltaf á íslensku.

„Foreldrar mínir lögðu mikla áherslu á að ég gengi menntaveginn og því ber ég mikla virðingu fyrir námi. Þau hugsuðu fram í tímann og fyrir það er ég afar þakklát,“ segir Lucia. Hún fór strax í íslenskunám og hefur náð undraverðum tökum á málinu á þeim fimmtán mánuðum sem hún hefur dvalið hér. „Ég byrjaði á því að vinna á bar en er núna þjónn á Lækjarbrekku,“ segir Lucia, sem stefnir að því að fara til Bretlands í nám nú strax í haust ásamt unnustanum Birni Orra.

„Við vorum að hugsa um að fara til Frakklands en það hefði verið of dýrt fyrir okkur að lifa þar. Því förum við til Bretlands. Ég ætla að byrja upp á nýtt í lögfræðinni og Birnir fer í heimspeki og stjórnmálafræði,“ segir Lucia.

Lucia og Birnir Orri eru bæði 21 árs gömul en hjónaband og barneignir eru ekki á döfinni hjá þeim á næstunni. „Þetta er auðvitað eitthvað sem við hugsum um og viljum gera í framtíðinni en eins og staðan er í dag þá viljum við einbeita okkur að náminu og klára það til að skapa okkur góða framtíð. Það er mjög mikilvægt og gagnast börnunum síðar meir. Eftir háskólanámið vil ég koma hingað heim og klára íslenskunámið,“ segir Lucia.

## Skrýtið veður

Eins og áður sagði er Lucia orðinn Íslendingur og því er ekki úr vegi að spyrja hana hvort henni líði eins og Íslendingi?

„Ég verð að vera hreinskilin. Ég er auðvitað mjög ánægð með að tilheyra þessu samfélagi af því að þetta er góð þjóð. Ég vil líka vera hluti af lífi Birnis, öllu hans lífi, en þrátt fyrir það ætla ég ekki að gleyma fortíð minni og menningu. Mér finnst ég þurfa að búa hérna lengur til að geta fangað hinn eina sanna íslenska anda,“ segir Lucia og bætir við það sé svo margt við Ísland sem hún elski.

„Það er engin mengun. Ég elska það. Þetta er afar fallegt land og mér finnst frábært að hafa fengið tækifæri til að læra þessa erfiða en yndislega mál sem íslenskan er. Uppáhaldsmaturinn minn er hamborgarhryggur og brúnaðar kartöflur og síðan borða ég mikinn fisk, sérstaklega ýsu,“ segir Lucia en viðurkennir að hún sakni veðursins og fjölskyldunnar frá Gvatemala. „Veðrið er skrýtið hérna,“ segir hún og hlær.

oskar@frettabladid.is

„ÉG VAR MJÖG HEPPINN OG ÉG VEIT AÐ ÉG GET ORÐIÐ GÓÐUR ÍSLENSKUR RÍKISBORGARARI ÞVÍ ÉG ER MENNTUÐ OG DUGLEG.“

Snögg og góð þjónusta
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs
Allar almennar bílaviðgerðir


Gylfaflöt 24-30 | 112 Reykjavík | Sími 5774477 | Fax 5774478 Þjónustuaðili CHEVROLET SSANGYONG MUSSO DAEWOO

# kópavogur

FÖSTUDAGUR 4. MAÍ 2007

## Íþróttamannvirki við Vatnsenda

**KSÍ byggir íþróttahöll í samstarfi við Kópavogsbæ** BLS. 14





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# 66° Norður og Warehouse í Smáralindinni



66° Norður opnaði á dögunum 130 fermetra verslun í Smáralindinni. Þar með eru verslanir 66° Norður orðnar sjö talsins; sex á höfuðborgarsvæðinu og ein á Akureyri. Úrvalið í þessari nýju verslun er sérstaklega stílað inn á fjölskyldufólk þar sem mikið úrval er af útivistarfatnaði í versluninni bæði fyrir börn og fullorðna. Verslunin er við innganginn hjá Nóatúni.

Warehouse opnaði einnig nýverið nýja verslun í Smáralindinni, en vörur frá Warehouse fást einnig í Debenhams, auk þess sem Warehouse-verslun er í Kringlunni. Warehouse selur tískufatnað fyrir konur.

**66° Norður hefur opnað nýja verslun í Smáralindinni.**



Jón Júlíusson, íþróttafulltrúi Kópavogs, segir bæjarfélagið vel undirbúið fyrir Landsmót UMFÍ í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Leikfélag Kópavogs fær nýtt húsnæði

Leikfélag Kópavogs hefur á undanförnum árum verið eitt öflugasta áhugaleikfélag landsins. Þar hefur margur leikarinn stigið sín fyrstu skref á sviði, enda hefur starfið verið öflugt og margar sýningar vel heppnaðar.

Í vikunni fór fram síðasta sýning leikfélagsins í gamla húsnæðinu. Að henni lokinni fóru meðlimir að taka niður kastara og tjöld og koma fyrir í gámi. „Við erum búin að vera hér í 20 ár svo auðvitað verður söknuður að húsinu,“ segir Gísli Björn Heimisson, formaður Leikfélags Kópavogs. „En leikfélagið er 50 ára í ár og því við hæfi að fá nýtt húsnæði í afmælisgjöf.“



**Leikfélag Kópavogs fagnar 50 ára leikafmæli á árinu. Myndin er úr einni af síðustu sýningum leikfélagsins í gamla húsnæðinu, Allt og ekkert.**

Leikfélagið er búið að skrifa undir samning um kaup á nýju húsnæði en það er Kópavogsbær sem gerir leikfélaginu kleift að ráðast í svo stórar aðgerðir. „Bærinn hefur alltaf staðið við bakið á okkur og hann virðist ekki ætla að bregðast okkur nú,“ segir Gísli. „Það er reyndar ekki alveg komið á hreint hvernig þeir hjálpa okkur en það skýrist á bæjarráðsfundi í dag.“ *-tg*

# Undirbúningur Landsmóts í fullum gangi

**Landsmót UMFÍ verður haldið í Kópavogi dagana 5.-8. júlí í sumar. Jón Júlíusson, íþróttafulltrúi Kópavogs, segir alla aðstöðu verða til fyrirmyndar þegar mótið hefjist.**

Þetta er í fyrsta sinn sem Landsmótið er haldið í Kópavogi og segir Jón alla aðstöðu vera fyrir hendi til að halda mótið. „Samt sem áður er verið að bæta aðstöðuna í bænum en til dæmis er verið að byggja nýja stúku við aðalleikvanginn. Hún verður tekin í notkun rétt fyrir Landsmót,“ segir Jón og bætir því að undir stúkunni verði fjórir nútímalegir búningsklefar með pottum og fleiru. „Húsið verður á þremur hæðum og sú efsta verður fyrir heiðursfólk.”

„Það verður keppt um allan bæinn þó aðallega fari keppnin fram í Kópavogsdalnum, Smáranum og Smáralindinni en þar fara fram nokkrar greinar,“ segir Jón og nefnir starfsgreinar eins og að leggja á borð og pönnukökubakstur en einnig verður keppt í dansi í Smáralindinni.

Oft gjörbreyta Landsmótin allri aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélögunum þar sem þau eru haldin en Jón segir það ekki vera raunin í Kópavogi. „Það má segja að við hefðum getað tekið Landsmótið nokkurn veginn án þess að leggja í neinn kostnað. Það var hins vegar komið að því að byggja nýja stúku við fótbolta- og frjálsíþróttavöllinn, svo þetta var fínt tækifæri til þess. Að öðru leyti reynum við að standsetja mannvirkin þannig að þau geti tekið við þeirri keppni sem þeim er ætlað.“

Á Landsmótinu verður keppt í 25 greinum en auk þess verður keppt í óhefðbundnum greinum. „Í ár verður keppt í sparkvallafótbolta í fyrsta sinn en þar verður gestum boðið að taka þátt í móti á sparkvöllum bæjarins. Þar er öllum heimilt að skrá sig í keppnina sem verður með bikarkeppnisfyrirkomulagi. Sá sem vinnur á einum sparkvelli keppir við sigurvegarann á þeim næsta og þannig koll af kolli þar til eitt lið stendur uppi sem sigurvegari,“ segir Jón og nefnir einnig almenningshlaup og golfkeppni fyrir almenning sem verður utan venjulegu keppninnar.

„Það er allt í fullum undirbúningi og hjólin snúast hratt því það er alltaf eitthvað sem þarf að huga að. Annars held ég að við séum frekar snemma í því að gera alla aðstöðu tilbúna og stefnum að því að geta sett Landsmótið þann 5. júlí með alla keppnisaðstöðu til fyrirmyndar.“

*sigridurh@frettabladid.is*

**Náðu forskoti með okkur í sumar!**

**“Ég sexfaldaði lestrarhraða minn á 3 vikum! Frábært!”**
Guðjón Bergmann, 34 ára rithöfundur, fyrirlesari og jógakennari.

**“Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum.”**
Jökull Torfason, 15 ára nemi.

**“Þetta mun nýtast mér alla ævi.”**
Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

**“Snilldarnámskeið..kom skemmtilega á óvart hversu miklum hraða ég náði.”**
Guðbjörg Jónsdóttir, 40 ára Framhaldsskólakennari.

**“...á eftir að spara mér hellings tíma af námsbókalestri.”**
Ragna Björk Ólafsdóttir, 17 ára nemi og golfari.

**“Loksins sé ég fram á það að geta klárað lesbækur fyrir próf”**
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans er hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

HRAÐLESTRARSKÓLINN

# kópavogsdagar

## 5.–11. maí 2007

## menningardagar barna og unglinga

### Setningarhátíð í Smáralind laugardaginn 5. maí kl. 14

**Gunnar I. Birgisson**, bæjarstjóri Kópavogs, flytur ávarp.
Opnun ljósmyndasýningarinnar ***Frá háaloftinu*** með ljósmyndum af börnum frá 1950-1970 í eigu Héraðsskjalasafns Kópavogs • **Skólahljómsveit Kópavogs** • **Skólakór Snælandsskóla** • Upplestur á frumsömdum ljóðum á albönsku og íslensku • Sigurvegari söngkeppni félagsmiðstöðva ÍTK • Gítarhópur frá tónlistarskólanum Tónsölum • **Tælenskur dans** • Eldhugar, kynning á fjölmenningarverkefni á vegum Kópavogsdeildar Rauða krossins.

**Gerðarsafn** kl. 15. Opnun sýningar á barnamyndum eftir **Barböru** og **Magnús Á. Árnason** í eigu safnsins og glergluggum **Gerðar Helgadóttur** úr Melanchton kirkjunni í Þýskalandi sem Gerðarsafn hefur nýlega eignast. Enginn aðgangseyrir.

**Salurinn** kl. 16 og 20. Tíbrá - Hér á ég heima. Vortónleikar **skólakórs Kársness** undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Sérstakur gestur tónleikanna er **Emiliana Torrini**, fyrrverandi kórfélagi.



**kynnið ykkur dagskrána nánar á kopavogur.is**

Leiksýningar, myndlistarsýningar, tónleikar, fræðsluerindi, sögustundir og margt fleira.

PIPAR • SÍA • 70807


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN
G.T. ÓSKARSSON
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania

Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is



Össur Geirsson fékk þrjú tónskáld til að semja verk fyrir Skólahljómsveit Kópavogs í tilefni 40 ára afmælis sveitarinnar. Ekkert tónskáldanna hafði áður samið fyrir lúðrasveit.

MYND/VILHELM

# Níu ára tónskáld á 40 ára afmælistónleikum

**Skólahljómsveit Kópavogs er 40 ára í ár. Í tilefni afmælisins hefur meðal annars verið gefinn út geisladiskur og farið verður til útlanda bæði með eldri og yngri sveitir.**

Skólahljómsveit Kópavogs er í augum margra ómissandi hluti af bæjarlífinu í Kópavogi. Í ár á hljómsveitin stórafmæli en fyrstu tónleika sína hélt hún fyrir 40 árum. „Sveitin var reyndar stofnuð 1966 en við miðum afmælisdaginn við fyrstu tónleika sveitarinnar, sem haldnir voru 22. febrúar árið 1967,“ segir Össur Geirsson, stjórnandi skólahljómsveitarinnar til fjölda ára.

Mikið verður um dýrðir á afmælisárinu. Búið er að halda stóra afmælistónleika í Háskólabíó þar sem meðal annars voru flutt þrjú verk sem samin voru sérstaklega fyrir hljómsveitina á afmælisárinu. „Við fengum þrjá unga tónsmiði úr Kópavoginum til að semja tónverk fyrir okkur. Tvo sem eru tiltölulega nýútskrifaðir úr tónsmíðanámi og svo einn sem er nýhættur í hljómsveitinni hjá okkur,“ segir Össur. „Ekkert þessara tónskálda hafði samið fyrir lúðrasveit áður enda vildum við fá nýjan vinkil inn í myndina. Það gekk algjörlega upp og við erum mjög ánægð með útkomuna.“

Auk laganna þriggja var eitt nýtt verk á efnisskránni, verk sem er útkoma samvinnu tveggja kynslóða Kópavogsbúa. „Ég útsetti lag sem einn meðlimur sveitarinnar samdi fyrir tónskáldakeppni sem við héldum. Hún sigraði í sínum flokki en hún var níu ára þegar hún samdi lagið.“

Fyrir afmælistónleikana var tekinn upp geisladiskur með sveitinni. „Þetta eru ýmiss lög af efnisskrá okkar, bæði erlend og innlend lög,“ segir Össur. „Við fengum fagmenn í lið með okkur og nú er kominn út eins konar afmælisdiskur.“

Skólahljómsveitin hefur það að reglu að fara til útlanda annað hvert ár með elstu nemendurna. „Þetta eru skemmti- og tónlistarferðir en við leggjum mikið upp úr því að spila fyrir þá sem við heimsækjum og fara á tónleika þegar við getum,“ segir Össur. „Við leggjum líka mikla áherslu á forvarnargildi og félagslega þáttinn og því eru ferðirnar vímuefnalausar bæði fyrir krakkana og alla sem ferðast með hópnum.“

Í ár fer elsta sveitin til Austurríkis, Ítalíu og Króatíu. Í tilefni afmælisársins fer einnig miðsveitin, sem skipuð er yngri krökkum, til útlanda. „Við förum til Svíþjóðar í viku þar sem við tökum þátt í alþjóðlegri tónlistarkeppni í Gautaborg,“ segir Össur. „Kór Snælandsskóla fer með okkur og við munum spila og syngja saman.“

Lúðrasveit er góður skóli að mati Össurar og þar læra krakkarnir gildi hópvinnu og að beita sig aga. „Þau upplifa sig sem hlut af hóp þar sem allir þurfa að skila sínu og allir eru mikilvægir. Krakkarnir bera líka ábyrgð á að þau æfi sig heima svo þau skili sínu fyrir hópinn og það kallar á heilmikinn sjálfsaga,“ segir Össur. „Svo er það auðvitað félagslegi þátturinn og forvarnargildið sem ég nefndi áðan sem eru gríðarlega mikilvægir þættir í starfi okkar.“

*tryggvi@frettabladid.is*


Salurinn


LAUGARDAGUR 5. MAÍ KL. 16 KÓPAVOGSDAGAR 2007
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR – ÖRFÁ SÆTI LAUS!
EMILIANA TORRINI OG SKÓLAKÓR KÁRSNESS
Miðaverð 2000/1600 kr.


LAUGARDAGUR 5. MAÍ KL. 20 KÓPAVOGSDAGAR 2007
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR – AUKATÓNLEIKAR!
EMILIANA TORRINI OG SKÓLAKÓR KÁRSNESS
Miðaverð 2000/1600 kr.


SUNNUDAGUR 6. MAÍ KL. 20 KÓPAVOGSDAGAR 2007
TÍBRÁ: DJASSTÓNLEIKAR
JÓN PÁLL BJARNASON, gítar
REYNIR SIGURÐSSON, víbrafónn
GUNNAR HRAFNSSON, bassi
Miðaverð 2000/1600 kr.


FÖSTUDAGUR 11. MAÍ KL. 20 KÓPAVOGSDAGAR 2007
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR – UPPSELT!
VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON
Miðaverð 2000/1600 kr.

MIÐASALA HAFIN · HRINGDU NÚNA · SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS



Hljómsveitin fer reglulega til útlanda. Hér leiðir sveitin skrúðgöngu í Eurodisney.






**FOSS**

Vatnið býður upp á róandi sjónrænan þátt. Bættu við hljóðinu af vatni sem flæðir blíðlega úr fossinum. Þegar dimmir er hægt að njóta litaðra ljósa sem dansa í vatninu.



**NUDDKERFI**

Einstök meðferðarnuddstöð fyrir háls, axlir og bak. Kraftmikið og áhrifaríkt djúpvefjanudd. Auðvelt að stilla nuddkraftinn.



**LÓFANUDD**

Þegar búið er að færa sig á milli allra nuddstöðva í pottinum er líkaminn endurnærður. Meira að segja lófar og úlnliðir eru ekki undanskildir.

Nýjasta línan af Sundance Spas heilsunuddpottum er komin í hús - komdu og kynntu þér málið.

Sundance heilsunuddpottarnir stuðla að náttúrulegri slökun til að hjálpa þér að öðlast góðan nætursvefn.

www.sundancespas.com

**Hannaðu heimilið með Tengi**

**Opið:**

Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

TENGI

Smiðjuvegur 76 Kópavogur Sími 414 1000 tengi.is
Baldursnes 6 Akureyri Sími 414 1050

H:N markaðssamskipti / SÍA



Smári Smárason, skipulagsstjóri hjá Kópavogsbæ, segir framkvæmdum vinda vel áfram. Teikningar af flestum einbýlishúsum og parhúsum hafi verið lagðar inn til byggingarfulltrúa og lóðarhafar þegar farnir að slá grunnum upp og byggingarkranar komnir á svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hörðum höndum er nú unnið að byggingaframkvæmdum á Kópavogstúni en stefnt er að ljúka þeim á næstu tveimur árum.

# Blönduð íbúðarbyggð reist á Kópavogstúni

Talsverðar breytingar standa nú yfir á Kópavogstúni, þar sem ráðgert er að rísi íbúðarbyggð fyrir um 700 íbúa.

„Byggingaframkvæmdir á Kópavogstúni hófust fyrir jól, þegar byrjað var á gatnagerð og undirbúningur hafinn að fyrirhugaðri íbúðarbyggð,“ segir Smári Smárason, skipulagsstjóri hjá Kópavogsbæ.

Teikningar af flestum einbýlishúsum og parhúsum hafa verið lagðar inn til byggingarfulltrúa og lóðarhafar þegar farnir að slá grunnum upp og byggingarkranar komnir á svæðið.

Reikna má með að byggingaframkvæmdum verði að fullu lokið á næstu tveimur árum, en deiliskipulagsvinnu lauk árið 2005.

Gert er ráð fyrir um 210 íbúðum á svæðinu fyrir fjórbýli og sérbýli ásamt 70 þjónustuíbúðum sem verða tengdar starfsemi Sunnuhlíðarsamtakana. Áætlaður íbúafjöldi miðað við þrjá íbúa í íbúð og 1,5 íbúa í þjónustuíbúð er samtals um 700 íbúar. Nýtingarhlutfall, eða byggingarstærð í fermetrum á móti heildarflatarmáli lóðar fyrir einstaka reiti, er ráðgert á bilinu 0,35 til 0,38 fyrir einbýlishús, 0,46 fyrir parhús og 0,56 fyrir fjölbýlishús.

Gert er ráð fyrir 13 einbýlishúsum, 20 íbúðum í parhúsum, 12 íbúðum í fjórbýlishúsum og 152 íbúðum í fjölbýlishúsum.

Að sögn Smára hóf Kópavogsbær umræður við ríkið um kaup á landi á Kópavogstúni árið 2002. „Upphaflega stóð til að byggja á 13,6 hekturum að flatarmáli. Ríkið dró síðan til baka 4,3 hektara þannig að svæðið kemur til með að verða 9,3 hektarar að flatarmáli. Þegar á hólminn var komið reyndist ríkið ekki tilbúið að flytja starfsemi sína á tilsettum tíma frá stofnunum á svæðinu og öðrum byggingum sem eru á ríkislandi.

Ég er þó ekki í neinum vafa um að Kópavogsbær fái hektarana 4,3 þegar fram líða stundir. Þetta verður án efa mjög skemmtilegt hverfi.“

roald@frettabladid.is

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.
HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI
**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.

- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager
MANITOU
PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is

# HK í mikilli sókn

HK hefur verið í mikilli sókn í handboltanum í vetur, jafnt í kvenna- sem karlaflokkum. Karlaliðið hafnaði í öðru sæti í DHL-deildinni í vetur og kvennaliðið er að rísa upp aftur eftir nokkurt hlé.

Alexander Arnarsson, fyrrverandi leikmaður HK, hefur nýverið tekið við formennsku handknattleiksdeildarinnar og segir góðan gang hafa verið í handboltanum undanfarin ár þó að árangurinn hafi látið á sér standa. „Árangurinn í vetur hefur verið mjög góður og ekki enn útséð um það hvort við náum bikar,“ segir Alexander og vísar þar til úrslitarimmu HK gegn Stjörnunni í deildarbikarkeppninni.

„Það hefur verið mjög gott unglingastarf hjá okkur undanfarin ár og nú er kvennaboltinn í mikilli sókn. Það kom nokkuð myndarlegt gat í starfsemi kvennaboltans en það var síðan tekið í gegn og ráðnir mjög góðir þjálfarar, systurnar Díana og Hafdís Guðjónsdætur,“ segir Alexander og bætir því við að þær eigi stóran þátt í velgengni og uppgangi kvennahandboltans hjá félaginu.

Alexander segir velgengni HK vera fyrst og fremst góðri stjórnun að þakka, hæfum þjálfurum og fleiru. „Margir góðir hafa verið fengnir til liðs við okkur en þetta er góð blanda af reyndum mönnum og yngri strákum,“ segir hann.

„Við erum stórhuga og viljum taka þátt í að efla handboltann á landsvísu og lyfta þessu aðeins upp aftur. Við erum með traust félag og traust bæjarfélag á bak við okkur sem skapar okkur aðstöðu. Svo eru stórir hlutir fram undan eins og Evrópukeppnin sem fer af stað í haust. Við erum bjartsýnir og viljum fyrst og fremst hafa gaman af þessu,“ segir nýi formaðurinn, Alexander. -sig



Það eru stórir hlutir fram undan hjá handknattleiksdeild HK en karlaliðið leikur nú í úrslitum deildarbikarsins við Stjörnuna. Í haust tekur svo Evrópukeppnin við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hilludagar

# 20 - 40% AFSLÁTTUR













Á Hilludögum færðu lagervagna og brettatrillur í miklu úrvali. Fáðu netta og fyrirferðalitla lagervagna og brettatrillur sem henta vel jafnt á lagerinn sem og í verslunum.

Hjá okkur færðu Mezzaine gólf með mikla burðargetu, P90 lagerkerfi og fjölda annarra hillukerfa fyrir lagerinn og skrifstofuhúsnæðið.







PIPAR / SÍA

**Nú er tilvalið að koma geymslunni eða bílskúrnum í röð og reglu!**

Hringdu og pantaðu fría úttekt á lagerrýminu í síma **511 1100**.

RÝMI

Háteigsvegur 7 · Reykjavík · Furuvellir 13 · Akureyri · www.rymi.is






Hann er greinilega spenntur að komast í rennibrautina þessi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Draumaveröld barnanna

Um fimm hundruð til sjö hundruð börn koma vikulega í Veröldina okkar í Smáralind. Veröldin okkar er barnaskemmtistaður þar sem börnin geta átt ánægjulega stund meðan foreldrarnir þeysast á milli verslana. Staðurinn var stofnaður í október árið 2001 af systrunum Ernu og Kristínu Reynisdætrum en hefur síðastliðið ár verið í eigu Smáralindar. Á 480 fermetrum á þriðju hæð Smáralindar geta börnin rennt sér í rennibrautum, hoppað og klifrað en svo er einnig hægt að taka því rólega í hvíldarherbergi. Stórt leiktæki með þrefaldri rennibraut er sívinsælt og í miðjum staðnum er svæði þar sem mikið er að gerast. Þar eru klifurveggur, klifurnet, boltar og trampólín svo fátt eitt sé nefnt.

Veröldin okkar er vinsæll staður til afmælishalds en að meðaltali eru haldin fjörutíu afmæli þar á mánuði, flest um helgar. Nokkur herbergi eru sérútbúin til afmælishalds og kjörið að koma með börnin í þessa ævintýraveröld og losna við umstangið sem fylgir því að halda afmæli í heimahúsi.



Láttu mig fá boltann, gæti litli guttinn verið að segja við þann eldri.



Börn allt frá tveggja ára aldri geta komið í Veröldina okkar.

# Núna vilja krakkarnir læra stærðfræði

Digranesskóli keppir fyrir hönd íslands í norrænni stærðfræðikeppni níundubekkinga sem fer fram í Gautaborg í lok maí.

„Norðmenn byrjuðu með þessa keppni árið 1998 og buðu síðan öðrum Norðurlandaþjóðum að taka þátt árið 2001. Íslendingar voru þeir einu sem tóku þátt ásamt Norðmönnum í fyrstu en nú eru allar Norðurlandaþjóðirnar með,“ segir Þórður Guðmundsson, stærðfræðikennari í Digranesskóla.

Í fyrstu undanúrslitunum tóku 25 bekkir þátt á Íslandi. Þáttaka hefur farið vaxandi og í síðustu undanúrslitum mættu til leiks 68 íslenskir níundu bekkir þar sem Digranesskóli fór með sigur af hólmi.

Skólinn hefur tvívegis farið með sigur af hólmi í undanúrslitum og í öll hin skiptin komist í úrslit. Í sjálfri aðalkeppninni hefur Digranesskóli einu sinni lent í öðru sæti en í ár er stefnan tekin á sigur.

Að sögn Þórðar er keppt í tveimur lotum á Íslandi. Fyrst í janúar og síðan í nóvember. Bekkurinn keppir í heild sinni og þemað í ár var stærðfræði og byggingar.

„Við fáum að mestu leyti frjálsar hendur varðandi þema verkefnanna. Mestu máli skiptir að stærðfræðin sé gerð sýnileg,“ segir Þórður.

Í ár fékkst bekkurinn meðal annars við útreikninga á tveimur íþróttahúsum. Annað húsið var hálfkúlulaga og hitt kassalaga. Krakkarnir reiknuðu meðal annars muninn á steypumagni og yfirborðsflatarmáli og könnuðu hve mörg tré þurfti í parkettið.

„Krakkarnir fengu aðstoð skógfræðinga frá Mógilsá við útreikningana. Niðurstaðan var að rúmlega hundrað eikartré, sem eru orðin 80 ára gömul og 23 metra há þyrfti til að parkettleggja annað íþróttahúsið,“ segir Þórður.



Elín B. Böðvarsdóttir, Emil M. Magnússon, Þórður St. Guðmundsson, Arnar Þórsveinsson og Fríður Halldórsdóttir halda til Gautaborgar í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þátttakan hefur mjög fjölþætt og góð áhrif á krakkana og að sögn Þórðar læra þau hve mikilvægt er að starfa í hóp, á sama tíma og stærðfræðiskilningur dýpkar.

„Þetta er ólíkt hefðbundinni stærðfræðikennslu. Í staðinn fyrir að ég troði upp á þau stærðfræðinni koma þau sjálf og segja: þú verður að kenna mér þessa reikniaðferð því ég verð að komast að niðurstöðu,“ segir Þórður brosandi.

Í lok maí heldur bekkurinn til Gautaborgar og að sögn Þórðar er markmiðið aðeins eitt og það er að vinna.

rh@frettabladid.is



PI PAR • SÍA • 70589



Það er gott að búa í Kópavogi og ef marka má bros þessara barna úr vesturbæ Kópavogs hefur svo verið lengi. Myndin er frá 1948. MYND/SIGURLAUG GUÐMUNDSDÓTTIR



Þetta er Digranesvegur. Erfitt er að ímynda sér að á stað sem þessum hafi síðar risið blómleg byggð. MYND/ANNA ÞÓRARINSDÓTTIR

# Þegar Ómar hafði hár

Kópavogur hefur ekki alltaf verið stór bær með ótal verslunum, íþróttahúsum, hringtorgum og illskiljanlegum götuheitum. Fyrir 50 árum var Kópavogur sveit, rétt eins og flest nágrannasveitarfélögin reyndar.

Upphaf byggðar í Kópavogi var í landi jarðanna Kópavogs og Digraness sem voru í eigu ríkisins en búskap á þeim var hætt skömmu eftir 1930. Lengi vel tilheyrðu Seltjarnarnes og Kópavogur sama hreppnum en eftir mikla pólitíska baráttu um yfirráð innan hreppsins var honum skipt upp í tvær einingar árið 1948, Seltjarnarneshrepp og Kópavogshrepp. Árið 1955 varð Kópavogur svo að kaupstað með sérstökum lögum frá Alþingi.

Á Héraðsskjalasafni Kópavogsbæjar er myndasafn bæjarins, sem geymir myndir frá árdögum kaupstaðarins. Þar er að finna margan fjarsjóð en hér eru nokkrar myndir, þær elstu 50 ára, sem sýna glöggt að Kópavogur er gjörbreyttur frá því sem áður var. *- tg*



Iðnaðarhverfi Kópavogs hefur ekki alltaf verið jafn blómlegt og nú. MYND/HALLDÓR KRISTJÁNSSON



Hverjum þykir sinn fugl fagur en óneitanlega lítur vogurinn vel út á þessari mynd. MYND/HALLDÓR KRISTJÁNSSON

**Nokkrar góðar ástæður**
til að heimsækja **Kópavog**

Kópavogur
Menning og listir



Salurinn,
Tónlistarhús
Kópavogs

Sími: 570 0400
www.salurinn.is

Bókasafn
Kópavogs

Sími: 570 0450
www.bokasafnkopavogs.is





Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Sími: 570 0430
www.natkop.is

Sundlaug
Kópavogs

Sími: 570 0470





Listasafn
Kópavogs,
Gerðarsafn

Sími: 570 0440
www.gerdarsafn.is

Kópavogskirkja

Sími: 554 1898



# Ert þú ekki örugglega með þitt kort?




- Kortin standa öllum félagsmönnum HK og Breiðabliks til boða og eru ókeypis
- Í hvert sinn sem greitt er með Blika- eða HK-korti rennur hluti fjárhæðarinnar til viðkomandi íþróttafélags
- Allir korthafar fá 2 fyrir 1 í Sambíóin á þriðjudögum
- Námsmenn með Blika- og HK-kort fá frí færslugjöld
- Kortin eru í senn debetkort/hraðbankakort og félagsskírteini

SPK SPARISJÓÐURINN BREIÐABLIK HK

Þú getur sótt um Blika- og HK-kortið á www.spk.is

**Sparisjóður Kópavogs** Hlíðasmára 19 – Digranesvegi 10 – Select við Smáralind – Sími: 515 1950 – www.spk.is – spk@spk.is

# Heimsmetaheimili


Ragnhildur Guðbrandsdóttir tekur hér fyrstu skóflustungu Sunnuhlíðar. Hún er elst allra í heiminum að gera slíkt.

**Sunnuhlíð var fyrsta sérhannaða hjúkrunarheimilið fyrir aldraða á Íslandi. Heimsmet var sett er fyrsta skóflustunga heimilisins var tekin.**


Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í apríl 1978 boðaði Soroptimistaklúbbur Kópavogs formenn og fulltrúa allra þjónustuklúbba og félaga í Kópavogi á fund þar sem til umræðu voru málefni aldraðra Kópavogsbúa. Ekkert hjúkrunarrými var til í bænum og miklum erfiðleikum bundið að koma öldruðum sjúklingum inn á sjúkrahús í Reykjavík. Þessu vildu meðlimir Soroptimistaklúbbsins breyta.

Með fulltingi fundargesta var samþykkt tillaga frá fulltrúa Rauðakrossdeildar Kópavogs um að stofna sjálfseignarstofnun um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraðra með aðild hinna ýmsu félaga í Kópavogi. „Samtökin sem stofnuð voru eru Sunnuhlíðarsamtökin. Þau reka Sunnuhlíð í dag en þau samanstanda af ellefu félögum í bænum,“ segir Jóhann Árnason, framkvæmdastjóri Sunnuhlíðar.

Hafist var handa við að safna fé til byggingar heimilisins og var leitað eftir stuðningi íbúa Kópavogs, samtaka í bænum og fyrirtækja á svæðinu. Móttökurnar voru góðar, ekki síst frá Kópavogsbæ, sem lagði til fimmtán prósent af byggingarkostnaði. Samstaðan var mikil í bænum, sem sést best á að á þriðja þúsund gesta mætti á reisugildið.

Árið 1980 var fyrsta skóflustungan tekin en það gerði Ragnhildur Guðbrandsdóttir. Hún var þá elsti íbúi Kópavogs, 101 árs gömul, og var afrek hennar skráð í heimsmetabók Guinness þar sem hún var elst allra í heiminum til að taka fyrstu skóflustungu. „Sunnuhlíð er fyrsta sérhannaða hjúkrunarheimilið fyrir aldraða á Íslandi,“ segir Jóhann. „Það var vígt árið 1982 og hefur allar götur síðan stækkað og dafnað.“

Meðal þeirrar starfsemi sem Sunnuhlíð hefur undir sínum verndarvæng eru þjónustuíbúðir aldraðra og dagvistun. „Þá er fólkið sótt á morgnana og hér fær það ýmsa þjónustu og gerir ýmislegt sér til gamans yfir daginn,“ segir Jóhann. „Það mætti segja að þau verði ung í annað sinn, séu send í skólann yfir daginn og komi svo þreytt heim á kvöldin.“

*tryggvi@frettabladid.is*

# Amokka opnar í Atlantahúsinu

**Amokka-kaffihúsið í Atlantahúsinu mun bæði þjóna starfsmönnum hússins sem mötuneyti og almenningi sem kaffihús.**

Kaffihúsið Amokka hefur lengi vel einungis verið starfrækt í Borgartúni 21A. Nú hefur starfsemin stækkað og síðustu daga hafa starfsmenn Atlanta og Nýherja í Kópavogi gætt sér á hádegismat framreiddum í nýju mötuneyti og kaffihúsi Amokka í Atlantahúsinu. „Þá vantaði nýtt mötuneyti og vildu endilega fá gott kaffi í leiðinni,“ segir María Rós Jónsdóttir, eigandi Amokka, og bætir við hlæjandi: „Ætli þeir hafi ekki verið orðnir hundleiðir á vélakaffinu.“

Innan skamms verður mötuneytið og kaffihúsið opnað almenningi og verður reksturinn með svipuðu sniði og í Borgartúninu. „Það verður hægt að fá sömu réttina, bæði matinn og kökurnar,“ segir María. „Kaffihúsið er einnig 250 manna veislusalur og við búumst við því að um helgar verði það nýtt þannig, en til að byrja með verður ekki opið um helgar hjá okkur.“

Amokka er með vínveitingaleyfi og er boðið upp á bjór og léttvín. „Það myndast oft skemmtileg stemning hjá okkur í Borgartúninu á fimmtudags- og föstudags eftirmiðdögum. Þá kemur fólk og fær sér einn til að slappa af eftir vinnu og ná sér niður fyrir helgina,“ segir María. „Við vonum auðvitað að svo verði einnig á nýja staðnum og að fólk taki honum jafn vel og okkur hefur verið tekið hingað til.“ *tryggvi@frettabladid.is*


Amokka í Kópavoginum verður opnað innan skamms. Kaffihúsið er í Atlantahúsinu.






Skólagarðar Kópavogs eru fyrir börn á aldrinum 8-13 ára.

# Starf Skólagarðanna

Starfsemi Skólagarðanna hefst 1. júní en skráning hefst í dag. Þeir munu starfa á Kópavogstúni neðan Sunnuhlíðar, í Fossvogsdal við Víðigrund, í Kópavogsdal hjá endurvinnslustöð Sorpu, austan við leikskólann Núp við Núpalind og í Kórum, sunnan Hörðuvallaskóla.

Skólagarðarnir eru fyrir 8-13 ára börn og geta veitt allt að 300 börnum viðtöku. Þar fá þau 12 fermetra garð, útsæði, plöntur, fræ og leiðsögn við ræktun algengustu matjurta. Börnin sinna síðan garðinum fyrir eða eftir hádegi.

Auk ræktunarinnar er margt um að vera. Leikjadagar eru haldnir reglulega þar sem farið er í ýmsa leiki eða ákveðnar uppákomur. Má nefna skoðunarferðir, ratleiki, boltaleiki, drullukökukeppni og göngu- og hjólreiðatúra um nágrennið. Skólagarðarnir eru þó hvorki leikjanámskeið né gæsluvellir fyrir börn. Skráning og upplýsingar eru á vefsíðunni www.kopavogur.is/skolagardar.

Frétt af vefnum kopavogur.is.



# Meistarar úr MK

Félagarnir Þorsteinn Björnsson og Pétur Andreas Maack eru nemendur í Menntaskólanum í Kópavogi og hömpuðu á dögunum Íslandsmeistaratitli í ísknattleik með Skautafélagi Reykjavíkur.

Úrslitaviðureignin var hörkuspennandi og réðust úrslitin ekki fyrr en í vítakeppni þar sem Skautafélag Reykjavíkur sigraði með sex mörkum gegn fjórum en eftir venjulegan leiktíma og framlengingu var staðan 2-2.

Pétur og Þorsteinn eru efnilegir íshokkíleikmenn og verður eflaust spennandi að fylgjast með árangri þeirra í framtíðinni.

# Tíbrá tónleikaröð

„Kópavogsdagarnir eru að byrja á laugardaginn og þá verður Emiliana Torrini með tvenna tónleika á laugardaginn. Hún mun koma fram með Kársnesskórnum sem hún er fyrrverandi meðlimur í,“ segir Kristín Kristjánsdóttir, kynningarstjóri Salarins, og bætir því við að tónleikarnir verði klukkan 16 og 20.

„Næstu fjórir tónleikar verða hluti af þessari Menningarhátíð Kópavogs. Það verða djasstónleikar á sunnudaginn þar sem flutt verður tónlist eftir Sigfús Halldórsson. Reynir Sigurðsson, Jón Páll Bjarnason og Gunnar Hrafnsson ætla að flytja verk eftir hann,“ segir Kristín.

Tónleikar Víkings Heiðars Ólafssonar hinn 11. maí munu marka lok Kópavogsdaganna og segir Kristín að það séu biðlistar á tónleikana hjá honum. „Hann er eitt af undrabörnunum í tónlist og útskrifaðist frá Juilliard í fyrra.“



Emiliana Torrini er með tvenna tónleika í Salnum í Kópavogi í tengslum við Kópavogsdaga sem hefjast um helgina.


KOLBRÚN STEFÁNSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI SJÁLFSBJARGAR LSF, LEIÐIR LISTA FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI.



*Kjósum okkur að...*

- Skattleysismörk hækki strax í 150.000 kr. hjá þeim tekjulægstu.
- Lækka skuldir heimilanna, burt með verðtrygginguna.
- Aldraðir og öryrkjar geti haft 1.000.000 kr. tekjur án bótaskerðingar og að tekjutenging við maka verði afnumin.
- Lífeyrisgreiðslur beri 10% skatt líkt og fjármagnstekjur.

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

**Kolbrún Stefánsdóttir,** framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar lsf, leiðir lista Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi. Kolbrún á að baki tuttugu og fimm ára feril sem bankaútibússtjóri, m.a. á Raufarhöfn, Hellissandi og í Ólafsvík, byggðum þar sem sjávarútvegurinn skiptir sköpum fyrir atvinnulífið. Kolbrún er búsett í Kópavogi.

Kolbrún Stefánsdóttir býr að reynslu sem nýtist þjóðinni best á Alþingi.

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is Hamraborg 14 | Kópavogur | sími 554 7744



Stórt og glæsilegt íþróttamannvirki með knattspyrnuhöll, tvöföldum handboltavelli, sundlaug og fleiru rís nú við Vallarkór í Kópavogi en reiknað er með að framkvæmdum ljúki á næstu 12-16 mánuðum.

# Íþróttamannvirki við Vatnsenda

**Knattspyrnuakademía Íslands stendur fyrir byggingu mikilla íþróttamannvirkja við Vallakór í Kópavogi í samvinnu við Kópavogsbæ en akademían mun sjá um rekstur mannvirkjanna.**

Knattspyrnuakademían samanstendur af þeim Loga Ólafssyni, Arnóri Guðjohnsen, Ásgeiri Sigurvinssyni, Guðna Bergssyni og Eiði Smára Guðjohnsen en þeir halda námskeið fyrir ungt og efnilegt knattspyrnufólk.

„Kópavogsbær á knattspyrnuhöllina en við hliðina á henni er viðbótarbygging sem er íþróttahús með tvöföldum handboltavelli, líkamsrækt og sundlaug, sem við eigum og síðan munum við reka allt saman,“ segir Logi Ólafsson.

„Þarna verður heilsu-, íþrótta- og fræðasetur þegar allt verður tilbúið en knatthúsið verður tekið í notkun í haust,“ segir Logi. „Það var tekin ákvörðun um að stækka íþróttasalinn í tvöfaldan handboltavöll að beiðni íþróttafélaganna í Kópavogi þannig að nú var verið að skila inn nýjum teikningum að húsinu miðað við stækkunina. Við gerum ráð fyrir að það verði 12-16 mánuðir þangað til þetta verður allt saman tilbúið,“ bætir Logi við.



Logi Ólafsson og félagar hans í Knattspyrnuakademíu Íslands munu halda utan um rekstur Heilsu-, íþrótta- og fræðasetursins við Vallarkór í Kópavogi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Logi segir það fyrst og fremst vera íþróttafélögin í Kópavogi, HK og Breiðablik, sem komi til með að nýta aðstöðuna. „Síðan erum við að búa til aðstöðu fyrir okkar starfsemi til að geta haft einhverjar bækistöðvar fyrir okkar námskeið. Við viljum vera með afreksdeild til að geta þjálfað þá sem eru ungir og efnilegir,“ segir Logi og bætir því við að einnig verði húsið nýtt af framhaldsskóla sem væntanlega verði á staðnum. „Það liggja ekki enn fyrir nein leyfi um framhaldsskólann en við og bærinn stefnum að því að hann rísi á staðnum,“ segir Logi og bætir því við að hann verði þá íþrótta- og heilsutengdur. „Þar verða afreksbrautir fyrir flestar stærstu íþróttagreinarnar auk hestamennsku því stærsta hestasvæði á landinu verður þarna í næsta nágrenni. Gustur er að fá svæði úthlutað þar sem verður pláss fyrir 4-5.000 hesta.“

Logi segir uppbyggingu svæðisins vera í mikilli vinnslu og reiknað sé með að í næsta húsi verði væntanlega læknasetur, heilsugæsla, sjúkraþjálfun og fleira í þeim dúr.

Spurður um nafn á íþróttamannvirkjunum segir Logi að enn hafi ekki verið fundið nafn á þau. „Það verður eflaust sett á einhver skemmtileg samkeppni um hvað þetta á að heita,“ segir Logi.

*sigridurh@frettabladid.is*





# Sænsk gæða garðhúsgögn

afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við











Afar þægileg og endingargóð garðhúsgögn á veröndina, svalirnar, sumarbústaðinn eða sólstofuna - 25 ára reynsla á Íslandi





**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga 10-18 Laugardaga 11-16

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375

# MAX RAFTÆKI

# Dúndur gott grill verð

**FRÍ HEIMSENDING**
**FRÍ SAMSETNING**



**Sterling 1104**
- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710sm² - heildar umfang
- 1677sm² - án hliðarborðs/hellu
- Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hiamælir
- Hágæða Perma-Mold XL niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18sm hjól

## 19.899 kr.

Fullt verð ~~24.900~~

Tilboð gilda til 3. maí eða meðan birgðir endast.



**Sterling 1716**
- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H brennari úr ryðfríu stáli
- 3742sm² - heildar umfang
- 2129sm² - umfang án hliðarborðs/hellu
- Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Lineral Flow™ gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum
- 18sm hjól

**24.899 kr.**

Fullt verð ~~29.900~~



**Sterling 2854**
- 13.2kW / 50.000BTU Dual-H brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínhúðaðar járngrindur
- Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum
- 2 stór 18sm gúmmíhjól og 6,4sm læsanleg hjól

**34.899 kr.**

Fullt verð ~~39.900~~



**Broil King Regal 20XL**
- 15.2kW / 52,000 BTU Super 8 brennari úr riðfríu stáli
- 3935sm² - heildar umfang
- 2968sm² - umfang án hliðarborðs/hellu
- Þriggja hæða, stillanlegar, postulínhúðaðar eldunargrindur
- Flav-R-Cast eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Endingargóður skápur með ryðfríum hurðum
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum og mótum fyrir ílát
- Stór 20sm gúmmíhjól og 6,4sm læsanleg hjól
- Köld (Cool-to-the-touch), nælonklædd haldföng

**64.899 kr.**

Fullt verð ~~69.900~~



**Broil King Sovereign 90**
- 14.4kW / 52,000 BTU Dual-Tube brennarar
- 2.7kW / 10.000BTU hliðarbrennari úr ryðfríu stáli
- 5,25kW / 18.000BTU bakbrennari
- Rotisserie grillteinn
- Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanlegt hliðarborð úr ryðfríu stáli
- Skápur með ryðfríum hurðum
- 17sm gúmmíhjól og 6,4sm / 2½" læsanleg hjól
- Köld (Cool-to-the-touch), nælonklædd haldföng

**79.899 kr.**

Fullt verð ~~89.900~~

## FRÍ HEIMSENDING og FRÍ SAMSETNING á stór-höfuðborgarsvæðinu

## OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12-18

*Ef grillið er keypt fyrir kl. 16.00 sendum við það heim í dag*

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

*Frábær tækjakaup*

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX




Félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst er fyrst á Íslandi til að bjóða upp á BA nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Saman mynda þessar greinar traustan grunn á sviði hug- og félagsvísinda en námið er þekkt alþjóðlega undir skammstöfuninni PPE (Philosophy, Politics and Economics).

Nám í HHS býr einstaklinga undir margvísleg störf á alþjóðlegum og innlendum vinnumarkaði, ekki síst á sviði fjölmiðlunar, stjórnmála, stjórnsýslu og almannatengsla. Það veitir víðari sýn og fleiri greiningartæki en hægt er að öðlast með námi í hverri þessara greina fyrir sig.

**Umsóknarfrestur í grunnnám er til 10. júní 2007**

Frekari upplýsingar:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

# Hversu hátt stefnir

## Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.





### HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

**20,8% ávöxtun**




Áhersla á góða ávöxtun og áhættu-dreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf

### ÖRUGGA SAFNIÐ

**16,1% ávöxtun**




Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf

Himinn og haf / SÍA – 9070354

# þú?




Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.

Netbankinn

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is
www.spronverdbref.is – www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON

spron VERÐBRÉF

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

# BÖRNIN ERU Í FYRSTA SÆTI

**Kristín S. Hjálmtýsdóttir og Kristján Kristjánsson eiga fjögur börn. Kristín var 29 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn en þá var hún tilbúin fyrir móðurhlutverkið. Það er í nógu að snúast hjá þeim hjónum en Kristín segir að á meðan allir séu kátir og glaðir sé foreldrahlutverkið skemmtilegt verkefni.**



RÍK Kristín ásamt börnunum fjórum, Þórunni, Högna, Brynju og Kára.

Ég eignaðist fyrsta barnið mitt 29 ára og var þá algjörlega tilbúin fyrir móðurhlutverkið," segir Kristín S. Hjálmtýsdóttir en hún og eiginmaður hennar, Kristján Kristjánsson, eiga saman fjögur börn.

### Stefnan sett út

„Stefnan var aldrei að eignast börn ung. Þvert á móti. Ég var ákveðin í að fara ekki í Háskóla Íslands heldur læra í útlöndum og fór til Þýskalands í háskóla þar sem ég var í námi og starfi í sjö ár auk þess sem ég ferðaðist mikið. Eftir að við Kristján kynntumst flutti hann út til mín og fór í skóla og fyrsta barnið var „Made in Germany" svo þetta er gæðabarn," segir Kristín hlæjandi en bætir við að þýsku vinum hennar hafi fundist barneignir strax eftir útskrift algjört glapræði. „Þeim fannst ég kasta öllu á glæ enda hvarlaði ekki að þeim að eyða öllum þessum árum í háskóla til þess eins að leggjast svo í barneignir," segir Kristín sem nældi sér í mastersgráðu í hagfræði í Þýskalandi. „Þar er ekki mikið gert til að auðvelda fólki barnauppeldi, konur sem eignast börn eru nánast sjálfkrafa úr leik á vinnumarkaði, leikskólapláss eru fágætur lúxus og þess vegan kannski eðlilegt að skólasystur mínar hefðu ekki sérstakan áhuga á barneignum."

### Fimmta barnið færi með okkur

Elsta barnið þeirra Kristínar og Kristjáns heitir Þórunn og er 15 ára, Högni kemur næstur en hann er 13 ára, Brynja 7 ára og Kári er yngstur og er 3 ára. „Við tókum þýska skipulagið á þetta, tvær stelpur og tveir strákar. Við eigum bæði litlar fjölskyldur og langaði að eignast allavega þrjú börn. Þegar við vorum komin með tvö vorum við alveg á því að eignast eitt í viðbót og Kári var líka hjartanlega velkominn. Við höfum kraft og andlega heilsu til að eiga þessi fjögur en ég held að fimmta barnið myndi fara með okkur. Elsta dóttir okkar hefur líka margítrekað að þetta sé orðið gott," segir hún brosandi og bætir við að börnin haldi þeim ungum í anda. „Við erum á endalausum leikskólahátíðum, skíðamótum, tónlistarskólatónleikum og fótboltamótum sem er bara af hinu góða. Að minnsta kosti upp að vissu marki."

### Saman í foreldrahlutverkinu

Kristján starfaði lengi sem fjölmiðlamaður og flestir muna líklega eftir honum úr Kastljósi. Í dag stýrir hann upplýsingasviði FL Group. Kristín starfar hjá Viðskiptaráði Íslands og er framkvæmdastjóri alþjóðasviðs ráðsins. Hún segir sameiningu móðurhlutverksins og starfsframans ganga vel. „Þetta gengur alveg þokkalega en númer eitt er að vera í þessu saman. Í öðru lagi á ég frábæra mömmu og tengdaforeldra. Mamma leysir daglegu reddingarnar en hún er mjög hress heldri borgari og hennar hjálp er ómetanleg. Tengdaforeldrarnir koma auk hennar svo inn í þegar um stærri verkefni er að ræða, s.s. þegar við þurfum að fara erlendis vegna vinnunnar. Þá koma þau að norðan og flytja inn á meðan," segir hún og bætir við að þau hafi tvisvar verið með au pair-stelpur á heimilinu. „Brynja dóttir okkar varð örlagavaldur í lífi tveggja pólskra fjölskyldna. Tvær stelpur sem komu hingað til að passa hana hafa sest að, eignast íslenska menn og síðan börn," segir hún og bætir við að eftir að fjórða barnið fæddist hafi þau varla pláss fyrir au pair. Þeim hafi samt líkað vel að þetta fyrirkomulag og hafi verið einstaklega heppin með þessar tvær pólsku stelpur og séu að velta fyrir sér að taka enn eina inn á heimilið.

### Stöðugur slagur við tímann

Þrátt fyrir miklar annir heima og í vinnu segir Kristín að þau hjónin reyni að gefa sér tíma til að gera eitthvað tvö saman þótt þau mættu gera meira af því. „Við fórum til Íran í tvær vikur um páskana og höfðum aldrei áður yfirgefið börnin í svona langan tíma. Eins og allir foreldrar vita þá er forgangsröðunin yfirleitt sú að fyrst koma börnin, svo börnin og skólinn, svo börnin og áhugamálin og jafnframarlega er vinnan. Sjálfur er maður í fimmta sæti, sem í þessu tilfelli er ekki eftirsóknarvert. Þetta er stöðugur slagur við tímann og eitthvað verður undan að láta en það er kannski ekki endilega með sérstökum trega sem maður setur sig aftast í röðina, enda eru stundirnar með börnunum með þeim allra bestu sem hvert foreldri á. Við tökum þátt í því sem krakkarnir eru að gera ótilneydd. Þau eru í íþróttum og tónlist og við erum alltaf að skutla þeim eitthvað, sérstaklega upp í Bláfjöll á veturna. Við eigum því sjaldast rómantíska stund við kvöldverðinn öll saman á veturna þar sem kvöldverðurinn er oftast Abt-mjólk í bílnum og farið er yfir daginn á ferðinni en við erum með rúmgóðan bíl svo það fer vel um alla," segir hún og brosir. „Þetta er auðvitað oft flókið, en á móti kemur að Reykjavík er ágæt borg fyrir barnafólk að mörgu leyti. Ég orða það nú oft þannig að við séum heppin að búa ekki á Manhattan og standa í skutlinu þar!"



**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON „Við fórum til Íran í tvær vikur um páskana og höfðum aldrei áður yfirgefið börnin í svona langan tíma," segir Kristín en þau Kristján reyna að finna sér tíma til að gera eitthvað tvö saman.**


HVITA HUSID / SIA - 7596



Háskólanemar í SKO eru ánægðir með lífið.

# „Fáránlega ódýrt!"

## Ungur háskólanemi segist hálf undrandi á símreikningum sínum eftir að hann skipti yfir í SKO.

„Ég var að borga alltof mikið fyrir símnotkun og var eiginlega kominn í hálfgerðan vítahring. Eftir að ég skráði mig í SKO hefur allt breyst. Núna á ég alltaf smá pening afgangs um mánaðarmótin og ef ég tel allt árið þá er ég að spara heilan helling. Svo losnar maður líka við að fá þessa reikninga heim. Stór plús."

# Slóvenar krýndir sigurvegarar Eurovision 2007

Mikil fagnaðarlæti brutust út í Austur-Evrópu þegar tilkynnt var að samningar hefði náðst um úrslit í Eurovision næstu árin. Samningaviðræður milli austantjaldsþjóðanna hafa staðið í nokkur ár og var aðalþrætuefnið hvaða land ætti að vinna fyrst. Loksins var ákveðið að draga og kom nafn Slóveníu fyrst upp úr hattinum. Því næst var varpað hlutkesti til að skera úr um hvort ætti að fara rang- eða réttsælis hringinn um Austur-Evrópu og varð réttsælis ofan á. Þau tíðindi glöddu Króata sem munu fagna sigri í Eurovision 2008 en Ungverjar sitja eftir með sárt ennið. Þeir munu ekki vinna fyrr en árið 2298, síðastir Austur-Evrópuþjóða.





### Oft á síðustu dropunum

Kristín viðurkennir semsagt að uppeldi fjögurra barna geti oft verið erfitt. „Það koma vissulega álagstímar og stundum horfum við Kristján á hvort annað og spyrjum okkur hvort við verðum ekki að endurskoða málin. Það getur orðið mikið að gera í vinnunni hjá okkur báðum en sem betur fer er mikil hvatning á báðum vinnustöðum til að hlúa að fjölskyldunni og makanum þannig að maður gefur extra af sér í vinnunni og er svo kátur heima hjá sér. Við höfum líka verið heppin. Börnin okkar eru heilbrigð og geðgóð og vandamálin hafa aldrei verið þannig að ekki sé hægt að leysa þau sem gerir hlutina auðveldari. Auðvitað er maður oft á síðustu dropunum og stundum finnst manni sem opinber yfirvöld, fyrirtæki og aðrir mættu huga betur að börnunum, bæði beint og líka óbeint með því að viðurkenna mikilvægi þess að fólk hafi þokkalegar aðstæður til að ala upp börnin sín. Þetta er heilmikil vinna og ábyrgð – mesta ábyrgð sem maður tekur á sig í lífinu - en á meðan allir eru kátir og glaðir er þetta skemmtilegt verkefni.“

*indiana@frettabladid.is*





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

SKÓLAÁRIÐ 2007 - 2008

Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD
- Fjölmiðlafræði
- Sálfræði
- Samfélags- og hagþróunarfræði
- Nútímafræði
- Lögfræði
- Þjóðfélagsfræði

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDADEILD
- Viðskiptafræði
- Líftækni
- Sjávarútvegs- og fiskeldisfræði
- Tölvunarfræði
- Umhverfis- og orkufræði

HEILBRIGÐISDEILD
- Hjúkrunarfræði
- Iðjuþjálfunarfræði

KENNARADEILD
- Grunnskólakennarafræði
- Leikskólakennarafræði

Í öllum deildum er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð, færni við heimildaöflun, sjálfstæði í vinnubrögðum og skapandi og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna bæði einstaklings- og hópverkefni og kynna niðurstöður fyrir samnemendum, kennurum og öðrum áheyrendum.

Skólabærinn Akureyri
- Ókeypis í strætó
- Engir stöðumælar
- Listasafnið og leikhúsið
- Hlíðarfjall og Akureyrarlaug
- Skautahöllin og Kjarnaskógur
- Flottar líkamsræktarstöðvar
- Veitingastaðir, kaffihús og skemmtistaðir

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ 2007



Tala meira. Borga minna.

0,00 kr./mín.
Hringt í SKO GSM-síma

14,90 kr./mín.
Hringt í aðra GSM- og heimasíma

SMS 4,90 kr.
í alla GSM-síma á Íslandi

www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM-þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM-símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.



SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

# ÚRSLITAKVÖLD EUROVISION

**Með eða án Eiríks Haukssonar fylgjumst við öll með úrslitakeppninni í Eurovision. Keppnin í ár verður afar litrík. Það er mikið af stórfurðulegum lögum og öðrum brælskemmtilegum. Það verður gaman að sjá hvort Eurovision-áhorfendur falla fyrir þessu furðulega í ár eða klassísku lagi.**



## BOSNÍA/ HERSEGOVÍNA

**Flytjandi:** Maria Sestic.
**Lag:** Rijeka Bez Imena
Það hefur sýnt sig og sannað að Austur-evrópubúar eiga að syngja á móðurmáli sínu. Það hljómar eitthvað skringilega á ensku. Bosníu hefur gengið mjög vel undanfarin ár. Í ár verður engin undantekning. Maria er gullfalleg og lagið tregafullt. Það er þó ekki eins gott og síðustu tvö frá Bosníu.



## SPÁNN

**Flytjandi:** D'NASH.
**Lag:** I love you mi vida.
I love you mi vida er án efa eitt versta lagið í allri keppninni. Það er svo slæmt. Það er svo hallærislegt að orð fá því ekki lýst. Strákasveitin D'NASH minnir einna helst á Nsync þegar þeir voru að byrja, en enginn þeirra er eins sætur og Justin Timberlake. Því miður.



## ÍRLAND

**Flytjandi:** Dervish.
**Lag:** They Can't Stop the Spring.
Vá, þetta lag er svo írskt að maður er bara kominn í írsku sveitina með búálfinn í grænu jakkafötunum sér við hlið í gömlum þjóðdönsum. Þetta á ekki eftir að virka í Eurovision.

## FINNLAND



**Flytjandi:** Hanna Pakarinen.
**Lag:** Leave Me Alone.
Þessi skvísa vann finnsku Idol-keppnina og nýtur mikilla vinsælda í heimalandi sínu. Lagið er alls ekki sérstakt og textinn enn verri. Leave me alone, I wanna go home. Þetta er MTV-tónlist alla leið.



## LITHÁEN

**Flytjandi:** 4fun.
**Lag:** Love or Leave
Hvað er hægt að segja um þessa tonlistarmenn. Lagið Love or Leave er ekki skemmtilegt fyrir fimm aura. Söngkonan hljómar eins og Julio Iglesias þegar hann syngur á ensku.



## GRIKKLAND

**Flytjandi:** Sarbel.
**Lag:** Youssou Maria
Þessi kynþokkafulli Grikki á eftir að moka inn atkvæðum með lagi sínu og útliti. Hresst lag í anda Ricky Martin. Eurovision eins og það á að vera.



## SVÍÞJÓÐ

**Flytjandi:** The Ark.
**Lag:** The Worrying Kind.
Svíar eru „in it to win it" þetta árið. Það er svo sem ekki nýtt fyrir þá. Lagið er þræl skemmtilegt. Þetta er glysrokk út í gegn og Svíar eiga góðan möguleika að vinna keppnina í ár. The Ark mun spila á Hróarskeldu í sumar fyrir þá sem hafa ekki áhuga á Eurovision.



## FRAKKLAND

**Flytjandi:** LES FATALS PICARDS.
**Lag:** L'amour Á La Francaise.
Þetta á að vera nokkurs konar grín lag, en það misheppnaðist svona rosalega hjá þessum köppum. Svo er lagið alveg drepleiðinlegt.



## RÚSSLAND

**Flytjandi:** Serebro.
**Lag:** Song # 1
Rússar senda í ár stelpusveitina Serebro. Hvað er svosem hægt að segja um þetta lag annað en að við höfum heyrt þetta þúsund sinnum áður. Því miður. Þær eiga samt án efa eftir að vera mjög sexý á sviðinu. Það gæti hjálpað til.



## ÞÝSKALAND

**Flytjandi:** Roger Cicero.
**Lag:** Frauen Regier'n Die Welt
Það verður gaman að sjá hvernig Roger Cicero vegnar í keppninni því þetta lag er mjög skemmtilegt. Þetta er djassað lag, sungið á þýsku. Ótrúlegt en satt, kemur það vel út.



## ÚKRAÍNA

**Flytjandi:** Verka Seduchka.
**Lag:** Dancing Lasha Tumbai.
Án efa steiktasta lagið í keppninni. Allt við lagið er súrt. Textinn, búningarnir, takturinn. Þau minna einna helst á Stubbana á sýru. Það skrýtnasta er að þeim gæti gengið vel.




## BRETLAND

**Flytjandi:** Scooch.
**Lag:** Flying the Flag (For You)
Úff, hvað Bretar eru glórulausir þegar það kemur að þessari keppni. Þetta er blanda af Abba og Aqua. Ekki gott.



## RÚMENÍA

**Flytjandi:** Todomondo.
**Lag:** Liubi, liubi I love You
Eurovision er orðið of „politically correct". Annar hver flytjandi syngur lag sitt á þremur tungumálum og þessir gaurar eru engin undantekning. Þeir syngja um ástina á nokkrum tungumálum.



## ARMENÍA

**Flytjandi:** Hayko.
**Lag:** Anytime You Need.
Keppnin endar á dramatísku nótunum. Söngvarinn Hayko er svo fullur af trega að manni verður illt í maganum. Í myndbandinu er hann í hvítum stuttermabol og hvítum gallabuxum. Vonandi mætir hann í þeim á sviðið í Helsinki.

# Veðbankarnir hafa litla trú á Eiríki Haukssyni

Rauðhærða sjarmatröllið Eiríkur Hauksson á ekki mikinn séns á að vinna Eurovision-keppnina í Helsinki í ár ef marka má veðbankana. Eiríki og laginu Valentine Lost er spáð mjög svipuðu gengi af öllum bönkunum eða frá 1 á móti 40 upp í 1 á móti 60. Einnig er kappanum ekki spáð góðu gengi í forkeppninni og samkvæmt veðbönkunum kemst hann ekki áfram.

Veðbankarnir spá Mariju Serefovic frá Serbíu sigri í keppninni en lagið sjálft fékk ekki góða dóma í Sirkus fyrir tveimur vikum. Einnig er Svíum spáð góðu gengi og á hljómsveitin The Ark góða möguleika á að vinna keppnina.

En Eurovision er eins óútreiknanleg og forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Silvíu Nótt var spáð mjög góðu gengi í fyrra en varð síðan í þrettánda sæti undankeppninnar. Eitt er alveg á hreinu, að Eiríkur Hauksson á sér marga aðdáendur bæði á Norðurlöndunum og í Evrópu sem eiga eftir að liggja á símalínunni. Áfram Eiríkur!



**GÓÐIR MÖGULEIKAR Svíar mæta sterkir til leiks í Eurovision í ár og er búist við góðu gengi þeirra.**



**ER SPÁÐ SIGRI Mariju Serefovic frá Serbíu er spáð sigri í Eurovision ef marka má veðbankana. Hún er einnig í forkeppninni með Eiríki.**



**EKKI SÉNS Eiríkur Hauksson á ekki séns í Eurovision ef veðbankarnir hafa rétt fyrir sér.**

HJÓNIN ÁSGEIR OG BERGÞÓRA ÞÓRSDÓTTIR STANDA SAMAN AÐ HAMSKIPTUM.

# MYNDI EKKI ÞRÍFAST Í ÖÐRU

Þátttaka í svona keppni er ofsalega gott veganesti inn í framtíðina fyrir þessa krakka," segir Ásgeir Hjartarson, eigandi hárgreiðslustofunnar Supernova, en hann og eiginkona hans, Bergþóra Þórsdóttir, standa fyrir hár- og förðunarkeppninni Hamskipti sem haldin verður á Nasa þann 16. maí. Ásgeir segir slíka keppni ekki hafa verið haldna í fjögur ár en keppnin er til þess fallin að örva og hvetja nemendur og hann hvetur meistara til að senda nema sína í keppnina. „Ég vil að nemarnir hugsi út fyrir boxið og passi upp á heildarútlitið. Hárgreiðslunemarnir þurfa líka að huga að fatnaðnum og förðuninni og svo öfugt því þannig verkefnum gætu þau landað í framtíðinni," segir Ásgeir en hann og Bergþóra starfa saman á Supernova, hann sem hárgreiðslumeistari en hún sem hárgreiðslumeistari og listförðunarfræðingur auk þess sem hún rekur Airbrush stúdíóið. Ásgeir tekur undir að þau séu því góð saman. „Við tölum samt alveg um eitthvað annað á kvöldin en tísku, hár og förðun," segir hann hlæjandi og bætir við að hún fái kannski stundum leið á honum. „Ég er allltaf að brasa eitthvað og græja, mér finnst þetta svo skemmtilegt og ég held ég myndi ekki þrífast í öðrum geira. Sumir kalla þetta athyglissýki en ég er ekki að þessu til að koma mér á framfæri heldur fyrir nemana okkar. Ég er búinn að bíða í nokkur ár eftir að einhver tæki af skarið og héldi svona keppni en það er ekkert að gerast svo ég tók þetta upp á mína arma."

Skráning fer fram á síðunni supernova.is og hvetur Ásgeir alla nema í förðun og hárgreiðslu til að skrá sig. „Það verður hellingur af geggjuðum vinningum. Fyrstu verðlaunin eru ferð til London á Salon International og ég tala nú ekki um vinninginn að hafa þetta á ferilskránni."

indiana@frettabladid.is



**GÓÐ SAMAN** Hjónin Ásgeir Hjartarson og Bergþóra Þórsdóttir standa saman að Hamskiptum. MYND/ANTON

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON STÖÐVAÐI SIGURGÖNGU MÖRTU MARÍU JÓNASDÓTTUR Í SÍÐUSTU VIKU. HÉR MÆTIR SIGURÐUR KÁRI GERÐI KRISTNÝJU.



**1. Hver talar fyrir Önnu í teiknimyndinni Anna and the Moods?**

**2. Hver er fyrirliði Arsenal?**

**3. Hvert er mest notaða leyniorðið í netheiminum?**



**4. Hvaða ár fæddist Halldór Laxness?**

**5. Hvaða spjallþáttadrottning birtist á skjánum alla virka daga klukkan korter yfir sex á Skjá einum?**

**6. Hvar var nýafstaðið prestaþing haldið?**

**7. Hver leikur Spiderman?**

**8. Hvaða kaupstaður er á Höfðaströnd við Skagafjörð? ***

**9. Hver var þriðji forseti Íslands?**

**10. Hvaða ár var húsdýragarðurinn opnaður?**



*** Spurningin reyndist gölluð, því á Höfðaströnd er kauptúnið Hofsós en enginn kaupstaður. Sirkus biðst velvirðingar á mistökunum.**



## Gerður Kristný

1. Björk.
2. Hvað er Arsenal?
3. Superman.
4. 1902.
5. Rachael Ray.
6. Í gufubaðinu í Vesturbæjarlauginni.
7. Tobey Maguire.
8. Hofsós.
9. Kristján Eldjárn.
10. 1994.



## Sigurður Kári

1. Drew Barrymore.
2. Thierry Henry.
3. Password.
4. 1902.
5. Rachael Ray.
6. Húsavík.
7. Tobey Maguire.
8. Sauðárkrókur.
9. Kristján Eldjárn.
10. 1994.

**Sigurður Kári sigrar með sjö stigum gegn sex. Gerður Kristný skorar á fjölmiðlakonuna Sólveigu Bergmann. Fylgist með í næstu viku.**

**Rétt svör: 1.** Björk. **2.** Thierry Henry **3.** Password. **4.** 1902. **5.** Rachel Ray. **6.** Á Húsavík. **7.** Tobey Maguire. **8.** Hofsós. **9.** Kristján Eldjárn. **10.** 1990.

## Uppáhaldssundlaugin mín

„Ég á mér í raun enga uppáhalds sundlaug. Sund er ein fárra tegunda líkamsræktar sem hafa aldrei heillað mig og ég fer afar sjaldan í sund. Helst fer ég í sundlaug til að kæla mig í sumarhita í útlöndum. En Grafarvogslaugin er þó talsvert notuð af öðrum heimilismeðlimum."



**Ágústa Johnson líkamsræktardrottning**



„Það er ekki nokkur vafi á að sundlaugin á Hólmavík er í mestu uppáhaldi og sú eina sem ég á kort í. Eftir smá sprett í lauginni slakar maður á í vaðlauginni, en ég læt oftast þeim sem þola hitann betur pottana tvo eftir."

**Björn Friðrik Brynjólfsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra**

„Uppáhaldssundlaugin mín er sundlaugin á Hólmavík. Þar er ný og flott laug."

**Aðalheiður Ólafsdóttir söngkona**



„Ég á mér eiginlega enga uppáhaldssundlaug en finnst nýja sundlaugin í Versölum í Kópavogi mjög fín. Sundlaugarnar eru eitt af því sem ég sakna þegar ég er hér í Svíþjóð."

**Ásthildur Helgadóttir knattspyrnukona**



# helgin

## Uppáhalds skyndibitinn?



„Þegar ég er svangur borða ég næstum því hvaða skyndibita sem er og frekar hratt. Annars er Reykjavík Special hjá Reykjavík Pizza Company í uppáhaldi, svo lengi sem ananas er tekinn af henni. KFC kjúklingaborgari með mikilli hot sauce í öðru sæti."

**Ingólfur Bjarni Sigfússon fréttamaður**



„Uppáhalds skyndibitinn minn er kjúklingaborgari á KFC. Klikkar aldrei."

**Kristín Ruth Jónsdóttir útvarpskona**

„Sælgæti er alltaf freistandi. Annars eru gráfíkjur og skyr alveg frábær skyndibiti. Þegar mikið er að gera og maður gleymir að borða bjarga fíkjur eða skyr manni alveg þangað til tími gefst að snæða."

**Þórdís Arnljótsdóttir fréttamaður**



„Nonnabiti er í uppáhaldi en á Akureyri er Bautaborgarinn á Bautanum rosalegur! Þegar ég bjó í Milano smakkaði ég heitt bakað brauð með mozzarella og tómatfyllingu. Æðislega gott og einn ískaldur með. Gerist ekki betra."

**Andrés Þór Björnsson innanhússarkitekt**



sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

Ábyrgir feður

# Frambjóðendur !

## Er jafnrétti fyrir alla – konur, menn og börn?

## Vissuð þið að skilnaðarbörn á Íslandi eru nærri 20 þúsund?

### Rannsóknir á skilnaðarbörnum sýna að:

- Þau eru 20 sinnum líklegri til að eiga við hegðunarvandamál að stríða.
- Þau eru 20 sinnum líklegri til að lenda í fangelsi.
- Þau eru 9 sinnum líklegri til að hætta í skóla.
- Þau skilnaðarbörn sem halda góðu sambandi við báða foreldra vegnar betur.

Hlúa þarf að sambandi barna við feður sína eftir skilnað og **tryggja börnunum þennan sjálfsagða rétt með breytingum á núverandi lögum.**

### Vilt þú, frambjóðandi góður, beita þér í eftirfarandi málum ?

1. Að dómarar fái heimild til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá, enda stríði það ekki gegn hagsmunum barnsins. Þá fer enginn sigurviss í dómssal og vilji til samvinnu og samábyrgðar eykst. Slík dómaraheimild var lögfest í Frakklandi fyrir 13 árum.

2. Að ástæðulausar tálmanir á umgengni við barnið verði gerð refsiverðar sem um ofbeldi væri að ræða. Lög landsins kveða á um rétt barnsins til umgengni við báða foreldra en yfirvöld eru úrræðalaus þegar kemur að tálmunum í þeim efnum. Í Frakklandi er refsiramminn allt að 12 mánaða fangelsi.

3. Að breyta m.a. 30 gr. barnalaganna sem segir á mannamáli að ef forsjárforeldri fellur frá eftir eitt ár í sambúð með nýjum maka – þá fer nýi makinn sjálfkrafa með forsjá barnsins – en ekki blóðforeldri þess.

## Fréttamenn: 12 þúsund feður bíða svara - Spyrjið!

**Feður, mæður, afar og ömmur. Gerist meðlimir í Félagi ábyrgra feðra og hjálpið okkur að stuðla að foreldrajafnrétti og réttindum barna okkar**

Skráning á www.abyrgirfedur.is



# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn






**Glæsileg áklæði til leigu**
Glæsileg áklæði til leigu á stóla fyrir veisluna. Leiga kr. 490 með vsk og hreinsun 15 % magnafsláttur / 100 stk. eða yfir. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - S. 553 0444 www.sofalist.is .

IKEA hilla, skrifborð og rúm m gestarúmi. Hvít+askur. Vel með farið. V. 15.000. Uppl. í síma 8244790.

Rafdrifið hjónarúm, ónotað, heildarstærð 180x200 cm. Verð kr 200 þús. Uppl. í s. 897 3710.



**Glæsileg rúmteppi, ný sending!**
Mikið úrval! Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.

## Heimilistæki

**Rainbow Ryksugur Gott verð!**
Til sölu eru notaðar Rainbow ryksugur. Yfirfarnar af umboði. Ábyrgð. Uppl. í s. 567 7773 á daginn og 893 6337 kvöld og helgar.

## Dýrahald

Til sölu gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar. Uppl. í s. 858 7747.

**Hvolpar til sölu**
Gullfallegir Terrier-Labrador. Upplýsingar í síma 892 2090.

## Ýmislegt

Tek að mér þrif í heimahúsum, er vön og vandvirk. Uppl. í s 866 2748 eða 898 9419

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Til leigu góð neðri hæð í nýlegu raðhúsi í Torrevieja Evrópuhverfið. Göngufæri í allt, góð sundlaug, útvega akstur til/frá flugvelli, get útvegað fleiri íbúðir í sama húsi. vidirh@isl.is & s. 825 7237, Víðir.

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Orlofshús á 601 Akureyri, með öllum húsbúnaði til leigu, um helgar eða vikur í senn. S. 897 7613.

## Fyrir veiðimenn

**Veiðikort**
Til sölu veiðikort sem gildir fyrir eftirfarandi staði sumarið 2007: Kvíslárveitur, Þórisvatn og Fellsendavatn. Frábærir staðir sem þekkir eru fyrir væna veiði. Verð 35.000.- Takmarkað magn. Pantanir og uppl. á vatnaveidi@gmail.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2. herb 57fm íbúð í hfj til leigu, laus eftir helgi. verð 95þús á mán með húsgjöldum rafmagni og hita. uppl. sími 6980637

## Húsnæði óskast

SOS Par óskar eftir 2-3 herb. íbúð. Greiðslugeta 80- 100 þús. per mán. Reglusöm og umfram allt heiðarleg. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 848 7296 Hrefna.

**Óskast til leigu**
Leitum að einbýlishúsi/raðhúsi til leigu á seltjarnarnesi/vesturbæ til 2-3 ára. Svar sendist heilinn@heilinn.is eða í síma 847 7110.

28ára kvk óskar eftir lítilli íbúð miðsvæðis í rvk vegna vinnu. Reglusöm,bankaábyrgð og meðmæli. S:6986788 V:4108423

Stúlka utan að landi óskar eftir stúdíóíbúð í Hafnafirði eða á Nesjunum. Sem fyrst, skilvís og reglusöm. Uppl. í s. 866 7487.

Vantar íbúð fyrir 2 einstaklinga fyrir max 75 þ. per mánuð. Sími 892 0791 Eggert.

Einstæð móðir með 1 barn vantar íbúð sem fyrst, nálægt Borgarsp. Skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 865 2154.

Óska eftir einstaklings íbúð eða rúmgóðu herb, með þvottaðs. og wc. Uppl. í s. 899 8575.

## Sumarbústaðir

Til sölu gamlir víbonar og traktorar ýmis skipti koma til greina. Á sama stað óskast til kaups 30-40 fm sumarhús til flutnings. Uppl. í s. 821 1160.

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði á smiðjuvegi. Laust til leigu 80fm. með wc. S. 691 4131 & 577 1177.

Verslunarhúsnæði óskast fyrir verslun sem selur fallega heimilis og gjafavöru. Uppl. í s. 898 2139 & amalar@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára, Suðurlandsbraut & Stórhöfða**
Óskar eftir starfsfólki í sal í dag-, kvöld- og helgarvinnu. Bílstjóra og fólk í sal.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

**American Style**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Rótgróinn veitingarekstur leitar að góðu fólki. Upplýsingar veitir Herwig í síma 568 6836, Góð íslenskukunnátta nauðsynleg.
Umsóknir á americanstyle.is.

**Skemmtileg og lærdómsrík störf !**
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Reykjanesi leitar að starfsfólki til sumarstarfa sem og framtíðarstarfa. Erum starfrækt á stórhöfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar um störfin eru veitt í síma 525 0900 og á heimasíðunni www.smfr.is

**Eldhússtörf**
Viljum ráða hressan og jákvæðan aðstoðarmann til eldhússtarfa. Fullt starf í boði. Aðeins íslenskumælandi umsækjandi kemur til greina. Lágmarksaldur er 20 ára.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is eða s. 893 2323.

**Eldhússtörf**
Viljum ráða hressan og jákvæðan aðstoðarmann til eldhússtarfa. Fullt starf í boði. Aðeins íslenskumælandi umsækjandi kemur til greina. Lágmarksaldur er 20 ára.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is eða s. 893 2323.

**Hlutastörf á Pizza Hut**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í hlutastörf í veitingasal og í eldhús. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra Sprengisandi 568 8088, Smáralind 533 2005, Nordica 533 2002.

AVM
alltaf gott fólk

**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
-bæði karla og konur, svo sem byggingariðnaði, matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Starfsmannalausnir geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða. Við komum vel fram við starfsfólk okkar & afköstin eru eftir því.
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is







HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ

**Helgarvinna**
Starfsfólk óskast í fullt starf, hlutastarf og helgarstarf hjá Korninu Borgartúni og Hrísateig.
Uppl. í s. 864 1585

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
Vaktsjóra - Pizzabakara - Sendla - afgreiðslufólk í sjoppu. Um er að ræða hentugan vinnutíma í bæði hlutastarf og fullt starf. Góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Austurströnd 1 eða í síma 581 1515.

**Ingunnarskóli - forfallakennsla**
Forfallakennari óskast til vors. Verður að geta hafið störf strax. Áhugasamir hafi samband við Guðlaugu skólastjóra í síma 411-7828 eða gustur@ingunnarskoli.is

**Málarar Athugið!**
Óskum eftir málurum eða vönum mönnum.
Uppl. í síma 898 4782.

**Select Vesturlandsvegi**
Óskum eftir að ráða vaktstjóra á dag- og næturvaktir á Select Vesturlandsvegi. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu ásamt umsjón með vaktinni. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000.

Nesbyggð

**Reykjanesbær**
Okkur vantar vanan gröfumann með meirapróf. Einnig vantar menn vana byggingavinnu. Uppl. í s. 840 6100, Páll eða 840 6105, Ómar.

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

ÍTALÍA

**Ítalía - Veitingahús**
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir þjónum í sal. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu. Einnig er óskað eftir þjónum í fullt starf. Ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11.

**Sólpallar ehf**
óskar eftir smiðum eða handlögnum mönnum í skemmtileg verkefni.
Vinsamlegast sendið umsókn á solpallar@solpallar.is

„Hittumst í hádeginu" Krydd & kavíar óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu frá maí til september. Vinna virka daga, fullt starf eða hlutastarf í einhverju mötuneyta okkar. Sjálfstæð vinnubrögð, góð laun. Umsóknir eða upplýsingar í s. 824 7731 eða senda fyrirspurn á www.kryddogkaviar.is

Starfsfólk óskast. Hársnyrt. Carter óskar eftir starfsfólki í fullt starf eða hluta starf, góð laun fyrir gott fagfólk. Uppl.á staðnum eða í s. 565 3373 & 699 0979. CarterQcarter.is

**Smiðir!**
Getum bætt við okkur smiðum, fjölbreytt verkefni. Saga verktakar ehf. Uppl. í s. 898 3530.

**Sumarvinna- garðyrkja og sláttur**
Langar þig að vinna úti í sumar, þá er þetta starf fyrir þig. Sendu okkur línu á draumagardar@vortex.is

Skipstjóra með 30 tonna réttindi vantar á línubát. Uppl. í s. 897 0760 & 892 7786.

**Ert þú snyrtifræðingur**
Snyrtistofan Mist óskar eftir snyrtifræðing. Fullt starf eða hlutastarf. Uppl. í s. 893 1577 & 577 1577.

## Atvinna óskast

Húsasmiður leitar eftir fleiri verkefnum t.d. parketlögn, gifsveggjum, gluggum, þökum osfrv. Get verið með 2-3. menn með mér. Uppl. í s. 822 3592, Arnar.

## Viðskiptatækifæri

Alþjóðlegt næringar- og heilsufyrirtæki. Sjálfstæðir dreifingaraðilar óskast um land allt. Sendið umsókn á karlemils@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennesla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál






## NÁMSKEIÐ


**ER GEÐRÖSKUN Í FJÖLSKYLDUNNI?**

Námskeið fyrir aðstandendur og áhugafólk um geðheilbrigðismál haldið að Efstaleiti 9 Reykjavík
7. og 8. maí 2007

Dagskrá
- Geðraskanir, meðferð, aðstandendur
- Andstreymi og barátta
- Meðvirkni – sjálfsvirðing
- Meðvirkni innan fjölskyldunnar
- Sjálfsvígsatferli
- Sorg - áfall - úrvinnsla
- Heilsuefling - andlega og líkamlega
- Lífshjólið
- Stuðningshópar aðstandenda
- Myndun stuðningshópa
- Umræðuhópar

Þátttaka er ókeypis.
Vinsamlegast skráið þátttöku á heimasíðu Rauða krossins www.redcross.is eða hafið samband við Jón Brynjar Birgisson í síma 565 2425 og 864 6750.

Rauði kross Íslands

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR


## TILKYNNINGAR

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**
**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Ölduvari við Kársnes í Kópavogsbæ**

**Vinnsla grunnvatns vegna vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **4. júní 2007.**

**Skipulagsstofnun**


GULL BYLGJAN 909


## ATVINNA

Hjallastefnan

Leikskólinn Ásar í Garðabæ óskar eftir að ráða atferlisþjálfa fyrir einhverft barn til starfa sem fyrst. Þekking á undirstöðuatriðum atferlismótunar og/eða reynsla af atferlisþjálfun er æskileg, en ekki nauðsynleg.

Leikskólinn Ásar er Hjallastefnuleikskóli og viðkomandi þarf að vera reiðubúinn að tileinka sér starfshætti Hjallastefnunnar. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Umsóknir sendist til Berglindar Brynjólfsdóttur, sálfræðings á netfangið berglind@hjalli.is, sem einnig gefur upplýsingar um starfið.






## FASTEIGNIR

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
**Sími 513 4300**

| | |
|---|---|
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur M. Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Heimir H. Eðvarðsson | sölumaður |
| Vignir Daðason | sölumaður |
| Yngvi Laxdal | sölumaður |
| Rannveig Sveinsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |
| Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |

Höfum ávalt nóg úrval eigna á skrá.

**www.husid.is**

**Stærri íb. og sérh. — Laufrimi - Kóp.**



Mjög björt og falleg 4ra herbergja 99,6 fm endaíbúð á jarðhæð með góðu aðgengi, má segja sérhæð þar sem nánast allt er sér og innan íbúðarinnar. Húsið er á rólegum stað þar sem stutt er í Spöngina með allri þeirri verslun og þjónustu sem þar er. Stór og flottur, nýr ca 24 fm trépallur með skjólgirðingu og sameiginleg lóð með leiktækjum fyrir börn í sjónfæri frá íbúðinni. Sérmerkt bílastæði á planinu við hlið hússins. **Verð 25,4 millj.**

**2ja herbergja — Engjavellir - Hfj.**



Engjavellir, falleg 2ja herbergja íbúð með sér inngangi af svölum ásamt sér geymslu á 3 hæð (efstu ) í nýlegu fjölbýli. Eignin er 64,2 fm að stærð ásamt 6,7 fm sér geymslu samtals 70,9 fm og skiptist í forstofu, gang, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymsla, stofu, svalir, borðstofu og eldhús. Falleg íbúð. **Verð 17,6 millj.**

**Stærri íb. og sérh. — Þingholsbraut - Kóp.**



Mjög stór og rúmgóð 161,4 fm, sjö herbergja efri sérhæð í snyrtilegu og klæddu þríbýlishúsi með glæsilegu útsýni og aukaherbergi í kjallara ásamt 26,1 fm sérbyggðum bílskúr á frábærum stað í vesturbæ Kópavogs. Eignin skiptist í 4 svefnherb., stóra stofu og arinstofu, góða borðstofu sem mætti loka og nota sem herbergi ásamt aukaherb. í kjallara. Stutt í gönguleiðir meðfram ströndinni, í sundlaugina og skóla ásamt verslun og þjónustu í Hamraborg. **Verð 38,4 millj.**

**2ja herbergja — Gautland - Rvk.**



Björt og rúmgóð 60,4 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu 3ja hæða fjölbýli sem er með klædda gafla, góður staður í fossvoginum, flott útsýni. Mögulegt að opna út í garðinn þar sem er suður tré sólpallur. **Verð 17,8 millj.**

**4ra herbergja — Lækjasmári - Kóp.**



Glæsileg 4ja herbergja 100,1 fm íbúð á 2. hæð ásamt endastæði í bílageymslu. Í fallegu 3ja hæða fjölbýli í Smáranum. Eignin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, stofu með útgengi út á stórar suðursvalir, eldhús með glæsilegri innréttingu, baðherbergi, þvottaherbergi innan íbúðar, geymsla í kjallara. Stutt í skóla og leikskóla. **Verð 26,5 millj.**

**3ja herbergja — Álfatún - Fossvogsdalur**



Góð 3 herbergja íbúð á efstu hæð með fallegt útsýni. Mjög barnvæn staður, stutt í leikskóla, Snælandsskóla, íþróttasvæði HK og útivistarsvæðið Fossvogsdalinn. Gólfefni eru parket og flísar, vandaðar innréttingar bæði í eldhúsi og á baðherbergi. Íbúðin er laus við kaupsamning.Vel þess virði að skoða. **Verð 22,8 millj.**

**Básbryggja**
**110 Reykjavík**



Mjög góð 4ra herbergja 126,4 fm íbúð á tveimur hæðum. Íbúðin er á 3. hæð efstu í nýlegu fjölbýli í Bryggjuhverfi. Baðherbergi er á báðum hæðum flísalögð. Mikil lofthæð. Stórir gluggar gefa íbúðinni skemmtilegt yfirbragð. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 33,5 millj.**

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# Fordómar frá sálfræðilegu sjónarmiði

**UMRÆÐAN**
Fordómar



KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

Fordómar er hugtak sem er neikvætt í eðli sínu. Enginn fæðist með fordóma í garð eins eða neins. Um er að ræða áunnið fyrirbæri. Áhrifabreytur eru ýmsir umhverfis- og uppeldisþættir og persónueinkenni.

Fordómar eru eins og orðið gefur til kynna „fyrirfram gerðir dómar“. Fordómar geta beinst að nánast hverju sem er, oft ákveðnum minnihlutahópum, eða einhverju tilteknu þjóðfélagi, þjóðerni, kynþætti eða kyni svo fátt eitt sé nefnt. Önnur hugtök yfir fordóma eru staðalmyndir eða staðalímyndir. Stundum eru fordómar almennir, þ.e. stór hópur deilir þeim á meðan aðrir eru einstaklingsbundnir eða finnast meðal fárra. Fordómar eru einnig misskaðlegir, sumir rista grunnt, aðrir djúpt. Fordómar geta birst með ólíkum hætti t.d. túlkaðir í „gríni“, í atferli en án orða eða einfaldlega birst í heift og fyrirlitningu gagnvart því/þeim sem fordómarnir beinast að. Einnig er hægt að dulbúa fordóma t.d. með því að setja þá í umbúðir skreyttar kærleik eða öðrum fögrum boðskap.

Fæstir vilja lýsa sér sem fordómafullum. Þó eru margir tilbúnir að opinbera fordóma sína í hópi vina. Því hefur verið haldið fram að ekki sé hægt að vera með öllu fordómalaus. Stundum er fordómum ruglað saman við viðhorf til aðila eða hópa sem hafa brotið gegn ríkjandi hefðum eða lögum landsins. Margir hafa t.d. neikvætt viðhorf í garð afbrotamanna án þess að vera tilbúnir að samþykkja að þeir séu haldnir fordómum í garð þeirra.

Upphaf fordóma í huga einstaklingsins.

Sagt er að fyrstu upplýsingarnar skipti höfuðmáli því á þeim byggjum við skynjun okkar, skoðanir og ályktanir. Séu fyrstu upplýsingar neikvæðar, er hætta á að viðhorf okkar litist og fordómar fæðist. Fordómar sem fest hafa rætur geta verið afar þrautseigir í hugum þeirra sem þá hafa. Það er ekki fyrr en margar nýjar gagnstæðar upplýsingar liggja fyrir sem við e.t.v. samþykkjum að endurskoða viðhorf okkar.

En hvað rekur fólk til að vilja flokka aðra, fara í manngreinarálit, upphefja suma en setja aðra skör lægra? Ein kenning er sú að með því að flokka fólk eða hluti, einföldum við tilveru okkar.

Flokkunin auðveldar okkur að finna þá sem við eigum eitt og annað sameiginlegt með s.s. þá sem hafa ámóta gildismat, hefðir, áhugamál og framtíðarsýn og við sjálf. Með því að líka vel við þá sem líkjast okkur, hlýtur okkur að líka vel við sjálf okkur? Rannsóknir á þessu sviði hafa sýnt fram á að fordómar finni sér frekar farveg hjá einstaklingum sem eru með lágt sjálfsmat, óöruggir með sjálfa sig, eru bitrir og vonsviknir. Andleg vanlíðan sem þessi leiðir gjarnan til þröngsýni, dómhörku og ósveigjanleika í hugsun. Þetta eru meðal helstu áhættueinkenna fordóma. Annað einkenni þeirra sem fylla hóp fordómafullra er ótti við fræðslu, höfnun nýrra upplýsinga og nýjunga. Margir eru sammála um að eitt helsta næringarefni fordóma sé fáfræði og þekkingarleysi.

*Höfundur er sálfræðingur.*

## BLOGG.VISIR.IS

### Það læra börnin …

Eða hvað? Mun fleiri unglingsstúlkur telja að konur eigi að sjá um þvott nú heldur en árið 1992. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Andreu Hjálmsdóttur, við Háskólann á Akureyri. Greint er frá rannsókninni í Fréttablaðinu í dag. Athyglisverðar niðurstöður. En getur verið að börnin lýsi bara því sem þau sjá heima hjá sér? Getur verið að meginþungi heimilisstarfa lendi enn á konunum, þótt þær séu útivinnandi? Og að könnunin staðfesti hið fornkveðna: Það læri börnin sem fyrir þeim er haft?



**Arna Schram**
**http://blogg.visir.is/arna**

### Svalasta hjólaferðin

Sumir dagar eru „kúlari“ en aðrir í stjórnmálunum og dagurinn í gær var mjög svalur.
Að keyra mótorhjól í hópi með um 700 öðrum er ekki eitthvað sem maður gerir daglega – reyndar aldrei áður þrátt fyrir langan og gifturíkan mótorhjólaferil.
En í gær gerðist það. Hópferð á vegum Sniglanna mótorhjólasamtaka lýðveldisins á sjálfan 1. maí frá Perlunni til Smáralindar.
Ógleymanlega gaman – takk fyrir mig.



**Magnús Þór Hafsteinsson**
**http://blogg.visir.is/magnusthor**

### Allsherjarnefnd í vondum málum – vegna Jónínu Bjartmarz

Veiting ríkisborgararéttar í gegn um Alþingi á örugglega að vera nokkurs konar neyðarleið – og ventill til að unnt sé að bjarga fólki undan harðræði og kúgun – jafnvel fangelsun án dóms og laga í heimalandi – pyndingum eða ómannúðlegri meðferð af öðru tagi.

Ég man eftir máli Rúnars Alexanderssonar fimleikamanns frá Lettlandi – sem var tekinn skjóta leið í gegn um Alþingi. Ég man líka eftir Róbert Júlían Duranona sem fékk flýtimeðferð frá Kúbu. Hvort tveggja réttlætt með því að þessir ágætu íþróttamenn myndu ekki njóta mannréttinda – vera útilokaðir frá ferðalögum og þannig útilokaðir frá að stunda íþróttir sínar á því plani sem þeir verðskulduðu. [...] Kannski hefur Jónína Bjartmarz hvergi komið nærri því að beita þrýstingi á nefndarmenn Allsherjarnefndar – kannski er það beinlínis sannleikur – en á sama hátt er alveg klárt mál að nefndarmenn sem um málið fjölluðu hafa haft skyldu til að kynna sér fjölskyldutengsl viðkomandi umsækjanda.

**Benedikt Sigurðarson**
**http://blogg.visir.is/bensi**

### Sjálfstæðismenn hata forsetann

Það er löngu orðið ljóst í mínum huga að sjálfstæðismenn hata forseta Íslands. [...] Mér er í fersku minni þegar Ólafur Ragnar Grímsson var fyrst kjörinn forseti 1996. Þá sátu foringjar stjórnmálaflokkanna í sjónvarpssal tilbúnir að gefa álit sitt á talningunni. Þeirra á meðal var Davíð Oddsson, þáverandi og nú fyrrverandi forsætisráðherra. Þegar fyrirsjáanlegt var að Ólafur Ragnar Grímsson fengi flest atkvæðin kom hálfpartinn reiðisvipur á Davíð og var hann alls kostar ekki ánægður með úrslitin. Það fyrsta sem hann (Davíð) lét gera áður en Ólafur Ragnar tók við embætti forseta Íslands 1. ágúst 1996 var að flytja skrifstofu hans úr Stjórnarráðinu yfir á Sóleyjargötu.



**Karl Jóhann Lilliendahl**
**http://blogg.visir.is/lilliendahl**




# Að semja af sér við Norðmenn

**UMRÆÐAN**
Varnar- og öryggismál



STEFÁN SNÆVARRR

Í Ólafs sögu helga segir frá því er Ólafur konungur hinn digri biður Alþingi um að gefa sér Grímsey sem vináttuvott. Flestir þingmanna vildu verða við bón hans enda væri hann frændi þeirra og vinur. En þá tók til máls Einar Þveræingur og sagði að fengi kóngur eynna þá yrði þess ekki langt að bíða að langskip hans sigldu inn norðlenska firði (les: jöfur mun nota eyjuna sem stökkpall fyrir innrás). Eftir að hafa hlýtt á mál Einars snerist þingmönnum hugur, þeir höfnuðu málaleitan konungs.

En nú er öldin önnur, ríkisstjórn Geirs Haarde hefur gert samninga við Norðmenn um að norsk langskip... ég meina herþotur skuli staðsettar á Keflavíkurflugvelli. Fyrir utan allt annað vont sýnir þetta að Geir, flokkur hans og litli flokkurinn eru fastir í hugarfari kalda stríðsins. Eftir að Kaninn fór fékk stjórnin panikk af verri gerðinni, haldandi líklega að Rússarnir væru á leiðinni. Hún knékraup öllum nágrannaþjóðunum og grátbað um allrameinabótina herþotur. En Geir og félagar skilja ekki að ekkert ríki ógnar öryggi Íslands, alla vega ekki svo lengi sem við erum í NATÓ. Menn mega svo minnast þess að hið varnarlausa land Kosta Ríka fær að vera í friði þótt endalaus vígaferli séu í nágrannaríkjunum. Aftur á móti gætu hryðjaverkamenn ógnað þjóðinni, ekki síst ef þeir uppgötva að hún var sett nauðug viljug á lista vígfúsra þjóða af Davíð Oddssyni og félögum (þeirra á meðal Geir).

Til eru hryðjuverkamenn sem vilja Norðmönnum illt út af skopmyndamálinu. Kannski þeir noti tækifærið og sprengi nokkrar norskar þotur í loft upp á Keflavíkurflugvelli. Ef til vill fer flugstöðin með og nokkur hundruð manns. Hvað sem því líður þá er aðeins til eitt ríki sem gæti ógnað öryggi Íslands – NOREGUR! Sjálfur hef ég búið í Noregi í fjölda ára og þekki land og þjóð. Þó að flestir Norðmenn séu ágætis fólk og okkur velviljað þá eru enn til Nojarar sem telja að Ísland ætti helst að vera fylki í Noregi. Þeir hafi verið rændir sínu íslenska skattlandi árið 1814, eins og norskur sagnfræðingur orðaði það svo skemmtilega: „Það er lítil von til að við fáum skattlöndin OKKAR tilbaka“ (undirskilið: litlar líkur á að réttmætum eigum okkar verði skilað aftur). Altént eru vissir hópar manna hér í Noregi teknir að heimta að varnarsamstarfið verði bundið því skilyrði að Íslendingar viðurkenni Svalbarðasvæðið.

*Til eru hryðjuverkamenn sem vilja Norðmönnum illt út af skopmyndamálinu. Kannski þeir noti tækifærið og sprengi nokkrar norskar þotur í loft upp á Keflavíkurflugvelli.*

Með þessum samningum hefur Geir gefið Norðmönnum hreðjatak á Íslendingum sem þeir munu nota eftir bestu getu í deilum þjóðanna um fisk og fleira. Finnst Geir ekki nóg að hafa gefið Bandaríkjumönnum rétt til að taka loftrýmið íslenska yfir ef hættuástand skapist í heiminum? Hver á að skilgreina „hættuástand“? Finnst honum ekki nóg að hafa látið Kanana fara með sig eins og hund er þeir lögðu herstöðina niður? Geir hafði ekki einu sinni manndóm í sér til að segja varnarsamningum upp. Taki Geir pokann sinn og hverfi úr stjórnarráðinu að kosningum afstöðnum!

*Höfundur er prófessor í heimspeki.*

# Eiga alþingismenn ekki mæður?

**UMRÆÐAN**
Jafnréttismál



SIGÞRÚÐUR ÁRMANN

Mikið er rætt um „kvenfrelsi“ þessa dagana. Hvað er kvenfrelsi? Á ég að hafa meira frelsi að því að ég er kona? Hef ég minna frelsi í dag af því að ég er kona? Eiga einstaklingar ekki að hafa sitt frelsi – óháð kyni?

Einhverjir þingmenn vilja lagasetningar sem eiga að vera konum sérstaklega í hag og tala um að setja lög um jafnt/aukið hlutfall kvenna í stjórnum einkafyrirtækja.

Betra væri að alþingismenn allra flokka litu sér nær. Inni á heimasíðu Alþingis er að finna æviávarp alþingismanna. Þar er fjallað um Steingrím J. Sigfússon. Foreldrar hans eru Sigfús A. Jóhannsson og k.h. Sigríður Jóhannesdóttir. Já, það er fjallað um Sigríði sem „konu“ Sigfúsar. Og svona er þetta með alla þingmennina. Faðirinn er alltaf tilgreindur fyrstur, móðirin kemur þar á eftir og er nefnd „kona föðurins“. Það er ekki mikið „kvenfrelsi“ þar eða hvað?

Það er þessum hugsunarhætti sem þarf að breyta og alþingismenn ættu frekar að líta í eiginn barm. Skoða hvað þeir geti gert inni á sínum vinnustöðum sem stuðlar að fullkomnu frelsi og réttlæti einstaklinga – óháð kyni. Í stað þess að fara að segja einkaaðilum hvernig þeir eigi að haga sínum rekstri. Það er ekki mikið frelsi fólgið í slíkri lagasetningu, hvorki „kvenfrelsi“ né „karlfrelsi“.

*Höfundur er lögfræðingur.*






# Nýsköpun fyrir íslensk fyrirtæki

**UMRÆÐAN**
Menntamál



AÐALHEIÐUR JÓNSDÓTTIR

Fyrirtæki sem vilja vera í fremstu röð á tímum örrar tækniþróunar og breytinga í stjórnun þurfa sífellt að vera vakandi fyrir tækifærum sem gefast til aukinnar þekkingarsköpunar. Þekking og nýsköpun eru undirstaða framþróunar á öllum sviðum atvinnulífsins, hvort sem um er að ræða tæknifyrirtæki, menntun, þjónustu eða framleiðslu. Háskólinn í Reykjavík hefur umsjón með nýjum samstarfssamningi íslensks atvinnulífs við MIT-háskólann (Massachusetts Institute of Technology) í Boston í umboði Viðskiptaráðs og Samtaka iðnaðarins og býðst íslenskum fyrirtækjum, stórum sem smáum, að taka þátt í samstarfinu. Samningurinn felur í sér aðgang að víðtæku samstarfi, þekkingu og færni MIT samkvæmt þörfum, markmiðum og óskum þeirra fyrirtækja sem taka þátt í samstarfinu. Auk þess fá samstarfsaðilar allar upplýsingar um nýjungar, rannsóknir og þróunarverkefni sem verið er að vinna að og tengjast þörfum íslenskra fyrirtækja. Samstarfinu verður hleypt formlega af stokkunum 7.-8. maí nk. þar sem fulltrúar MIT munu kynna samstarfið nánar.

## Virkt samstarf atvinnulífs og skóla í gegnum MIT

MIT-háskólinn er einn af framsæknustu háskólum í heiminum og er t.d. í fyrsta sæti yfir bestu háskóla í Bandaríkjunum á sviði tækni og verkfræði og í því þriðja á sviði viðskipta og stjórnunar, auk þess sem hann hefur verið álitinn besti kosturinn hvað varðar framhaldsnám á háskólastigi almennt. Hvorki fleiri né færri en 63 Nóbelsverðlaunahafar hafa farið í gegnum fræðasamfélag MIT. Skólinn leggur mikla áherslu á virk tengsl við atvinnulífið og raunveruleg verkefni fyrir fyrirtæki og hefur nú opnast tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til að njóta góðs af því. Samstarfið fer fram á vettvangi svokallaðs ILP samstarfs (Industrial Liaison Programme) innan MIT en Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík er tengiliður samstarfsins hér á landi. Fulltrúar íslenskra fyrirtækja sem eiga aðild að samstarfinu við HR fá aðgang að ráðstefnum, málþingum og öðrum viðburðum sem skipulagðir eru innan ramma samstarfsins um allan heim. Hægt verður að fá hingað til lands fulltrúa frá skólanum til að halda fyrirlestur eða til að vinna sértækt með fyrirtækjum og einnig að senda fulltrúa til Boston til skrafs og ráðagerða með sérfræðingum fagsviðanna. Slíkar málstofur eru sérsniðnar að þörfum íslensku fulltrúanna og nýtast t.d. til að styrkja stefnumótun, kynnast því sem er að gerast í rannsóknum og tækni, eða til að skoða nýjar aðferðir við stjórnun fyrirtækja.

Aðgangur opnast að nýjungum í tækni eða stjórnun, svo og rannsóknum og greiningum sem verið er að vinna og verður þannig hægt að fylgjast með því allra nýjasta auk þess sem möguleiki er á að leita ákveðinna lausna. Fyrirtæki munu einnig geta fengið sendar rannsóknarniðurstöður og skýrslur eftir þörfum.

## Aðgangur að þekkingargrunni fagsviða

Íslensk fyrirtæki sem eru í samstarfi við HR hafa möguleika á að koma á tengslum við nema í MIT, ráða þá til starfa eða nýta sérþekkingu þeirra til rannsókna. Samstarfið getur falist í að nemum sé falið að gera ákveðna rannsókn, nemar séu ráðnir í sumarvinnu eða teknir í starfsþjálfun innan íslenskra fyrirtækja hér á landi eða annars staðar.

Sérstakur þekkingargrunnur samstarfsins inniheldur upplýsingar um sérfræðiþekkingu og rannsóknasvið innan MIT auk samantekta og tengla á vefsíður sem reknar eru af deildum skólans. Þar fá samstarfsaðilar HR tækifæri til að leita uppi og skoða rannsóknir sem áhugi er fyrir, tengjast rannsóknaraðilum og kynnast nýjustu tækni og rannsóknum á viðkomandi sviði. Upplýsingum um þróunarverkefni og niðurstöður rannsókna verður dreift eftir efni og þörfum hvers og eins fyrirtækis og prentað efni sem gefið er út af MIT gert aðgengilegt fyrir íslenska samstarfsaðila.

*Þekking og nýsköpun eru undirstaða framþróunar á öllum sviðum atvinnulífsins, hvort sem um er að ræða tæknifyrirtæki, menntun, þjónustu eða framleiðslu.*

Með því að bjóða íslenskum fyrirtækjum aðgang að samstarfi við MIT stuðlar Háskólinn í Reykjavík að virkara samstarfi atvinnulífs og skóla og færir sérfræðiþekkingu á fagsviðum inn í fyrirtæki í öllum geirum samfélagsins.

*Höfundur er verkefnastjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík.*

# Afnemum VSK

## af borðstofuhúsgögnum

AÐEINS UM HELGINA



### VERÐDÆMI

| TAKE húsgagna-lína | Lista-verð | Afsláttar-verð |
|---|---|---|
| Borðstofuborð | 59.900.- | **48.112.-** |
| Skenkur | 84.900.- | **68.193.-** |
| Spegill | 19.990.- | **16.056.-** |
| Borðstofustólar | 14.900.- | **11.968.-** |













Gildir til 6. maí eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# Gleymd neyð í Úganda

**UMRÆÐAN**
Hjálparstarf


LYDÍA GEIRSDÓTTIR

Í 20 ár hafa íbúar í Norður-Úganda verið fórnarlömb einna grimmustu uppreisnarmanna heims. Sú mannvonska sem býr í „The Lord's Resistance Army, LRA" er sjaldséð og hefur haft í för með sér að nær 2 milljónir manna hafa flúið heimili sín.

### Að breyta barni í drápsvél

Á þeim tíma sem þessi uppreisn hefur staðið yfir er reiknað með að meira en 20.000 börnum hafi verið rænt frá foreldrum sínum og þau neydd til að gerast barnahermenn í LRA. Hryllingur glæpanna sem börnin hafa verið neydd til að fremja er ólýsanlegur. Til þess að brjóta þau niður hafa þau jafnvel verið neydd til að myrða sína foreldra eða systkini – eða velja að vera drepin sjálf. Þau eru notuð sem þrælar í herbúðunum, kynferðislega misnotuð og þjálfuð í að verða drápsmaskínur. En sorglegra er að mottóið virðist vera „því yngri, því betra".

Árið 2002 ákvað úgandíska ríkisstjórnin að herða árásirnar á LRA með það að markmiði að útrýma uppreisnarmönnum. LRA hefndi sín með því að ræna á stuttum tíma um 10.000 börnum. Í kjölfarið fóru börn í þessum sveitum að ganga marga kílómetra á hverju kvöldi í öryggið inni í bæjum af ótta við að vera drepin eða numin á brott. Þar nutu þau verndar stjórnarhersins og gátu sofið óhult. Allt að 100.000 börn gerðu þetta á hverju einasta kvöldi í nær fimm ár.

### Einn Stykkishólmur á viku

Allt að 90% íbúa Norður-Úganda búa enn í flóttamannabúðum 20 árum eftir að uppreisnin hófst. Það eru um 1,8 milljónir manna. Flóttamenn dreifast á um 200 flóttamannabúðir þar sem hvorki er hægt að veita lágmarksaðstoð né tryggja öryggi. Í búðunum vantar nægilegan aðgang að hreinu vatni, matur er af skornum skammti, aðgangur að menntun er í lágmarki, heilsufar lélegt með tíðum farsóttum og fullorðnir og börn líða vegna sálrænna áfalla. Það er áætlað að á hverri viku deyi um 1.000 manns vegna ofbeldis eða sjúkdóma sem geisa í búðunum. Það er einn Stykkishólmur á viku.


**FRÁ ÚGANDA** „Allt að 90% íbúa Norður-Úganda búa enn í flóttamannabúðum 20 árum eftir að uppreisn LRA hófst," segir í greininni.

### Ísland hjálpar

Utanríkisráðherra hefur ákveðið að styrkja Hjálparstarf kirkjunnar með 100.000 dollara framlagi til þess að veita neyðaraðstoð í Norður-Úganda. Hjálparstarfið vinnur á svæðinu með ACT / Alþjóðaneyðarhjálp kirkna og ætlun ACT er að veita flóttafólki í fimm héruðum á svæðinu neyðaraðstoð, en þar er þörfin gríðarleg. Tryggja á fólki í flóttamannabúðum skjól, bæta fæðuöryggi, sinna grunn heilsugæslu, útvega aðgang að vatni og auka þar með hreinlæti og veita áfallahjálp. ACT hefur veitt neyðaraðstoð í Norður-Úganda síðan 1979 og býr því yfir mikilli þekkingu á vandanum og hefur mikla reynslu af aðstæðum á svæðinu.

Í ágúst 2006 var samið um vopnahlé milli LRA og ríkisstjórnar Úganda sem hefur vakið vonir um frið innan tíðar. Þó ríkir mikið óöryggi um niðurstöðu viðræðna og ljóst að flóttamenn muni ekki snúa heim til sín á þessu ári. Hjálparstarf kirkjunnar leggur mikla áherslu á að neyð manna gleymist aldrei hversu lengi sem hún varir. Við þurfum að vera til staðar eins lengi og einhver þarf á okkur að halda. Hjálparstarfið sendir innilega þakkarkveðju til utanríkisráðherra fyrir að gera okkur kleift að gleyma ekki.

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.*

# Ráðherra brýtur á tónlistarnemum

**UMRÆÐAN**
Tónlistarnám


KJARTAN EGGERTSSON

Umboðsmaður Alþingis sendi frá sér það álit að menntamálaráðherra hefði brotið á tónlistarnemum. Þeir nemendur sem hafa fengið nám sitt í tónlist metið til eininga í framhaldsskóla áttu að fá tónlistarnámið ókeypis, en greiddu allan tímann skólagjöld upp á hundruð þúsunda.

Það að leiðrétta mál eins og þetta ætti að vera eitt lítið úrlausnarefni í menntamálum, en menntamálaráðherrann Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur ekki getað leyst það þótt hún hafi haft til þess fjögur ár.

Hún segist hafa skoðun á málinu en lætur umboðsmann Alþingis dæma sig svo hún geti komið sér að verki. Nú segir hún að málið sé til skoðunar hjá ráðuneytinu. Hvað ætli málið verði lengi til skoðunar þar?

Menntamálaráðherrann lét hafa eftir sér í Blaðinu að hann leggi til að sveitarfélögin sjái um grunn- og miðstig tónlistarnáms en ríkið sjái um framhaldsstigið óháð aldri nemenda. Þetta fyrirkomulag segir hann að kosti ríkið 200 milljónir. Nú er að sjá hvort ráðherrann stendur við þessi stóru orð. Að vísu kom fram hjá honum í blaðaviðtalinu að hann gerði ráð fyrir að sveitarfélögin tækju að sér eitthvert verkefni frá ríkinu í staðinn, en um það hefði ekki verið samið. Ætli tónlistarnemar verði ekki bara áfram látnir greiða sína menntun upp í topp, fyrst menntamálaráðherra getur ekki samið við sveitarfélögin?

Frjálslyndi flokkurinn hefur það á stefnuskrá sinni (sjá málefnahandbók www.xf.is) að ríkissjóður kosti tónlistarnám nemenda á framhaldsstigi í tónlistarskólum, á sama hátt og annað nám sem stundað er í framhaldsskólum landsins. Málið snýst nefnilega ekki bara um þá nemendur sem eru í námi á tónlistarbrautum framhaldsskólanna, heldur einnig þá nemendur sem eru ekki í framhaldsskólum, en á framhaldsstigi í tónlistarnámi í tónlistarskóla. Margir þessara nemenda hafa þegar lokið framhaldsskólanámi og stúdentsprófi. Þeir eru ýmist á framhaldsstigi eða háskólastigi. Flestir þessara nemenda hafa lagt tónlistina fyrir sig sem fag og ætla að hafa hana að ævistarfi. Það er því ekki óeðlilegt að hið opinbera kosti þetta nám alveg eins og annað fagnám í landinu. Tónlistarnemendur á háskólastigi eru ekki allir í Listaháskólanum, heldur eru margir þeirra í almennum tónlistarskólum, svo sem eins og Tónlistarskóla Reykjavíkur, FÍH og Tónskóla Sigursveins og jafnvel víðar. Þessir nemendur greiða öll sín skólagjöld sjálfir, Reykjavíkurborg greiðir niður nám þeirra flestra og ekki allra jafnt.

Að lokum má minna á að börnum í tónlistarnámi á Íslandi er víða mismunað. Sum sveitarfélögin greiða niður tónlistarnám fyrir útvalin börn, en ekkert fyrir önnur og sum börn fá inni í tónlistarskóla á meðan önnur eru látin bíða – stundum í mörg ár. Menntamálaráðherra er yfirmaður skólamála á Íslandi – ætli honum sé kunnugt um þessa mismunun?

*Höfundur er í 2. sæti á lista Frjálslynda flokksins til alþingiskosninga í vor í Reykjavík suður.*

# Mannréttindi eiga að vera kosningamál

**UMRÆÐAN**
Kosningar


TOSHIKI TOMA

Áherslumál í kosningum eru að sjálfsögðu þeir punktar sem hver flokkur telur mikilvæga og tímabært að ræða í kosningabaráttunni. En sum málefni verða sjaldan áherslumál í kosningum, þótt menn telji þau mikilvæg. Slík mál eru t.d. mannréttindamál, friðarmál, flóttamannamál eða jafnréttismál minnihlutahópa í samfélaginu. Þetta er kannski vegna þess að beinir hagsmunaaðilar málaflokkanna eru ekki margir og stjórnmálaflokkarnir einblína á stærri markað, s.s. almenna kjósendur.

Þetta þýðir alls ekki að mannréttindamál eða jafnréttismál minnihlutahópa séu lítils virði eða að þau eigi ekki erindi við meirihlutann, því mannréttindahugtakið er jú grundvöllurinn að uppbyggingu nútíma samfélags og án þeirra mun samfélagið fara villur vegar. Ég tel því mikilvægt og nauðsynlegt að kosningastefna og áherslumál í kosningum almennt endurspegli mannréttindahugsjónina og tillitssemi við minnihlutahópa í samfélaginu, þótt þau atriði birtist ekki á beinan og skýran hátt.

Ef maður getur ekki séð nein merki um mannréttindahugsjónina í tiltekinni stefnu, verður að álykta sem svo að viðkomandi stefna hafi verið búin til fyrir tiltekin hagsmunahóp sem er annaðhvort í valdastöðu eða meirihluta. Nú langar mig til að vitna í stefnu VG um innflytjendamál sem dæmi. Nefnd Evrópuráðs gegn kynþáttafordómum og mismunun (ECRI) er eins konar „vakt" um mannréttindamál. Hún birti skýrslu sína í febrúar sl., en í henni eru ábendingar um stöðu Íslands í mannréttindamálum innflytjenda ásamt tilmælum til úrbóta, t.d. að tryggja og efla starfsemi frjálsra mannréttindasamtaka að setja raunhæf lög gegn kynþáttafordómum og mismunun, að breyta reglum um tímabundin atvinnuleyfi sem nú eru bundin við atvinnurekendur, að tryggja réttindi erlendra kvenna og barna, að endurskoða 24 ára reglu í lögum um útlendinga, að hvetja innflytjendur til að taka þátt í kosningum.

Það eru fleiri áhugaverð atriði í skýrslunni sem ekki verða talin hér. Málið er að næstum allar ábendingar ECRI og tilmæli til úrbóta sjást í stefnu VG. Ekki vegna þess að VG hafi haft skýrslu ECRI til hliðsjónar, heldur reyndist flokkurinn einfaldlega deila hugmyndafræði ECRI. Þess vegna leyfi ég mér að fullyrða að stefna VG t.d. í innflytjendamálum sé stefna sem byggir á mannréttindum.

Að lokum vil ég biðja lesendur um að muna að við lifum ekki á miðöldum, þegar mismunandi lög giltu fyrir ólíka samfélagshópa. Hér eru bara ein lög og allir eiga að vera jafnir fyrir þeim. En sú staðreynd að hér séu ein lög þýðir ekki að „framkvæmd laganna" sé ekki mismunandi eftir því hvort um mann í valdastöðu er að ræða eða alþýðumann. Framkvæmd laganna er líka mikilvæg fyrir mannréttindi okkar. Hugsum málið og kjósum viturlega!

*Höfundur er stjórnmálafræðingur.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

Þurrkari T223
• Verð frá kr. 78.540

• Íslenskt stjórnborð
• Ný og betri tromla
• Verð frá kr.114.800

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is


TAKTU
EFTIR!!!
ÖSKRANDI TILBOÐ
Á EIKARPARKETI
Eik 3 stafa
með viðarlæsingu
2.290;
Borðastærð 18.9 x 220 cm
15 mm
Eik 2 stafa
með viðarlæsingu
2.990;
Borðastærð 18.9 x 220 cm
15 mm
Egill Árnason hf
Ármúli 8, 108 Reykjavík, 595 0500 - Baldursnes 6, 603 Akureyri, 595 0590 - www.egillarnason.is

**GESTUR EINAR JÓNASSON ER 57 ÁRA Í DAG**

*„Ég hef dásamlegt útsýni og vakna oftast það snemma að ég næ að keyra pínulítið um og líta í kringum mig meðan bærinn sefur enn.“*

***Leikarinn og útvarpsmaðurinn góðkunni fæddist þennan dag árið 1950.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. MAÍ 1979

## *Járnfrúin tekur við embætti*

Á þessum degi fyrir 28 árum varð Margrét Thatcher fyrsta konan til að verða forsætisráðherra Bretlands eftir kosningasigur Íhaldsflokksins. Thatcher tók við embættinu í Downingstræti 10 af James Callaghan og vitnaði þá í St Francis: „Þar sem er óánægja komum við á sátt og samlyndi. Þar sem er pottur brotinn færum við ykkur sannleikann. Þar sem er vafi komum við með trúna og þar sem er vonleysi veitum við ykkur von.“

Í kosningaherferð sinni hét Thatcher því að Íhaldsflokkurinn myndi lækka skatta, draga úr eyðslu hins opinbera og auðvelda fyrir fólki að kaupa eigið húsnæði.



**THATCHER** Járnfrúin varð forsætisráðherra þennan dag árið 1979.

Í valdatíð sinni varð Thatcher, eða Járnfrúin eins og hún var stundum kölluð, heimsþekkt persóna. Var það að hluta til að þakka góðum samskiptum hennar við hugmyndabróður sinn Ronald Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Gorbachev, forseta Sovétríkjanna. Öðlaðist hún einnig vinsældir fyrir þá leiðtogahæfni sem hún þótti sýna í Falklandseyjastríðinu árið 1982.

Deilur við flokksbræður sína um Evrópumál urðu til þess að Thatcher steig niður úr embætti árið 1990 og fór Íhaldsflokkurinn á endanum sömu leið þegar hann tapaði fyrir Verkamannaflokknum í kosningum árið 1997.

### MERKISATBURÐIR

**1581** Sir Frances Drake lýkur siglingu sinni í kringum heiminn.

**1803** Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir eru dæmd til dauða fyrir að myrða maka sína árið áður. Morðin eru yfirleitt kennd við Sjöundá á Rauðasandi.

**1880** Útför Jóns forseta Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur fer fram í Reykjavík.

**1948** Hvalstöðin í Hvalfirði tekur til starfa.

**1964** Lag Bítlanna Can't Buy Me Love fer á toppinn á breska vinsældalistanum.

**1990** Stöð 2, Sýn og Bylgjan-Stjarnan ákveða að sameina rekstur sinn.

---



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Magnús Óli Guðbjargarson**

lést miðvikudaginn 2. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðbjörg Magnúsdóttir** **Kristján Már Hauksson**
**Birta Ósk Kristjánsdóttir**
**Sigrún Lilja Kristjánsdóttir**
**Haukur Jarl Kristjánsson.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma*

**Sigríður Tryggvadóttir**
frá Gröf, Gránufélagsgötu 7, Akureyri

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 24 apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Regína Ragnarsdóttir**
**Tryggvi Ragnarsson**
**Erling Ragnarsson** **Dagbjört Sigrún Torfadóttir**
**Örn Ragnarsson** **Svanhvít Ingjaldsdóttir**
**Úlfar Ragnarsson**
**Stefán Ragnarsson**
**Fríður Jónsdóttir** **Svanberg Gunnlaugsson**
**Börkur Ragnarsson**
**Jóhannes Stefánsson**
**Anna Ragnarsdóttir**
**Þröstur Ragnarsson**
**Anna Tryggvadóttir**
**ömmu og langömmubörn.**

---



†

*Elskulegur sonur okkar, bróðir og barnabarn,*

**Benedikt Steinþórsson**

verður jarðsettur í dag, föstudaginn 4. maí, í Grafarvogskirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim er vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Guðrún Björk Benediktsdóttir** **Hreggviður Þorsteinsson**
**Steinþór Benediktsson** **Hildur Guðbjörnsdóttir**
**Jóna Guðlaugsdóttir** **Benedikt Ágústsson**
**Matthildur Guðbrandsdóttir** **Benedikt Þorvaldsson**
**systkini og aðrir aðstandendur**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

---

PÁLL BERGÞÓRSSON: VERNDARI BARÁTTUHÓPS UM VEÐUR

# Veðrið er viðmót umhverfisins

Páll Bergþórsson, veðurfræðingur og fyrrverandi veðurstofustjóri, er sérlegur verndari Baráttuhóps um betra veður. „Ég er nú voðalega lélegur skjólveggur, en ef menn vilja standa í mínu skjóli er það guðvelkomið,“ sagði Páll. Formlegur stofnfundur hópsins fer fram í Hæðargarði í Reykjavík í dag.

Nú þegar hafa 21 skráð sig í baráttuhópinn, en hugmyndin að samkundunni kviknaði út frá fyrirlestri Páls í Hæðargarði fyrir um mánuði síðan. „Ég var að tala um mitt áhugamál, sjóinn hérna norður frá og hvað hann hefur að segja fyrir heimsbyggðina,“ útskýrði hann. Hann segir marga eldri borgara deila áhuga hans á veðri. „Það er svo mikill áhugi hjá eldra fólki á öllu í náttúrunni, eða lífinu í sveitinni. Það byggist svo mikið á veðrinu. Grasið er undirstaða að öllu saman, það þarf að spretta og til þess þarf hita og rigningu. Svo vill fólk ekki hafa mikinn snjó á veturna,“ sagði Páll.

Hópurinn mun beita sér fyrir bættu veðri, eins og nafnið gefur til kynna. „Það má til dæmis rækta skóg í kringum sig, til að fá skjól. Og svo er að klæða sig, þá verður veðrið betra líka. Svo þetta er ekkert hlægilegt,“ sagði Páll. „Veðrið er það sem við búum við. Það er viðmót umhverfisins,“ bætti hann við.

**sunna@frettabladid.is**



**BÆTIR VEÐURFAR** Páll Bergþórsson er sérlegur verndari Baráttuhóps um veðurfar. Hann bendir á að fatnaður bæti veður. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Stefánsson**
áður til heimilis að Hrafnagilsstræti 29, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 20. apríl síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Hlíðar. Þökkum auðsýnda samúð.
Guð blessi ykkur öll.

**Sigfríð Erla Ragnarsdóttir**
**Jón Þorsteins Ragnarsson** **Dionisia Cacayuran Bautista**
**Úlfar Ragnarsson** **Stefanía Gústafsdóttir**
**Anna Ragnarsdóttir** **Ólafur Björnsson**
**Ragna Ósk Ragnarsdóttir** **Jóhann Gunnar Jóhannsson**
**Sigríður Ragnarsdóttir** **Frosti Frostason**
**Guðbjörg Inga Ragnarsdóttir** **Jón Ingi Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Karl Garðar Þórleifsson**
tæknifræðingur, Lerkilundi 32, Akureyri,

lést á heimili sínu mánudaginn 30. apríl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 8. maí kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Anna Freyja Eðvarðsdóttir**
**Ólöf Inga Andrésdóttir** **Birkir Björnsson**
**Magnús Halldór Karlsson** **Þórleifur Karl Karlsson**
**Arnar Freyr, Magnús Ingi og Erna Kristín Birkisbörn.**

---

### AFMÆLI



**Margrét Helga Jóhannsdóttir** leikkona er 67 ára.



**Jakob Frímann Magnússon**, tónlistarmaður og frambjóðandi, er 54 ára.

**Ingólfur Margeirsson** rithöfundur er 59 ára.



**Ólafur Hauksson** upplýsingafulltrúi er 54 ára.





LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677



**Benedikt Jóhannesson** framkvæmdastjóri er 52 ára.

**Móeiður Júníusdóttir** söngkona er 35 ára.





**Borgar Þór Einarsson** lögfræðingur er 32 ára.

**Árni Þór Vigfússon**, fyrrum sjónvarpsstjóri, er 31 árs.



# **ÍSAFOLD** ER KOMIN ÚT!




DYNAMO REYKJAVÍK



## ÍSAFOLD – TÍMARIT FYRIR ALLA

Sumarið kemur með Ísafold – við fjöllum að þessu sinni um allar helstu nauðsynjar sumarsins; sundföt, snyrtivörur, sumartísku, ferðalög, bjór og allt hitt.

10 hlutir • Herramenn • Fötin • Stokkhólmur • Garðhúsgögn • Pólitíkin • Hönnun • Jaðarrokk • Sumarið • Margarítur • Matreiðslan • Nauðsynjar • Tískuráð • Bækur

**Hvaða blað ert þú að lesa?** Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555** eða sendu okkur póst á **askrift @birtingur.is.**

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

# Ótrúlegt verð

## Dekkjastærðir

### Fólksbíladekk

| Stærðir | |
|---|---|
| 155/70R13 | 4,499 kr. |
| 165/70R13 | 4,799 kr. |
| 175/70R13 | 4,999 kr. |
| 175/65R14 | 5,499 kr. |
| 185/65R14 | 5,599 kr. |
| 17570R14 | 4,999 kr. |
| 185/70R14 | 5,499 kr. |
| 185/65R15 | 5,999 kr. |
| 195/65R15 | 6,499 kr. |
| 205/55R16 | 8,999 kr. |
| 215/55R16 | 9,999 kr. |
| 215/45R17 | 11,999 kr. |
| 225/45R17 | 12,999 kr. |
| 235/40R18 | 17,999 kr. |

### Jeppadekk

| Stærðir | |
|---|---|
| 205/75R15 | 9,499 kr. |
| 30X9,50R15 | 13,499 kr. |
| 31X10,50R15 | 14,999 kr. |
| 33X12,50R15 | 16,999 kr. |
| 35X12,50R15 | 17,999 kr. |
| 265/75R16 | 15,499 kr. |
| 265/70R17 | 15,999 kr. |
| 35X12,50R17 | 26,999 kr. |
| 285/65R18 | 31,999 kr. |
| 35X12,50R18 | 33,999 kr. |

### Sendibíladekk

| Stærðir | |
|---|---|
| 195/70R15 | 9,999 kr. |
| 225/70R15 | 10,999 kr. |

20 fyrstu sem kaupa heilan umgang 4. maí fá fría umfelgun í kaupauka.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


## STUÐ MILLI STRÍÐA Femínistinn Barbie

ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON DÁIST AÐ FERILSKRÁ BARBIE



Gegnum árin hefur maður oft heyrt gagnrýnisraddir femínista í garð Barbie-dúkkunnar. Hafa þær aðallega sett út á gríðarlega langa leggi hennar, sem vissulega eru úr öllu samhengi við raunveruleikann, og þá staðalímynd í útliti kvenna, sem hún er sögð viðhalda. Ég er hins vegar á því að fyrir utan hið afbrigðilega útlit, þá sé Barbie alls ekki hin versta fyrirmynd fyrir ungar stúlkur. Barbie er nefnilega óhrædd við að taka að sér fjölbreytt verkefni, hvort sem það er í atvinnulífinu, í stjórnmálum eða íþróttum og hvar sem hún kemur lætur hún að sér kveða. Hún er kona á framabraut sem veit hvað hún vill og fer alla leið.

Barbie hefur í gegnum tíðina gegnt hinum ýmsu störfum. Hún hefur ferðast um geiminn, verið tannlæknir, keppt í fjölda íþróttagreina, verið slökkviliðskona, flugmaður, unnið sem hámenntaður fornleifafræðingur og jafnvel boðið sig fram í forsetakosningum. Ekki veit ég til þess að margar leikfangadúkkur eigi jafn glæsilega ferilskrá. Ég myndi því telja að hún sé hvatning fyrir ungar stúlkur til að láta ekkert stöðva sig.

Því miður er staðan hins vegar sú að Barbie-dúkkan nýtur nú lítilla vinsælda. Undanfarin ár hafa vinsældir hennar minnkað mikið og verulega dregið úr úrvali af Barbie-dúkkum í leikfangaverslunum. Svo er komið að í bestu búðum finnur maður kannski ekki nema eina gerð af Barbie. Og hver er ástæðan? Jú, nú vilja flestar stelpur leika sér að Bratz-dúkkunum. Þar held ég að sé komið gott viðfangsefni fyrir femínista. Meðan Bratz gerir út á efnislítinn klæðnað og druslulegt útlit hefur Barbie alltaf haldið glæsileika sínum og stöðugt reynt nýja hluti. Ef ég mun einhvern tímann eignast dóttur mun ég hiklaust gefa henni Barbie-dúkku og með því senda henni þau skilaboð að henni séu allir vegir færir.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Hjólaðu í vinnuna

2.-22. maí stendur yfir fyrirtækjakeppnin "Hjólaðu í vinnuna", af því tilefni bjóðum við **20% afslátt** af 26" og 28" Prostyle hjólum

PROSTYLE 13 ár á Íslandi

## 26" City Cruiser




**PROSTYLE 2007** hönnun • gæði • skemmtun • upplifun




26" Hill Rider




26" Dirt Rider




28" Lady




26" Tiger




26" Puma




28" Gentleman

## Veldu gæði, veldu PROSTYLE

Prostyle reiðhjól eru þýsk gæðahönnun á frábæru verði. Prostyle reiðhjól hafa verið seld í Hagkaupum síðan 1994.

Í Prostyle hjól eru einungis notaðar viðurkenndar vörur t.a.m. Shimano gírbúnaður, Zoom demparar, Neco stýri, Viking diskabremsur, MDA álgjarðir, HJC DA-17 twin wall léttmálmsgjarðir og C-star bremsur. Prostyle hjól hafa viðurkennda viðhalds og varahlutaþjónustu.

BELL

Hjálmar í úrvali



Gildir til 6. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**! Kl. 12.00**
*Málþing um stjórnarmyndanir á vegum Sagnfræðingafélags Íslands, Stofnunar um stjórnsýslu og stjórnmál og Morgunblaðsins. Guðni Th. Jóhannesson, Helgi Skúli Kjartansson, Agnes Bragadóttir og Stefanía Óskarsdóttir ræða um horfurnar í komandi kosningum. Oddi, stofa 101.*

# menning

menning@frettabladid.is



**EINAR JÓHANNESSON KLARINETTULEIKARI** Lagði vini sínum Berkofsky og börnunum í Kitezh-þorpinu lið.

## Styrkur í austurátt

Einar Jóhannesson klarinettuleikari er meðal þeirra sem standa að útgáfu hljómdisks til styrktar munaðarlausum börnum í Kitezh-þorpinu í Rússlandi. Diskurinn inniheldur verk eftir Beethoven, Brahms og Schumann en þar leikur Globalis-sinfóníuhljómsveitin undir stjórn stofnanda sveitarinnar, Konstantin Krimets, verk Beethovens ásamt píanóleikaranum Martin Berkofsky en hann leikur síðan ásamt Einari Jóhannessyni tvær sónötur Brahms og þrjú „fantasíustykki“ eftir Schumann.

Kitezh-verkefninu var komið á fót árið 1992 til hjálpar munaðarlausum börnum í Rússlandi en þorpið er í nágrenni Moskvu. Þar búa nú börn á fósturheimilum ásamt kennurum, læknum, bændum, listamönnum og sálfræðingum en árlega heimsækja tugir manna þorpið og vinna þar sjálfboðastarf. Bakgrunnur þessara vanræktu barna er afar misjafn og oft eru þau fórnarlömb ofbeldis. Verkefninu er ætlað að veita þeim skjól og tækifæri sem ekki bjóðast á hliðstæðum stofnunum þar í landi og hafa aðferðir hugsjónafólksins í Kitezh borið góðan árangur.

Upptökurnar voru gerðar í Moskvu og gaf listafólkið vinnu sína til þessa verðuga málefnis.

# Steingarðar byggðir í Eyjafirði

**Landsfjórðungar takast á í fjölbreyttu framboði listaverka þessa dagana: í Stykkishólmi opnaði Roni Horn Vatnasafn sitt í gær og norður á Akureyri var ekki smærra verk erlends listamanns opinberað.**



**LANDLIST** Garðar ástralska myndlistarmannsins eru sums staðar engin smásmíði og þurfa að vera vel hlaðnir eigi þeir að standa.

Á morgun verður opnuð í Listasafninu á Akureyri yfirlitssýning á jarðlistaverkefni Andrews Rogers, Lífstakturinn.

Landlist hefur lengi verið mikilvæg grein innnan sjónlistanna enda stendur hún á fornum meiði. Við hliðina á rúnaristum og málverkum á stein eru til úr fornöld risastórar myndir sem þekja stór svæði og verða vart greind í heild sinni nema úr loft.

Ástralski skúlptúristinn Andrew Rogers hefur um nokkurra ára skeið lagt stund á verk af þessu tagi: með risastórum grjótgörðum sem hann kallar á enskri tungu geoglyphs eða jarðrúnir. Hann lætur sér ekki starfsstöð í einu landi duga heldur vinnur að verki sem teygir sig um alla jarðarkringluna. Það er í tólf þáttum og nú eru sjö orðin að veruleika, þar af eitt á Akureyri.

Ævintýrið hófst í Arava-eyðimörkinni í Ísrael í mars 1999 þar sem hann reisti fjögur útilistaverk. Næst í röðinni var eitt mesta þurrkasvæði jarðar, Atacama-eyðimörkin í Chile, og fljótlega á eftir fylgdu Cerro Rico-fjallahéruðin í Bólivíu, Sri Lanka, You Yangs-þjóðgarðurinn í Ástralíu, Akureyri og nágrenni sem hann vann í september síðasta ár og mánuði síðar Góbí-eyðimörkin í Kína. Í framtíðinni verða steingarðar reistir á Indlandi, í Bandaríkjunum, Bretlandi og Austur-Evrópu. Þegar verkefninu lýkur munu yfir 5.000 manns í sex heimsálfum hafa lagt hönd á plóginn. Samheitið á þessu jarðlistarverkefni er Lífstakturinn (Rhythms of Life) og samanstendur hvert myndverk vanalega af þremur steingörðum eða táknum. Tvö táknin tengjast viðkomandi svæði og af fornum meiði. Yfirleitt eru táknin í sjónmáli hvert frá öðru. Flest eru reist utan alfaraleiða.

Andrew Rogers hafði haft augastað á Íslandi fyrir verkefni sitt. Hann hefur átt gott samstarf við heimamenn um staðarval fyrir verkin þrjú enda verða slík mannvirki ekki reist nema í samstarfi við yfirvöld á hverjum stað. Bæði súla Yoko Ono, Blind Pavilion eftir Ólaf Elíasson og Áfangar eftir Richard Serra setja stóran svip á Viðey við Reykjavík. Eins er með Macy eftir Paul MacCartney á Héraði. Þessi útilistaverk verða kennileiti í landslagi og draga að sér gesti, bæði innlenda og erlenda, ef rétt er á haldið í kynningu. Eins og á öðrum stöðun var gengið út frá því að reistar yrðu þrjár táknmyndir, önnur táknmyndin sem varð fyrir valinu er Akureyrarörninn og hin forn rún sem táknar Nú. Örninn er í Hlíðarfjalli, rúnin Nú efst á Vaðlaheiði og Lífstakturinn í Fálkafelli. Úr góðri fjarlægð má auðveldlega greina táknin sem eru komin til að vera; þegar verkunum var lokið leigði Rogers þyrlu eins og venja hans er og lét skrásetja garðana með aðstoð Páls Stefánssonar ljósmyndara. Fimmtán barnshafandi konur á Akureyri sem auglýst var eftir voru ljósmyndaðar í bak og fyrir ofan á Lífstaktinum og létu þær ekki hitastigið, fimm gráður, aftra sér frá því að veita afkvæminu hlutdeild í ódauðlegu listaverki. Sýningin í Listasafninu á Akureyri er fyrsta almenna yfirlitssýningin á verkefninu.

Listasafnið á Akureyri hefur gefið út 140 síðna bók um jarðlistaverkefnið Lífstaktinn og framkvæmd þess í Ísrael, Chile, Bólivíu, Sri Lanka, Ástralíu, Akureyri og Kína.

Þetta er fyrsta bókin þar sem verkefninu eru gerð heildræn skil og fer hún í alþjóðlega dreifingu. Greinarhöfundar eru Hannes Sigurðsson, listfræðingur og forstöðumaður Listasafnsins, og hinn virti bandaríski gagnrýnandi Lilly Wei.

Tveir ástralskir kvikmyndatökumenn fylgdu Rogers eftir hvert fótmál við gerð verkanna þriggja á Akureyri, en gerðar hafa verið heimildarmyndir um hvert og eitt þessara verkefna hans. Afraksturinn er hálftíma mynd um gerð verkanna og mannlífið á Akureyri og verður hún frumsýnd í Sjónvarpinu á uppstigningardag, fimmtudaginn 17. maí kl. 19.35. Þá hefur Discovery Channel fest kaup á þáttunum og verða þeir teknir til sýninga um allan heim.

Sýningin stendur uppi í Listasafni Akureyrar til 24. júní.

pbb@frettabladid.is

www.volkswagen.is




**Umhverfisvænt**
Það þarf 113 metanbíla til að menga jafnmikið og sambærilegur bensínbíll.

**Ódýrt**
Metan sem skilar jafnmikilli orku og 1 lítri af bensíni kostar í dag 88 kr. Verðið er óháð duttlungum olíumarkaðarins.

**Íslenskt**
Metan er framleitt á Íslandi og er mengun vegna flutninga því hverfandi.

**Brahms - Ein Deutsches Requiem**

Langholtskirkja 5. maí kl. 16.00

Vox academica
Jón Leifs camerata

Sigrún Hjálmtýsdóttir Sópran
Kristinn Sigmundsson Barítón
Hljómsveitarstjóri Hákon Leifsson

Forsala aðgöngumiða
- 12 Tónum, Skólavörðustíg
- Tónastöðinni, Skipholti
- hjá kórfélögum í síma 899 7579
og voxacademica@gmail.com

Miðaverð í forsölu 3000 kr.
og við inngang 3500 kr.

Örfá sæti laus.

http://habil.is/vox

**GERÐUBERG**
www.gerduberg.is



**Vorfundur Kvæðamannafélagsins Iðunnar**
- Draugsríma sem Pétur Björnsson kveður.
- Njáll Sigurðsson flytur ágrip af hljóðritunarsögu Íslendinga
- Rósa Jóhannesdóttir syngur og lúðrar munu gjalla!

***Veri allir velkomner***
***sem við mig spjalla í tryggðum.***
***Ég get varla unað mér***
***ein á fjallabyggðum.***



**Af hjartans list!**
Verið velkomin á opnun málverkasýningar
Ágústs Jónssonar laugardaginn 5. maí kl. 16



**RÚRÍ Tími - Afstæði - Gildi**
Listaverk, ljósmyndir og myndbönd af skúlptúrum og innsetningum frá 30 ára listferli
Ath. Síðasta sýningarhelgi!



**Textílverk og frumsamin ljóð**
6. bekkinga í Rimaskóla
Síðasti sýningardagur er 5. maí!



**Vissir þú...**
af góðri aðstöðu fyrir ráðstefnur veislur, námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is

Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700

## Auglýst er eftir heilbrigðum sjálfboðaliðum til þátttöku í klínískri lyfjarannsókn

Óskað er eftir heilbrigðum sjálfboðaliðum (konum og körlum) á aldrinum 18-55 ára til þátttöku í klínískri rannsókn á rannsóknarlyfinu DG-041. Konur á barneignaraldri geta ekki tekið þátt í rannsókninni nema að þær hafi gengist undir ófrjósemisaðgerð.

**DG-041**
DG-041 tilheyrir flokki segavarnarlyfja og er talið að það hindri samloðun blóðflagna. Rannsóknarlyfið hefur þegar verið prófað í heilbrigðum einstaklingum m.t.t. mögulegra aukaverkana og eituráhrifa og í útæðasjúklingum án þess að nokkrar alvarlegar aukaverkanir kæmu fram. Íslensk erfðagreining ehf. vinnur að þróun lyfsins við hjarta- og æðasjúkdómum. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar. Aðalrannsakandi er Hrefna Guðmundsdóttir sérfræðingur í lyflækningum og nýrnasjúkdómum.

**Tilgangur rannsóknarinnar**
Tilgangur þessarar rannsóknar er að meta lyfjahvörf og lyfhrif rannsóknarlyfsins DG-041 á storknunarferli með því að mæla storkuþætti (pVASP, P-selectin, samloðun blóðflagna (enska: platelet aggregation)). Rannsóknin mun einnig leggja mat á þol og öryggi rannsóknarlyfsins.

**Áhætta**
Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum.

**Framkvæmd**
Alls er gert ráð fyrir 8 heilbrigðum sjálfboðaliðum í rannsókninni. **Rannsóknin fer fram á rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna ehf. - Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík.** Gert er ráð fyrir 4 heimsóknum á rannsóknarsetur og tími hvers þátttakanda í rannsókninni verður ekki lengri en 56 dagar. Þátttakendur dvelja á rannsóknarsetri í um 36 klukkustundir í heimsóknum 2 og 3 en í heimsóknum 1 og 4 í um 30-45 mínútur.

**Greiðsla**
Greitt verður fyrir þátttöku, alls kr. 100.000 ef þátttakandi lýkur rannsókninni.

**Frekari upplýsingar**
Þeir sem kynnu að hafa áhuga eru beðnir um að leita frekari upplýsinga um rannsóknina hjá hjúkrunarfræðingi rannsóknarinnar í síma 510 9911.

*Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.*

ENCODE ÍSLENSKAR LYFJARANNSÓKNIR ehf
ÍSLENSK ERFÐAGREINING

FRÉTTABLAÐIÐ
**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**



metan
Volkswagen
Ecofuel

Metanbílar Volkswagen eru einhver umhverfisvænasti kosturinn á markaðinum í dag.
Þú fórnar hvorki afli né eiginleikum en uppskerð hreinna loft og lægri eldsneytiskostnað.
**Í boði eru metanútgáfur af Volkswagen Caddy og Volkswagen Touran.**

**Er metan fyrir þig?**
Komdu og kynntu þér metanbílana frá Volkswagen og fáðu nánari upplýsingar á **www.hekla.is/metan.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

3.maí kl. 20 Uppselt
6.maí kl. 20 Uppselt
10.maí kl. 20 Uppselt
11.maí kl. 20 Uppselt
12.maí kl. 14

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



ABBABABB! eftir Dr. Gunna
6 maí sun kl 14
13 maí sun kl 14

Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason
5 maí lau 11 sýning kl 20
11 maí fös 12 sýning kl 20

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarf. Pantanasími 555 2222 og á www.midi.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

**HIPP HOPP GESTASÝNING**
Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Þri 8/5 kl. 20 Mið 9/5 kl. 20
Miðaverð 2.000

**LADDI 6-TUGUR**
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Í kvöld kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Sun 6/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl.20 UPPS.
Fös 11/5 kl. 20 UPPS. Lau 12/5 kl.14
Sun 13/5 kl. 20 Lau 19/5 kl.20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS. Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20 UPPS. Fim 31/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 Sun 3/6 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING
Mið 16/5 kl. 20 STYRKTARSÝNING
Styrktarsýning fyrir Eddu Heiðrúnu Backman

**DAGUR VONAR**
Í kvöld kl. 20
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 6/5 kl. 13 AUKASÝNING UPPS.
Sun 6/5 kl. 14 AUKASÝNING UPPS.
Sun 6/5 kl. 15 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**EILÍF HAMINGJA**
Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING
Síðasta sýning

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog. is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir **Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.**
**Aukasýningar sun. 6/5 kl. 14:00, sun. 13/5 kl. 20:00. Allra síðustu sýningar!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld, fös. 4/5 nokkur sæti laus, lau. **5**/5, fös. 11/5, lau. 19/5, lau. 25/5. **Síðustu sýningar í vor!**
**Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!**

**CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**
Þri. 15/5 **örfá sæti laus**, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.**
Lau. 5/5 **nokkur sæti laus**, sun. 13/5, fös. 18/5. **Umræður eftir sýningu með Sveini Rúnari Haukssyni 5/5 og Hrafnhildi Gunnarsdóttur 13/5.**

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.**
Í kvöld, fös. 4/5 **uppselt**, lau. 5/5 **uppselt**, sun. 6/5 **uppselt**. sun. 13/5 **uppselt**, **aukasýningar mið. 16/5, örfá sæti laus og fim. 17/5 nokkur sæti laus**, fös. 18/5 **uppselt**, lau. 19/5 **uppselt**, **aukasýning sun. 20/5 nokkur sæti laus**, fim. 24/5 **uppselt**.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÝTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur**
Sun. 6/5 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **uppselt**, lau. 12/5 kl. 11:00 **örfá sæti laus** og 12:15, sun. 13/5 kl. 11:00 **örfá sæti laus** og 12:15.

**Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is**

**Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**




**MYNDLIST** Roni Horn við verk sitt á efri hæð Bókasafnsins gamla í Hólminum sem nú geymir innsetningu hennar um vatnasvið Íslands.
MYND/ COMMISSIONED AND PRODUCED BY ARTANGEL, 2007 © ARTANGEL

# Vatnasafn vígt í Hólminum

**Einhver myndi lýsa sambandi bandarísku listakonunnar Roni Horn við Ísland sem ástarsambandi. Hún kom hingað til lands skömmu eftir nám sitt í myndlist í heimaborg sinni New York og hefur síðan verið hér fastagestur.**

Landið hefur sest að í verkum hennar af ýmsu tagi, einkum ljósmyndaverkum hennar og sýn hennar á landið sem er reglubundin og skipuleg í úrvinnslu hefur vafalítið aukið hróður landsins.

Heimamönnum kunna að þykja látlausar og ýkjulausar myndir hennar hversdagslegar enda er öll list hennar íhugun um merkingu og mið, hvað er að baki ásýndinni.

Roni verður fyrirferðarmikil í menningarlífinu á þessu vori: fram undan er stór sýning á verkum hennar í Listasafni Íslands sem hefur verið lengi í undirbúningi og verður opnuð 10. maí. Nú í vikulokin var lokið frágangi á Vatnasafninu sem hún átti upptökin að vestur í Stykkishólmi. Hátt yfir lágreistu þorpinu gnæfir bygging sem til þessa hefur hýst bókasafnið. Húsið hannaði Peter Matull í húsameistaratíð Harðar Bjarnasonar 1958 og reis það á árunum eftir það. Á ferðum sínum þar hjá tók Roni eftir byggingunni. Það var svo 2004 að henni kom í hug að gera húsið að íhugunarstað og hugmyndin um vatnasafnið varð til.

Vatnasafnið er nú orðið að veruleika með tilstyrk opinberra aðila með stuðningi einkaaðila.

Vatnasafnið geymir risastóra innsetningu eftir Roni, minnisvarða um vatnabúskap landsins, eins konar áminningu um hið dýrmæta efnasamband sem er meirihlutinn af okkur. Þá er í húsinu aðstaða fyrir gestalistamann og samkomusalur.

Í verkefninu mætast margir kraftar. Djúp virðing og aðdáun listakonunnar fyrir náttúru Íslands, sá alþjóðlegi áhugi sem hefur aukist mjög hin síðari ár á alþjóðlegum vettvangi og vináttuhópur hennar hér á landi.

Það var nokkurt átak fyrir kyrrlátt samfélag í Hólminum að átta sig á hugmynd listakonunnar og urðu nokkrar ýfingar um málið. Með tilstyrk ráðuneyta menntamála og samgöngumála, fjárlaganefndar Alþingis og Stykkishólmsbæjar var málið í höfn. Hugmyndir Roni gerðu ráð fyrir nokkrum endurbótum á húsinu og að auki var verulegur kostnaður við að koma verkinu fyrir. Einkaaðilar hlupu þá undir bagga, FL Group, Olíufélagið og Straumur-Burðarás. Að auki komu að verkinu listvinasamtökin bresku Artangel sem eru búsett í London. Þau hafa um nokkurn tíma verið afar virk í hvers kyns verkefnum á Bretlandseyjum en sækja nú í fyrsta sinn út fyrir eyjarnar og leggja lið á erlendri grund. Þar koma að velstæðir einstaklingar og vekur athygli að Hreiðar Már Sigurðsson hjá Kaupþingi og Anna Lísa Sigurjónsdóttir eru í þeim hópi.

Vatnasafnið er þannig fyrsta listaverkefnið sem sækir styrk sinn í senn í alþjóðlegt og innlent fjármagn.

Það hafa líka komið við sögu margir innlendir aðilar: Gláma Kím Arkitektar Laugavegi 164 eru ráðgjafar og arkitektar breytinganna, byggingarverktaki er Skipavík í Stykkishólmi, Helgi í Lumex annast lýsingu og fjöldi aðila hefur komið að söfnun vatnsins sem er meginefni verks Roni.

Ekki er að efa að Vatnasafnið mun kalla á marga gesti á næstu árum og verða hvati fyrir aukinn straum innlendra og erlendra gesta í Hólminn. Vefur safnsins er www.libraryofwater.is.

pbb@frettabladid.is


Ein elsta og mesta rokkhljómsveit landsins
**Logar**
frá Vestmannaeyjum
Eyjastuð...
á Kringlukránni
í kvöld og á
morgun laugardag 5. maí



Café/Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund

**Viðburðir Landnámsseturs í maí**

**lau. 5. maí**.kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar *Uppselt*
**su. 6. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *örfá sæti laus*
**lau. 9. maí** kl. 20 aukasýning
KK og Einar *örfá sæti laus*
**fö. 11. maí** kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
**lau. 12. maí** kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsíngar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# VORÚTSALA

## LCD SJÓNVÖRP

Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ

# 100.000

## KRÓNA AFSLÆTTI

GRUNDIG UNITED enox. THOMSON PHILIPS Dantax JVC

ÚTVÖRP
FERÐATÆKI
MINNISKORT
HEYRNARTÓL
FERÐATÖLVUR
MP3 SPILARAR
HLJÓMTÆKI
IPOD HÁTALARAR
STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
BÍLTÆKI OG FLEIRA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is


THE NATIONAL


SEABEAR

> Í SPILARANUM

The National - Boxer
Björk - Volta
Voxtrot - Voxtrot
Deerhunter - Cryptograms
Seabear - The Ghost that Carried Us Away

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Oasis númer eitt

Live Forever með Oasis hefur verið kjörið besta indí-lag allra tíma í könnun breska tónlistartímaritsins NME og útvarpsstöðvarinnar XFM. Í öðru sæti lenti Smells Like Teen Spirit með Nirvana.

Næstu lög á listanum voru Common People með Pulp, There Is a Light That Never Goes Out með The Smiths og Don´t Look Back into The Sun með The Libertines. Tvö önnur lög eftir Morrissey og Pete Doherty, fyrrum liðsmenn The Smiths og The Libertines, komust á listann. Time Fore Heroes með The Libertines lenti í sjötta sæti og How Soon is Now? með The Smiths í því sjöunda. Í níunda sæti voru The Strokes með slagarann Last Nite og í næsta sæti á eftir voru The Artic Monkeys með I Bet You Look Good on the Dancefloor.

Aðrar hljómsveitir sem komust á topp 50 listann voru Joy Division, Babyshambles, Arcade Fire, Manic Street Preachers, The Killers, Blur og Pixies með lagið Monkey Gone to Heaven.


**OASIS** Rokksveitin Oasis á besta indí-lag allra tíma samkvæmt nýrri breskri könnun.



> Plata vikunnar

**Curver + Kimono - Curver + Kimono**

★★

„Þrátt fyrir flottan hljóm veldur þessi samstarfsplata Curvers og Kimono miklum vonbrigðum. Mixin eru fyrirsjáanleg og ná ekki að halda athyglinni.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Er þetta svona hippstera-tónlist?*

Ef ég á að vera hreinskilinn þá er mér illa við tónlist sem hentar ekki mínum svalleikastaðli. Þetta einskorðast ekkert við mig, held að langflestir hugsi þannig. Ég leyfi mér þannig að hafna tónlist en mér byrjar samt ekki að líka vel við ákveðna tónlist af nauðsyn. Til þess að teljast hippster í tónlistarvali þarf hins vegar að fara eftir ákveðnum formúlum, teygjanlegum þó. En hvernig finnur maður þessa hippstera-tónlist, með öðrum orðum hvaða tónlist þarf ég að hlusta á til þess að teljast hippster? Hippsterum má mjög gróflega skipta í tvennt; Kronkron-hippstera og GK-hippstera. Hvað tónlist varðar eru Kronkron-hippsterarnir nokkuð fjölbreyttir í tónlistarvali. Alls kyns raftónlist er í miklu uppáhaldi þessa stundina og nú er einmitt Trentemøller á leiðinni til landsins sem gleður fjölmarga hippstera. Ekki síður í ljósi þeirrar staðreyndar að danski fatahönnuðurinn Henrik Vibskov lemur húðir hjá Trente sjálfum. Einnig má nefna LCD Soundsystem, Hot Chip, CSS, The Rapture og annað kæruleysislegt indí-elektró-dans-rokk-popp-diskó sem gleður eyru, hjörtu og fatastíl Kronkron-hippstera.

GK-hippsterarnir fylgja svolítið stígnum sem Kronkron-hippsterarnir hafa áður fetað. Alls kyns safndiskar eru í miklum metum hjá þeim. Allt sem heitir Lounge-eitthvað er til dæmis töff, sem og tónlist úr kvikmyndum og auglýsingum. Dinner-tónlist þykir einnig fín, eitthvað seiðandi, mjúkt, verulega kynþokkafullt og exótískt.

Líklegast er samt besta leiðin til þess að finna hippstera-tónlist að athuga hvað hippsterarnir eru með sem lagið sitt á Myspace. Þar rekst maður mjög líklega á eitthvað af eftirfarandi; The Knife, Chromeo, Peter Bjorn and John, Uffie, Of Montreal, Architecture in Helsinki, CocoRosie, Feist og auðvitað marga fleiri. Nouvelle vague-tónleikarnir síðasta föstudag voru reyndar mjög gott dæmi um hreinræktaða hippsteratónleika. Af einhverjum ástæðum var samt ekki selt rauðvín á svæðinu og hvernig á maður að geta rætt á hippsterslegum nótum um franska tónlist þegar ekki er rauðvín við hönd?

Um daginn rakst ég síðan á skemmtilega hljómsveit sem ætti að verða vinsæl meðal hippstera á næstunni, meðal annars inni á Myspace. Sú heitir Souvenir, spilar eggjandi 80's elektró-popp með litríkum rafmagnsgítar, kemur frá Spáni en syngur samt á frönsku. Sveitin var að senda frá sér plötuna 64 og fékk í vikunni Recommended stimpilinn hjá Stylus Magazine, þarf hippsterinn nokkuð að vita meira?






# Gamall draumur rætist

**Rokkskáldið og Íslandsvinurinn Patti Smith hefur verið töluvert í sviðsljósinu að undanförnu. Hún var tekin inn í heiðursflokk rokkara (Rock & Roll Hall of Fame) í mars síðastliðnum og í síðustu viku kom út með henni platan Twelve sem hefur að geyma útgáfur hennar af lögum listamanna á borð við Jimi Hendrix, Nirvana og Tears For Fears. Trausti Júlíusson tékkaði á Patti.**


**PATTI SMITH OG HLJÓMSVEIT** Hún er nýorðin sextug (eins og Bowie, Elton og Laddi) og hefur aldrei sungið betur …

„Mig langaði til þess að gera tökulagaplötu fyrir löngu síðan, á áttunda áratugnum, en ég var ekki tilbúin þá. Röðin var ekki tilbúin,“ segir Patti Smith í nýlegu viðtali þegar hún er innt eftir því af hverju hún sé að gefa út tökulagaplötu núna. Og hún heldur áfram: „Nú finnst mér ég vera tilbúin. Söngurinn hefur batnað og ég veit meira um röddina mína. Ég skil hana betur…“

Flest laganna á Twelve eru eftir átrúnaðargoð Pattiar af hippakynslóðinni; Jimi Hendrix (Are You Experienced?), Neil Young (Helpless), The Rolling Stones (Gimme Shelter), The Beatles (Within You Without You), Jefferson Airplane (White Rabbit), Bob Dylan (Changing Of The Guards) og líka lög eftir The Doors, Paul Simon, Allman Brothers og Stevie Wonder. Yngstu lögin eru svo Nirvana lagið Smells Like Teen Spirit og Everybody Wants To Rule The World eftir Tears For Fears.

### Dreymdi fyrir Doors

Hljómsveit Pattiar spilar undir í lögunum, en að auki koma við sögu nokkrir gestir þ.á m. Tom Verlaine, gítarleikari Television, feðgarnir Sam og Walker Shepard, sem leika á banjó í Teen Spirit, og Rich Robinson gítarleikari The Black Crowes. Patti var með lista yfir tólf lög sem hana langaði til að hljóðrita þegar vinna hófst við gerð plötunnar. Af þeim lista enduðu aðeins fjögur á plötunni: Hendrix-lagið, Stones-lagið,White Rabbit og Teen Spirit. Ýmis atvik réðu því svo hvernig hin lögin lentu á plötunni. Til dæmis Doors-lagið Soul Kitchen: „Mig dreymdi að ég ætti að taka Soul Kitchen, sem hefur aldrei verið eitt af mínum uppáhalds Doors-lögum. Svo fór ég fram úr og út á götu og þá brunaði götusópur framhjá með Soul Kitchen á fullu í græjunum. Þá hugsaði ég: OK. Ég tek það.“ Patti segir að það hafi verið ákveðinn léttir og frelsun í því að gera einu sinni plötu án þess að þurfa að kveljast yfir því hvort textarnir séu nógu góðir. „Það erfiðasta sem ég geri er að semja texta,“ segir hún.

### Hillbillí-útgáfa af Nirvana

Twelve hefur víðast hvar fengið góða dóma, að undanskildum Pitchforkmedia-vefnum, en það hefur svo sem alveg komið fram áður að þeir hjá Pitchfork eru betri í því að draga athyglina að áhugaverðum nýliðum heldur en að fjalla um gamla jálka. Tökulagaplötur hafa auðvitað ekki jafn mikið gildi og plötur með frumsömdu efni, en það getur verið gaman af þeim engu að síður.

Patti hefur alltaf tekið lög eftir aðra í bland við sín eigin og hún gerir það vel. Útgáfan hennar af Them-laginu Gloria er til dæmis ein af bestu ábreiðum sögunnar að mati sérfræðinga tímaritsins Wire sem tók ábreiður fyrir nýlega. Lögin á Twelve eru misvel heppnuð, en heildarsvipur plötunnar er nokkuð sterkur. Patti hefur aldrei sungið betur og það er unun að hlusta á gítarleik Lenny Kaye.

Útgáfan af Smells Like Teen Spirit er mjög flott. Lagið er róað niður og útsetningin er í hálfgerðum hillbillí-stíl með banjó og fiðlum. Are You Experienced, Soul Kitchen og Changing Of The Guards eru líka öll flott, en slakasta lagið er sennilega Everybody Wants To Rule The World sem Patti breytir ekki neitt.

# *Justin vill semja kántrílög*

Popparinn Justin Timberlake vill draga sig í hlé frá sviðsljósinu og semja kántrílög í ró og næði. Justin er frá Tennessee þar sem kántríið er í hávegum haft og vill hann kanna þessar kántrírætur sínar betur.

„Ég hef fengið minn skerf af sviðsljósinu. Mér finnst ég ekki þurfa mikið á því að halda núna. Mig langar að semja kántrílög, vegna þess að ég ólst upp við þau í Tennessee. Ég vil samt líka vera áfram í hip hoppinu,“ sagði Justin, sem er 26 ára.

Justin gaf á síðasta ári út sína aðra sólóplötu, Futuresex/Lovesounds, auk þess sem hann talaði inn á teiknimyndina Shrek the Third. Einnig lék hann í sinni fyrstu kvikmynd, Alpha Dog, og var á svipuðum tíma orðaður við leikkonurnar Scarlett Johansson og Jessicu Biel.

„Stundum finnst mér eins og eina leiðin fyrir mig til að tjá allar mínar hliðar sé í gegnum mismunandi fólk. Ef ég á að semja lög fyrir sjálfan mig verð ég tvímælalaust að hlaða batteríin á nýjan leik,“ sagði hann.


**JUSTIN TIMBERLAKE** Justin vill draga sig í hlé frá sviðsljósinu og kanna kántrírætur sínar betur.



Hringdu eða komdu, pantaðu og sæktu eða borðaðu á staðnum
Wilson'S PIZZA
Kannski bestu pizzur í heimi
afmælis tilboð
2ja ára
2ja ára
2ja ára
16" pizza með 2 áleggsteg.
ostabrauðstangir
2 L Pepsi og stór poki Lays
1690
sótt
gildir frá 3. - 6. maí
PEPSI
Wilson'S PIZZA
S. 581 15 15
Austurströnd 1, Seltjarnarn. og Gnoðarvogi 44

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# DiCaprio og Cohen áhrifamiklir

Leikararnir Leonardo DiCaprio, Rosie O´Donnell og Sacha Baron Cohen eru á meðal þeirra sem eru á lista tímaritsins Time yfir 100 áhrifamestu einstaklinga heims.

Einnig eru á listanum Elísabet Englandsdrottning, Hillary Clinton, Martin Scorsese, Kate Moss og stofnendur YouTube, Steve Chen og Chad Hurley. George W. Bush Bandaríkjaforseti komst ekki á listann.

Í tímaritinu talar gamanleikkonan Rosanne Barr um Baron Cohen, sem er líklega þekktari sem Borat frá Kasakstan. „Hann særir blygðunarkennd margra en æskan í dag móðgast ef enginn móðgar hana,“ sagði hún.

Alls komust 71 karl og 29 konur á listann frá 27 löndum. Á meðal fleiri sem komust voru Oprah Winfrey, George Clooney, Brad Pitt, Justin Timberlake, Tyra Banks, Arnold Schwarzenegger og Simon Fuller, höfundur American Idol.



**KATE MOSS** Breska ofurfyrirsætan er ein af 29 konum á listanum.



**LEONARDO DICAPRIO** Hjartaknúsarinn mikli er einn af 100 áhrifamestu einstaklingum heims að mati Time.



**SACHA BARON COHEN** Cohen, öðru nafni Borat frá Kasakstan, komst á listann.



**BUSTA RHYMES** Rapparinn Busta Rhymes er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum áfengis.

## Handtekinn í New York

Bandaríski rapparinn Busta Rhymes hefur verið handtekinn grunaður um að hafa ekið undir áhrifum áfengis í New York. Rhymes, sem heitir réttu nafni Trevor Smith, var handtekinn á bíl sínum skömmu eftir miðnætti.

Rapparinn virðist eiga erfitt með að halda sig réttum megin laganna því hann þarf að mæta fyrir rétti í næstu viku vegna tveggja annarra ákæra. Annars vegar fyrir að ráðast á ökumann sinn og hins vegar fyrir að ráðast á aðdáanda sinn sem á að hafa hrækt á bíl hans á síðasta ári. Í febrúar síðastliðnum var hann síðan handtekinn fyrir að hafa ekið um með útrunnið ökuskírteini.



**MADONNA** Hafnaði boði um að syngja á minningartónleikum um Díönu prinsessu.

## Hafnaði góðu boði

Söngkonan Madonna hefur hafnað boði um að koma fram á minningartónleikum um Díönu prinsessu á Wembley í júlí. Ástæðan er sú að hún verður önnum kafin við æfingar fyrir Live Earth-tónleika sex dögum síðar.

Tónskáldið Andrew Lloyd Webber hafði beðið Madonnu um að endurtaka hlutverk sitt sem Evita fyrir tónleikana en hún hafði þegar bókað sig á Live Earth. Synir Díönu og Karls Bretaprins, Harry og Vilhjálmur, skipuleggja tónleikana á Wembley og hefur Elton John þegar lofað að syngja lagið Candle in the Wind.

# Jóhanna Guðrún springur út í haust

**Fyrir átta árum skaut Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur upp á stjörnuhimininn, aðeins níu ára að aldri. Söngkonan unga var alls staðar í rúm þrjú ár, gaf út þrjár plötur á Íslandi en eins og hendi væri veifað var eins og jörðin hefði gleypt hana.**

Lítið hefur spurst til Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur síðustu árin. Á bak við tjöldin hefur Jóhanna Guðrún ásamt lærimeistara sínum, Maríu Björk Sverrisdóttur, unnið hörðum höndum að því að finna „rétta stílinn og rétta tóninn“ eins og María Björk kemst sjálf að orði þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Reiknað er með að afraksturinn líti dagsins ljós fyrir áramót hér á landi en nú sé bara verið að leita að framleiðanda fyrir síðustu metrana til að setja punktinn yfir i-ið.

Meðal þeirra sem koma við sögu á væntanlegri plötu söngkonunnar er Diane Warren, lagahöfundurinn þaulreyndi, en hún hefur samið lög fyrir tónlistarmenn á borð við Aerosmith, Michael Bolton og Jessicu Simpson. Til stendur að Jóhanna Guðrún fari smám saman að láta meira á sér bera á næstunni í íslensku tónlistarlífi og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gætu landsmenn átt von á því að sjá Jóhönnu Guðrúnu á Airwaves. Hátíð sem oftar en ekki hefur reynst íslenskum tónlistarmönnum happadrjúgur stökkpallur.

Þær eru ófáar kjaftasögurnar sem hafa verið í gangi í kringum Jóhönnu Guðrúnu, heimsfrægðin hefur verið sögð á næsta leiti og svona mætti lengi telja. „Fólk heldur oft að svona hlutir gerist bara á einni nóttu en að baki svona verkefni liggur mikil vinna. Róm var ekki byggð á einum degi,“ segir María. „Svo er þetta líka allt spurning um réttu tímasetninguna.“

Stóru útgáfufyrirtækin Universal og Sony auk annarra stórra útgáfufyrirtækja bíða spennt eftir því að sjá hvernig útkoman verður enda hafa þau fylgst grannt með gangi mála hjá Jóhönnu. María Björk segir enn ekki ákveðið hvort herjað verði á Bandaríkjamarkað eða Bretland þegar þar að kemur en telur líklegra að Ameríka verði fyrir valinu. „Þar er enda fimmtíu prósent af öllum markaðinum og það er oft erfitt að fara frá Bretlandi yfir til Bandaríkjanna,“ útskýrir María. Hún segir ástæðuna fyrir því að svona langur tími hafi liðið sé fyrst og fremst ungur aldur Jóhönnu. „Við vildum bíða þar til að hún væri orðin sautján ára og að hún væri búin að fullmóta sinn stíl áður en stóru laxarnir næðu að krækja í hana. Því eftir það ráða þeir öllu,“ segir María sem hefur staðið þétt við bakið á Jóhönnu í gegnum þessi fimm ár.

Að sögn Maríu hafa árin verið mikil þolinmæðisvinna, bæði erfið og lærdómsrík en nú sé verið að hleypa þessu mikla ævintýri loks af stokkunum. Fjölmiðlar hafi sýnt þessu mikinn áhuga en þau hafi kosið að halda Jóhönnu sem mest fyrir utan kastljósið. „Nú fer þetta hins vegar allt að bresta á,“ segir María. freyrgigja@frettabladid.is



**MARÍA BJÖRK** Segir Jóhönnu Guðrún vera tilbúna í slaginn en reikna má með að söngkonan unga láti á sér bera hér á landi á næstunni.



**JÓHANNA GUÐRÚN** Er orðin sautján ára og bíður spennt eftir því að leyfa fólki að heyra afrakstur fimm ára þrotlausrar vinnu.

### MEÐ FIÐRING Í MAGANUM

Jóhanna Guðrún viðurkennir að hún sé með smá fiðring í maganum nú þegar þetta er allt að bresta á og senn líður að því að söngkonan unga leyfi landsmönnum að heyra hvað hún hafi fram að færa. „Mér líst bara rosalega vel á þetta,“ segir Jóhanna Guðrún í samtali við Fréttablaðið. „Ég ætla bara að byrja að synga smá en við erum enn á fullu. Þetta verður bara smá forsmekkur að því sem koma skal,“ segir Jóhanna. „Það verður bara rosalega gaman að byrja að syngja hérna heima aftur,“ bætir hún við.





DELL Inspiron 1501

Tilboðsverð **109.900,-**

# TILBOÐ

## Á GRENSÁSVEGI ER OPIÐ 10-16 Á LAUGARDÖGUM



Kodak myndavél
Easyshare V610

Tilboðsverð **25.900,-**



vMax spilari
Mp3, videó, FM útvarp og 2 GB minni

Tilboðsverð **14.900,-**



Hantarex LCD sjónvarp
20" með innbyggðum DVD spilara

Tilboðsverð **69.900,-**



Office 2007
Home and student edition

Tilboðsverð **14.900,-**



Unicorn - mv5000
Sjónvarpsflakkari m/320 GB hd.

Tilboðsverð **29.900,-**



Tempo
Armband fyrir iPod Nano

Tilboðsverð **3.900,-**

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

# Viskíið bjargaði Páli Ásgeiri

Páll Ásgeir Ásgeirsson blaðamaður lagði Katrínu Jakobsdóttur, frambjóðanda og varaformann Vinstri grænna, í æsispennandi viðureign í Meistaranum í gærkvöldi. Er Páll þar með kominn í undanúrslit ásamt Jóni Pálma Óskarssyni, Magnúsi Þorláki Lúðvíkssyni og Helga Árnasyni.

Viðureign gærkvöldsins einkenndist af miklum slag í bjölluspurningum en Páll Ásgeir fór þar fram úr sér, þurfti að grípa til ágiskana sem ekki reyndust réttar. Katrín náði þá yfirhöndinni og hélt forystunni allt þar til í lokaspurningunni. Þegar ein spurning var eftir var varaformaðurinn yfir, 18-16. En Páll á spurninguna og leggur fimm stig undir. Lokaspurningin var um viskítegundir og vafðist ekki fyrir blaðamanninum að svara henni. Lokatölur voru því 21-18 Páli í vil og Katrín getur því óskipt einbeitt sér að kosningabaráttunni. Páll hins vegar sér glitta í verðlaunaféð sem ekki er skorið við nögl: Fimm milljónir króna.

- jbg



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Frækileg frammistaða dugði ekki gegn hinum skotglaða Páli.



**PÁLL ÁSGEIR** Lagði varaformanninn í æsispennandi viðureign.

# Selur eigur Kurts Cobain á uppboði

Courtney Love, fyrrum eiginkona Kurt Cobain heitins, áformar að halda uppboð á eigum hans. Hún kveðst enn sofa í náttfötum af honum, en segist óttast að hún finni ástina aldrei aftur nema með því að skilja við það gamla. Umrædd náttföt verða á meðal þess sem verður boðið upp, en Love segir heimili sitt líkjast grafhýsi.

„Peysa, gítar og textinn við Smells Like Teen Spirit – það er það sem dóttir mín fær. Og restina seljum við bara," sagði Love. „Frances, dóttir mín, þarf ekki að erfa risastóran poka fullan af flónelskyrtum," bætti hún við. Love kveðst viss um að þær mæðgur muni hagnast á uppboðinu, sem hlýtur að teljast nokkuð líklegt miðað við vinsældir Nirvana og Cobains, en segist ætla að gefa hluta þeirra til líknarmála.



**BÝR Í GRAFHÝSI** Courtney Love segir heimili sitt líkjast grafhýsi og áformar að bjóða eigur eiginmanns síns heitins upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY






# Lífið er flóknara núna

**Margir bíða spenntir eftir komu stórsveitar Gorans Bregovic til Íslands en sá annálaði tónsmiður og sprelligosi mun leika á Listahátíð í samvinnu við heimstónlistarhátíðina Vorblót.**

Bregovic þeytist nú um heiminn en blaðamaður náði í skottið á honum í hótelsíma í Birmingham. Hann segist elska ferðalögin og tekur sérstaklega fram að honum leiðist aldrei. „Nú er ég að spila fimm mismunandi efnisskrár í mismunandi borgum," segir hann og bætir við að hlustendur hér fái að heyra brot af því allra besta. Erfitt er að skilgreina tónlist Bregovic en henni hefur verið líkt við blöndu af blásaratónlist sígauna, búlgörskum fjöltónum og vestrænu rokki og rafmagnsgíturum, auk þess sem strengjasveit og dimmraddaður fjörutíu manna karlakór kemur einnig við sögu á tónleikunum í Laugardalshöll í maí.



**HREINSKILINN VIÐ SJÁLFAN SIG OG LÍFIÐ** „Stundum langar mann að borða eitthvað flókið en stundum langar mann bara í brauð með smjöri, skilurðu?" Goran Bregovic leikur eitthvað fyrir alla á Listahátíð.

**Konsertkokkteill**

„Ég kem með stóru hljómsveitina mína og það gefur mér möguleika á að spila hvað sem ég vil," segir Bregovic og nefnir að hlustendur fái að heyra lög af nýjustu sólóplötunni hans „Tales and Songs from Weddings and Funerals", sem mun líklega koma blóðinu af stað, kunnugleg stef úr kvikmyndum en hann hefur til að mynda samið músík fyrir myndir Emirs Kusturica og framsæknari tóna úr stærri hljómsveitarverkum hans.

Hann útskýrir að tónlistin sín hafi eðlilega tekið talsverðum breytingum á svo löngum ferli. „Þegar ég var yngri var ég rokkstjarna í kommúnískum heimshluta en ég er ekki á þeirri bylgjulengd lengur. Ég reyni að skrifa frá hjartanu." Hann líkir sköpun sinni við matarlyst. „Stundum langar mann til að borða eitthvað flókið en stundum langar mann bara í brauð með smjöri, skilurðu? Stundum langar mig að semja einfalda tónlist sem hægt er að dansa við en stundum eitthvað stærra. Nú er ég fimmtugur og ef ég vil vera hreinskilinn við sjálfan mig og lífið, sem er aðeins flóknara núna, þá sem ég aðeins margbrotnari músík."

**Vandflokkaður listamaður**

Bregovic brosir að því að aðdáendur hans séu varaðir við því á heimasíðunni að á sumum tónleikum sé hann ekki bara að spila kunnuglega slagara. „Það voru einhverjir að kvarta á netinu yfir því að ég spilaði ekki bara gömlu lögin. Það er bara eðlilegt. Þegar þú ferð að sjá La Traviata áttu ekki von á einhverjum aríum úr Aidu." Hann segir það sé meiri vandi fyrir útgáfufyrirtækið sitt að flokka músíkina heldur en hlustendurna. „Í sumum löndum er ég stimplaður sem klassískur listamaður, í öðrum er ég poppari eða heimstónlistarmaður. Svo kemur þessi MTV-væðing og sjónvarpið inn í þetta því þar mótast ákveðin skoðun eða skilgreining. Ég seldi meira en fimm milljónir platna um allan heim á síðustu árum en ég er samt aldrei í sjónvarpinu. Fólk uppgötvar tónlistina sjálft, jafnvel skrýtnari tónskáld en mig," segir hann hlæjandi.

**Ágeng og melódísk**

Bregovic samdi tónlist fyrir fjölmargar kvikmyndir á árum áður en gerir nú minna af slíku. „Ég er fæddur í Sarajevo en var sem betur fer ekki þar þegar stríðið geisaði, þá bjó ég í París. Ég missti allt í stríðinu en var svo heppinn að fá að semja fyrir kvikmyndirnar, fyrir myndir sem ekki þurftu alvöru kvikmyndatónlist," segir hann glettinn. „Ég álít mig ekki gott tónskáld fyrir kvikmyndir, tónlistin mín er dálítið of ágeng og melódísk fyrir kvikmyndirnar." Það bransafólk hefur samt enn eyra fyrir músík Bregovic og hljóma lög hans til dæmis í stórmyndinni um spéfuglinn Borat.

Þótt Bregovic sé fyrir löngu orðinn alþjóðleg stjarna heldur hann góðum tengslum við rætur sínar. „Ég vinn í Belgrad, ég get ekki unnið neins staðar annars staðar – ég er staðbundið tónskáld," áréttar hann. „Það er samt gott að sjá hversu forvitinn heimurinn er og tilbúinn að uppgötva nýja tónlist."

Heimstónlistarhátíðin Vorblót stendur frá 17-19. maí og má nálgast upplýsingar um dagskrána á síðunni www.vorblot.is.

kristrun@frettabladid.is

# Björk sleppir beislinu

Ekki þarf margar hlustanir á nýju plötu Bjarkar til þess að átta sig á að markmið plötunnar er greinilega allt annað en hefur verið á tveim til þremur síðustu plötum þessarar merku tónlistarkonu. Vespertine og Medúlla voru týpískar þemaplötur þar sem unnið var með ákveðna hugmynd frá upphafi til enda. Volta er hins vegar á allan hátt útvær og yfir henni ríkir ekkert ákveðið þema. Björk hefur enda ítrekað lýst því yfir að á síðustu plötum hafi hún verið mun alvarlegri en nú og að þessu sinni hafi hún vitað, tilfinningalega séð, betur hvað hún hafi ætlað sér.

Tilfinninguna hefur reyndar aldrei vantað á plötum Bjarkar, svo mikið er víst, og hana vantar svo sannarlega ekki á Volta. Sérstaklega hvað varðar textasmíð en ég held að sjaldan hafi textar hrópað eins mikið á mann og á Volta.

**Víddin blásin út**

Opnunarlag plötunnar, Earth Intruders, gefur strax til kynna að Björk ætlar sér að springa út eftir alvarleika síðustu platna. Æsileg ásláttarframleiðsla Konono no. 1 og Timbaland sem hjálparkokkur sýnir vel hversu Björk er skapandi í tónlistarleit sinni. Taktinn hefði samt mátt útfæra frekar, er til lengdar full staðnaður. Í lok lagsins heyrist svo í blásturslúðrum skipa og hafnarhljóð.

Í Wanderlust kemur fram eitt af megineinkennum plötunnar, blásturshljóðfærasveitin. Hljóðfærin setja ótrúlega flottan svip á lagið, detta upp og niður og breiða út vídd lagsins. Blásturshljóðfærin eru líka á margan hátt heppilegri til þess að sýna fram á þroska eða blómstrun en til dæmis strengjahljóðfæri. Flakka um tónsviðið á mun æsilegri máta. Sést kannski best í Vertabrae By Vertabrae.

Eins og áður hefur Björk fengið til liðs við sig einvala lið gesta en auk fyrrnefndra listamanna, Konono no. 1 og Timbaland, koma einnig við sögu meðal annars Min Xiao-Fen hörpuleikari, Mark Bell og Antony Hegarty syngur í tveimur lögum og gerir það af stakri prýði, bæði í My Juvenile og Dull Flames of Desire. Átakanleg lög, bæði tvö, en full hljýju og gædd mikilli alúð. Það er helst Xiao-Fen sem fer halloka úr samstarfinu og er ekki eins ferskur og aðrir gestir.

Timbaland ber samt sigur úr býtum, það er að segja ef um keppni væri að ræða á milli gesta, en lögin þar sem hann fær að leika sér á tökkunum eru bestu lög plötunnar. Sérstaklega finnst mér Innocence feikilega sterkt, ekta Timbaland-slagari eins og þeir gerast bestir með auðvitað útgeislun Bjarkar. Þegar bestu lög plötunnar eru talin upp má reyndar ekki gleyma Declare Independence sem er eitt eftirminnilegasta lag Bjarkar í langan tíma.

**Væntingarnar of miklar?**

Að mörgu leyti hefur Björk tekist ætlunarverk sitt, er afslappaðri og



**TÓNLIST**
**Volta**
Björk

★★★★

Aðgengilegasta plata Bjarkar í langan tíma þar sem hún sleppir fram af sér beislinu en nýtir samt frelsið ekki til fullnustu.

Volta er líklegast aðgengilegasta plata hennar í langan tíma. Björk er án efa einn merkasti kvenkyns tónlistarmaður síðustu áratuga og það er kannski þess vegna sem maður býst alltaf við einhverju stórbrotnu frá henni.

Volta gerir mann þannig ekki orðlausan eða kemur manni á óvart bak við hvert einasta horn. Volta gæti hins vegar lifað lengur en til dæmis Medúlla sem maður fékk fljótt leiða á. Á ótrúlegan hátt nær Volta því að vera bæði vonbrigði en á stórskemmtilegan hátt frábær í leiðinni.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

# TJALDMARKAÐUR

## Rýmum fyrir nýjum vörum

Fyllum á daglega!

Aðeins þrjú verð!

99,-

499,-

999,-

Barnafatnaður, dömufatnaður og herrafatnaður í ótrúlegu úrvali.

Buxur í öllum stærðum og gerðum og bolir. Mikið úrval af stígvélum, skóm, nærfatnaði og sokkum!

Kjörís
réttur fyrir þig
öll börnin fá ís!

FAXAFENI 10

S. 534 4450




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 - 8 - 11 B.I. 10 ÁRA |
| SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 |
| NEXT | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 5.45 - 8 - 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.30 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 |
| TMNT | kl. 4 - 6 B.I. 7 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.30 - 8.30 - 11.20 B.I. 10 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 - 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 5.45 - 9 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 6 - 8 - 10 B.I. 18 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 4 - 6 - 8 - 10.40* B.I. 10 ÁRA |
| NEXT | kl. 4 - 9 - 11 B.I. 14 ÁRA |
| *KRAFTSÝNING | |

MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8- 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| NEXT | kl. 8 - 10.15 | B.I. 14 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 10.20 | B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 5.40 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 5.50 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 5.40 - 10.10 | B.I. 16 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919










**SYSTEM OF A DOWN** Söngvari System of a Down er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu.

# Sóló í haust

Fyrsta sólóplata Serj Tankian, söngvara System of a Down, kemur út í haust og nefnist hún Elect the Dead. Aðrir meðlimir System eru einnig að starfa sitt í hverju horni.

Tankian segist ekki viss um hvort eða þá hvenær hljómsveitin komi saman á nýjan leik. „Þegar við erum allir tilbúnir til að snúa aftur og taka frá tíma til þess þá gerum við það, ef og þegar við höfum áhuga,“ sagði Tankian. Shavo Odadjian, bassaleikari System, er að taka upp plötu með Wu Tang Clan og gítarleikarinn Daron Malakian er byrjaður í hljómsveitinni Scars on Broadway.







**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SPIDER MAN 3 | kl. 3 - 6 - 9 - 12 | B.i.10 | THE GOOD SHEPERD | kl.10:10 | B.i.12 |
| SPIDER MAN 3 VIP | kl. 3 - 6 - 9 - 12 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| BLADES OF GLORY | kl. 3:40 - 5:50-8-10:10 | B.i.12 | ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| BREACH | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| NEXT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 4 - 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.12 | |
| THE MESSENGERS | kl. 8 | B.i.16 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE R... M/- ENSKU Tali | kl. 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 11 | B.i. 10 |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl 6 | Leyfð |
| BREACH | kl. 8 - 10 | B.i.12 |

www.SAMbio.is

www.SAMbio.is ✆ 575 8900 www.SAMbio.is


# Seldi Danger Mouse tvö lög

**Bandaríski tónlistarmaðurinn Danger Mouse, annar helmingur Gnarls Barkley sem sló í gegn síðasta sumar með laginu Crazy, hefur keypt tvö lög af íslenska rapparanum Steve Sampling.**

„Ég vissi að hann hefði verið hérna fyrir tveimur árum og hitti hann þá á Prikinu og lét hann hafa demó. Ári seinna hafði hann samband við mig og vildi heyra meira dót. Ég valdi tvö lög og hann lét „labelið“ sitt kaupa þau af mér,“ segir Sampling, sem heitir réttu nafni Stefán Ólafsson. „Hann ætlar að nota þetta fyrir eitthvert nýtt alþjóðlegt „samstarfsproject“ sem hann er að vinna að.“



**STEVE SAMPLING** Steve Sampling seldi hinum heimsfræga Danger Mouse tvö lög sem hann ætlar að nota á nýrri plötu.

### Tilnefndur til Grammy

Auk þess að vera meðlimur hinnar vinsælu Gnarls Barkley hefur Danger Mouse getið sér gott orð sem upptökustjóri. Var hann tilnefndur til Grammy-verðlaunanna sem upptökustjóri fyrstu plötu Gnarls Barkley, St. Elsewhere og fyrir aðra plötu Gorillaz, Demon Days. Einnig tók hann upp fyrstu plötu hljómsveitar Damon Albarn, The Good, the Bad and the Queen. Fyrst vakti hann þó athygli fyrir plötu sína The Grey Album þar sem hann sauð Hvíta albúmi Bítlanna saman við The Black Album með Jay-Z.



**DANGER MOUSE** Danger Mouse er meðlimur dúettsins Gnarls Barkley sem sló í gegn með laginu Crazy.

### Lítill peningur

Danger Mouse, sem heitir réttu nafni Brian Joseph Burton, var einmitt staddur á Íslandi í fríi með Damon Albarn þegar Stefán hitti hann. Höfðu þeir þá nýlokið við upptökur á Demon Days-plötunni. „Þetta er mjög fínn náungi. Hann er einn af mínum uppáhalds tónlistarmönnum í þessum geira. Þetta er alveg frábært og mikil viðurkenning fyrir mig,“ segir Stefán, sem segist ekki hafa fengið mikinn pening fyrir lögin sín. „Þetta er samt allt í lagi fyrir óþekktan gæja á Íslandi. Maður vonar að þetta veki einhverja athygli og maður veit ekki hverjum hann er búinn að leyfa að heyra þetta.“

### Tvær plötur í leiðinni

Fram undan hjá Stefáni er að ljúka námi sínu í margmiðlunarfræði. Að auki er hann með tvær nýjar plötur í sigtinu sem koma út í sumar eða haust. Önnur er með hljómsveitinni Sampling og Ragúel en hin er önnur sólóplata hans.

freyr@frettabladid.is


ÚTSKRIFT



4You - Samso Samso - MAO - Parks

Jakkaföt frá: 16.990
Skyrtur frá: 3.990
Bindi frá: 2.990
Skór frá: 7.990

galleri sautján
Kringlunni s. 512 1750 - Laugavegi s. 512 1718

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SUMARTILBOÐ
Íbúðir á Benidorm til leigu á ótrúlegu verði.
Í maí og júní bjóðum við glæsilegar íbúðir til leigu á einum besta stað á Benidorm.
Hver íbúð hefur svefnpláss fyrir fjóra.
Vikuverð í maí aðeins 27.000 kr, í júní 30.000 kr.
Upplýsingar og bókanir hjá espis@espis.net
Símar: 0034-697-586-424 og 0034-687-797-778.
www.espis.net

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR BREIÐABLIKI 7. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2007

# Annað árið er alltaf erfitt

Fréttablaðið heldur áfram að telja niður að Íslandsmótinu og íþróttafréttamenn blaðsins spá Blikum sjöunda sætinu.

Annað árið hefur verið Blikum erfitt undanfarin tuttugu ár. Í síðustu fjögur skipti hefur árangurinn á fyrsta árinu verið ofar öllum væntingum en síðan hefur sigið á ógæfuhliðina. Það eru liðin 26 ár síðan Breiðabliksliðið náði að bæta árangur sinn á öðru ári. Blikar hafa alla burði til þess að forðast fallbaráttuna en það verður erfitt að jafna árangur síðasta sumar þar sem þeir hækkuðu sig um þrjú sæti í lokaumferðinni. Blikar hafa verið á uppleið undanfarin sumur og hafa hækkað sig þrjú tímabil í röð eða frá því að þeir voru fallbaráttu 1. deildarinnar sumarið 2003.

Þeir urðu fyrsta liðið til þess að vinna alla sjö leiki sína í riðlakeppni Lengjubikarsins og það má búast við að væntingarnar í Smáranum séu að liðið sanni sig í efri hluta deildarinnar. Það hefur hins vegar oft reynst Blikum erfitt að standast pressu sem sást kannski best á tapinu gegn Víkingum í átta liða úrslitunum.

Blikar töpuðu aðeins tveimur leikjum eftir að Ólafur H. Kristjánsson tók við um mitt mót í fyrra. Þar munaði mestu að liðið fór að fá stig á útivelli og varnarleikur liðsins tók stakkaskiptum. Útivöllurinn og varnarleikurinn hafa verið Blikum til trafala undanfarin ár. Takist Ólafi að byggja ofan á gengi liðsins í fyrra er hann ekki aðeins búinn að gera Blika að stöðugu úrvalsdeildarliði heldur einnig búinn að sanna sig sem einn af betri þjálfurum deildarinnar.

## > LYKILMAÐURINN



**Arnar Grétarsson** breytti miklu fyrir Blika þegar hann kom til liðsins um mitt mót í fyrra. Liðið fékk fleiri stig í þeim 8 leikjum sem hann spilaði en þeim 10 sem það var án hans. Hann hefur fengið enn meira vægi í sumar því hann hefur tekið við fyrirliðabandinu. Arnar er öflugur miðjumaður með mikla reynslu og ef hann spilar vel í sumar þá eru Blikar í mjög góðum málum. Hann er skynsamur og yfirvegaður leikmaður og hefur auk þess skorað grimmt í vor þó að flest mörkin séu úr vítum.

## > X - FACTORINN



**Ólafur H. Kristjánsson** stendur á tímamótum. Hann hefur sýnt það að hann gerir góða hluti þegar hann tekur við liði á miðju sumri en hann hefur bjargað bæði Fram og Breiðabliki frá falli við slíkar kringumstæður. Ólafur á hins vegar enn eftir að eiga gott tímabil þar sem hann er með liðið sitt frá fyrsta degi.

**OKKAR EINKUNN 1-10**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞJÁLFARI | 6 | VÖRN | 6 | SÓKN | 6 | LIÐSSTYRKUR | 5 | ÁHORFENDUR | 5 |
| MARKVARSLA | 7 | MIÐJA | 6 | BREIDD | 4 | HEIMAVÖLLUR | 7 | HEFÐ/REYNSLA | 5 |

**GENGI SÍÐUSTU ÁRA**

| 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| 5. sæti | 1. sæti (B) | 4. sæti (B) | 7. sæti (B) | 7. sæti (B) | 10. sæti |

Gengi í vormótum 2007





# HK lagði Stjörnuna í daufum leik

**Leikmenn HK og Stjörnunnar buðu ekki beint upp á flugeldasýningu í fyrsta leik sínum í úrslitum deildarbikarsins. Leikurinn var illa leikinn, óspennandi og ekkert fyrir augað. Áhorfendur fengu lítið fyrir sinn snúð. HK vann með þrem mörkum, 29-26, þrátt fyrir að hafa lítið lagt í leikinn.**

**HANDBOLTI** HK hefur tekið forystuna í úrslitaeinvíginu um deildarbikarinn eftir þriggja marka sigur, 29-26, á Stjörnunni í Digranesi í gær. Leikurinn var lítt spennandi og í rauninni hrútleiðinlegur enda virtust margir leikmenn hafa ákaflega lítinn áhuga á leiknum. Það lofar aldrei góðu.

Fyrri hálfleikur var ævintýralega slakur af beggja hálfu. Í raun voru aðeins tveir leikmenn með einhverri meðvitund á vellinum og það voru Stjörnumennirnir Patrekur Jóhannesson og Björn Óli Guðmundsson.

Patrekur skoraði nánast að vild og Björn Óli var drjúgur. Lunkinn handboltamaður þar á ferðinni sem skilar sínu þó svo að hann sé ekki í besta forminu á vellinum. Lagði sig allan í verkefnið og það hefðu fleiri mátt gera.

Heil 20 mörk voru skoruð í fyrri hálfleik en Stjarnan leiddi með tveim mörkum, 9-11. Markakóngurinn Valdimar Þórsson skoraði tvö fyrstu mörk HK í síðari hálfleik en lauk síðan keppni. Markakóngurinn var ákaflega dapur í leiknum og virtist vera álíka spenntur fyrir honum og páfinn.



**LOK, LOK OG LÆS** Stjörnumaðurinn Arnar Theodórsson átti ekki góðan leik í gær og komst lítt áleiðis gegn HK-vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikur liðanna var lengstum tilviljanakenndur, klaufalegur og minnti í raun á æfingaleik að hausti. Blessunarlega fyrir HK voru atvinnumennirnir Augustas Strazdas og Tomas Eitutis fagmennskan uppmáluð og þeir unnu leikinn upp á eigin spýtur. Þunglamalegt Stjörnulið náði ekki að hanga í HK þegar atvinnumennirnir settu kraft í leikinn.

Það verður að segjast eins og er að þessi deildarbikarkeppni er eitt mesta fíaskó síðari tíma í handboltanum. Áhuginn og stemningin fyrir keppninni er lítil sem enginn og þegar leikmennirnir sjálfir virðast lítinn áhuga hafa á verkefninu er allt eins hægt að sleppa því að spila. henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

*Deildarbikar karla:*

HK-STJARNAN 29-26 (9-11)

**Mörk HK (skot):** Augustas Strazdas 9 (10), Tomas Eitutis 8 (13), Ragnar Hjaltested 5 (7/1), Sergei Petraytis 3 (3), Valdimar Þórsson 3/1 (8/11), Ólafur Bjarki Ragnarsson 1 (3/1).
**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 11/1.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Strazdas 2, Ragnar 2, Ólafur).
**Fiskuð víti:** 2 (Sergei 2).
**Utan vallar:** 10 mínútur.
**Mörk Stjörnunnar (skot):** David Kekelia 8 (11), Patrekur Jóhannesson 7/2 (13/3), Björn Óli Guðmundsson 6 (8), Ívar Markússon 2 (3), Elías Már Halldórsson 2 (3), Arnar Theodórsson 1 (6).
**Varin skot:** Roland Valur Eradze 8/1.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Kekelia 2, Björn 2, Ívar).
**Fiskuð víti:** 4 (Patrekur 2, Arnar, Elías).
**Utan vallar:** 8 mínútur.



**KLÚÐUR HJÁ KLOSE** Klose lét reka sig af velli á 19. mínútu í gær. Það reyndist dýrt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

UEFA-bikarinn:

## Spænskur úrslitaleikur

**FÓTBOLTI** Spænsku liðin Sevilla og Espanyol tryggðu sér í gærkvöld þátttökurétt í úrslitaleik UEFA-bikarsins er síðari leikir undanúrslitanna voru leiknir.

Espanyol lagði Werder Bremen á útivelli, 1-2, og samanlagt 5-1. Bremen átti ágætis möguleika eftir að hafa skorað snemma í leiknum en þeir möguleikar fuku út um gluggann strax á 19. mínútu þegar framherjinn Miroslav Klose lét reka sig af velli með sitt annað gula spjald.

Sevilla lagði Osasuna 2-0 á heimavelli og samtals 2-1. Sevilla vann keppnina í fyrra. - hbg



**ÁGÚST ÞÓR JÓHANNSSON** Þjálfar ekki karlalið Fram næsta vetur en gæti haldið áfram þjálfun kvennaliðs Vals.

Það gengur lítið í þjálfaraleit Framara:

## Ágúst hafnaði Fram

**HANDBOLTI** Safamýrarliðið Fram er á byrjunarreit í leit sinni að arftaka Guðmundar Guðmundssonar eftir að Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari kvennaliðs Fram, hafnaði tilboði félagsins seinnipartinn í gær.

„Þetta var fínt tilboð og spennandi tækifæri en ég sé mér einfaldlega ekki fært að sinna starfinu af þeim krafti og metnaði sem ég vil gera. Á þeim forsendum hafnaði ég tilboðinu,“ sagði Ágúst Þór en kona hans hyggur á meistaranám næsta vetur og álagið heimafyrir eykst í kjölfarið en Ágúst er tveggja barna faðir.

„Ég er það metnaðarfullur að ég hefði verið á mörgum leikjum, skoðað andstæðingana í þaula og gert allt til að undirbúa liðið sem best. Ég hefði þurft að leggja mikið á mig til þess að komast almennilega inn í boltann á ný og svo er búið að fjölga leikjum í deildinni mikið. Ég hef einfaldlega ekki þennan tíma því miður,“ sagði Ágúst Þór.

Hann hefur ekki enn ákveðið hvort hann haldi áfram þjálfun kvennaliðs Vals en hann mun væntanlega gefa Valsmönnum svar um helgina. - hbg

Spænska félagið Torrevieja sýnir íslenskum leikmönnum mikinn áhuga:

# Markús og Guðlaugur höfnuðu góðum tilboðum frá Torrevieja

**HANDBOLTI** Valsarinn Markús Máni Michaelsson og Fylkismaðurinn Guðlaugur Arnarsson höfnuðu á dögunum tilboði frá spænska félaginu Torrevieja en báðir segja þeir að um freistandi tilboð hafi verið að ræða.

„Það þarf mikið til að fá mig aftur út og margir hlutir sem spila þar inn í. Tilboðið var fínt en eins og staðan er núna reikna ég fastlega með því að spila áfram hér á landi,“ sagði Markús Máni en danska félagið Aarhus hefur einnig borið víurnar í hann sem og þýsk félög.

Húsvíkingurinn Guðlaugur Arnarsson hafnaði einnig tilboði frá Torrevieja og hann hefur ákveðið að leika á Íslandi næsta vetur þrátt fyrir áhuga erlendis frá.

„Ég hef fengið fjöldann allan af fyrirspurnum en í rauninni bara eitt freistandi tilboð og það kom frá spænska félaginu Torrevieja,“ sagði Guðlaugur en hornamaðurinn Einar Örn Jónsson lék með félaginu á sínum tíma. „Tilboðið var gott en ekki nógu gott til að toga mig til Spánar. Ég er í góðri vinnu hér heima og ætlaði aldrei að fara út bara til að fara út. Eftir nokkra umhugsun höfum við ákveðið að vera áfram hér á Íslandi.“



**VARNARJAXL** Húsvíkingurinn Guðlaugur Arnarsson yrði öllum liðum á Íslandi mikill liðsstyrkur enda einn öflugasti varnarmaður landsins. Hann sést hér eftir kveðjuleik sinn með Gummersbach fyrir jól. Hann fer ekki til Spánar frekar en Markús Máni.

Félög á borð við hið danska GOG voru á meðal þeirra sem báru víurnar í Guðlaug sem lék með Gummersbach fyrri hluta tímabilsins og stóð sig með sóma. Þýsk félög voru einnig með Guðlaug í sigtinu en þau mál komust aldrei á alvarlegt stig.

Guðlaugur sagði aðspurður að hann yrði ekki áfram í herbúðum Fylkis en vildi ekkert um það segja hvert leiðin lægi næst. Hann er sterklega orðaður við Stjörnuna líkt og félagar hans í Fylki, Heimir Örn Árnason og Hlynur Morthens, en Fréttablaðið greindi frá því í gær. - hbg




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Birmingham og Sunderland eru komin upp í ensku úrvalsdeildina en eitt sæti er enn laust:

# Liðin keppa um sjö og hálfan milljarð

**FÓTBOLTI** Það eru ekki bara liðin í fallbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar sem hafa að miklum peningaupphæðum að keppa við að reyna að halda sæti sínu í deildinni.

Liðin sem komast upp úr 1. deildinni eiga von á vænni peningaupphæð tryggi þau sér eitt af sætunum þremur sem eru í boði í ár. Steve Bruce, stjóri Birmingham, og Roy Keane, stjóri Sunderland, eru báðir búnir að tryggja sínum liðum tvö efstu sætin og þar með um sjö og hálfan milljarð króna sem enska úrvalsdeildin borgar nýliðunum í deildinni.

Þessir peningar eiga að hjálpa liðum að fóta sig í ensku úrvalsdeildinni enda er mikið stökk að fara upp þar sem liðin þurfa að fara út í fjárfestingar í nýjum leikmönnum og öðru sem tengist því að spila í einni bestu knattspyrnudeild í heimi.

Þriðja og síðasta sætið er í boði í fjögurra liða úrslitakeppni sem tekur við eftir að deildinni lýkur. Derby er með 81 stig og er þegar búið að tryggja sig inn í úrslitakeppnina en sex lið bítast um hin þrjú sætin í lokaumferðinni um helgina.

Þetta eru lið West Bromwich (73 stig), Wolves (73), Southampton (72), Stoke (72), Preston (71), Colchester (69) og Sheffield Wednesday (68).

Liðin þrjú sem komast upp fá tveimur og hálfum milljarði meira í ár heldur en áður og aðalástæða þess eru nýju sjónvarpssamningarnir sem enska úrvalsdeildin hefur tryggt sér.

Liðin fá um fjóra og hálfan milljarð íslenskra króna fyrir 2007-2008 tímabilið og hafa þegar tryggt sér aukagreiðslur falli liðið strax aftur.

Þar eru á ferðinni svonefndar fallhlífargreiðslur sem tryggja liðunum rúman milljarð íslenskra króna á tímabili næstu tvo vetur.

Það má því búast við harðri keppni í lokaumferðinni um helgina sem og í úrslitakeppninni sem lýkur með úrslitaleik á Wembley 28. maí.

- óój



**KOMNIR UPP** Roy Keane og Steve Bruce hafa stýrt sínum liðum upp í ensku úrvalsdeildina. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Ríki guttinn frá Brasilíu slær í gegn

**Eftir að hafa pakkað vörn Manchester United saman síðustu vikurnar ætti fáum að leynast að Brasilíumaðurinn Kaka er með betri leikmönnum heimsins í dag, ef ekki sá besti. Árangurinn er þó engin tilviljun.**

**FÓTBOLTI** Fyrir leiki Manchester United og AC Milan í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu vildu gárungarnir meina að á vellinum myndu mætast tveir bestu leikmenn heimsins í dag – Cristiano Ronaldo frá Portúgal og Kaka frá Brasilíu.

Það einvígi vann Kaka óumdeilanlega. Sérstaklega í síðari leiknum var munurinn mikill á leikmönnunum, Ronaldo sást varla á meðan Kaka lék við hvern sinn fingur og skoraði fyrsta mark leiksins með afar laglegu skoti.

Meðalaldur AC Milan er frekar hár miðað við það sem gengur og gerist en í Kaka á liðið dýrmætan fjársjóð sem hefur þroskast mikið síðan AC Milan lék síðast í úrslitum Meistaradeildarinnar. Þá var Kaka 23 ára en er nú 25 ára. Sumir gætu gengið svo langt að segja að þessi tveggja ára þroskamunur sé lykill að velgengni AC Milan í Aþenu í vor.

Ótal dæmi eru þess að bestu leikmenn heims hverju sinni hafi brotist í gegnum mikla fátækt í æsku og notað knattspyrnuna sem flóttaleið úr fátæktinni. Slíkt er þó ekki tilfellið með Kaka. Hann er sonur verkfræðings og kominn af efnuðu fólki.

Algengt er í Brasilíu að ungir menn í þeirri aðstöðu noti sér slík forréttindi til að geta tekið því rólega og lifað áhyggjulausu lífi. Kaka ákvað frekar að nýta sér þá kosti sem honum stóðu til boða, sína miklu vinnusemi, gáfur og hæfileika, til að verða einn allra besti leikmaður heimsins í dag.



**ALMÆTTINU ÞAKKAÐ** Kaka fagnar marki sínu gegn Manchester United í rigningunni á San Siro fyrr í vikunni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ricardo Izecson Santos Leite fæddist hinn 15. maí 1982 í höfuðborginni Brasilíu í landinu sem ber sama nafn. Eins og svo margir landar sínir er hann afar trúaður einstaklingur en lítur samt á sjálfan sig sem fyrirtæki. Þetta sagði hann í viðtali þegar hann lék með Sao Paulo í heimalandinu.

„Ég veiti Sao Paulo þjónustu og verð að standa mig vel. Ef mitt fyrirtæki gengur vel mun skjólstæðingur minn, Sao Paulo, vera ánægt með mig. Ég mun svo njóta góðs af því. Síðar mun ég reyna að finna stærri skjólstæðing – landsliðið eða erlent félag. Ef Sao Paulo þarf að selja mína þjónustu getur það gert svo.“

Þegar Kaka var sjö ára gamall mælti íþróttakennarinn í skóla hans með því við foreldra hans að hann gengi í svokallaðan fótboltaskóla. Knattspyrnufélag Sao Paulo var skammt undan og gekk honum vel þar. Fimmtán ára gamall samdi hann við félagið og spilaði með unglingaliðinu.

Þá þurfti hann að velja. Fótboltann eða námið. Faðir hans er verkfræðingur og hefði hann vel getað fylgt í fótspor hans. En foreldrarnir ákváðu að styðja hann í hverri ákvörðun sem hann tæki og gerðu það eftir að hann valdi fótboltann.

Átján ára gamall varð hann fyrir áfalli. Hann brákaðist á hrygg er hann skall á sundlaugarbotni og var óttast að skaðinn gæti orðið varnalegur. Á sjúkrabeðinu útlistaði hann tíu markmið sem má sjá hér til hliðar. Tíu skref sem myndu koma honum á þann stað sem hann er í dag. Auðvitað gekk þetta eftir.

Á þessum tíma gekk upp og ofan eins og gengur og gerist. Í stórum dráttum komst hann í aðallið Sao Paulo, var valinn í brasilíska landsliðið og keyptur til AC Milan. Þar hefur hann slegið í gegn eins og sást svo greinilega á San Siro í vikunni.

*Byggt á umfjöllun World Soccer.*

**eirikur@frettabladid.is**

### 10 SKREF AÐ ÁRANGRI

**Áætlunin sem Kaka gerði er hann var að ná bata af meiðslum sínum árið 2000:**

1. Spila aftur.
2. Komast á atvinnumannasamning hjá Sao Paulo.
3. Komast í 25 manna hópinn.
4. Komast í átján manna hópinn.
5. Komast í byrjunarliðið.
6. Spila í heimsmeistarakeppni ungmennalandsliða.
7. Vera valinn í A-landslið Brasilíu.
8. Spila fyrir Brasilíu.
9. Spila í heimsmeistarakeppninni.
10. Fara til stórliðs á Ítalíu eða Spáni.

*Fyrstu níu markmiðunum náði hann á átján mánuðum. Ári síðar fór hann til AC Milan.*

Einar Árni Jóhannsson hætti óvænt störfum hjá Njarðvík en er ekki hættur í körfubolta:

# Á mér ekkert líf fyrir utan körfuboltann, fjölskylduna, United og Bubba Morthens

**KÖRFUBOLTI** Einar Árni Jóhannsson er óvænt hættur störfum sem þjálfari Njarðvíkur eftir þrjú ár þar sem hann náði mjög góðum árangri. Undir stjórn Einars vann liðið meðal annars einn Íslandsmeistaratitil og einn bikarmeistaratitil. Í deildinni gekk liðinu betur ár frá ári undir stjórn Einars og liðið vann deildarmeistaratitilinn í vetur en tapaði fyrir KR í úrslitum Íslandsmótsins.

„Ég settist niður með verðandi stjórn og átti fullan stuðning hennar en það eru ýmis ljón í veginum sem eru ástæðan fyrir þessari ákvörðun. Ég ætla ekkert að tjá mig neitt sérstaklega um þá hluti,“ sagði Einar Árni sposkur en hann var ófáanlegur til að ræða um ástæður uppsagnarinnar. „Ástæðan liggur í mörgum litlum hlutum. Ég tók þessa ákvörðun algjörlega á eigin forsendum og vil yfirgefa félagið í góðu.“

Einar Árni segist fastlega búast við því að vera áfram í körfuboltanum endi þekki hann lítið annað. Heimildir Fréttablaðsins herma að Haukar séu á eftir Einari og svo má fastlega búast við því að Skallagrímur hleri Einar.

„Ég verð áfram í körfubolta. Ég á mér eiginlega ekkert líf fyrir utan körfuboltann, fjölskylduna, United og Bubba,“ sagði Einar léttur. „Ég þori ekki að segja hvað verður en ég vil þjálfa áfram. Það eru engin tilboð á borðinu eins og er en það eru nokkrar fyrirspurnir.“



**EINAR ÁRNI** Orðaður við Hauka og Skallagrím. Hann ætlar að þjálfa áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ásgeir Guðbjartsson, varaformaður körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur, er á meðal þeirra manna sem munu sitja í nýrri stjórn sem verður skipuð um miðjan mánuðinn. Sá hópur mun funda um helgina um framhaldið.

„Það eru ýmis nöfn á lofti á borð við Teit Örlygsson og Val Ingimundarson en ekkert liggur ljóst fyrir með þjálfaramálin,“ sagði Ásgeir.

- hbg



**ÓLAFUR OG KRISTJÁN** Fengu góða dóma fyrir frammistöðu sína með Brann gegn Rosenborg. FRÉTTABLAÐIÐ/BERGENS TIDENE

Einkunnagjafir í Noregi:

## Kristján bestur

**FÓTBOLTI** Kristján Örn Sigurðsson, leikmaður Brann, fékk bestu einkunnir Íslendinganna í norsku úrvalsdeildinni í fjórðu umferð deildarinnar sem lauk í vikunni.

Dagbladet, Nettavisen, Verdens Gang og Aftonbladet gáfu honum samtals 6 í meðaleinkunn fyrir frammistöðu sína í 3-0 tapleik fyrir Brann.

Stefán Gíslason var eini Íslendingurinn sem skoraði í umferðinni en hann gerði eina mark Lyn sem tapaði fyrir Lilleström, 3-1.

Átta Íslendingar af fjórtán voru í byrjunarliðum sinna liða, einn kom inn á sem varamaður en hinir komu ekki við sögu.

- esá

### EINKUNNIRNAR

| Nafn | VG | N. | Aft. | Db. | m.e. |
|---|---|---|---|---|---|
| Kristján | 6 | 6 | 7 | 5 | 6,0 |
| Veigar | 6 | 5 | 5 | 6 | 5,5 |
| Ólafur | 5 | 6 | 6 | 4 | 5,3 |
| Stefán | 5 | 6 | 5 | 5 | 5,3 |
| Árni | 5 | 5 | 5 | 5 | 5,0 |
| Indriði | 4 | 5 | 5 | 5 | 4,8 |
| Hannes | 5 | 5 | 4 | 3 | 4,3 |
| Haraldur | 3 | 3 | 5 | 3 | 3,5 |
| Birkir | - | 3 | 3 | - | 3,0 |

Liðsstyrkur til HK:

## Eyþór til HK

**FÓTBOLTI HK-ingar hafa fengið liðsstyrk fyrir komandi átök í Landsbankadeildinni. Sóknarmaðurinn Eyþór Guðnason hefur ákveðið að ganga til liðs við félagið en hann hefur undanfarið leikið með Njarðvík.**

**Hann hefur áður leikið með HK, sumarið 2005.**

- esá



**FORSSELL** Fyrrum félagi Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Chelsea. NORDIC PHOTO/GETTY

Samkeppni fyrir Gunnar:

## Forssell á leið til Hannover?

**FÓTBOLTI** Mikael Forssell, fyrrum leikmaður Chelsea, segir það líklegt að hann fari frá Birmingham til Hannover 96 í Þýskalandi. Koma þessa finnska framherja myndi þýða mikla aukna samkeppni fyrir Gunnar Heiðar Þorvaldsson landsliðsmann.

Gunnar Heiðar hefur lítið sem ekkert getað spilað með liðinu síðan hann kom síðastliðið sumar vegna meiðsla. Sjálfur hefur hann sagt að hann viti ekki hvort hann verði áfram hjá félaginu.

- esá

# JOSH GROBAN
## - tónleikatilboð




## Awake fylgir
### hverjum seldum miða

**Kauptu miða á aukatónleikana 15. maí í einhverri verslun Skífunnar og við gefum þér nýjasta disk Josh Groban, Awake, í kaupbæti.**




## Eldri plötur Josh Groban einnig á sérstöku tónleikaverði







**Tilboðin gilda eingöngu í verslunum Skífunnar á meðan birgðir endast**

S·K·Í·F·A·N

Úrvalið er í Skífunni

**Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is**



ÓSKAR BJARNI Ætlar að virða samning sinn við Val.

Óskar Bjarni Óskarsson:

## Verður áfram með Val

**HANDBOLTI** Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Íslandsmeistara Vals, verður áfram í herbúðum félagsins næsta vetur.

„Ég á eitt ár eftir af samningi mínum við félagið og geri fastlega ráð fyrir því að klára það ár. Það eru spennandi tímar fram undan á Hlíðarenda þar sem við erum meðal annars að flytja í nýtt hús,“ sagði Óskar Bjarni en hann segir að mjög litlar breytingar verði á leikmannahópi liðsins.

Allir leikmenn eru með samning fyrir utan Kristján Karlsson. Sigurður Eggertsson gæti aftur á móti verið á leið til Danmerkur og svo eru erlend lið á höttunum eftir Markúsi Mána Michaelssyni. - hbg

U-17 landsliðið í Belgíu:

## Arnar Darri í hópinn

**FÓTBOLTI Lúkas Kostic, þjálfari U-17 landsliðs karla, hefur kallað til Arnar Darra Pétursson, markvörð í Stjörnunni, í landsliðið sem tekur nú þátt í úrslitakeppni EM í Belgíu.**

**Kemur hann í stað Trausta Sigurbjörnssonar sem rotaðist í leik Íslands og Englands í fyrradag. Hann verður sennilega ekkert meira með í keppninni.**

**Ísland mætir Hollandi í kvöld klukkan 18.15.** - esá



BIRGIR LEIFUR Byrjar vel á Ítalíu.

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Spilaði á fimm undir pari

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson var sjóðheitur á fyrsta hring opna ítalska meistaramótsins sem fram fer í Mílanó.

Birgir Leifur kom í hús á fimm undir pari en frábær frammistaða á síðari níu holunum skilaði Birgi þessum árangri en hann kom spilaði seinni níu á fjórum undir pari.

Birgir Leifur er ásamt öðrum í fjórtánda sæti mótsins, fimm höggum á eftir efsta manni Joakim Backstrom. - hbg

BREIÐABLIK

Herrakvöld 5. maí

Kíktu á blikar.is

Úrslitaleikur Lengjubikars kvenna í knattspyrnu fer fram í kvöld:

# Sjö mörk skoruð í síðasta úrslitaleik liðanna

**FÓTBOLTI** Valur og KR spila til úrslita í Lengjubikar kvenna í Egilshöllinni klukkan 19.15 í kvöld. Þetta hafa verið tvö sterkustu liðin á vormótunum og hafa þegar unnið hvort annað einu sinni það sem af er árinu.

Valskonur eru komnar í úrslitaleikinn áttunda árið í röð en hefur aðeins tekist að vinna deildabikarinn tvisvar sinnum árið 2005 og 2003. Í fyrra tapaði Valsliðið 1-2 fyrir Breiðablik í úrslitaleiknum. Valur og KR hafa mæst þrisvar sinnum í úrslitaleik deildabikarsins og allir leikirnir hafa endað með stórsigri. Valur vann síðast 6-1 árið 2005 en KR vann hins vegar hina tvo leikina, 4-0 árið 2002 og 8-2 tveimur árum áður.

Liðin hafa þegar spilað úrslitaleik á þessu tímabili því KR tryggði sér Reykjavíkurmeistaratitilinn með 4-3 sigri í óopinberum úrslitaleik þessa móts en bæði lið voru þá ósigruð fyrir lokaleikinn. KR komst þá í 1-0, Valsliðið jafnaði og komst síðan tvisvar yfir áður en Fjóla Dröfn Friðriksdóttir tryggði KR sigurinn og þar með titilinn.

Valur vann leik liðanna í riðlakepppni Lengjubikarsins 4-1 þar sem Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrennu. Valsliðið hefur unnið alla sex leikina sem Margrét Lára hefur spilað í vor með markatölunni 35-3 og Margrét Lára hefur skorað sextán þessara marka sjálf. - óój



RAÐAR INN MÖRKUM Margrét Lára Viðarsdóttir er búin að skora 16 mörk í 6 leikjum í Lengjubikarnum í ár eftir að hafa skorað 12 mörk í 11 leikjum í deildabikarnum síðustu tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Búinn að vera KR-bragur á okkur

**Helgi Már Magnússon skoraði 21 stig og var stigahæsti maðurinn á vellinum þegar lið hans BC Boncourt varð aðeins þriðja liðið til þess að vinna Fribourg í svissneska körfuboltanum í vetur. Boncourt jafnaði um leið undanúrslitaeinvígi liðanna í 1-1 en næsti leikur er á morgun.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég er bara að horfa á leik KR og Njarðvíkur í úrslitunum. Ég var að fá þetta sent frá Inga Þór,“ sagði KR-ingurinn Helgi Már Magnússon þegar Fréttablaðið heyrði í honum en Helgi sjálfur er í miðri úrslitakeppni í Sviss með liði sínu BC Boncourt.

Liðið er komið í undanúrslit eftir að hafa tryggt sér sigur í átta liða úrslitunum í oddaleik. „Það er búinn að vera svona KR-bragur á okkur því við erum búnir að fara frekar erfiða leið í gegnum úrslitakeppnina. Við erum ekki sigurstranglegir í þessu einvígi og þeir voru búnir að vinna okkur þrisvar í vetur og það nokkuð sannfærandi. Þeir eiga að vinna þetta, eru með svakalega góðan mannskap og með langmestu peningana milli handanna. Þeir eru búnir að vinna flesta leikina með meira en tíu stigum. Það er gaman að láta þá aðeins finna fyrir sér og gera þá smá hrædda. Við erum vel skipulagðir og erum með mjög fínt lið. Við þurfum bara að hafa trúna á að við getum tekið þessa menn,“ segir Helgi sem skoraði 21 stig og var stigahæsti maður vallarins í 87-85 sigri BC Boncourt í framlengingu en þetta var fyrsta tap Fribourg í úrslitakeppninni í ár.

Þetta var í fyrsta sinn sem hann skoraði yfir tuttugu stig í úrslitakeppninni. „Þeir loka svakalega á kanann okkar sem er búinn að vera okkar aðalmaður í vetur. Þá opnaðist mikið fyrir mig sem og hina þrjá sem eru með okkur á leikvellinum. Ég var með tvo þrista og síðan var ég að fara inn í teig af því að ég var með minni mann á mér,“ segir Helgi en þetta leit ekkert alltof vel út um tíma.



FÓRNAR SÉR Helgi Már Magnússon gefur ávallt allt í leikinn. Hann sést hér í eldlínunni með íslenska landsliðinu í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við vorum skelfilegir sóknarlega þangað til allt í einu í fjórða leikhluta að þetta fór allt að smella hjá okkur. Við vorum að spila fína vörn allan leikinn. Við vorum komnir 13 stigum undir í fjórða leikhluta þegar fimm mínútur voru eftir. Þá small sóknin. Við vorum alltaf yfir mest alla framlenginguna,“ sagði Helgi sem setti meðal annars niður mikilvægt víti þegar tíu sekúndur voru eftir af leiknum.“

Þetta var tólfti sigur Boncourt í röð á heimavelli og þeir eru erfiðir heim að sækja. „Við erum mjög sterkir á heimavelli. Þetta er frekar lítill kofi og ég held að það sé alveg troðið hjá okkur þegar það eru um 1.200 til 1.300 manns á leik. Við eigum bestu áhorfendurna í Sviss, þeir eru með trommur og læti og eru syngjandi allan tímann,“ segir Helgi sem nýtur þess að spila í Sviss.

„Þetta er búið að vera mjög skemmtilegur vetur og þetta er eitthvað sem maður er búinn að stefna að frá því að maður var lítill polli,“ segir Helgi sem er ekki eini Íslendingurinn sem er á fleygi-ferð í úrslitakeppnninni í Sviss því FIBA-dómarinn Aðalsteinn Hjartarson er að dæma.

„Aðalsteinn er búinn að dæma þrjá leiki hjá okkur í vetur og hann er með betri dómurunum hérna í Sviss. Við spjöllum saman fyrir og eftir leikina um hitt og þetta og það er alltaf gott að hitta Íslendinga,“ segir Helgi sem hefur fulla trú á að hann og félagar hans í Boncourt haldi áfram að koma á óvart.

„Nú er bara að stela einum leik á útivelli og þá erum við í góðum málum. Það hjálpar okkur að fá góða hvíld á milli leikja því við erum ekki með breiðasta hóp í heimi. Við spilum aðallega á sjö mönnum. Við þurfum að vera grimmir hvort sem það er í vörn eða sókn. Þeir komast langt á virðingunni og við þurfum bara að spila eins og í leiknum á miðvikudaginn,“ sagði Helgi Már að lokum en næsti leikur er á heimavelli Fribourg á morgun.

ooj@frettabladid.is

Íslenska 17 ára landsliðið í knattspyrnu leikur sinn annan leik í úrslitakeppni Evrópumótsins í Belgíu:

# Strákarnir mæta Hollendingum í kvöld

**FÓTBOLTI** Íslenska 17 ára landsliðið spilar í kvöld sinn annan leik í úrslitakeppni Evrópumótsins í Belgíu þegar liðið mætir Hollendingum. Ísland tapaði 0-2 fyrir Englendingum í fyrsta leik en Holland gerði þá 2-2 jafntefli á móti heimamönnum í Belgíu. Hollenska liðið tryggði sér stigið með því að skora glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu þremur mínútum fyrir leikslok.

Íslensku strákarnir urðu fyrir tveimur áföllum í upphafi fyrsta leik íslensks landsliðs í úrslitakeppni EM í knattspyrnu. Fyrst skoruðu Englendingar eftir aðeins fjórar mínútur og þá meiddist markvörðurinn Trausti Sigurbjörnsson það illa að hann var borinn útaf og tekur ekkert meira þátt í mótinu. Landsliðsþjálfarinn Lúkas Kostic sagði liðið geta spilað betur og skrekkurinn ætti að vera farinn úr liðinu fyrir leikinn í kvöld.



KOLBEINN MEÐ Kolbeinn Sigþórsson æfði með íslenska liðinu í gær og ætti að geta spilað á móti Hollandi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Strákarnir eru örugglega staðráðnir í að gera betur gegn Hollandi. Það er að miklu að keppa því það er ekki nóg með að tvö efstu liðin komist í undanúrslitin heldur þá mun þriðja sætið gefa tækifæri á að komast í úrslitakeppni HM því þangað komast fimm efstu liðin.

Hetja íslenska liðsins frá því í milliriðlinum, Kolbeinn Sigþórsson, æfði með íslenska liðinu í gær og menn eru bjartsýnir á að hann geti spilað gegn Hollandi í dag en Kolbeinn, sem skoraði sex mörk í þremur leikjum í milliriðlinum, gat ekki spilað fyrsta leikinn vegna meiðsla.

Lúkas Kostic býst við að geta notað Kolbein í leiknum í dag en það sé meiri spurning um hversu mikið hann getur spilað í leiknum.

U-17 ára landslið Íslands hefur aldrei unnið Holland en þetta verður fimmta viðureign þjóðanna. Holland hefur unnið tvo leiki og tvisvar hafa þjóðirnar gert jafntefli.

Eina mark Íslands í leikjunum á móti Hollandi skoraði Jökull Ingi Elísabetarson í 1-1 jafntefli 26. september 2000.

Leikurinn í dag hefst klukkan 18.15 að íslenskum tíma en fyrr um daginn spila Belgar og Englendingar en þau eru með íslenska liðinu í riðli. England getur tryggt sér sæti í undanúrslitunum með sigri. - óój

# Búðakórsdagur!

Við bjóðum ykkur velkomin í nýjan verslunarkjarna að Búðakór 1. Spennandi tilboð og grillpartí.




Grillpartí í dag, þér er boðið milli klukkan 15:00 - 18:30

## Samkaup/Strax

býður uppá:

| | | afsl. |
|---|---|---|
| SS Nautakótilettur pr. kg | 1298 | 35% |
| SS Reykt. Grísakótilettur | 1090 | 35% |
| Egils Pepsi 2L | 99 | |
| Coca Cola Zero 2L | 99 | |
| Vatnsmelónur | 199 | |
| Græn vínber | 299 | |

## Kökumeistarinn

býður uppá:

35% afsláttur af Bountytertunni vinsælu. Verð aðeins 1.460 kr

verð áður 2.250 kr. Gildir 4-5 maí'07

## Gallerí Kjöt og Fiskisaga

bjóða gestum að smakka ljúffengan grillmat að hætti matreiðslumeistara

## Atlantsolía

býður uppá:

2ja króna afslátt af hverjum bensínlítra í allan dag!

Í kjöti erum við bestir

Ævintýralegar fiskbúðir

## MICHAEL DOUGLAS

Strax á unglingsárum var Michael staðráðinn í að verða leikari. Hann vonaðist til að faðir hans, ein stærsta Hollywood-stjarna þess tíma, gæti opnað einhverjar dyr fyrir sig en faðir hans þverneitaði að hjálpa honum og vildi ekki að neitt barna sinna fetaði hina erfiðu leikarabraut. Douglas-feðgana ásamt móður Michaels má sjá saman í myndinni It Runs in the Family í Sjónvarpinu kl. 21.25.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON LÆTUR HUGANN REIKA

# Istanbul fyrir tveimur árum

Fyrir tveimur árum sátu þrír bræður stjarfir á Laugaveginum. Undirbúningurinn fyrir kvöldið hafði hafist klukkutíma áður. Hamborgurunum var leyft að spóka sig aðeins í eldhúsinu áður en þeir voru steiktir af mikilli nákvæmni og handlagni á pönnunni. Grænmetið var þrifið í köldu vatni, síðan skorið eftir kúnstarinnar reglum; kálið fyrst, svo tómatar, gúrkur og loks laukurinn. Fjórir lítrar af kóki skreyttu ísskápinn og þegar flautað var til leiks í Istanbul var allt klárt. McDonald's hefði ekki getað gert betur; franskarnar, kokteilsósan og borgararnir voru meistaralega útfærð.

En á fjörutíu og fimm mínútum hafði þessi ljúfa máltíð nánast fest í hálsinum. Hinir svarhvítu Ítalir frá Milanó voru þremur mörkum yfir. Fyrst skoraði hinn aldni höfðingi Maldini en svo fylgdu tvö glæsimörk frá lánsmanninum Crespo. Bræðurnir þrír sátu, náfölir í hvítum sófa og vissu varla hvaðan á sig stóð veðrið.



**BESTA SJÓNVARPSKVÖLD ALLRA TÍMA** Leikurinn í Istanbul var einn sá besti í manna minnum og væntanlega verður sá eftir tvær vikur engu síðri.

Sá í miðið stóð bara upp, tók diskana og fór að vaska upp. Gat ekki ímyndað sér hvað hafði farið úrskeiðis. Ætlaði að mæta í vinnuna um morguninn sem Evrópumeistari; nú yrði bara hlegið að honum.

Seinni hálfleikurinn rann upp og ævintýrið var að hefjast. Finnan tekinn útaf og þýska stálið Hamann hljóp inná í staðinn. Á 53 mínútu kom sending frá kantinum, á kollinn á Gerrard sem stýrði honum í hornið. 3-1. 56. mínúta. Smicer setur hann í hornið. 3-2. Tveimur mínútum síðar er brotið á Gerrard í vítateignum, Alonso tekur spyrnuna, Dida ver en Spánverjinn nær frákastinu og skorar. 3-3. Framlenging. Vítaspyrnukeppni. Sigur! Bræðurnir þrír skalla veggi, rífa klæði sín af gleði. Sigur!

Eftir tæpar tvær vikur verður þessi viðureign endurtekin í Aþenu þegar Rauði herinn mætir tískudrósunum frá Mílanó. Handritið er klárt. Ein allra besta spennumynd síðari ára fer senn að hefjast.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.20** Söngvakeppnin
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.55** Dead Poets Society
STÖÐ 2



▶ **18.00** Lost in Translation
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.15** Bones SIRKUS



▶ **20.00** Trabant tónleikar
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**14.50 Deildabikar í handbolta**
**16.20 Kastljós** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (5:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (25:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Í þættinum verður meðal annars rætt við formann eins framboðanna fyrir alþingiskosningarnar 12. maí.
▶**20.20 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (4:4)
**21.25 Það er í ættinni** (It Runs in the Family) Bandarísk bíómynd frá 2003 um þrjár kynslóðir fjölskyldu í New York þar sem gengur á ýmsu. Leikstjóri er Fred Schepisi og meðal leikenda eru Michael Douglas, Kirk Douglas og Rory Culkin.
**23.15 Englar og skordýr** (Angels and Insects) Bresk spennumynd frá 1995 um ungan vísindamann sem giftist inn í enska yfirstéttarfjölskyldu á Viktoríutímanum. Leikstjóri er Philip Haas og meðal leikenda eru Mark Rylance, Kristin Scott Thomas, Patsy Kensit og Jeremy Kemp. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.10 Borgin við sjóinn** (City by the Sea) Bandarísk spennumynd frá 2002. Lögreglumaður í New York rannsakar glæpamál þar sem hann grunar að sonur hans hafi komið við sögu. Meðal leikenda eru Robert De Niro, Frances McDormand, James Franco. e.
**02.55 Kastljós**
**03.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Mrs. Harris**
**08.00 Agent Cody Banks**
**10.00 Six Days, Seven Nights**
▶**12.00 Lost in Translation**
**14.00 Agent Cody Banks**
**16.00 Six Days, Seven Nights**
**18.00 Lost in Translation** Verðlaunamynd sem hreppti m.a. Óskarsverðlaun. Aðalhlutverk: Bill Murray, Scarlett Johansson.
**20.00 Mrs. Harris**
**22.00 The Deal**
**00.00 They**
**02.00 Club Dread** (Broken Lizard's Club Dread)
**04.00 The Deal**

## STÖÐ 2

**07.20 Batman**
**07.40 Myrkfælnu draugarnir** (89:90)
**07.50 Myrkfælnu draugarnir** (90:90)
**08.05 Oprah**
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð** (42:114)
**10.10 Most Haunted** (15:20)
**11.05 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.35 Man/s Work** (2:15)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína** (171:178)
**13.55 Valentína** (172:178)
**14.40 Joey** (13:22)
**15.05 The Apprentice** (11:16)
**15.50 Kringlukast**
**16.13 Titeuf**
**16.38 Justice League Unlimited**
**17.03 Litlu Tommi og Jenni**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (13:22) (e)
**20.05 The Simpsons** (7:22)
**20.30 Leitin að strákunum** (3:9) Finna á sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar en það eru hinir einu sönnu Strákar sem stjórna leitinni og velja þá efnilegustu.
**21.10 Beauty and the Geek** (5:9)
▶**21.55 Dead Poets Society** Frábær mynd sem gerist árið 1959 og fjallar um enskukennarann John og óhefðbundna kennsluhætti hans. Aðalhlutverk: Ethan Hawke, Robert Sean Leonard, Robin Williams. Leikstjóri. Peter Weir. 1989. Bönnuð börnum.
**00.00 Stuck On You** Óborganleg gamanmynd um tvo afar samrýmda tvíburabræður. Aðalhlutverk: Matt Damon, Greg Kinnear, Eva Mendes. Leyfð öllum aldurshópum.
**01.55 Balls of Steel** (4:6)
**02.30 Leitin að strákunum** (3:9)
**03.15 The Reunion**
**04.55 The Simpsons** (7:22)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The War at Home**
**20.10 Entertainment Tonight** Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.40 Daisy Does America**
**21.10 Dr. Vegas**
**22.00 Standoff** (8:18) Nýir spennuþættir um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og þau vita alltaf hvað fólk er að hugsa. Þau eiga einnig í ástarsambandi sem þau vilja fyrir alla muni halda leyndu. (8:19) Þegar kona, sem nýlega var bjargað úr gíslatöku, segist vera með ofsækjanda á hælum sér grunar Emily að þetta sé leikur til þess gerður að nálgast Matt. 2006.
▶**22.45 Bones** (1:22) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Dr. Temberance Brennan er bráðsnjall meinafræðingur sem starfar með FBI við lausn glæpamála en hún hefur einstaka hæfileika til að bera kennsl á margra ára gömul bein og finna þar með manneskjur sem hafa jafnvel verið týndar í áratugi.
**23.30 American Inventor**
**00.20 The War at Home**
**00.50 Entertainment Tonight** (e)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**13.15 European Open Poker** (e)
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Queer Eye for the Straight Guy** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e) Eftir að Michael hefur skrifað sögu um fjölskylduna sína, sem rífst stanslaust, og les hana upp á skólaskemmtun, þarf öll fjölskyldan að fara til skólaráðgjafans.
**19.30 Still Standing** (e)
▶**20.00 Trabant tónleikar** Upptaka frá tónleikum electro-rokksveitarinnar Trabant sem haldnir voru á NASA á dögunum. Þar tók Trabant nýtt efni í bland við eldra efni en sveitin heldur innan tíðar í tónleikaferð um Bretland sem nær hápunkti á Glastonbury-hátíðinni í júní.
**21.00 Survivor. Fiji** (12:15) Þetta er 14. keppnin og nú fer hún fram á Fiji-eyjum í Suður-Kyrrahafi. Að þessu sinni hefja 19 einstaklingar leikinn og eins og venjulega þá mun ýmislegt koma á óvart.
**22.00 Kidnapped** (4:13)
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 European Open Poker** (11:16)
**00.45 The Dead Zone** (e)
**01.35 Útgáfutónleikar Silvíu Night** (e)
**02.35 Beverly Hills 90210** (e)
**03.20 Melrose Place** (e)
**04.05 Tvöfaldur Jay Leno** (e)
**05.35 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Liðið mitt** (e)
**14.00 Inter - Empoli** (frá 29. apríl)
**16.00 Chelsea - Bolton** (frá 28. apríl)
**18.00 Upphitun**
**18.30 Portsmouth-Liverpool**(frá28.apríl)
**20.30 Upphitun** (e)
**21.00 Arsenal - Fulham** (frá 29. apríl)
**23.00 Liðið mitt** (e)
**00.00 Að leikslokum** (e)
**01.00 Dagskrárlok**


**Stórsýning**
**5. maí laugardag 11-18**

**Smáralind**
**6. maí sunnudag 13-18**

VEIÐI 2007

**Tilboð á veiðivörum · Kastsvæði · Skotsvæði · Veiðiferðir · Spennandi fyrirlestrar**
**Bjarnarhaus uppstoppaður á staðnum · Veiðibílar · Veiðifjórhjól · Veiðihappadrætti**

**1. Vinningur „Veiði í Laxá á Ásum“**
Frítt fyrir yngri en 14 ára í fylgd með fullorðunum … annars kr. 1000, kr. 850 öryrkjar og ellilífeyrisþegar
… stimpill gildir alla helgina …

**ÓMISSANDI FYRIR ALLA VEIÐIMENN**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30
### Leitin að strákunum

Í þættinum er leitað að næstu sjónvarpstjörnum Íslands en sigurvegararnir fá að launum sinn eigin sjónvarpsþátt á Sirkus. Í þætti kvöldsins er keppendunum níu skipt í þrjá þriggja manna hópa og hver hópur þarf að semja atriði sem ekki hefur komið áður í 70 mínútum eða Strákunum. Fylgst verður með upptökum og í lokin fáum við að sjá tilbúin innslög. Gunnar Sigurðsson og Sigurjón Kjartansson verða gestadómarar þáttarins.



**▶ Við mælum með Það er í ættinni Sjónvarpið kl. 21.25**

Bandarísk bíómynd frá 2003 um þrjár kynslóðir í New York. Gromberg-fjölskyldunni vegnar að mörgu leyti vel en samt er ýmislegt sem betur mætti fara. Mitchell gamli á erfitt með að sætta sig við að með hverjum degi styttist í dauðann. Alex sonur hans hefur eytt ævinni í að forðast að verða eins og pabbi hans og Asher sonur hans leitar að sjálfum sér í partíum háskólaáranna. Meðal leikenda eru Michael Douglas, Kirk Douglas og Rory Culkin.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Álfar, tröll og aðrar vættir
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 UEFA Cup 2007** (Sevilla - Osasuna)
**15.20 UEFA Cup 2007** (Sevilla - Osasuna)
**17.00 UEFA Cup 2007** (Werder Bremen - Espanyol)
**18.40 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir.
**19.10 Það helsta í PGA mótaröðinni** Inside the PGA Tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni. Fylgst er með gangi mála í mótaröðinni, birt viðtöl við kylfinga auk þess sem þeir gefa áhorfendum góð ráð.
**19.35 Spænski boltinn - upphitun**
**20.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Qwest Field)
**21.55 Football and Poker Legends**
**23.30 NBA 2006/2007 - Regular Season** (NBA 2006/2007 - Playoff games)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**7.30** Børneblæksprutten **7.45** Ungdomsprogram **8.00** Viften **8.30** Rabatten **9.00** Se dagens lys **10.40** Boogie Listen **11.05** Hjerterum **11.35** Lilys sidste ønske **13.05** Den skønne Helena af Troja **14.30** Svampebob Firkant **14.55** Rutsj Klassik **15.30** Hunni*show **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Den islandske hest **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2006 **19.00** TV Avisen **19.15** Du skyder, jeg smiler **21.00** Pagten **23.15** Boogie Listen

## NRK 1

**7.30** Berulfsens fargerike **8.00** Siste nytt **8.05** Schrödingers katt **8.30** Newton **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Anne fra Bjørkely **14.00** Siste nytt **14.03** Pop-session **15.00** Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Kos og kaos **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin **16.15** Mekke-Mikkel **16.25** Lure Lucy **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.30** Inspektør Lynley **21.00** Kveldsnytt **21.15** Snapphaner **22.10** Adresse Helsingfors **23.10** Usett: Mina

## SVT 1

**7.30** Samtal med **7.45** The day I got the sack **8.10** Quirks **8.15** Leila, née en France **8.45** Ramp höjdare **9.15** Garage guld **10.00** Rapport **10.05** Mitt i naturen **10.35** Saras kök **11.05** Svenska slag **13.30** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Hundkoll **15.30** Vi i femman **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.25** Dagens visa **16.30** Tillbaka till Vintergatan **17.00** Amigo **17.30** Rapport **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2007 **19.00** Dark Blue **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Robins **21.45** Farväl Las Vegas **23.35** Sändningar från SVT24




## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég ók próflaus í þrjú ár áður en ég fékk bílprófið.“*

Friðrik Sophusson í Pressunni 1989.

„Ég vann á Reykjavíkurflugvelli, þar sem gamlir vörubílar frá því í stríðinu voru notaðir innan flugvallarsvæðisins. Ég ók þeim eins og hverjir aðrir, en það þarf væntanlega meirapróf á þá í dag. Ég hafði þá ekið dráttarvélum frá 11, 12 ára aldri í sveit, sem er líka bannað í dag. Allar sakir eru fyrndar, svo mér er óhætt að viðurkenna þetta,“ segir Friðrik í dag.

# Tyson-kjóllinn falur fyrir rétt verð

Vinkonurnar Manuela Ósk Harðardóttir, fyrrverandi Ungfrú Ísland, og Karen Lind Tómasdóttir, Ungfrú Suðurnes 2007, standa fyrir uppboði til styrktar Forma, samtökum átröskunarsjúklinga, á bloggsíðu sinni. „Við erum að bjóða upp okkar persónulegu muni, sem við erum annaðhvort hættar að nota eða höfum hreinlega aldrei notað,“ útskýrði Manuela. „Okkur langaði að styrkja stelpurnar í Forma en vissum ekki alveg hvernig við ættum að fara að því. Við ákváðum að prófa þetta,“ bætti hún við. Viðtökurnar urðu betri en þær þorðu að vona. „Við erum mjög þakklátar fyrir hvað fólk er viljugt til að taka þátt í þessu,“ sagði Manuela.

Uppboðsmunina má skoða á síðunni 123.is/mankeiko, og segir Manuela von á fleiri munum innan tíðar.

Hún útilokar ekki að Tyson-kjóllinn svokallaði, sem boxarinn Mike Tyson keypti henni til handa hér um árið, verði boðinn upp. „Ég hef nú ekki hugsað mér að setja hann þarna inn, en ef ég fæ almennilegt boð í hann skal ég alveg láta hann fara, svona til styrktar góðu málefni. En það verður að vera svolítið ríflegt,“ sagði hún sposk.

Að Forma hafi orðið fyrir valinu segir Manuela byggjast á því að þeim Karen finnist nauðsynlegt að efla samtökin. „Við erum meðvitaðar um pressuna sem er á stelpur á okkar aldri, og yngri. Það þekkja líka allir einhvern með átröskun, þetta er miklu algengara en fólk gerir sér grein fyrir,“ sagði hún.

- sun



**TYSON-KJÓLLINN FALUR** Manuela og Karen Lind standa fyrir uppboði til styrktar Forma, og segir Manúela Tyson-kjólinn fræga vera falan fyrir rétta upphæð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**LÁRÉTT 2.** fugl, **6.** tvíhljóði, **8.** niður, **9.** forsögn, **11.** mun, **12.** spýta, **14.** gerir við, **16.** í röð, **17.** æxlunarkorn, **18.** skammstöfun, **20.** á fæti, **21.** svik.

**LÓÐRÉTT 1.** afturendi, **3.** í röð, **4.** innheimtumaður, **5.** svelg, **7.** reyna, **10.** geislahjúpur, **13.** skörp brún, **15.** leiktæki, **16.** guðshús, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** orri, **6.** au, **8.** suð, **9.** spá, **11.** ku, **12.** sprek, **14.** lagar, **16.** hi, **17.** gró, **18.** ofl, **20.** il, **21.** fals.

**LÓÐRÉTT: 1.** rass, **3.** rs, **4.** rukkari, **5.** iðu, **7.** upplifa, **10.** ára, **13.** egg, **15.** róla, **16.** hof, **19.** ll.


ÍKVÖLD
Eðal **veitingar** á efri hæð

Á MORGUN
DJ **Lupin**

DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS


HEIÐA: EKKI PLANAÐ AÐ ÉG MYNDI BARA MÆTA OG MÆTA OG HLÆJA

# Hefur séð söngleikinn Abbababb tólf sinnum

„Ég var veik síðast og komst ekki. Þannig að ég er bara búin að sjá tólf sýningar,“ segir söngkonan og pólitíkusinn Heiða sem gjarnan er kennd við Unun. Þegar Fréttablaðið náði af henni tali var hún stödd með félögum sínum í Vinstri grænum á Hornafirði en fyrir dyrum stóð kosningafundur þar þá um kvöldið.

Ekki er ofsagt að segja Heiðu einlægan aðdáanda söngleiksins Abbababb sem sýndur er í Hafnarfjarðarleikhúsinu um þessar mundir. Hún er búin að sjá tólf sýningar og er hvergi nærri af baki dottin. Hún ætlar að sjá þær fleiri.

„Ég reyni að vera á öllum sýningum. Þetta er svo skemmtilegt. Og mannbætandi. Mér líður alltaf svo vel þegar ég kem út af sýningunni.“

Dr. Gunni, vinur Heiðu, er höfundur söngleiksins og Heiða segir þau alveg á sömu línu með það að reyna að gera bara það sem er skemmtilegt.

„Þegar maður verður fullorðinn gleymast aðalatriðin. Allir eru uppteknir við að græða peninga og svona. Ég hef aldrei verið mikið í því. Og þetta leikrit minnir mig rækilega á að það á bara að gera það sem er skemmtilegt.“

Heiðu finnst ekkert undarlegt við þetta mikla dálæti. Bendir á að þegar kvikmyndin Grease var sýnd voru dæmi um að menn færu á hana tuttugu sinnum og oftar. Og góðar bækur lesa menn aftur og aftur. Sjálf segist hún til dæmis vera búin að lesa allar Harry Potter-bækurnar sex sinnum.

„Það var ekkert planað að ég myndi mæta og mæta og hlæja,“ segir Heiða spurð hvort ekki hafi hreinlega komið til tals að borga henni fyrir að mæta og hvetja áhorfendur með einlægum hlátri sínum.

„En það eru reyndar hæg heimatökin. Maðurinn minn er í hljómsveitinni, spilar á gítar, og barnið okkar er á hárréttum aldri, fimm ára, og fjölskyldan er bara í þessu á sunnudögum. Launin mín felast í því að vera minnt á það að lífið á að vera skemmtilegt. Ég er alltaf að draga einhverja með mér og fólk segir alltaf eftir sýningar: Jájá, ég skil núna af hverju þú ferð aftur og aftur.“

Sýningum á Abbababb lýkur síðar í þessum mánuði en Heiða vonar innilega að Abbababb verði tekið upp aftur á næsta leikári. Hún segist ekki alveg vita hvað fjölskyldan muni taka sér fyrir hendur á sunnudögum þegar sýningum lýkur. „Við verðum bara að stofna leynifélag sjálf, maðurinn minn, ég og barnið, og rannsaka óleyst mál. Hittast á leikvöllum og svona.“

jakob@frettabladid.is





**HEIÐA Í UNUN** Einlægari aðdáandi Abbababb vandfundin en Heiða reynir að mæta á allar sýningar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Félagarnir **Árni Þór Vigfússon** og **Kristján Ra** settu á svið söngleikinn Footloose fyrir skemmstu. **Unnur Ösp Stefánsdóttir** leikstýrði og gekk sýningin ljómandi vel. Þeir Árni og Kristján ætla að róa á svipuð mið og hyggjast framleiða annan söngleik, sögu sem menn þekkja úr vinsælli kvikmynd, nefnilega Dirty Dancing. Þar gerði buffið **Patrick Swayze** garðinn heldur betur frægan og verður fróðlegt að fylgjast með því hvaða fótfimi íslenski leikari fer í þau frómu fótspor Patricks.



Fréttahaukurinn **G. Pétur Matthíasson** hefur nú söðlað um og er orðinn upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar. Er hann þar með líklega kominn á svartan lista hjá **Jónasi Kristjánssyni**, fyrrum ritstjóra, sem hefur hina mestu skömm á blaðamönnum sem fara í slíkan starfa. G. Pétur lætur það örugglega ekki á sig fá og sendi fjölmiðlum póst í fyrradag þar sem hann leggur fram nokkrar staðreyndir um nýja Grímseyjarferju svo enginn velkist í vafa um ágæti hennar.



Þeir eru orðnir frekar pirraðir hinir alvarlegu „bloggarar“ hjá Moggablogginu yfir velgengni **Ellýjar Ármannsdóttur** í bloggheimum og skilja ekkert í því af hverju þulan sé alltaf svona vinsæl og mikið lesin. Þjóðin virðist hafa meiri áhuga á fræknum kynlífsafrekum vinkvenna Ellýjar en á misgáfuðum skoðunum sjálfskipaðra álitsgjafa. Ellý hefur enda náð nýjum hæðum í lesningu á blogginu en vel á sjötta þúsund manns lítur við á síðunni hennar á hverjum degi. Talnaglöggir menn hafa bent á að kannski hafi það verið mistök hjá 365 að leyfa Ellý ekki að blómstra lengur hjá Hér og nú því fleiri lesi nú frásögur hennar af skyrmeti og tannlæknum á hverjum degi en lífsreynslusögurnar af fræga fólkinu á sínum tíma. - jbg/fgg




# HUMAR TILBOÐ

FERSKUR HUMAR NÝ VEIDDUR
AÐEINS 3900KR/KG
*Dekrið við ykkur um helgina*
HUMARSUPA PRINSINN-RISARÆKJUR-HÖRPUDISKUR

HAFIÐ FISKIPRINSINN
*Þú getur alltaf treyst á prinsinn*
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


# Þorir ekki að breyta Eiríki neitt

Svavar Örn Svavarsson, hárgreiðslumeistarinn knái, er genginn til liðs við Eurovision-hópinn. Hann er hokinn af reynslu í þessum fræðum enda í sjötta skipti sem hann heldur út í Eurovision. „Þetta er alltaf jafnmikið stuð og þessi hópur, að öðrum ólöstuðum, er einn sá skemmtilegasti sem ég hef farið með,“ segir Svavar.

Hárgreiðslumeistaranum hefur verið úthlutað verðugt verkefni, að sjá um að rauði makkinn verði á sínum stað sem þjóðin hefur bundið ástfóstri við og vill að verði á sínum stað. „Ég held að fólk þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af öðru, Eiríkur Hauksson er ekki flottur greiddur,“ segir hann.

Svavar Örn segir að ekki komi til greina að breyta stíl Eiríks, Eiríkur Hauksson sé bara Eiríkur Hauksson og það komi ekki til greina að breyta honum. „Hann er mikil áskorun fyrir hárgreiðslumeistara því hann er með mjög sérstakan stíl,“ segir Svavar sem tekur skýrt fram að það hafi ekki verið hann sem setti brúnan lit í hárið á rokkaranum fyrir gerð myndbandsins. En þá saup þjóðin hveljur. „Ég hef aldrei upplifað önnur eins viðbrögð. Það kemur ekki til greina að setja lit í hárið á honum, Eiríkur er bara með fallegan hárlit sem hægt er að skerpa á með næringu,“ segir Svavar.

- fgg





**SVAVAR ÖRN** Segist ekki ætla að breyta Eiríki Haukssyni, hann sé bestur eins og hann er.

# MAX RAFTÆKI

# Dúndur kaupauki




**Með hverri Spiderman DVD mynd eða tölvuleik fylgir bíómiði á SPIDERMAN 3**

**Úrval Spiderman leikja fyrir PLAYSTATION 2**




**Spiderman myndirnar á DVD**




**DVD gjafasett**

*Viðhafnarútgáfa í takmörkuðu upplagi*

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Frábær tækjakaup**

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

## *Übermensch*

Þegar nýráðinn forstjóri Glitnis var kynntur til leiks á mánudag fékk ég sem snöggvast á tilfinninguna að vísindamenn hefðu náð jafn merkilegum áfanga og þegar kindin Dolly var klónuð. Svo virtist sem maður hefði verið soðinn saman úr því besta frá Kristjáni Pálssyni, fyrrverandi alþingismanni, og líkamsræktarfrömuðinum Gillzenegger. Hefði Kristján aðeins verið fyrirferðarmeiri stærð í íslenskum stjórnmálum væri nærtækasta ályktunin sú að forstjórinn ungi hefði verið búinn til á tilraunastofu. Einhvers konar ofurforstjóri – tákngervingur tíðarandans á Íslandi í upphafi 21. aldar. Übermensch.

**BANKAFORSTJÓRARNIR** eru nefnilega sannkallaðar ofurhetjur okkar Íslendinga . Þeir státa jafnvel af nöfnum sem hljóma ofurhetjulega, til dæmis S-hópurinn, Straumur og Samson. Eini munurinn á íslenska ofurforstjóranum og hinu klassíska ofurmenni er sá að hann þarf aldrei að fara huldu höfði. Á daginn er hann þrítugur, fjallmyndarlegur forstjóri eins farsælasta fjármálafyrirtækis landsins en á kvöldin er hann … ja, þrítugur, fjallmyndarlegur forstjóri eins farsælasta fjármálafyrirtækis landsins.

**MEÐ** sínum virðisaukandi áhrifum og ofurafli á sviði fjárfestinga og eignastýringa gera ofurforstjórarnir lífið líka bærilegra fyrir okkur hin. Miðað við þau kaup og kjör sem menn í fjármálageiranum hafa vanist gætu þeir líka allt eins verið frá annarri plánetu en restin af okkur. Geimverur frá fjarlægum stjörnuþokum sem ekkert bítur á undir okkar gulu sól. Nema kannski skattar.

**SUMUM** blöskraði að við starfslok sín fékk nýkvaddur forstjóri Glitnis ríflega hálfan milljarð króna fyrir sinn snúð og öðlaðist það sem á máli ofurforstjóra er kallað „fjárhagslegt sjálfstæði“. Ég yppti öxlum. Í fyrsta lagi skil ég ekki hvað svona háar fjárhæðir þýða, en auk þess er álíka fánýtt að súpa hveljur yfir þessu og að öfundast út í fugla fyrir að geta flogið. Það er orðið tímabært að horfast í augu við það að forstjórarnir búa einfaldlega yfir öðrum eiginleikum en flestir aðrir; þeir eru nánast af annarri tegund. Hinn blauti draumur Péturs Blöndal um hreinræktaðan homo economus hefur ræst og mannkynið stendur á þröskuldi nýs kafla í þróunarsögunni.

**ÉG** spái því að það sé aðeins tímaspursmál þangað til við sjáum forstjórana spígspora niður Bankastræti í sokkabuxum með skikkjur eða klædda í Hugo Boss-nærbuxur yfir jakkafötin. Ekki af því þeir þurfa það, heldur einmitt vegna þess að þeir þurfa það ekki. Þeir bara geta það.







**Ný helmingaskipt húsnæðislán með lægri vöxtum**

**50% erlendar lágvaxtamyntir - 50% íslenskar krónur.** Þannig færðu lánið á lægri vöxtum en býrð við mun minni gengisáhættu en ef lánið væri 100% í erlendri mynt. Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í útibúum Glitnis eða í þjónustuveri síma í 440-4000.

| SAMANBURÐUR Á LÁNUM | VEXTIR | GENGISÁHÆTTA | GREIÐSLUBYRÐI | EIGNAMYNDUN |
|---|---|---|---|---|
| 100% íslenskar krónur** | 4,95% | Engin | Lág | Hæg |
| NÝTT HELMINGASKIPT LÁN*** | 4,50%* | Hófleg | Lág | Í meðallagi |
| 100% erlend myntkarfa**** | 5,74%* | Mikil | Há | Hröð |

GLITNIR

* M.v. vaxtatöflu og 1 mánaða libor vexti 03.05.2007 ** Verðtryggt jafngreiðslulán
*** 50% íslenskar krónur / 50% erlent lán í CHF og JPY **** EUR, USD, GBP, CHF og JPY